

Samantekt

Lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

(Ásamt lögskýringargögnum, breytingum, eldri ákvæðum, dómsúrlausnum og álitum umboðsmanns Alþingis)

Björn Rögnvaldsson tók saman
Janúar 2011

Tóku gildi 1. maí 1997. Breytt með l. 142/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), l. 84/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), l. 41/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 43/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 141/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), l. 142/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004), l. 136/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006), l. 167/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 62/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007), l. 12/2009 (tóku gildi 25. apríl 2009), l. 48/2010 (tóku gildi 9. júní 2010) og l. 154/2010 (tóku gildi 29. desember 2010).

Efnisyfirlit

I. kafli	7
Almenn ákvæði	7
1. gr.	7
2. gr.	8
3. gr.	9
4. gr.	17
5. gr.	21
6. gr.	23
7. gr.	24
8. gr.	26
9. gr.	27
10. gr.	28
11. gr.	29
II. kafli	30
A-deild lífeyrissjóðsins	30
12. gr.	30
13. gr.	31
14. gr.	34
15. gr.	35
16. gr.	37
17. gr.	40
18. gr.	43
19. gr.	46
20. gr.	47
21. gr.	48
III. kafli	49
B-deild lífeyrissjóðsins	49
22. gr.	49
23. gr.	50
24. gr.	57
25. gr.	69
26. gr.	71
27. gr.	74
28. gr.	79
29. gr.	81
30. gr.	83
31. gr.	87
32. gr.	89
33. gr.	90
34. gr.	95
IV. kafli	98
[Lagaskil og sérákvæði]1)	98
35. gr.	99
36. gr.	103
37. gr.	104
38. gr.	106
[39. gr.	107
[40. gr.	108
[41. gr.	109
Ákvæði til bráðabirgða	111

I.....	111
II.....	112
III.....	113
IV.....	114
[V.....	115
[VI.....	116
[VII.....	117
Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.....	118
Úr nefndarálitum.....	124
Brottfallnar greinar úr lögum nr. 29/1963 samkvæmt lögum nr. 141/1996.....	125
Viðauki I.....	128
Athugasemdir við lagafrumvörp um breytingu á lögum nr. 1/1997.....	128
Lög nr. 142/1997 um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.....	129
Lög nr. 84/1998 um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.....	131
Lög nr. 41/2002 um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.....	132
Lög nr. 43/2002 um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.....	133
Lög nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.....	134
Lög nr. 142/2003 um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.....	137
Lög nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.....	138
Lög nr. 47/2006 um kjararáð.....	141
Lög nr. 65/2006 um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjögungu).....	142
Lög nr. 167/2006 um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.....	147
Lög nr. 62/2007 um breytingu á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.....	148
Lög nr. 12/2009 um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.....	151
Lög nr. 48/2010 um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.....	153
Skrá yfir dóma og álit.....	166
Viðauki II.....	168
Brottfallin og gildandi lög er varða lífeyrismál starfsmanna ríkisins.....	169
Forsagan.....	169
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR).....	169
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.....	170
Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.....	170
Aðrir sjóðir.....	171
Tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun.....	173
Opið bréf 31. maí 1885, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.....	176
Lög nr. 4/1904 um eftirlaun.....	178
Lög nr. 5/1904 um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.....	180
Lög nr. 28/1905 um viðauka við opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.....	181
Lög nr. 51/1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.....	182
Lög nr. 101/1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.....	184
Lög nr. 64/1955 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.....	188
Lög nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.....	193
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 29/1963.....	204
Athugasemdir við lagafrumvörp er breyttu lögum nr. 29/1963.....	206
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 23/1967.....	206
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 49/1972.....	206

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 21/1975	206
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 28/1978	207
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 98/1980	208
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 73/1982, breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965 um eftirlaun ráðherra og lögum nr. 29/1963	208
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 27/1983	209
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 47/1984	209
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 61/1989	209
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 7/1990, um ráðstafanir vegna kjarasamninga.....	210
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 65/1990	211
Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 98/1996	212
Dómar er varða lífeyrismál	214
Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.....	222

Efnisskipan laganna

Lögin skiptast í fjóra kafla:

Í [fyrsta kafla](#) eru almenn ákvæði. Þar er að finna ákvæði er varða m.a. skipulag hans, aðild að sjóðnum, ávöxtun fjármuna o.fl. atriði sem gilda fyrir báðar deildir sjóðsins.

Í [öðrum kafla](#) er fjallað um **A-deild** lífeyrissjóðsins. Þar er að finna ákvæði er varða m.a. iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi o.fl. ákvæði sem eingöngu gilda fyrir A-deild sjóðsins.

Í [þriðja kafla](#) er fjallað um **B-deild** lífeyrissjóðsins. Þar er að finna ákvæði er varða m.a. iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi, ábyrgð launagreiðenda o.fl. ákvæði sem eingöngu gilda fyrir B-deild sjóðsins.

Í [fjórða kafla](#) er fjallað um lagaskil og sérákvæði. Þar er að finna ákvæði er varða m.a. gildistöku, um lagaskil á milli eldri og nýrri réttindareglna hjá sjóðnum og ákvæði til bráðabirgða.

Lög um [Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins](#) nr. [1/1997](#) ([141/1996](#))

I. kafli

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, [A-deild](#) og [B-deild](#), sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með 1. gr. eru gerðar breytingar á 1. gr. laga nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í 1. mgr. er hlutverk sjóðsins skilgreint nánar en gert er í gildandi lögum. Þar er jafnframt tilgreint að heimili hans og varnarþing sé í Reykjavík.

Í 2. mgr. er tilgreint að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins skuli starfa í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, [A-deild](#) og [B-deild](#). Ákvæði um hverjir skuli greiða til hvorrar deildar um sig og um starfsemi hvorrar deildar eru í seinni greinum frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. eiga A-deild og B-deild sjóðsins að skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins. Hlutdeild deildanna á þannig að miðast við það hversu stór hluti af rekstrarkostnaði hvers árs er vegna vinnu fyrir hvora deild um sig. Stjórn sjóðsins er ætlað að setja reglur um þessa skiptingu“.

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 1. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.“

Ákvæði 1. gr. laga nr. [64/1955](#)

Samhljóða ákvæði í lögum nr. [64/1955](#) og lögum nr. [29/1963](#).

Ákvæði 1. gr. laga nr. [101/1943](#)

Sambærilegt ákvæði í lögum nr. [101/1943](#):

„Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51, 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.“

2. gr.

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í þessari grein er fjallað um það hverjir teljast sjóðfélagar samkvæmt lögunum og kemur hún í stað 2. gr. í gildandi lögum. Samkvæmt greininni teljast þeir sjóðfélagar, sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir sem eiga geymd réttindi hjá sjóðnum en hafa hætt iðgjaldagreiðslu án þess að vera byrjaðir að taka lífeyri.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 2. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.“

Ákvæði 2. gr. laga nr. [64/1955](#)

Samhljóða ákvæði er í lögum nr. 64/1955 og lögum nr. [29/1963](#).

Ákvæði 2. gr. laga nr. [101/1943](#)

Samhljóða ákvæði er í lögum nr. 101/1943 og lögum nr. [29/1963](#).

3. gr.

Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt [lögum um [kjararáð](#)].1) [Ákvæði 1. másl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.]2) Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

Starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. [2. og 3. mgr. 4. gr.](#) þessara laga, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans, kjósi þeir að nýta sér heimild [4. mgr. 4. gr.](#), og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðjaöld þeirra vegna til sjóðsins skv. [13. gr.](#) Sama gildir um þá hjúkrunarfræðinga sem hefur verið skylt að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en kjósa fremur aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hvílir þá sama skylda á launagreiðendum þeirra um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins.

Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa í [samþykktum](#) sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggja samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í [samþykktum](#) hans.

Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.

1) L. [47/2006](#), 13. gr. 2) L. [12/2009](#), 4. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Greinin fjallar um hverjir skuli eiga aðild að A-deild sjóðsins, hverjir eigi rétt til aðildar að deildinni þó svo ekki sé um skylduaðild að ræða og um heimildir stjórnar til að veita öðrum aðild að A-deild sjóðsins en þeim sem skulu eiga aðild eða er sjálfkrafa heimil aðild. Greinin kemur í stað 3. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. eru ákvæði um aðild starfsmanna ríkisins að A-deildinni. Samkvæmt greininni skulu allir þeir starfsmenn ríkisins, sem náð hafa 16 ára aldri og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga eða launaákvæðana samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd [nú lög nr. [47/2006](#) um kjararáð], vera sjóðfélagar í A-deild sjóðsins, sbr. þó 2. og 4. mgr. 4. gr. Þó er heimilt samkvæmt ákvæðum greinarinnar að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla skilyrði til aðildar að sjóðnum, geti greitt í aðra lífeyrissjóði. Þetta síðastnefnda getur t.d. átt við um lækna, verkfræðinga og tæknifræðinga sem þannig geta samið svo um í kjarasamningi að þeir greiði til annars lífeyrissjóðs en Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ákvæði 1. mgr. verður síðan að skoða með hliðsjón af 2.-4. mgr. 4. gr. Þar kemur fram sú meginstefna að þeir sem áttu skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir breytinguna geti áfram átt aðild að B-deild sjóðsins, sem að mestu leyti byggir á óbreyttu réttindakerfi. Kjósi þeir hins vegar að greiða fremur iðgjald til A-deildarinnar er þeim það þó heimilt.

Samkvæmt 3. gr. gildandi laga um lífeyrissjóðinn nr. [29/1963](#), er aðild starfsmanna ríkisins að sjóðnum takmörkuð vegna ákvæða um ráðningartíma og ráðningarkjör. Aðild að sjóðnum hafa þannig átt þeir starfsmenn ríkisins sem skipaðir eru, settir eða ráðnir með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra aðalstarf hlutaðeigandi og a.m.k. hálf starf. Þessi takmörkun verður ekki lengur til staðar hjá A-deild skv. 3. gr. frumvarpsins. Eftir breytinguna hafa t.d. lausráðnir starfsmenn ríkisins, þeir starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun samkvæmt tímakaupi og þeir sem eru í minna en hálfu starfi rétt til aðildar að sjóðnum. Á móti kemur að í 3. gr. eru skýrari ákvæði en í gildandi lögum um að aðild að sjóðnum verður takmörkuð við þá

starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga eða launaákvæðana samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.

Hjúkrunarfræðingar hafa fram til þessa átt aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna sem starfað hefur samkvæmt lögum nr. [16/1965](#). Í II. tölul. 3. gr. laga nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hefur því verið ákvæði sem hefur undanþegið hjúkrunarfræðinga er starfa hjá ríkinu frá aðildarskyldu að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Slíkt ákvæði er ekki í 3. gr. samkvæmt frumvarpi þessu. Eftir þessa breytingu og þá breytingu, sem gerð er samhliða á Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna, munu hjúkrunarfræðingar, sem starfa hjá ríkinu, greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verði ekki samið um aðra skipan mála í kjarasamningi. Hjúkrunarfræðingar, sem eru í starfi við árslok 1996, geta þó verið áfram í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna.

2. mgr. fjallar um aðildarrétt að A-deildinni fyrir kennara og skólastjórnendur grunnskóla, þá sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórnun, þá sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild eiga að sjóðnum við árslok 1996. Jafnframt fjallar málsgreinin um aðildarrétt að A-deildinni fyrir hjúkrunarfræðinga sem höfðu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna við árslok 1996 og vinna í þjónustu annarra launagreiðenda en ríkissjóðs. Þessir einstaklingar eiga samkvæmt gildandi lögum rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna. Þeir eiga áfram rétt til aðildar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna. Kjósi þeir hins vegar að hefja greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa þeir rétt til þess. Varðandi nánari skýringu á ákvæðum 2. mgr. vísast til greinargerðar með [4.](#) gr.

Eins og greint er frá hér að framan á 2. mgr. einungis við um þá starfsmenn sem gegna tilteknum störfum og aðild eiga að sjóðnum við árslok 1996. Um kennara og skólastjórnendur grunnskóla og hjúkrunarfræðinga, sem ráðnir verða til starfa eftir árslok 1996, gilda hins vegar bráðabirgðaákvæði I í gildistökuafli þessara laga.

Það er sameiginlegt með ákvæðum 1. og 2. mgr. að sjóðfélagar, sem þar um ræðir, eiga sjálfkrafa rétt á aðild að A-deild lífeyrissjóðsins. Á launagreiðendum þeirra hvílir því sú skylda að greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins, nema um annað sé samið. Heimild til aðildar skv. 3.-5. mgr. er hins vegar alltaf háð samþykki viðkomandi launagreiðanda.

Samkvæmt 3. mgr. er félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins ef launagreiðendur þeirra samþykkja aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Þetta ákvæði á þannig m.a. annars við um félagsmenn í þessum samtökum sem starfa hjá sveitarfélögum, fyrirtækjum í eigu ríkisins, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum.

Heimildir skv. 3. mgr. eru nokkuð breyttar frá því sem er í gildandi lögum sjóðsins. Skv. 4. gr. laga sjóðsins, nr. [29/1963](#), er stjórn hans heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn hjá þar tilgreindum launagreiðendum. Meðal launagreiðenda, sem taldir eru upp í greininni, eru sveitarfélög og uppeldis- og heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum. Skv. 4. gr. gildandi laga leggur stjórn sjóðsins því hverju sinni mat á það hvort heimila skuli viðkomandi launagreiðanda að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Eftir reglu 3. mgr. geta félagsmenn í aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélögum Bandalags háskólamanna og Kennarasambandi Íslands samið um það við launagreiðendur að iðgjöld fyrir starfsmennina verði greidd til sjóðsins. Þarf þá ekki samþykki stjórnar sjóðsins fyrir aðildinni eins og nú er.

Félagsmenn í framangreindum samtökum opinberra starfsmanna starfa í dag hjá fleiri launagreiðendum en þeim sem taldir eru upp í 4. gr. gildandi laga. Þannig starfa sumir t.d. hjá einkaaðilum. Þessir einstaklingar hafa ekki, að óbreyttum lögum, heimild til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Sama gildir um starfsmenn sem ráðast til starfa hjá fyrirtækjum eða stofnunum ríkisins eftir að þeim hefur verið breytt í hlutafélög. Eftir reglu 3. mgr. geta einnig þessir launagreiðendur greitt iðgjald til sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína sem eru í áður nefndum samtökum opinberra starfsmanna.

Breyting þessi á heimildum til aðildar að sjóðnum er möguleg í ljósi þeirra breytinga sem með frumvarpi þessu eru gerðar á iðgjaldagreiðslum launagreiðenda til samræmis við þær skuldbindingar sem stofnað er til á hverjum tíma. Iðgjald, sem greitt er til sjóðsins samkvæmt gildandi lögum, dugar hins vegar hvergi til greiðslu lífeyris. Því hafa verið settar þröngar skorður varðandi það hverjir hafa haft heimild til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar er stjórn sjóðsins heimilt að veita öðrum en þeim sem ákvæði 1.-3. mgr. ná til aðild að A-deild sjóðsins, svo framarlega sem þeir eigi ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði og fyrir liggja að viðkomandi launagreiðandi hafi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Ákvæði greinarinnar tilgreinir ekki frekari takmarkanir en þær sem leiðir af

skylduaðild að öðrum sjóði. Samkvæmt málsgreininni á stjórn sjóðsins að setja ákvæði í samþykktir sínar um hvernig þessu heimildarákvæði verði beitt.

Meginreglan verður sú að sjóðfélagar séu félagsmenn í aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna eða í Kennarasambandi Íslands. Skv. 4. mgr. er stjórn sjóðsins hins vegar heimilt að veita öðrum aðild að sjóðnum. Samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar skulu nánari reglur um aðild þessa vera í samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins verður síðan hverju sinni að samþykkja aðild samkvæmt þessari málsgrein.

Í 5. mgr. greinarinnar er loks ákvæði, er heimilar þeim launagreiðendum, sem greiddu iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína á árinu 1996, að greiða áfram iðgjald til sjóðsins fyrir þessa sömu starfsmenn. Skv. 5. mgr. 4. gr. hafa þessir launagreiðendur heimild til að greiða iðgjald til B-deildar fyrir þá starfsmenn sem hér um ræðir. Og samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar hafa þeir sömu heimild til aðildar að A-deildinni.

Þar sem félagsmönnum aðildarfélaganna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands er með 3. mgr. þessarar greinar veitt heimild til aðildar að A-deildinni svo framarlega sem launagreiðendur þeirra samþykki aðildina. Þá hefur ákvæði 5. mgr. eingöngu þýðingu gagnvart þeim starfsmönnum launagreiðenda sem aðild áttu að sjóðnum á árinu 1996 og ekki eru í framangreindum bandalögum opinberra starfsmanna. Þetta ákvæði á þannig t.d. við um þá einstaklinga sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins af launum sem greidd eru samkvæmt samningi bankamanna, s.s. starfsmenn Byggingastofnunar, Þjóðhagsstofnunar og starfsmenn nokkurra sparisjóða, og um starfsmenn stjórnmalaflokka.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

„1. efnismgr. orðist svo:

Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðanna samkvæmt lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

Orðið „jafnan“ í 1. málsli. 2. efnismgr. falli brott.

Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nánar skal kveðið á um aðild þessa í samþykktum sjóðsins.

5. efnismgr. orðist svo:

Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.“

Úr [nefndarálit](#):

„Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. frumvarpsins.

Á 1. mgr. verði gerðar tvær orðalagsbreytingar. Sú fyrri er árétting á því að greinin eigi ekki við um þá sem eiga aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. og 5. gr. Með seinni breytingunni er orðið „launaákvæðanir“ fært til í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli um að það eigi samkvæmt efni greinarinnar einungis við um ákvæðanir Kjaradóms eða kjaranefndar. Samkvæmt þessari breytingu eiga þeir einir rétt aðild að A-deild sjóðsins á grundvelli 1. mgr. 3. gr. sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðanna samkvæmt lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd.

Þá er lagt til að sú breyting verði á 2. mgr. að orðið „jafnan“ falli út. Eftir að val sjóðfélaga um færslu úr B-deild sjóðsins í A-deild hans hefur verið takmarkað við ákveðinn tíma, sbr. breytingartillögur við 4. gr., er orðinu ofaukið.

Við 3. mgr. er lagt til í nýjum málslið að nánari ákvæði um aðild þeirra sem heyra undir ákvæði málsgreinarinnar skuli vera í samþykktum sjóðsins. Í þessu sambandi er m.a. haft í huga að í samþykktum sjóðsins verði nánari ákvæði um skilyrði til aðildar að sjóðnum fyrir félagsmenn í aðildarfélögum þeirra bandalaga, sem tilgreind eru í málsgreininni, og með hvaða fyrirvara einstakir launagreiðendur geti sagt upp aðild sinni að sjóðnum.

Breyting á 5. mgr. lýtur einungis að orðalagi greinarinnar og er ætlað að gera hana skýrari.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [47/2006](#) um kjararáð

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðanna „lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 35. gr. kemur: lögum um kjararáð.“

Lög nr. [12/2009](#) um afnám laga nr. [141/2003](#), um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. [1/1997](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Á eftir 1. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður sem hljóðar svo: Ákvæði 1. másl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með greininni er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 1. mgr. 3. gr. laga nr. [1/1997](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn skuli eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, á sama hátt og starfsmenn ríkisins sbr. 1. másl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. [1/1997](#). Er nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta í lögum þar sem forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn eru ekki starfsmenn ríkisins í skilningi laga nr. [70/1996](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hæstaréttardómarar eru á hinn bóginn tilgreindir í 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. [70/1996](#) sem embættismenn og því ekki nauðsynlegt að tilgreina þá sérstaklega í 1. mgr. 3. gr. laga nr. [1/1997](#), til að tryggja aðild þeirra að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 3. gr. laga nr. [29/1963](#)

„I. Sjóðfélagar eru:

a.

Allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum, til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.

b.

Starfsmenn þeirra stofnana, sem aðild hafa fengið að sjóðnum samkvæmt eldri lögum, enda fullnægi þeir skilyrðum samkvæmt a-lið hér að framan um ráðningarkjör, nema hlutaðeigandi stofnun segi upp aðild að sjóðnum.

II.

Ekki er skylt að taka í tölu sjóðfélaga: Þá starfsmenn, sem a-liður I. tölul. þessarar greinar tekur til, og rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru með lögum eða samkvæmt reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, fyrir tiltekna starfsgreinar opinberra starfsmanna sérstaklega.

[Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla sem eru reknir af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði a-liðar I. tölul. 1. mgr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Kennurum og skólastjórnendum er þó heimilt að greiða í annan lífeyrissjóð, ef viðkomandi sveitarfélag samþykkir aðild þeirra að þeim sjóði. Sama gildir um aðra starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa sem ráðnir voru af ríkinu og áttu aðild að lífeyrissjóðnum 31. júlí 1996 og ráðnir eru til áframhaldandi starfs við grunnskóla sveitarfélaga og skólaskrifstofur þeirra.]¹⁾

¹⁾ [L. 98/1996, 1. gr.](#)

Ákvæði 3. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinar sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.“

Ákvæði 3. gr. laga nr. [101/1943](#)

Samhljóða 3. gr. laga nr. 64/1955.

Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda

Frá stofnun LSR hefur löggjafinn gengið út frá því að menn eigi ekki rétt til aðildar að LSR nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Má sjá þetta í 3. gr. laga nr. 51/1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra en þar var aðild bundin við embættismenn en með 3. gr. laga nr. 101/1943, um lífeyrissjóð starfsmann ríkisins, voru skilyrði aðildar rýmkuð og gert ráð fyrir að þeir sem tækju laun samkvæmt launalögum eða úr ríkissjóði skyldu hljóta aðild að sjóðnum ef þeir voru ráðnir til lengri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti enda teldist starf þeirra í þjónustu ríkisins vera aðalstarf. Hefur þetta skilyrði verið í lögum um LSR frá gildistöku laga nr. 101/1943 fram að gildistöku laga nr. 141/1996, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 64/1955 og 29/1963. Eftir lagabreytinguna með lögum nr. 101/1943 varð aðild að LSR mun víðtækari. Meginreglan varð þá að allir ríkisstarfsmenn, sem uppfylltu ákveðin ráðningarskilyrði, urðu stjóðfélagar í LSR. Um skilyrði að aðild að LSR er nú fjallað í 3. gr. til 5. gr. laga nr. 1/1997.

Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda var stofnaður fyrir alla þá sem ekki áttu lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Í fyrstu voru iðgjöld greidd inná Biðreikning lífeyrissjóðsiðgjalda en með lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, voru iðgjöld færð og greidd eftirleiðis til Söfnunarsjóðsins, sbr. 22. gr. laganna. Fyrstu árin er Biðreikningurinn starfaði voru sjóðsaðilar nær eingöngu úr röðum lausráðinna starfsmanna ríkisins en síðar bætust við aðilar sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfssemi. Vegna ákvörðunar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda með lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, var Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda stofnaður vegna þeirra sem ekki áttu rétt til aðildar að neinum ákveðnum sjóði. Með lögum nr. 55/1980 varð óheimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld nema um væri að ræða flutning réttinda frá einum stjóði til annars, sbr. 5. gr. laganna. Um þetta gildir nú 3. mgr. 19. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fram kemur sú almenna regla að óheimilt sé að flytja iðgjöld og þar með réttindi á milli sjóða nema þegar að töku lífeyris kemur og þá einungis í því skyni að auðvelda framkvæmd greinarinnar.

Fyrir gildistöku laga nr. [55/1980](#) tíðkaðist það allnokkuð að réttindi væru flutt yfir til LSR úr öðrum lífeyrissjóðum auk beina réttindakaupa í sjóðinn. Eftir 1980 hefur hins vegar stjórn LSR ekki heimilað flutning lífeyrisréttinda til sjóðsins nema viðkomandi uppfyllti aðildaskilyrði að sjóðnum á þeim tíma sem iðgjöld voru greidd en þau af einhverjum ástæðum hafa verið greidd annað. Helsta ástæðan fyrir þessari breyttu framkvæmd stjórnar LSR voru fjárhagslegar þar sem réttindaflutningur til LSR felur í sér auknar lífeyrisskuldbindingar fyrir sjóðinn. Má hér og benda á að um þá ákvörðun stjórnar LSR um breyttar reglur um réttindakaup aftur í tímann var fjallað í Ásgarði fréttabréfi BSRB í október 1978 og desember 1979.

Fjármálaráðuneytið hefur talið að það væri andstætt þeim lögum sem þá giltu um ráðningar starfsmanna ríkisins að verða við erindi um færslu réttinda frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda til LSR. Einnig má í þessu sambandi vísa til álits umboðsmanns Alþingis nr. 3739/2003 frá 12. september 2003 (óbirt). Þar var kvartað yfir ákvörðun stjórnar LSR um að hafna beiðni kvartanda um að áunninn réttindi yrðu flutt úr Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda til LSR. Meðal annars kemur fram í álitinu að stjórn LSR sé almennt heimilt að taka tillit til ákveðinna fjárhagslegra forsenda við framkvæmd 3. mgr. [31](#). gr. laga nr. 1/1997 enda sé þá horft til þess að iðgjöld stjóðfélaga standi undir skuldbindingum sjóðsins og að löggjafinn hafi frá stofnun lífeyrissjóðsins gengið út frá því að menn eigi ekki rétt til aðildar að honum nema að ákveðin festa ríki í starfssambandi viðkomandi og ríkisins og sett ákveðin skilyrði í því efni.

Taldi umboðsmaður stöðu kvartanda að þessu leyti ekki sambærilega stöðu þeirra sem uppfylltu umrædd skilyrði.

Með vísan til framangreinds hefur fjármálaráðuneytið, að óbreyttum lögum, ekki talið mögulegt að færa réttindi sem greidd voru inná Biðreikning og síðan Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda yfir til LSR.

2. Dómar

2.1 Dómar hæstaréttar

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 3881/2003. Lokið 1. október 2003. Aðild að lífeyrissjóðnum.

„Alþýðusamband Íslands leitaði til umboðsmanns og kvartaði m.a. yfir því að starfsmönnum ríkisins sem aðild eiga að þeim stéttarfélögum sem semja um kaup og kjör samkvæmt lögum nr. 80/1938 sé á ómálefnalegan hátt mismunað í lífeyriskjörum vegna stéttarfélagsaðildar sinnar samanborið við sambærilega starfsmenn sem eiga aðild að þeim stéttarfélögum sem gera kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986.

Umboðsmaður tók fram að frá upphafi hafi gilt tiltekna takmarkanir um aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Lyti kvörtunin að því fyrirkomulagi sem löggjafarvaldið hefði ákveðið að skyldi gilda á þessu sviði. Þar sem starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur ekki til starfa Alþingis fjallaði hann ekki frekar um málið.“

Úr álitum umboðsmanns í máli nr. 3881/2003 um sögu aðildar að LSR:

„Stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins má rekja til laga nr. 72/1919, „um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldur þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri“. Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra var síðan stofnaður með lögum nr. [51/1921](#). Með 1. gr. laga nr. [101/1943](#) var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hefur sjóðurinn eftirleidis starfað með því markmiði og skipulagi sem greindi í lögum og síðari löggjöf um sjóðinn.

Frá stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur aðild að honum verið takmörkuð með lögum. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 51/1921, um Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, var aðild þannig bundin við embættismenn. Með 3. gr. laga nr. 101/1943 voru skilyrði aðildar að sjóðnum rýmkuð og gert ráð fyrir að þeir sem tækju laun samkvæmt launalögum eða úr ríkissjóði skyldu hljóta aðild að sjóðnum ef þeir voru ráðnir til lengri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti enda teldist starf þeirra í þjónustu ríkisins vera aðalstarf. Frá þeim tíma og fram að gildistöku laga nr. 141/1996, sem breyttu ýmsum lagaákvæðum um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna, var í lögum sjóðsins ávallt kveðið á um að það væri skilyrði fyrir aðild að sjóðnum að viðkomandi hefði verið skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þjónustu ríkisins til að minnsta kosti eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og að um væri að ræða aðalstarf viðkomandi. Þá hafa lög jafnframt kveðið sérstaklega á um heimildir sjóðsins til að heimila frekari aðild að honum.

Lög nr. [141/1996](#) voru felld inn í lög nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt síðari breytingum, og þau síðan endurútgefin sem lög nr. [1/1997](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Með lögum var Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skipt í tvær fjárhagslega sjálfstæðar deildir, A-deild og B-deild. Byggist það á því að nýir sjóðfélagar og þeir sem óskuðu eftir að færa sig úr eldra kerfi í nýtt greiði til A-deildar sjóðsins. Þeir sem aðild áttu að sjóðnum við gildistöku laganna greiða hins vegar í B-deild sjóðsins, svo fremi þeir óskuðu ekki eftir að færa sig yfir í A-deildina fyrir tiltekinn tíma.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 1/1997 eru þeir einstaklingar sjóðfélagar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum. Þá segir í 1. mgr. 3. gr. laganna:

„Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.“

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 141/1996 segir m.a. eftirfarandi um ákvæði það sem varð að 3. gr. laga 1/1997:

„Samkvæmt 3. gr. gildandi laga um lífeyrissjóðinn nr. 29/1963, er aðild starfsmanna ríkisins að sjóðnum takmörkuð vegna ákvæða um ráðningartíma og ráðningarkjör. Aðild að sjóðnum hafa þannig átt þeir starfsmenn ríkisins sem skipaðir eru, settir eða ráðnir með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra aðalstarf hlutaðeigandi og a.m.k. hálf starf. Þessi takmörkun verður ekki lengur til staðar hjá A-deild skv. 3. gr. frumvarpsins. Eftir breytinguna hafa t.d. lausráðnir starfsmenn ríkisins, þeir starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun samkvæmt tímakaupi og þeir sem eru í minna en hálfu starfi rétt til aðildar að sjóðnum. Á móti kemur að í 3. gr. eru skýrari ákvæði en í gildandi lögum um að aðild að sjóðnum verður takmörkuð við þá starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga eða launaákvæðana samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.“ (Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 1569.)

Þá segir einnig eftirfarandi í athugasemdum við ákvæðið:

„Breyting þessi á heimildum til aðildar að sjóðnum er möguleg í ljósi þeirra breytinga sem með frumvarpi þessu eru gerðar á iðgjaldagreiðslum launagreiðenda til samræmis við þær skuldbindingar sem stofnað er til á hverjum tíma. Iðgjald, sem greitt er til sjóðsins samkvæmt gildandi lögum, dugar hins vegar hvergi til greiðslu lífeyris. Því hafa verið settar þröngar skorður varðandi það hverjir hafa haft heimild til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.“ (Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 1571.)

Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins er að finna í 2. – 5. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997. Í 4. mgr. 3. gr. segir eftirfarandi:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggja samþykki viðkomandi launagreiðanda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í samþykktum hans.“

[...] Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að um aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafa frá stofnun sjóðsins gilt tiltekna takmarkanir, sbr. nú ákvæði laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Takmarkanir á samningsrétti samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem kvörtunin beinist enn fremur að eru einnig lögákvæðnar. Þá er rétt að geta þess að í lögum nr. [129/1997](#), um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er mælt fyrir um hvernig fara skuli um aðild að lífeyrissjóði. Segir þar í 2. mgr. 2. gr. að um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fari eftir þeim kjarasamningi sem ákvarði lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á.

Kvörtun Alþýðusambands Íslands lýtur samkvæmt framangreindu að fyrirkomulagi því sem löggjafarvaldið hefur ákveðið að skuli gilda á þessu sviði. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. [85/1997](#), um umboðsmann Alþingis, tekur starfssvið umboðsmanns ekki til starfa Alþingis. Það er því almennt ekki í verkahring umboðsmanns Alþingis að leggja dóm á það hvernig til hefur tekist með löggjöf sem Alþingi hefur sett. Umboðsmanni Alþingis er heimilt að taka til athugunar hvort meinbugir séu á gildandi lögum, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, en lögin gera ekki ráð fyrir því að hægt sé að bera fram kvörtun til umboðsmanns beinlínis af því tilefni. Ég tel því ekki tilefni til að taka mál það sem kvörtunin beinist að til frekari umfjöllunar af minni hálfu.“

4. gr.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1996 skulu varðveitt í B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá ríkinu, enda séu þeir skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starf þeirra sé eigi minna en hálf starf. Sama á við um þá kennara og skólastjórnendur við grunnskóla sem voru í starfi við árslok 1996 á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, enda uppfylli ráðning þeirra sömu skilyrði um ráðningartíma og starfshlutfall.

Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 skulu eiga sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar. Sjóðfélagi, sem þessi málsgrein eða 5. mgr. taka til og greiðir iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar hans ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir árslok 1996 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

[Stjórn sjóðsins er með samþykki fjármálaráðherra heimilt að veita sjóðfélaga sem fær launalaust leyfi frá störfum til að starfa hjá alþjóðastofnun, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða áfram iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma hans hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi hann átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun. Stjórn sjóðsins skal ákveða viðmiðunarlaun fyrir starfið með hliðsjón af [6. mgr. 23. gr.](#)]

1) L. [62/2007](#), 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Meginefni greinarinnar er að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1996 skuli varðveitast í B-deild sjóðsins. Sjóðfélagar, sem aðild áttu að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við árslok, geta síðan áfram verið í B-deildinni, eða fært sig yfir í A-deild sjóðsins kjósi þeir svo. Greinin kemur í stað 4. gr. gildandi laga, nr. [29/1963](#), sem fjallar um heimildir stjórnar sjóðsins til að veita öðrum en starfsmönnum ríkisins aðild að lífeyrissjóðnum, en ákvæði um þau málefni eru í 3. og 4. gr. þessa frumvarps.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skulu sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins á meðan þeir starfa hjá ríkinu og ráðning þeirra uppfyllir sömu skilyrði og þarf samkvæmt gildandi lögum til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skilyrði þessi eru að viðkomandi sé skipaður, settur eða ráðinn til a.m.k. eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og að starf hans sé ekki minna en hálf starf. Uppfylli ráðningarkjör viðkomandi einstaklings þessi skilyrði og hafi hann verið í starfi, sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum við árslok 1996, á hann rétt til aðildar að B-deild sjóðsins. Skiptir

þá ekki máli hvort hann hafi verið ríkisstarfsmaður eða starfað hjá öðrum launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína hjá sjóðnum á þeim tíma.

Í seinni málslið 2. mgr. er síðan ákvæði um réttindi þeirra kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem voru í starfi er veitti þeim rétt til aðildar að sjóðnum við árslok 1996 og í 3. mgr. eru ákvæði um réttindi annarra starfsmanna við grunnskóla, starfsmanna á skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem aðild áttu að sjóðnum við sama tímamark.

Samkvæmt lögum nr. 98/1996, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eiga kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla, sem eru reknir af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, aðild að lífeyrissjóðnum. Sama gildir um aðra starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa sem ráðnir voru af ríkinu og áttu aðild að lífeyrissjóðnum 31. júlí 1996 við gildistöku breytingarlaganna og ráðnir voru til áframhaldandi starfa við grunnskóla sveitarfélaga og skólaskrifstofur þeirra. Og samkvæmt lögum nr. 156/1995, sem einnig eru breytingarlög við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eiga þeir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem við árslok 1995 greiddu til sjóðsins vegna starfa hjá Sjálfseignarstofnuninni St. Jósefsspítala í Reykjavík, rétt til aðildar að sjóðnum meðan þeir starfa hjá sjúkrahúsinu.

Samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. að því er þessa hópa varðar hafa þeir sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins eins og þeir höfðu til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við árslok 1996.

Sjóðfélögum, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr., er heimilt að greiða iðgjald til A-deildarinnar samkvæmt ákvæðum 4. mgr., kjósi þeir það fremur. Hafi þeir hins vegar valið að greiða til A-deildarinnar fellur niður réttur þeirra til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

Í 5. mgr. eru ákvæði um að launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína sem voru aðilar að sjóðnum við þetta tímamark. Heimild þessi nær bæði til þeirra starfsmanna sem voru í starfi hjá viðkomandi launagreiðanda við árslok 1996 og einnig til þeirra starfsmanna sem þeir ráða til starfa síðar, ef þeir hafa við árslok 1996 átt aðild að sjóðnum og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um samfellu í iðgjaldagreiðslum.

Þeir launagreiðendur, sem hér um ræðir, eru m.a. fjöldi sveitarfélaga og stofnana í eigu sveitarfélaga, stéttarfélög, líknarfélög og heilbrigðisstofnanir á vegum líknarfélaga, stjórnmalaflokkar o.fl. aðilar sem fengið hafa heimild skv. 4. gr. laga nr. 29/1963, ásamt síðari breytingum, til að greiða fyrir starfsmenn sína til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 5. mgr. hafa þessir launagreiðendur „sömu heimild“ til að greiða iðgjald til B-deildarinnar og þeir höfðu til að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þarna er bæði verið að vísa til greiðsluheimildarinnar sem slíkrar, og eins til þess að heimildin nái einungis til þeirra starfsmanna sem ráðnir eru með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og í a.m.k. hálfu starf.

Starfsmenn ríkisins, kennarar við grunnskóla og aðrir sjóðfélagar, sem heyra undir ákvæði 2. og 3. mgr., eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins óháð samþykki launagreiðenda þar að lútandi. Þeir hafa þannig sama rétt til aðildar að B-deildinni og þeir hafa fyrir árslok 1996 til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Aðild þeirra að B-deildinni sem falla undir 5. mgr. er hins vegar háð samþykki viðkomandi launagreiðenda. Aðild þeirra samkvæmt gildandi lögum sjóðsins er háð samþykki launagreiðenda svo aðstaða þeirra verður óbreytt að þessu leyti. Á sama hátt þarf samþykki launagreiðenda, til að þessir einstaklingar geti hafið iðgjaldagreiðslur til A-deildarinnar fremur en að greiða áfram til B-deildar.

Loks er ákvæði í 6. mgr. greinarinnar um að einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. laga nr. 29/1963, hafi áfram sömu heimild til þess að greiða iðgjald til B-deildarinnar.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

4. efnismgr. orðist svo:

Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar. Sjóðfélagi, sem þessi málsgrein eða 5. mgr. taka til og greiðir iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar hans ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Við 5. efnismgr. bætist þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki

launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.“

Úr [nefndarálit](#):

„Með breytingum á 4. og 5. mgr. 4. gr. er lagt til að vilji sjóðfélagar í B-deild sjóðsins flytja sig yfir í A-deild hans þurfi þeir að hafa tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Sjóðfélagar í B-deild sjóðsins, sem ekki hafa tilkynnt sjóðnum þá ákvörðun sína að skipta um deild fyrir 1. desember 1997, geta einungis hafið greiðslu til A-deildarinnar ef þeir skipta um starf og nýja starfið uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [62/2007](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn sjóðsins er með samþykki fjármálaráðherra heimilt að veita sjóðfélaga sem fær launalaust leyfi frá störfum til að starfa hjá alþjóðastofnun, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða áfram iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma hans hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi hann átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun. Stjórn sjóðsins skal ákveða viðmiðunarlaun fyrir starfið með hliðsjón af 6. mgr. 23. gr.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með greininni er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við 4. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ákvæðinu er ætlað að veita stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, með samþykki fjármálaráðherra, heimild til að veita starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma þeirra hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi þeir átt aðild að B-deildinni er þeir hófu störf erlendis og hafi jafnframt fengið launalaust leyfi til að sinna starfinu erlendis. Ríkisstarfsmenn hafa ekki átt rétt til að halda áfram að ávinna sér réttindi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins meðan þeir starfa hjá alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að. Þegar samfelldar iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla niður af þessum sökum getur það komið niður á réttindaávinnslu þeirra. Yfirleitt eiga viðkomandi starfsmenn ekki rétt á aðild að öðrum lífeyrissjóði á meðan og jafnvel þótt þeir greiði í söfnunarsjóði í staðinn kemur það ekki í sama stað niður. Stjórn sjóðsins er falið að ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af með hliðsjón af [6. mgr. 23. gr.](#) laganna en almennt er gert ráð fyrir því að iðgjald verði greitt af þeim launum sem starfsmaður hafði áður en hann hóf störf hjá alþjóðastofnun og taki þau breytingum með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn. Um nánari aðild og framkvæmd skal ákveðið í samþykktum sjóðsins. Í ákvæðinu felst að ekki er um sjálfkrafa rétt að ræða heldur þarf stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að heimila og þarf fjármálaráðherra að samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar ríkisins sem af þessu hljóttast. Heimildin er einnig bundin við starfstíma erlendis, að viðkomandi hafi fengið launalaust leyfi, um sé að ræða alþjóðastofnun sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, starfsmaðurinn þarf að hafa átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 4. gr. laga nr. [29/1963](#)

„[Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga, sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og

líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. 1. a. um ráðningartíma og aðalstarf.]1“

¹⁾[L. 65/1990, 1. gr.](#)

Ákvæði 4. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim er greinir í 3. gr.“

Hrd. 1955 bls. 176.

Ákvæði 4. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
 2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
 3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.
- Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1-3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim er greinir í 3. gr. um ráðningartíma.“

2. Dómar

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 5222/2008. Lokið 5. mars 2010. Synjun á greiðslu lífeyris úr B-deild þar sem óheimilt væri að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.

A var synjað um greiðslu lífeyris úr B-deild sjóðsins. Beiðni A var einkum synjað á þeim grundvelli að samkvæmt lögum nr. 1/1997 og samþykktum sjóðsins væri óheimilt að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.

A hafði greitt iðgjöld til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árunum 1971-1997, þó ekki óslitið. Þegar hann hóf störf sem framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hinn 1. september 1998, óskaði hann eftir því að greiða iðgjald í B-deild lífeyrissjóðsins en var synjað um það og greiddi því iðgjöld til A-deildar sjóðsins eftir það. Þegar A varð 67 ára óskaði hann eftir greiðslum úr B-deild LSR en var synjað. Beindist athugun umboðsmanns að því hvort synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyris úr B-deild lífeyrissjóðsins hefði verið í samræmi við lög.

Í álitinu lagði umboðsmaður til grundvallar að með iðgjaldagreiðslum sínum hefði A áunnið sér lífeyrisréttindi sem nytu verndar grundvallarreglu 1. mgr. 72. gr. [stjórnarskrár](#). Yrði því að telja að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði þurft að geta stutt ákvörðun sína við skýra og ótvíræða heimild í lögum nr. 1/1997 eða eftir atvikum í samþykktum sjóðsins. Þá yrði almennt að túlka vafa, um hvort lífeyrissjóðurinn hefði haft viðhlítandi heimild til að synja A um rétt til lífeyris, honum í hag. Því yrði að áskilja að nokkuð skýrt hafi mátt ráða af texta laga nr. 1/1997 eða eftir atvikum af ákvæðum í samþykktum sjóðsins að mælt hafi verið fyrir um umrædda takmörkun á rétti A til útgreiðslu lífeyris úr B-deild þegar beiðni hans var synjað. Í þessu sambandi vísaði umboðsmaður einnig til lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins og 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr., l. nr. [62/1994](#), um mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða umboðsmanns var að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði ekki sýnt sér fram á að sjóðurinn hefði haft nægilega ótvíræða og skýra heimild í lögum nr. 1/1997 til að synja A um lífeyri úr B-deild sjóðsins. Hann taldi jafnframt að ákvæði í samþykktum sjóðsins, sem var í gildi þegar sjóðurinn synjaði beiðni A, hefði ekki talist viðhlítandi heimild til að synja honum um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins. Ákvæði í samþykktum sjóðsins, sem sett hefðu verið eftir að sjóðurinn synjaði beiðni A, yrði auk þess ekki beitt með afturvirkum og íþyngjandi hætti gagnvart honum.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú að synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins umrætt sinn hefði ekki verið í samræmi við lög.

Sjá nánar umfjöllun um lög nr. 48/2010 í [viðauka I](#)

5. gr.

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til lífeyrissjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir [2., 3. og 5. mgr. 4. gr.](#)

[Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni eigi síðar en tólf mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður lengur en tólf mánuði, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.]¹⁾

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í [2. og 3. mgr. 4. gr.](#) á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði [2. mgr. 4. gr.](#) um ráðningartíma og starfshlutfall. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir [5. mgr. 4. gr.](#)

1) L. [43/2002](#), 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Greinin kemur í stað [5. gr. gildandi laga](#), sem fellur brott. Sú grein er nú óþörf. Í reynd hefur ekki verið um það að ræða að nein réttindakaup hafi verið heimiluð skv. 5. gr. gildandi laga síðan 1980. Hér er ekki þörf á heimild fyrir réttindakaup svo sem um ræðir í greininni þar sem öllum launþegum og sjálfstæðum atvinnurekendum er nú skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs.

Samkvæmt 4. gr. er meginreglan að heimild til aðildar að B-deildinni sé takmörkuð við þá sem aðild eiga að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við árslok 1996. Frá þessu eru undantekningar í þessari grein.

Í 1. mgr. segir að sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1996 án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hafi verið slitið, hafi rétt til aðildar að B-deildinni. Þarna er t.d. átt við einstaklinga sem voru við þetta tímamark í launalausum leyfi eða framlengdu barnburðarleyfi eða þau tilvik þegar launagreiðslur í veikindum hafa fallið niður. Samkvæmt málsgreininni hafa þessir einstaklingar „sama rétt“ til aðildar að B-deildinni og þeir sem falla undir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr. Með sama rétti er þarna bæði vísað til skilyrða um ráðningartíma og starfshlutfall og einnig til skilyrða um áframhaldandi aðild án þess að ráðningarsambandi hafi verið slitið.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um rétt sjóðfélaga í B-deild sjóðsins til þess að hefja aftur iðgjaldagreiðslur til deildarinnar, eftir að þær hafa fallið niður, vegna þess að sjóðfélagi hafi hætt í starfi eða skipt um starf. Reglan er þá þannig að líða megi allt að 12 mánuðir án þess að réttur til aðildar að B-deildinni falli niður. Falli iðgjaldagreiðslur hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma á viðkomandi einstaklingur ekki lengur rétt til aðildar að deildinni.

Þá er í 3. mgr. greinarinnar fjallað um réttarstöðu þeirra sem áunnið hafa sér rétt hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins einhvern tímann á árinu 1996, án þess þó að þeir hafi verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs. Í slíkum tilvikum eiga einstaklingar rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf á árinu 1997. Skiptir þá ekki máli að iðgjaldagreiðslur hafi fallið niður lengur en í tólf mánuði.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [43/2002](#)

Ákvæði 2. mgr. fyrir breytingu skv. l. [43/2002](#):

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram

rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni eigi síðar en tólf mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður lengur en tólf mánuði, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að breyta ákvæði þessu til að koma til móts við þarfir kennara en algengt er að þeir taki sér launalaust leyfi sem varir í tólf mánuði. Þegar viðkomandi vill hefja greiðslur til B-deildarinnar að nýju er honum það ekki heimilt eins og ákvæðið er nú en þar segir að ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falli niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins. Algengt hefur verið að sjóðfélagar hafi lýst yfir óánægju með ákvæði þetta en með þeirri breytingu sem lögð er til í þessu frumvarpi verður sjóðfélögum heimilt að láta iðgjaldagreiðslur falla niður í allt að tólf mánuði án þess að réttur þeirra til aðildar að B-deild sjóðsins falli niður.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 5. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.“

Ákvæði 5. gr. laga nr. [64/1955](#)

Samhljóða ákvæði í lögum nr. 64/1955 og lögum nr. [29/1963](#).

Ákvæði 5. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.“

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Greinin fjallar um skipan stjórnar lífeyrissjóðsins. Samkvæmt henni verður stjórnarmönnum fjölgað úr sex í átta. Við stjórn sjóðsins bætist einn stjórnarmaður skipaður af stjórn Kennarasambands Íslands og stjórnarmönnum sem fjármálaráðherra skipar fjölgar úr þremur í fjóra.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 6. gr. laga nr. [29/1963](#)

„[Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjú stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.]¹⁾“

¹⁾ [L. 98/1980, 2. gr.](#)

Ákvæði 6. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal ein þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.“

Ákvæði 6. gr. laga nr. [101/1943](#)

Samhljóða ákvæði er í lögum nr. 101/1943 og lögum nr. 64/1955.

7. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum [samþykktir](#) í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn [Fjármálaeftirlitsins].1)

1)L. [84/1998](#), 11. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Þessi grein er ný í lögum sjóðsins og fjallar hún um verksvið og skyldur stjórnar lífeyrissjóðsins. Í greininni er kveðið á um að stjórn sjóðsins fari með yfirstjórn hans og að hún skuli fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Þá er í greininni kveðið á um eftirlitsskyldu stjórnar með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar á stjórn sjóðsins að setja honum samþykktir í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaftirlits Seðlabankans. Ákvæði þetta kemur að hluta til í stað 21. gr. gildandi laga, sem fellur brott, en í þeirri grein er reglugerðarheimild samkvæmt lögum sjóðsins nr. 29/1963. Þrátt fyrir þetta ákvæði í 21. gr. hefur slík reglugerð aldrei verið sett.

Gildissvið samþykta sjóðsins samkvæmt þessari grein er mun víðtækara en reglugerðarheimildin í gildandi lögum. Í þessu frumvarpi er á nokkrum stöðum kveðið á um að nánari ákvæði um tiltekin atriði skuli setja í samþykktir sjóðsins. Þannig segir í 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um breytingu á 3. gr. laganna, að nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skuli vera í samþykktum hans. Í lokamálsgrein 25. gr. frumvarpsins, sem á við um 13. gr. laganna, er ákvæði um að heimilt sé að hafa ákvæði í samþykktum sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi, sem varið verði til réttindaávinningssamkvæmt nánari reglum í samþykktunum. Í 32. gr. þessa frumvarps, sem á við um 20. gr. laganna, segir að í samþykktum sjóðsins sé heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga. Í 35. gr. frumvarpsins segir að setja skuli nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um val núverandi lífeyrisþega og virkra sjóðfélaga á viðmiðunareglu til útborgunar lífeyris. Loks má nefna 37. gr. frumvarpsins, en samkvæmt henni á að setja nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

Samkvæmt 7. gr. skal kveðið á um það í samþykktum sjóðsins hvernig ávaxta skuli fé hans. Ákvæði um þetta eru nú í 8. gr. laganna sem felld verður brott með gildistöku þessara laga. Eðlilegra þykir að hafa ákvæði um ávöxtun á fé sjóðsins í samþykktum hans. Í þessu sambandi má benda á að fyrirhugað er að setja rammaákvæði um það atriði í almenna löggjöf um rekstur og starfsemi lífeyrissjóða.

Ekki er gert ráð fyrir að tæmandi upptalning sé í lögnum á því hvaða atriðum skuli skipað með ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Þannig má gera ráð fyrir að nánari ákvæði um ýmis atriði verði sett í samþykktirnar.

Samhliða ákvæðum um samþykktir sjóðsins er á ýmsum stöðum í þessum lögum kveðið á um skyldu stjórnar lífeyrissjóðsins. Þessar skyldur eru á ýmsan hátt víðtækari en þær sem lagðar eru á herðar stjórnar samkvæmt gildandi lögum. Sem dæmi má nefna ákvæði 9. gr. frumvarpsins, sem er breyting á 7. gr. laganna, en þar er stjórn sjóðsins m.a. falið að ákveða hvar afgreiðsla sjóðsins skuli vera. Þá má nefna d-lið 13. gr. frumvarpsins, sem er breyting á 10. gr. gildandi laga, en þar er stjórn sjóðsins falið að ákveða viðmiðunarlaun, sem iðgjöld eru greidd af fyrir þá sem taka laun eftir öðrum launaákvörðunum en þeim sem almennt gilda fyrir opinbera starfsmenn. Loks má svo nefna 4. og 5. mgr. 25. gr. frumvarpsins, sem á við um 13. gr. laganna, en þar er stjórn sjóðsins falið að ákveða hvaða hundraðshluta launagreiðendur eigi að greiða í iðgjald til sjóðsins í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar.

Samkvæmt framansögðu eru því á ýmsan hátt lagðar ríkari skyldur á herðar stjórnar sjóðsins en verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Þessar auknu skyldur lúta ekki hvað síst að samningu

samþykktu sjóðsins og eins og að framan segir einnig að ýmiss konar ákvarðanatöku sem áður var skipað með löggjöf.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. þarf fjármálaráðherra að staðfesta samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim til þess að þær öðlist gildi. Gert er ráð fyrir að staðfesting þessi fari fram að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Samkvæmt málsgreininni á ráðherra að staðfesta hvort samþykktir sjóðsins séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því með setningu þessa ákvæðis að fjármálaráðherra fjalli efnislega um einstök ákvæði í samþykktum sjóðsins.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Við 7. gr. Á eftir 3. másl. 1. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi:

Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.“

Úr [nefndarálit](#):

„Með þeirri breytingu sem lögð er til við 7. gr. er nýjum málslið bætt inn í 1. mgr. sem fjallar um verksvið og skyldur stjórnar lífeyrissjóðsins. Samkvæmt þessari breytingu verður skýrt kveðið á um það í lögum sjóðsins að stjórn lífeyrissjóðsins skuli móta fjárfestingarstefnu hans og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. 84/1998

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins: Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 7. gr.

8. gr.

Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Á ársfundi verði eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á [samþykktum](#) sjóðsins.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Þessi grein fjallar um ársfund lífeyrissjóðsins og er hún ný í lögum hans. Fyrirmynd að greininni er sótt í reglugerðir ýmissa lífeyrissjóða, m.a. til ákvæða í grunnreglugerð SAL-sjóða. Ekki er þó gert ráð fyrir að ársfundur fari með ákvörðunarvald í málefnum sjóðsins. Slíkt er ekki framkvæmanlegt þar sem sjóðurinn verður eftir sem áður lögbundinn.

Samkvæmt greininni verður ársfundur sjóðsins opinn öllum sjóðfélögum. Hlutverk fundarins verður að veita upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðsins. Á ársfundi skal þannig eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingastefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 8. gr.

9. gr.

**Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af
Ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.**

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með þessari grein, sem er breyting á 7. gr. gildandi laga sjóðsins, er verður 9. gr. laganna, er það ákvæði fellt brott úr lögum að Tryggingastofnun ríkisins eigi að annast reikningshald og daglega afgreiðslu lífeyrissjóðsins. Í stað þess á stjórn sjóðsins að ákveða hvernig haga skuli afgreiðslu hans. Samkvæmt þessu ákvæði er gerð sú breyting að stjórn sjóðsins á að ákveða hvar sjóðurinn verði til húsa, hvernig afgreiðslu verði háttað og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til starfrækslu sjóðsins. Þessi breyting þarf ekki að leiða til þess að sjóðurinn flytji afgreiðslu sína úr Tryggingastofnun ríkisins. Eftir sem áður er stjórn sjóðsins heimilt að semja við Tryggingastofnun um afgreiðslu sjóðsins. Hins vegar er sú breyting gerð að ekki verður lengur bundið í lögum að Tryggingastofnun eigi að annast þessa afgreiðslu.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 7. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.“

Samhljóða ákvæði í lögum nr. [64/1955](#) og nr. [101/1943](#), 7. gr.

10. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar skal setja í [samþykktir](#) sjóðsins.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í greininni er fjallað um skyldu stjórnar sjóðsins til að láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Skv. 9. gr. gildandi laga á stjórn sjóðsins að láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans fimmta hvert ár. Þessu er breytt þannig að slík athugun skuli gerð árlega. Að öðru leyti segir í greininni að setja skuli nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar í samþykktir sjóðsins.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 9. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Síni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.“

Samhljóða ákvæði í lögum nr. [64/1955](#) og nr. [101/1943](#), 9. gr.

11. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„22. gr. laganna verður 11. gr.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 22. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.“

Samhljóða ákvæði í lögum nr. [64/1955](#) og lögum nr. [101/1943](#), 22. gr.

II. kafli

A-deild lífeyrissjóðsins

12. gr.

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Greinin hefur fyrst og fremst það hlutverk að halda utan um þær greinar sem fjalla eingöngu um A-deild sjóðsins. Tekið er fram í greininni að auk hennar gildi ákvæði 13.-21. gr. laganna, eins og þau verða eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu, sérstaklega um deildina. Ákvæði þessara greina eiga því eingöngu við um A-deild sjóðsins, þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram hverju sinni.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 24. gr.

13. gr.

[Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.]¹⁾

Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða að lágmarki [8%]²⁾ af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótfamlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram [8%]²⁾ af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Heimilt er að setja ákvæði í [samþykktir](#) sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í [samþykktum](#) sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

1) L. [142/1997](#), 1. gr. 2) L. [167/2006](#), 4. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í þessari grein er fjallað um iðgjaldagreiðslur til A-deildar sjóðsins. Hún felur í sér veigamiklar breytingar frá reglum 10. gr. gildandi laga, sem gilt hafa um iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fram til þessa, og munu gilda áfram að meginstofni til að því er B-deildina varðar.

Fyrst má nefna að eftir breytingu samkvæmt greininni eiga sjóðfélagar í A-deild sjóðsins og launagreiðendur þeirra að greiða iðgjald til sjóðsins svo lengi sem sjóðfélagar eru í starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum. Niðurfelling iðgjalda vegna 32 ára iðgjaldagreiðslu eða samkvæmt 95 ára reglunni verður því afnumin.

Þá er einnig munur á iðgjaldastofni. Skv. 1. mgr. greinarinnar á að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins af heildarfjárhæð greiddra launa, í stað þess að samkvæmt gildandi lögum er einungis greitt iðgjald af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót, orlofsuppbót og vaktaálagi. Nánar tiltekið á iðgjaldastofninn að vera sá sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. [113/1990](#). Samkvæmt þessu á að greiða iðgjald til sjóðsins af öllum tegundum launa og þóknana fyrir starf, hverju nafni sem þær nefnast. Þó er sérstaklega tekið fram í greininni að ekki skuli greiða iðgjald vegna greiðslna sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði og að iðgjald launagreiðenda til sjóðsins teljist sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins. Verði gerð breyting á gjaldstofni tryggingagjalds getur orðið nauðsynlegt að endurskoða þetta ákvæði.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar verður iðgjald sjóðfélaga áfram 4%. Skv. 4. mgr. hækkar iðgjald launagreiðenda hins vegar frá því sem nú er. Það verður að lágmarki 6% af fyrrgreindum launum. Leiði athugun tryggingafræðings í ljós að þessi greiðsla launagreiðenda ásamt iðgjaldi sjóðfélaga dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, hvílir sú skylda á stjórn sjóðsins að hækka iðgjald launagreiðenda umfram 6% í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar.

Í 5. mgr. greinarinnar er síðan ákvæði um að iðgjald launagreiðenda skuli endurskoða árlega og að ákvörðun um hækkun þess eða lækkun skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár, sbr. þó bráðbirgðaákvæði II. í I. kafla frumvarpsins.

Þetta er ein veigamesta breytingin á lögum sjóðsins samkvæmt frumvarpinu. Með henni er lagt til að A-deild sjóðsins eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum þannig að eignir og skuldbindingar standist á. Gert er ráð fyrir fullri eignamyndun til að tryggja að deildin standi við þær skuldbindingar,

sem réttindareglur sjóðsins segja til um. Kveðið er á um það í greininni að við mat á eignum og skuldbindingum skuli taka tillit til væntanlegra iðgjaldgreiðslna vegna starfandi sjóðfélaga og þeirra skuldbindinga er af þeim hljótast, auk áfallinna skuldbindinga.

Í 6. mgr. greinarinnar er síðan ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins. Samkvæmt því verður heimilt að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald samkvæmt fyrri málsgreinum þessarar greinar og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til réttindaávinninga hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

Í málsgreininni eru ekki ákvæði sem takmarka það hvert þetta iðgjald megi vera, né settar fastar reglur um hvaða réttindi greiðsla þess eigi að veita. Hins vegar er við setningu þessa ákvæðis fyrst og fremst horft til þess að heimilt verði að semja svo um í kjarasamningi fyrir tiltekinn hóp sjóðfélaga að greitt verði viðbótariðgjald til sjóðsins. Sama gæti þá átt við um annars konar launaákvæðanir sem í gildi eru fyrir opinbera starfsmenn. Skv. 6. mgr. þessarar greinar er heimilt að setja ákvæði um þessi atriði í samþykktir sjóðsins.

Í málsgreininni eru, eins og fyrir greinir frá, engin ákvæði um það á hvern hátt viðbótariðgjaldi samkvæmt þessu verði varið til réttindaávinnslu hjá sjóðnum. Þannig er því í raun haldið opnu að sá réttindaávinningur geti hvort sem er orðið í formi viðbótarréttinda samkvæmt lögum um A-deild sjóðsins eða til réttindaávinninga í formi séreignar.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Við 25.[13] gr. 3. efnismgr. orðist svo:

Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.“

Úr [nefndarálini](#):

„Sú breyting, sem lögð er til á 25. [13] gr., felur ekki í sér efnisbreytingar á frumvarpinu en er gerð til að taka af öll tvímæli um að launagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum A-deildar sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum. Skv. 4. og 5. mgr. 25. gr. frumvarpsins skal iðgjald launagreiðenda vera breytilegt og við það miðað að A-deild sjóðsins eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum. Ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu lífeyris samkvæmt lögnum, eins og hún er nú skv. 20. gr. gildandi laga sjóðsins, nær hins vegar ekki til A-deildar sjóðsins. Komi þannig til þess að deildinni verði lokað einhvern tíma í framtíðinni og frekari iðgjaldagreiðslum til hennar hætt bera launagreiðendur enga ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ef eignir deildarinnar dygðu ekki fyrir skuldbindingum hennar eftir slíka lokun yrði að aðlaga réttindi sjóðfélaga að eignunum. Á sama hátt gætu launagreiðendur ekki eftir slíka lokun gert tilkall til eigna deildarinnar þó svo að þær reyndust, vegna breyttra forsenda, meiri en nauðsynlegt væri til þess að standa undir skuldbindingum.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [142/1997](#)

Ákvæði 1. mgr. fyrir breytingu skv. l. 142/1997:

Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 1. gr. er lagt til að núverandi takmörkun á heimild til uppgjors á skuldbindingum með skuldabréfi verði afnumin.“

Lög nr. [167/2006](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. og 3. másl. 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 8%.“

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 5.–13. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á mótframlagi á móti iðgjaldi sjóðfélaga í samræmi við 1. gr. Miða ákvæðin að því að 1. janúar 2007 verði mótframlag launagreiðanda hækkað úr 6% í 8%.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 25. gr.

14. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. [1. og 2. mgr. 13. gr.](#) margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með greininni er gerð grundvallarbreyting á útreikningi lífeyris hjá sjóðnum og mun þessi breytti útreikningur gilda fyrir alla í A-deild hans. Í stað þess að reikna lífeyri eftir iðgjaldagreiðslutíma, starfshlutfalli á hverjum tíma og launum við starfslok, eins og gert er samkvæmt gildandi lögum, verður lífeyrisréttur reiknaður eftir stigakerfi þar sem réttindaávinningur ársins fer eftir fjárhæð iðgjalda á hverjum tíma. Með þessari breytingu er stefnt að því að samræmi verði á milli innborgaðra iðgjalda og réttindaávinninga.

Útreikningur samkvæmt þessari tillögu er þannig að ef sjóðfélagi greiðir iðgjald á tilteknu ári af launum, sem eru jafnhá samanlögðum grundvallarlaunum almanaksársins, reiknast honum eitt stig fyrir það ár. Greiði hann iðgjald af hærri fjárhæð fær hann meira en eitt stig, og minna ef hann greiðir af lægri fjárhæð. Við starfslok eru síðan stig allra iðgjaldagreiðsluára lögð saman og mynda þau þannig grundvöll lífeyrisréttinda hans. Með þessu reiknast lífeyrisréttur í samræmi við greidd iðgjöld allra þeirra ára, sem iðgjöld voru greidd til sjóðsins, í stað hlutfalls af lokalaunum.

Eftir þessa breytingu verður ein útreikningsregla, sem gildir fyrir alla sjóðfélaga í A-deild sjóðsins, í stað 95 ára og 32 ára reglu í núgildandi lögum.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar munu grundvallarlaun þau, sem réttindastig eru reiknuð eftir og lífeyrisþróenta reiknast af, breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Sú skipan er heppileg með tilliti til þess að lífeyrisréttur hjá sjóðnum verður þá verðtryggður með sömu vísitölu og meginhluti eigna sjóðsins er verðtryggður með.

Í 2. mgr. greinarinnar er tilgreint að grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skuli vera 49.084 kr. og að þau taki sömu breytingum og vísitala neysluverðs frá þeim tíma. Fjárhæð þessi er sú sama og gildir hjá lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða og hjá fleiri sjóðum. Hagræði er af því að hafa samræmi þarna á milli, sérstaklega ef til flutnings iðgjalda kemur á milli sjóða.

Þó að grundvallarfjárhæð sé ákveðin 49.084 kr. í þessari grein hefur þessi fjárhæð lítil áhrif á réttindaávinningu og lífeyrisrétt. Því lægri sem fjárhæð grundvallarlauna væri ákveðin þeim mun hærri væri stigaávinningur sjóðfélaga á tilteknu ári og þar með réttindaprósenta þeirra. Réttindaprósantan er síðan reiknuð af þessum sömu grundvallarlaunum þegar til töku lífeyris kemur. Þannig væri útkoman í raun sú sama hver svo sem fjárhæð grundvallarlaunanna væri ákveðin.

Ákvörðun um fjárhæð grundvallarlauna í þessu frumvarpi getur þó haft áhrif ef til greiðslu örorkulífeyris kemur, sbr. ákvæði 5., 11. og 12. mgr. 28. gr. frumvarpsins, sem verður 16. gr. laganna.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er kveðið á um, að sjóðfélagar, sem náð hafa 70 ára aldri, skuli ekki greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum lífeyrissjóðsins.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 26. gr.

15. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í greininni eru ákvæði um útreikning og greiðslu ellilífeyris til sjóðfélaga í A-deild sjóðsins og samsvarar hún 12. og 15. gr. núgildandi laga að því er lífeyrisgreiðslur varðar.

Samkvæmt greininni er útreikningi lífeyris breytt í samræmi við þá reglu í 26. gr. frumvarpsins að umreikna iðgjöld í stig, reiknuð samkvæmt grundvallarlaunum. Útreikningur lífeyris breytist einnig vegna þeirra breytinga sem kveðið er á um í 25. gr. frumvarpsins að greiða iðgjöld alla starfsævi. Reglur um 1% ávinning réttinda fyrir hvert ár eftir að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þak við 64% ávinning innan 95 ára reglu eiga því ekki lengur við.

Samkvæmt breytingum á þessari grein og 26. gr. verður núgildandi eftirmannsregla afnumin. Í stað hennar verður tekin upp sú regla að lífeyrisgreiðslur til allra lífeyrisþega breytast hlutfallslega jafnt og að þessar breytingar taki mið af breytingum sem verða á vísitölu neysliverðs.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er miðað við að aldur við upphaf lífeyristöku sé 65 ár. Eins og fram kemur í 3. og 4. mgr. greinarinnar geta sjóðfélagar þó bæði byrjað lífeyristöku fyrr og eins seinkað lífeyristöku fram yfir 65 ára aldurinn. Breytist þá útreikningur lífeyris til hækkunar eða lækkunar, eftir því hvenær taka lífeyris hefst. Þannig eiga allir sjóðfélagar rétt á að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri, en lífeyrisgreiðslur skerðast þá samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Verður nánar fjallað um þá reglu hér á eftir. 65 ára aldursmarkið í 1. mgr. hefur því fyrst og fremst áhrif á útreikning lífeyris, en ekki á það hvenær sjóðfélagi megi hefja töku lífeyris. Við 65 ára aldur á sjóðfélagi rétt á lífeyri sem reiknast þannig að samanlagður stigafjöldi hans er margfaldaður með 1,90.

Ekki er gerð krafa um að sjóðfélagi í A-deild sjóðsins þurfi að hafa látið af störfum til þess að hann geti hafið töku lífeyris frá þeirri deild sjóðsins. Sjóðfélagar geta því hvenær sem er á aldrinum frá 60 til 70 ára ákveðið að byrja að taka lífeyri frá A-deild sjóðsins.

Samkvæmt 2. mgr. reiknast lífeyrir til sjóðfélaga í A-deildinni þannig að upphæð ellilífeyris verður tiltekinn hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga, margfölduðum með 1,90. Margföldunarstuðull þessi er byggður á því áliti tryggingafræðinga, sem önnuðust útreikninga vegna samningu þessa frumvarps, að þannig ákveðinn tryggi hann að verðmæti launa og lífeyris starfsmanna ríkisins verði sambærileg í nýju réttindakerfi og því eldra.

Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar geta sjóðfélagar farið á lífeyri fyrir 65 ára aldur, sem verður áfram almennur aldur til töku lífeyris. Ákvæði 3. mgr. koma að þessu leyti í stað núgildandi 95 ára reglu. Samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar geta sjóðfélagar hafið töku lífeyris eftir að 60 ára aldri er náð óháð því hversu lengi þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins. Þetta er breyting frá núgildandi lögum, en samkvæmt þeim getur sjóðfélagi einungis hafið töku lífeyris fyrir 65 ára aldur ef hann hefur náð svokallaðri 95 ára reglu.

Ef sjóðfélagi notfærir sér heimild til að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur skerðist áunninn réttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt fyrir 65 ára aldurinn. Ef sjóðfélagi flýttir töku lífeyris samkvæmt þessu er því fjöldi þeirra mánaða sem töku lífeyris er flýtt fyrir 65 ára aldur margfaldaður með 0,5 og áunninn réttindi skerðast þá um þann hundradshluta. Skerðing þessi nemur því 6% af áunnum rétti fyrir hvert ár sem töku lífeyris er flýtt.

Samkvæmt 4. mgr. gildir sambærileg regla ef sjóðfélagar láta af störfum eftir 65 ára aldur. Þá hækkar sá réttur, sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér við 65 ára aldurinn, um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað, eða sem nemur 9,6% fyrir hvert ár. Skv. 4. mgr. geta sjóðfélagar frestað töku lífeyris og fengið reiknaða hækkun á áunninn rétt við 65 ára aldur um allt að fimm ár, eða til 70 ára aldurs. Sjóðfélagi sem lætur af störfum og byrjar töku lífeyris við 70 ára aldurinn hefur því hækkað þann rétt sem hann hafði áunnið sér við 65 ára aldurinn um 48%. Réttindi sem áunnin eru eftir 65 ára aldur fá hins vegar ekki sérstaka hækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Ástæður fyrir þeim lækunar- og hækkunarreglum sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. þessarar greinar eru að því yngri sem sjóðfélagi er þegar taka lífeyris hefst þeim mun fleiri ár er líklegt að hann taki lífeyri úr sjóðnum. Fresti sjóðfélagi hins vegar að taka lífeyri greiðir lífeyrissjóðurinn honum lífeyri í færri ár. Reglur um skerðingu lífeyris samkvæmt þessu um 0,5% og hækkun um 0,8% eru þannig byggðar á mati tryggingafræðinga á því að lífeyrir verði jafnverðmætur hvenær sem taka hans hefst á bilinu frá 60 ára aldri til 70 ára aldurs, auk þess sem tekið er tillit til vaxtaávinninga af frestuninni fyrir sjóðinn.

Eins og áður hefur komið fram, þurfa sjóðfélagar í A-deild sjóðsins ekki að hafa látið af störfum til þess að þeir geti hafið töku lífeyris. Í 5. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um hvernig reikna eigi réttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst. Þar segir að viðbótarstig sem áunnin eru samkvæmt þessu skuli reiknuð á ný þegar viðkomandi hefur náð 70 ára aldri. Þannig verður lífeyrisréttur fyrst endurreiknaður við 70 ára aldurinn. Skiptir þá ekki máli þótt sjóðfélagi hafi látið af störfum fyrir þann tíma.

Jafnframt segir í 5. mgr. að réttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst skuli reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. og að stig sem þannig eru áunnin skuli margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris, í stað 1,90 ella. Lægri margföldunarstuðull vegna þessara réttinda byggist á þeim forsendum að sjóðurinn hafi iðgjöld sem greidd eru eftir að taka lífeyris hefst einungis til ávöxtunar í fá ár.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Við 27. [15] gr. í stað .0,8%“ í 4. efnismgr. komi: 0,5%.“

Úr [nefndarálini](#):

„Með breytingu á 27. [15] gr. er lagt til að hækkunarprósenta sú, sem tilgreind er í 4. mgr. 27. gr., verði lækkuð úr 0,8% í 0,5%. Til nánari útskýringa á þessari breytingu vísast til bráðabirgðaákvæðis III í b-lið 8. tölul. breytingartillagnanna og til skýringa með því ákvæði í 9. lið hér að aftan.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 27. gr.

16. gr.

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. [Trúnaðarlæknir sjóðsins]1) skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu álit [trúnaðarlæknis sjóðsins],1) að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
- b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
- c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati [trúnaðarlæknis sjóðsins]1) eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. eða 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundradshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

1) L. [142/2003](#), 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Greinin fjallar um rétt sjóðfélaga í A-deild sjóðsins til að fá greiddan örorkulífeyri úr sjóðnum. Reglur um greiðslu örorkulífeyris eru í 13. gr. gildandi laga sjóðsins, en sú grein gildir áfram að því er varðar sjóðfélaga í B-deild. Reglur um rétt sjóðfélaga í A-deild sjóðsins til að fá greiddan örorkulífeyri eru samkvæmt greininni að umtalsverðu leyti frábrugðnar reglum gildandi laga. Fyrirmyndin að þeim reglum sem kveðið er á um í þessari grein er sótt til almennu lífeyrissjóðanna, einkum til grunnreglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða.

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er örorkulífeyrir greiddur ef orkutap er metið 40% eða meira, en samkvæmt gildandi lögum er miðað við 10% orkutap.
2. Í 13. gr. gildandi laga er sagt að örorkulífeyrir skuli aldrei vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir. Skv. 2. mgr. þessarar greinar verður þarna miðað við samanlagðan örorkulífeyri og barnalífeyri.
3. Í 13. gr. gildandi laga er sagt að örorkumat skuli aðallega miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt, og aðild hans að sjóðnum er tengd. Skv. 3. mgr. þessarar greinar verður áfram miðað við vanhæfni til starfs sjóðfélaga, en þó aðeins tímabundið í fyrstu fimm ár eftir orkutap. Eftir það skal miða örorkumatið við vanhæfni til almennra starfa.
4. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar er heimilt að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt geti heilsufar hans. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.
5. Í athugasemdum við 26. og 27. gr. var fjallað um breytingar á lífeyrisgreiðslum vegna útreiknings lífeyris samkvæmt stigakerfi. Að þessu leyti verður sama breyting á útreikningi örorkulífeyris og ellilífeyris. Skv. 5. mgr. 28. gr. skal samanlagður stigafjöldi, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfaldaður með 1,90 við útreikning örorkulífeyris. Margföldunarstuðullinn er því sá sami og gildir vegna útreiknings ellilífeyris.
6. Samkvæmt núgildandi lögum er framreikningur réttinda vegna ókomins tíma bundinn við þau tilvik þegar rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem sjóðfélagi gegndi. Takmörkun á rétti til framreiknings við þau tilvik þegar rekja má örorku sjóðfélaga til starfs hans

er hins vegar ekki að finna í ákvæðum þessarar greinar. Því verður framreikningur réttinda vegna ókomins tíma meginregla hjá A-deild sjóðsins. Sjóðfélagar deildarinnar munu samkvæmt þessu njóta mun betri réttar til örorkulífeyris en nógildandi lög kveða á um. Í 5.-13. mgr. greinarinnar eru ítarleg ákvæði um framreikning réttinda vegna ókomins tíma.

7. Samkvæmt 15. mgr. greinarinnar verður örorkulífeyrir einungis greiddur ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma. Slík takmörkun er ekki í gildandi lögum.
8. Samkvæmt gildandi lögum er örorkulífeyrir almannatrygginga tekinn með við útreikning lífeyrisréttar hjá þeim sem metnir eru minna en 75% öryrkjar. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er þessum þætti sleppt við útreikning lífeyris.
9. Loks er rétt að geta ákvæða 18. mgr. greinarinnar, en þar er að finna ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum sjóðsins um það hvernig með skuli fara þegar öryrki, sem fengið hefur framreiknuð réttindi, verður 65 ára og byrjar að fá greiddan ellilífeyri í stað örorkulífeyris.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Við 28. [16] gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
Orðið „ekki“ í fyrri málslíð 2. efnismgr. falli brott.
Í stað orðanna „skv. 9. mgr.“ í 12. efnismgr. komi: skv. 9. eða 10. mgr.“

Úr [nefndaráli](#)ti:

„Með breytingartillögum við 28. [16] gr. eru leiðréttar tvær villur. Annars vegar er orðinu „ekki“ ofaukið í 2. mgr. og hins vegar vantaði tilvísun í 10. mgr. í 12. mgr. greinarinnar.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [142/2003](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðsins „Tryggingayfirlæknir“ í 3. mgr. 16. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að í hans stað muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að umrædd ákvæði verði felld niður. Sú ráðstöfun að fela trúnaðarlækni sjóðsins matið er í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 28. gr.

17. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagsins, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagsins.

Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði [9. mgr. 16. gr.](#) Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar [16. gr.](#), en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við [2. mgr. 19. gr.](#)

Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist, sbr. lög nr. [87/1996](#), eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. [Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.]¹⁾ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

1) L. [65/2006](#), 7. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í greininni eru ákvæði um greiðslu makalífeyris úr A-deild sjóðsins. Ákvæði um rétt eftirlifandi maka til makalífeyris eru nú í 14. gr. laganna, sem að stofni til mun áfram gilda fyrir þá sem verða í B-deildinni. Reglur þær sem hér er kveðið á um eru í grundvallaratriðum frábrugðnar makalífeyrisreglum gildandi laga.

Samkvæmt 14. gr. gildandi laga sjóðsins er upphæð makalífeyris helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti látins sjóðfélaga. Þar við bætast 20% af launum þeim er hann miðast við, ef hann hefur uppfyllt eitt þeirra skilyrða, sem tilgreind eru í lagagreininni. Makalífeyrir er samkvæmt gildandi lögum greiddur svo lengi sem eftirlifandi maki lifir, en fellur þó niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju.

Eftir breytingu samkvæmt þessari grein verður meginreglan að makalífeyrir greiðist tímabundið úr A-deild sjóðsins. Við útreikning makalífeyris verða réttindi framreiknuð vegna ókomins tíma á sama hátt og við útreikning örorkulífeyris. Makalífeyrisgreiðslur verða í mörgum tilvikum samkvæmt þessu hærrí úr A-deild sjóðsins fyrst eftir andlát sjóðfélaga, en vera mundi í óbreyttu réttindakerfi. Sérstaklega á það við um þá makalífeyrisþega sem eru ungir að árum þegar þeir missa maka sinn. Á móti kemur að þeir fá almennt einungis greiddan makalífeyri í takmarkaðan tíma.

Fyrirmyndin að ákvæðum þessarar greinar er sótt til almennu lífeyrissjóðanna á sama hátt og fyrirmyndin að ákvæðum 28. gr. að því er reglur um örorkulífeyri varðar. Í fyrstu fjórum málsgreinum þessarar greinar er tilgreint hverjir eigi rétt á lífeyri samkvæmt henni.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að fullur makalífeyrir skuli að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar eftir andlát sjóðfélaga sem notið hafði elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum.

Ef sjóðfélagi hefur látið eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal skv. 2. mgr. greinarinnar greiða fullan makalífeyri fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé barnið á framfæri makans. Í þessum tilvikum er heimilt að greiða fullan makalífeyri lengur en í þau þrjú ár sem tilgreind eru í 1. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. er einnig heimilt að greiða makalífeyri lengur en í þann tíma, sem tilgreindur er í 1. mgr., ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki, enda hafi hann verið yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans. Þegar svo stendur á skal greiða makalífeyri meðan örorkan varir.

Samkvæmt 4. mgr. skal jafnframt greiða fullan makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga, ef makinn er fæddur fyrir 1. janúar 1925. Ef hann er fæddur á tímabilinu frá 1. janúar 1945 til 1. janúar 1925 skal einnig greiddur makalífeyrir ótímabundið, en greiðslur til þeirra sem fæddir eru á þessu árabili skulu þó skerðast hlutfallslega fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925. Sá sem fæddur er eftir 1. janúar 1945 á hins vegar ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein. Réttur hans fer því alfarið eftir 1.-3. mgr. þessarar greinar. Réttur eftirlifandi maka sem fellur undir ákvæði þessarar málsgreinar verður þó aldrei lægri en réttur skv. 1. mgr.

Í 5. mgr. er ákvæði sem að hluta til er sambærilegt við ákvæði 7. mgr. 14. gr. gildandi laga sjóðsins. Samkvæmt því er heimilt, þegar hinn látni sjóðfélagi hefur ekki látið eftir sig maka, að greiða lífeyri skv. 1.-3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans. Það verður síðan háð mati stjórnar sjóðsins hverju sinni hvort greiða skuli lífeyri samkvæmt þessu heimildarákvæði. Rétt er að vekja athygli á því að regla 4. mgr. á ekki við þegar lífeyrir er greiddur samkvæmt heimild í 5. mgr.

Í 6. mgr. greinarinnar eru síðan reglur um það hvernig skuli reikna upphæð makalífeyris úr A-deild sjóðsins. Útreikningsreglur makalífeyris eru þær sömu og útreikningsreglur örorkulífeyris. Réttindum vegna ókomins tíma er bætt við áunnin réttindi á sama hátt og við útreikning örorkulífeyris. Við útreikning makalífeyris eru þó áunnin stig og framreiknuð stig margfölduð með 0,95, í stað 1,90, eins og við útreikning örorkulífeyris. Makalífeyrir verður því í raun helmingur þess örorkulífeyris sem sjóðfélaginn hefði fengið.

Í 7. mgr. er tilgreint hverjir eru rétthafar makalífeyris samkvæmt greininni, en þeir eru:

Í fyrsta lagi sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með hinum látna sjóðfélagi. Í öðru lagi sá eða sú sem var í staðfestri samvist samkvæmt lögum nr. [87/1996](#) með hinum látna sjóðfélagi, en tilvitnuð lög fjalla um staðfesta samvist tveggja einstaklinga af sama kyni. Í þriðja lagi sá eða sú sem var í óvígðri sambúð með hinum látna sjóðfélagi, enda hafi sambúðin uppfyllt þau skilyrði, sem tilgreind eru í greininni.

Eftir breytingu samkvæmt þessari grein breytist réttur þeirra sem eru í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Samkvæmt gildandi lögum sjóðsins eiga þeir aldrei sjálfkrafa rétt á makalífeyri. Þó getur verið heimilt að greiða þessum aðilum sambúðarlífeyri samkvæmt heimildarákvæðinu í 7. mgr. 14. gr. gildandi laga, að uppfylltum þar tilgreindum skilyrðum. Skv. 7. mgr. eiga þessir aðilar hins vegar sama rétt til makalífeyris eftir látinn sjóðfélagi og þegar um hjúskap hefur verið að ræða.

Með þessari grein er auk þess sem að framan greinir gerð breyting á réttarstöðu fráskilins maka. Skv. 14. gr. gildandi laga sjóðsins á fráskilinn maki rétt á lífeyri eftir látinn sjóðfélagi. Jafnframt eru ákvæði í þeirri grein um skiptingu lífeyris milli tveggja eða fleiri maka, sem gilda þegar hinn látni sjóðfélagi hefur verið giftur oftast en einu sinni. Sambærileg ákvæði eru ekki í þessari grein. Fráskilinn maki á því ekki rétt til lífeyris úr A-deild sjóðsins eftir látinn sjóðfélagi.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [65/2006](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Á eftir 2. másl. 7. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 2.–13. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum lagaákvæðum þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við óvígða sambúð „karls og konu“ til þess að taka af tvímæli um að ákvæðin eigi einnig við um óvígða sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 29. gr.

18. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. [2. mgr. 14. gr.](#) Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við [6. mgr. 17. gr.](#), eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélag, sem uppfyllir skilyrði [a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr.](#), úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. [16. gr.](#) metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfaranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Greinin fjallar um greiðslu barnalífeyris úr A-deild hans. Ákvæði um greiðslu barnalífeyris eru í 16. gr. gildandi laga sjóðsins, en sú grein mun áfram gilda um greiðslu barnalífeyris úr B-deildinni. Grein þessi er í nokkrum atriðum frábrugðin eldri greininni:

1. Samkvæmt 1. mgr. er barnalífeyrir greiddur til barna látins sjóðfélaga og til barna þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri úr sjóðnum. Aftur á móti eiga börn ellilífeyrisþega ekki rétt á barnalífeyri úr A-deild sjóðsins samkvæmt greininni, en skv. 16. gr. gildandi laga sjóðsins eiga börn ellilífeyrisþega rétt á barnalífeyri á sama hátt og börn látinna sjóðfélaga og börn öryrkja.
2. Barnalífeyrir verður greiddur til 22 ára aldurs úr A-deild sjóðsins samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Skv. 16. gr. gildandi laga er barnalífeyrir hins vegar greiddur til 18 ára aldurs.
3. Skv. 16. gr. gildandi laga sjóðsins er algengast að fullur barnalífeyrir sé jafnhár og hálfur barnalífeyrir almannatrygginga. Samkvæmt þessari grein er barnalífeyrir ákvæðinn tiltekin fjárhæð, sem tekur síðan breytingum til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Horfið verður því frá tengingu við barnalífeyri almannatrygginga hjá A-deild sjóðsins.
4. Í gildandi lögum sjóðsins er fjárhæð barnalífeyris sú sama, hvort sem barnalífeyrir er greiddur vegna andláts sjóðfélaga eða til barna örorku- eða ellilífeyrisþega. Í þessari grein er hins vegar gerður greinarmunur eftir því hvort lífeyrir er greiddur til barna vegna andláts sjóðfélaga eða til barna örorkulífeyrisþega. Skv. 2. mgr. er fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga 10.000 kr. með hverju barni á mánuði. Fjárhæð fulls barnalífeyris til barna öryrkja er hins vegar 7.500 kr. með hverju barni á mánuði skv. 3. mgr. greinarinnar. Báðar þessar fjárhæðir taka síðan þeim breytingum, sem verða á vísitölu neysluverðs frá janúar 1996.
5. Samkvæmt 5. mgr. á að greiða barnalífeyri til framfaranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins sjálfs. Er þarna miðað við að eftir að barnið verður fjárráða verði það sjálft viðtakandi lífeyrisgreiðslunnar. Í 16. gr. gildandi laga sjóðsins eru engin ákvæði um það hvort greiða skuli barnalífeyri til barnsins eða framfaranda.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 30. gr.

19. gr.

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í fyrri málsgrein greinarinnar er ákvæði um að ef iðgjaldagreiðslur hafi sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknist sá tími ekki með þegar úrskurða skal um hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Á þetta getur reynt vegna nokkurra ákvæða í frumvarpinu. Þar má sérstaklega nefna b-lið 5. mgr. 28. [\[16\]](#) gr. og 1. mgr. 29. [\[17\]](#) gr.

Í síðari málsgrein greinarinnar er síðan ákvæði sem gildir um þau tilvik þegar sjóðfélagi á geymdan rétt hjá sjóðnum. Réttur til lífeyris fellur ekki niður í slíkum tilvikum, heldur reiknast hann þá einungis miðað við áunnin geymd stig. Reglur um framreikning við útreikning örorku- eða makalífeyris eiga þá ekki við.

Þegar skilyrði 1. mgr. 29. [\[17\]](#) gr. frumvarpsins um iðgjaldagreiðslutíma eru ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við þetta ákvæði í síðari málsgrein þessarar greinar. Hafa þarf þetta í huga við túlkun á þessum lagagreinum. Á sama hátt ákvarðast upphæð örorkulífeyris eftir þessari málsgrein þegar skilyrði 1. mgr. 28. [\[16\]](#) gr. eru ekki uppfyllt.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 31. gr.

20. gr.

Í [samþykktum](#) sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga. Með þessu ákvæði er bæði horft til þess að í samþykktir sjóðsins verði sett ákvæði um réttindaflutninga í einstökum tilfellum og eins til þess að A-deild lífeyrissjóðsins geti orðið aðili að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og réttindaflutninga á milli sjóða.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 32. gr.

21. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Grein þessi fjallar um tvö aðskilin efni. Í fyrri málsgreininni er ákvæði sem segir að lífeyrir skuli greiðast mánaðarlega eftir á. Þó er tiltekið að sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og fengið hafa fyrir fram greidd laun skuli fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Í síðari málsgreininni er síðan heimild til handa stjórn til að inna lífeyrisgreiðslu af hendi í einu lagi, í stað mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, ef lífeyrisgreiðsla nær ekki fjárhæð sem svarar til a.m.k. eins stigs réttinda. Getur slík eingreiðsla verið heppileg, bæði fyrir lífeyrissjóðinn og eins fyrir sjóðfélagann.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 33. gr.

III. kafli

B-deild lífeyrissjóðsins

22. gr.

B-deild sjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 23.–34. gr. sérstaklega um deildina.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með þessari grein eru gerðar breytingar á 11. gr. gildandi laga sjóðsins, nr. [29/1963](#), sem verður 22. gr. laganna. Eftir breytinguna hefur greinin fyrst og fremst það hlutverk að halda utan um þær greinar sem fjalla eingöngu um B-deild sjóðsins. Tekið er fram í greininni að auk þessarar greinar gilda ákvæði 23.–34. gr. laganna, eins og þau eru eftir breytingu samkvæmt þessu frumvarpi, sérstaklega um deildina. Ákvæði þessara greina eiga því eingöngu við um B-deild sjóðsins, þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram hverju sinni.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 11. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir. [Sbr. einnig um sambúðarfólk í 14. gr. hér á eftir.]1“

1) L. [98/1980](#), 5. gr.

Samhljóða ákvæði í lögum nr. [64/1955](#) og nr. [101/1943](#), sbr. þó viðbótina skv. lögum nr. [98/1980](#).

2. Dómar

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. [115/1989](#). Lokið 10. ágúst 1989. Greiðsla lífeyris eftir lát sambúðarmanns.

„A og B voru í óvígðri sambúð frá árinu 1973, þar til B lést haustið 1988. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins synjaði beiðni A um lífeyri eftir B. A taldi synjun þessa óréttmæta í sinn garð, þar sem B hefði fengið lögskilnað við fyrrverandi eiginkonu sína með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1977.“

„Með tilvísun til upplýsinga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ritaði ég A bréf, dags. 10. ágúst 1989. Í bréfi mínu taldi ég þá skýringu sjóðsstjórnarinnar rétta, að samkvæmt gildandi lögum hefði ekki verið heimilt að greiða A lífeyri eftir B, og gæti ég því ekki aðhafst frekar í málinu. Ég greindi A jafnframt frá því, að ég hefði sama dag ritað Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins bréf, þar sem ég lýsti þeirri skoðun minni að nauðsynlegt væri að halda áfram athugun þeirri, sem hafin væri á rétti sambúðarfólks til lífeyris og vænti þess að verða látinn fylgjast með framvindu þess máls.“

23. gr.

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða [8%]1) af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða [4. mgr. 24. gr.](#) greiðir launagreiðandi hans [12%]1) af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.

Launþegi, sem yngri er en 16 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

[Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, [ákvæðanir kjararáðs]2) eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og [lögum um [kjararáð](#)].2)]3)

1) L. [167/2006](#), 5. gr. 2) L. [47/2006](#), 13. gr. 3) L. [43/2002](#), 2. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með greininni eru gerðar breytingar á 10. gr. gildandi laga sjóðsins, sem fjallar um iðgjaldagreiðslur til B-deildar hans. Eftir breytinguna verður greinin 23. gr. laganna.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. [29/1963](#) falla iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og launagreiðanda hans vegna niður þegar sjóðfélaginn hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár. Skv. 2. mgr. 12. gr. sömu laga skal hann þó greiða iðgjald þar til samanlagður iðgjaldagreiðslutími og aldur sjóðfélaga er 95 ár notfæri hann sér þá reglu sem þar eru ákvæði um. Með a-lið þessarar greinar er þessu breytt þannig að launagreiðendur eiga að halda áfram iðgjaldagreiðslu þó að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falli niður samkvæmt ákvæðum þessum.

Breytingar skv. b-lið þessarar greinar haldast í hendur við þær breytingar sem um er fjallað í næstu málsgrein hér að undan. Samkvæmt því sem tiltekið er í b-lið þessarar greinar á launagreiðandi að greiða 10% iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður.

Eftir þessa breytingu verða reglur um iðgjaldagreiðslur til B-deildarinnar þannig að sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðendur greiða síðan 6% iðgjald af þessum sömu launum. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár, eða þegar samanlagður aldur sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslutími hans nær 95 árum, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Frá þeim tíma greiðir launagreiðandi 10% iðgjald til sjóðsins fyrir þennan sjóðfélagi þar til hann lætur af störfum.

Rétt er að geta þess að auk iðgjaldagreiðslna samkvæmt framansögðu greiðir vaktavinnufólk jafnframt iðgjald til sjóðsins af launum fyrir vaktavinnu. Um þær iðgjaldagreiðslur gilda ákvæði sem í gildandi lögum eru í 12. gr. a. en eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu í 25. gr.

Í 6. og 7. mgr. gildandi laga eru sérstakar reglur um iðgjaldagreiðslur héraðslækna, sóknarpresta og starfsmanna stjórn málaflokka. Ekki er ástæða til að hafa sérstakar reglur um iðgjaldagreiðslur þessara launþega. Ákvæði þessara málsgreina eru því úrelt og með c-lið þessarar greinar eru þau felld úr gildi. Sérreglur um iðgjaldagreiðslur héraðslækna og sóknarpresta voru settar á þeim tíma er aukatekjur höfðu áhrif á föst laun þessara stétta. Jafnframt má benda á að ákvæði d-liðar þessarar greinar frumvarpsins geta átt við um starfsmenn stjórn málaflokka eins og um aðra, sé þörf á því.

Í d-lið þessarar greinar er ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins og verður það 6. mgr. þeirrar greinar sem verður 23. gr. laganna. Samkvæmt því skal stjórn lífeyrissjóðsins ákveða þau

viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga í B-deild sjóðsins eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Viðmiðunarlaun þessi eiga að vera ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd.

Vitað er að sumir launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfðæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi, með því að nokkrir einstaklingar geta í krafti ráðningarsamninga öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [43/2002](#)

Ákvæði 6. mgr. fyrir breytingu skv. l. nr. 43/2002:

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt [lögum nr. 94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og [lögum nr. 120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„6. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd.“

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í [greinargerð](#):

„Ákvæði 6. mgr. 23. gr. laganna var ætlað að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum starfsmanna í LSR. Stjórn LSR hefur, með stoð í ákvæðinu, metið það svo að henni beri skylda til að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Framangreinda framkvæmd stjórnar LSR við beitingu á ákvæði 6. mgr. 23. gr. má rekja til tilgangs löggjafans sem er að fela stjórn sjóðsins ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda til að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum í sjóðnum. Kemur þetta skýrt fram í athugasemdum við ákvæði d-liðar 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. [141/1996](#), en til þess ákvæðis má rekja 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Þessum tilgangi verður ekki náð nema að ákvæðinu sé beitt jafnt fyrir ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda sem og við ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu lífeyris úr sjóðnum.

Með 2. og 3. gr. frumvarpsins er verið að skjóta styrkari stoðum undir fyrrgreinda framkvæmd stjórnar LSR við ákvörðun á viðmiðunarlaunum og taka af allan vafa um að hún hafi fullnægjandi lagastoð í 6. mgr. 23. gr. laganna.“

Lög nr. [47/2006](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðanna „lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 35. gr. kemur: lögum um kjararáð.“

Lög nr. [167/2006](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.

b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. másl. 4. mgr. kemur: 12%.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 5.–13. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á mótframlagi á móti iðgjaldi sjóðfélaga í samræmi við 1. gr. Miða ákvæðin að því að 1. janúar 2007 verði mótframlag launagreiðanda hækkað úr 6% í 8%.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 10. gr. laga nr. [29/1963](#)

„[Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.]1)

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

[Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.]2)

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í [32 ár],3) falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna. [Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.]4)

Launþegi, sem yngri er en [16 ára],3) greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna og sóknarpresta, svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna, skulu miðuð við hæstu laun fyrir slík störf, og reiknast lífeyrisréttur þeirra og maka þeirra samkvæmt því.

[Iðgjöld starfsmanna stjórnmalaflokka, svo og iðgjöld launagreiðenda þeirra, skulu miðuð við tiltekna launaflokka ríkisstarfsmanna eftir samkomulagi starfsmanna og launagreiðenda að tilskildu samþykki fjármálaráðherra. Sama gildir um kaup þeirra á réttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til, sbr. 5. gr.]5)“

1) L. [7/1990](#), 1. gr. 2) L. [7/1990](#), 2. gr. 3) L. [98/1980](#), 4. gr. 4) L. [47/1984](#), 1. gr. 5) L. [21/1975](#), 2. gr.

Ákvæði 10. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélag sjálfra.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héraðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héraðum III. flokks.“

Ákvæði 10. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélag sjálfra.“

2. Dómar

2.1 Dómar Hæstaréttar

Hrd. í máli nr. [294/2002](#). Félag prófessora í Háskóla Íslands gegn LSR. Föst yfirvinna. (1. mgr. 23. gr.)

„F krafðist að viðurkennt yrði að þeir prófessorar við Háskóla Íslands sem heyrðu undir ákvörðun kjaranefndar og greiddu eða hefðu greitt lífeyrисиðgjöld til starfsloka til B-deildar L samkvæmt lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ættu frá starfslokadegi rétt á lífeyri sem tæki mið af heildarmánaðarlaunum þeirra fyrir dagvinnu, þ.e. dagvinnu að viðbættum einingum fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt skilgreiningu kjaranefndar í úrskurði hennar 2. júlí 1998, enda greiddu prófessorarnir frá 1. janúar 1998 til starfsloka 4% lífeyrисиðgjald til viðbótar af greiðslum fyrir þessa föstu yfirvinnu sem ekki hefði verið dregið af launum þeirra. Í héraðsdómi var tekið fram að ekki hefði verið hnekkð því mati kjaranefndar að hluti af vinnu prófessora yrði ekki látinn í té á hinum daglega vinnutíma en væri þó þáttur í venjubundnu starfi þeirra. Var talið að þó svo að kjaranefnd hefði talið að starfinu fylgdi yfirvinna sem rétt væri að launa og greiða fyrir alla mánuði ársins án þess að sýnt væri fram á að vinna þessi væri unnin utan hins venjulega vinnutíma eða jafnvel innt af hendi á dagvinnutíma væri ekki þar með verið að launa fyrir dagvinnu. Var því ekki fallist á að greiðslur fyrir fasta yfirvinnu hefðu verið þess eðlis að skylt væri að líta á þær sem hluta af launum fyrir dagvinnu er veitti rétt til eftirlauna á grundvelli laga nr. 1/1997. Með vísan til forsendna héraðsdóms og þess að F væri réttur aðili að málinu var hann staðfestur.“

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. [2938/2000](#). Lokið 10. október 2001. Viðmiðun við útreikning lífeyris

„A kvartaði yfir þeirri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að breyta viðmiðun sem notuð hafði verið við útreikning lífeyrigræiðslna til hans úr sjóðnum. Taldi hann að stjórn sjóðsins hefði ekki haft viðhlítandi lagaheimild til slíkra breytinga. Þá kvartaði hann yfir því að ekki hefði verið haft samráð við hann um þessar breytingar.

Stjórn lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun í desember 1995 að framvegis skyldi lífeyrir þeirra sem hefðu haft viðmiðun við laun bankastjóra ríkisviðskiptabankanna taka mið af launum hæstaréttardómara að viðbættum 17% og að lífeyrir þeirra sem hefðu haft viðmiðun við laun aðstoðarbankastjóra skyldi miðast við 80% af þeirri fjárhæð. Frá því að A hóf töku lífeyris hafði lífeyrir hans tekið mið af launum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands. Í kjölfar lögfræðilegrar álitsgerðar, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að framangreind ákvörðun hefði ekki verið lögmæt, leiðrétti lífeyrissjóðurinn lífeyrigræiðslur til A fram til 1. janúar 1997. Var það afstaða stjórnar sjóðsins að frá þeim tíma hefði ákvörðunin átt sér stoð í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.“

Umboðsmaður taldi að mæla hefði þurft skýrt fyrir í lögum um heimild stjórnar lífeyrissjóðsins til að breyta lögbundinni viðmiðun lífeyrigræiðslna samkvæmt 35. gr. laganna til þeirra sjóðfélaga sem höfðu hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laga nr. 1/1997. Miðað við orðalag 6. mgr. 23. gr. og tengsla þess við almenna reglu laganna um stofn til greiðslu iðgjalda taldi hann að ákvæðið veitti stjórn sjóðsins ekki heimild til slíkra breytinga.

Sjá nánar um sögu ákvæða um viðmiðun iðgjalda í umfjöllun umboðsmanns Alþingis í álit nr. 2938/2000 í umfjöllun um 24. gr. hér á eftir.

Síðan segir í álitu UA

„Samkvæmt framangreindu hafa lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins allt frá stofnun hans einkennst af því að bæði inntak þeirra, þ.e. viðmiðun lífeyrisins þegar kemur að greiðslu hans, og umfang greiðsluskyldu í sjóðinn, þ.e. viðmiðun iðgjalda sjóðfélaga og launagreiðanda, hafa verið bundin í lög. Þá hafa lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enn fremur þá sérstöðu að ríkissjóður hefur ábyrgst greiðslu lífeyrisskuldbindinga sjóðsins án tillits til þess að hvaða marki fjárframlög og ávöxtun þeirra duga til að standa undir þeim. Þannig hefur ekki að lögum verið samhengi á milli iðgjaldagreiðslna til sjóðsins annars vegar og þeirra skuldbindinga sem honum er ætlað að standa undir hins vegar. Almennt hefur þó stofn til greiðslu iðgjalda til sjóðsins og stofn til greiðslu á lífeyri til sjóðfélaga verið sá sami þótt orðalag ákvæða laga um greiðslurnar hafi ekki alltaf að öllu leyti verið sambærilegt.

Frá því að lög nr. 29/1963 tóku gildi og fram að gildistöku laga nr. 141/1996 var kveðið á um það að greiðsla ellilífeyris til sjóðfélaga skyldi almennt taka mið af þeim launum sem fylgdu starfi því er viðkomandi sjóðfélagi gegndi síðast. Frá því að lög nr. 141/1996 tóku gildi hefur þessi lögbundna viðmiðun gilt um útreikning lífeyrisréttinda viðkomandi starfsmanns við starfslok. Eftir það taka greiðslurnar almennt breytingum eftir ákveðinni vísitölu sem er óháð einstaklingsbundinni viðmiðun við laun fyrir ákveðið starf. Þeir sem höfðu hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laganna var hins vegar gefinn kostur á að velja um það hvort breytingar á greiðslum til þeirra úr sjóðnum skyldu taka mið af eldri reglum eða hinni nýju vísitölu. A valdi að greiðslur til hans tækju mið af eldri reglum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að vikja frá ákvæði laga, sem mælir fyrir um hver viðmiðun lífeyrisgreiðslna skuli vera, nema að hún hafi til þess viðhlítandi heimild í lögum. Lífeyrissjóðurinn verður hins vegar að túlka ákvæði þeirra laga sem hann starfar eftir. Álitaefni kunna til dæmis að rísa um það hvaða greiðslur geta talist hluti fastra launa fyrir dagvinnu í skilningi 2. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og hvaða breytingar greiðslum fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast geti talist breytingar á launum samkvæmt 35. gr. sömu laga. Eg tel að þótt lífeyrissjóðurinn álitu réttilega að hluti greiðslna fyrir tiltekið starf falli ekki undir það að vera föst laun fyrir dagvinnu veiti það stjórninni ekki heimild til að miða greiðslu lífeyris, sem á samkvæmt lögnum að taka mið af launum fyrir tiltekið starf, við laun fyrir annað starf nema sérstök lagaheimild standi til þess.

Stjórn lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun 14. desember 1995 að framvegis skyldi lífeyrir þeirra er hefðu „haft viðmiðun við laun bankastjóra“ ríkisviðskiptabankanna taka mið af launum hæstaréttardómara að viðbættum 17%. Í skýringum lífeyrissjóðsins til mín kemur fram að þessi breyting hafi verið gerð vegna breytinga sem þá höfðu orðið á launum bankastjóra og aðstoðarbankastjóra. Áður höfðu laun þeirra tekið mið af launum hæstaréttardómara en á árunum 1993 til 1994 var því alfarið hætt. Þá virtust greiðslur, sem áður höfðu fallið utan dagvinnulauna þeirra, hafa verið færðar inn í dagvinnulaun bankastjóra og aðstoðarbankastjóra. Af þessum sökum taldi stjórn sjóðsins nauðsynlegt að ákveða aðra viðmiðun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna í þeim tilvikum þegar greiðslur til viðkomandi sjóðfélaga tóku mið af launum bankastjóra og aðstoðarbankastjóra. Var í því sambandi vísað til þess að lög nr. 29/1963 gerðu aðeins ráð fyrir að iðgjöld væru greidd af dagvinnulaunum og lífeyrir miðaður við dagvinnulaun sjóðfélaga.

Stjórn lífeyrissjóðsins óskaði eftir lögfræðilegu álitu B um framangreinda ákvörðun stjórnarinnar. Í álitgerð hans, dags. 26. júlí 1999, var komist að þeirri niðurstöðu að þessi ákvörðun hefði ekki haft viðhlítandi stoð í lögum nr. 29/1963. Í kjölfarið leiðrétti lífeyrissjóðurinn greiðslur til þeirra sjóðfélaga sem framangreind ákvörðun gilti um. Sú leiðrétting náði þó aðeins til 1. janúar 1997. Telur lífeyrissjóðurinn að ákvörðun stjórnar sjóðsins frá 14. desember 1995 eigi sér nú stoð í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997.

Ákvæði 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997 var nýmæli í lögum um lífeyrissjóðinn og hljóðar það svo:

„Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.“

Í athugasemdum við ákvæði d-liðar 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996, segir eftirfarandi:

„Í d-lið þessarar greinar er ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins og verður það 6. mgr. þeirrar greinar sem verður 23. gr. laganna. Samkvæmt því skal stjórn lífeyrissjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga í B-deild sjóðsins eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Viðmiðunarlaun þessi eiga að vera ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Vitað er að sumir launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfðæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi, með því að nokkrir einstaklingar geta í krafti ráðningarsamninga öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.“ (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1577.)

Óumdeilt er að þegar A hóf töku lífeyris hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins tóku greiðslur til hans mið af launum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands en ekki hæstaréttardómara. Ég tel að eins og lagagrundvelli lífeyrisgreiðslna var háttáð á umræddum tíma hafi það ekki haft þýðingu í þessu sambandi að við starfslok hans hjá Framkvæmdastofnun ríkisins voru laun aðstoðarbankastjóra miðuð við laun hæstaréttardómara. Því lýtur ágreiningur í máli þessu að því hvort framangreint ákvæði 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, geti talist viðhlítandi heimild fyrir stjórn sjóðsins til að breyta einhliða viðmiðun lífeyrisgreiðslna til A úr launum aðstoðarbankastjóra í viðmiðun sem reiknað er út frá launum hæstaréttardómara.

[...]

Ákvæði 23. gr. laga nr. 1/1997 fjallar um greiðslu iðgjalda til B-deildar sjóðsins. Með 6. mgr. 23. gr. laganna er gerð undantekning frá almennri reglu um gjaldstofn iðgjalda samkvæmt 1. og 3. mgr. 23. gr. Skulu iðgjöld almennt miðast við ákveðna prósentu af föstum launum sjóðfélaga fyrir dagvinnu, persónuuppbot og orlofsuppbót. Segir í 6. mgr. 23. gr. að stjórn sjóðsins skuli ákveða þau viðmiðunarlaun „sem iðgjöld eru greidd af“ ef viðkomandi sjóðfélagi fær ekki greidd laun samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna eða ákvörðun Kjaradóms eða kjaranefndar. Með sjóðfélaga er í lögnum almennt átt við þá einstaklinga sem greiða iðgjald til sjóðsins og þá einstaklinga sem fá greiddan elli- og örorkulífeyri úr sjóðnum auk þeirra sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum, sbr. 2. gr. laganna.

Ákvæði 24. gr. laga nr. 1/1997 gildir um greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum. Þá gilti enn fremur sú sérregla um lífeyrisgreiðslur til A að þær skyldu breytast til samræmis við breytingar sem urðu á launum er hverjum tíma voru greidd fyrir það starf er hann gegndi síðast, sbr. 35. gr. laga nr. 1/1997. Þrátt fyrir að í ádurgreindri athugasemd við það ákvæði sem varð að 6. mgr. 23. gr. laganna sé vísað til ákveðins misræmis milli lífeyrisréttar sjóðfélaga, sem leiði af umsömdum launakjörum sem ekki eru í samræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum, er ekkert ákvæði í 24. gr. laganna er heimilar stjórn sjóðsins að ákveða aðra viðmiðun lífeyrisgreiðslna en mælt er fyrir um í 2. mgr. 24. gr. laganna. Ákvæði 35. gr. laganna mælir heldur ekki fyrir um heimild til frávika frá hinu lögbundna viðmiði hafi viðkomandi sjóðfélagi valið að lífeyrisgreiðslur til hans taki breytingum til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem hann gegndi síðast. Orðalag 6. mgr. 23. gr. laganna og tengsl ákvæðisins við almenna reglu 1. og 3. mgr. 23. gr. laganna um greiðslu iðgjalda til sjóðsins tel ég benda til þess að heimild stjórnarinnar til breytinga á viðmiðunarlaunum hljóti almennt að einskorðast við breytingar á viðmiðunarlaunum við ákvörðun iðgjalda til sjóðsins. Þrátt fyrir þetta telur stjórn lífeyrissjóðsins að 6. mgr. 23. gr. laganna skyldi hana ekki aðeins til að breyta viðmiðun á greiðslu iðgjalda þeirra sjóðfélaga sem ákvæðið gildir um. Telur stjórnin að henni sé enn fremur skylt að breyta viðmiðun lífeyrisgreiðslna þeirra sjóðfélaga sem fá greiddan lífeyri sem miðast við laun sem ákvarðist af öðru en kjarasamningum opinberra starfsmanna eða ákvörðunum Kjaradóms eða kjaranefnd og höfðu hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laga nr. 141/1996.

A hóf töku ellilífeyris úr sjóðnum árið 1989. Verður að leggja til grundvallar að hann hafi greitt iðgjald af dagvinnulaunum sínum eins og þau voru á hverjum tíma á meðan hann starfaði hjá Framkvæmdastofnun ríkisins og öðrum ríkisstofnunum er veittu aðild að lífeyrissjóðnum. Hann fékk

greidd laun, sem miðuðust við laun aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands, við starfslok hans hjá Framkvæmdastofnun ríkisins þegar sú stofnun var lögð niður 30. september 1985. Á greiddi áfram iðgjöld til sjóðsins í samræmi við heimild í 2. mgr. 17. gr. þágildandi laga nr. 29/1963. Áttu iðgjöld hans þá að miðast við „laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður“, eins og sagði í ákvæðinu. Naut hann þá sömu réttinda úr sjóðnum eins og hann hefði gegnt starfi sínu áfram. Frá því að hann hóf töku lífeyris og til 1. janúar 1997 var honum samkvæmt þessu greiddur ellilífeyrir miðað við laun aðstoðarbankastjóra hjá ríkisbönkunum, sbr. bréf lífeyrissjóðsins til mín, dags. 7. mars 2001. Á meðan hann greiddi iðgjald til sjóðsins urðu engar breytingar á þessari viðmiðun enda var þá engin lagaheimild til slíkra breytinga. Þegar viðmiðun lífeyrisgreiðslna til hans var breytt 1. janúar 1997 hafði hann fengið greiddan ellilífeyri í rúm sjö ár sem miðuðust við laun aðstoðarbankastjóra.

Það er álit mitt að mæla hefði þurft skýrt fyrir í lögum um heimild stjórnar lífeyrissjóðsins til að breyta lögbundinni viðmiðun lífeyrisgreiðslna samkvæmt 35. gr. laga nr. 1/1997 til þeirra sjóðfélaga sem höfðu hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laga nr. 141/1996. Ég tel að ákvæði 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, veiti stjórn sjóðsins ekki viðhlítandi heimild til slíkra breytinga. Vísa ég í því sambandi til orðalags ákvæðisins og tengsla þess við almenna reglu laganna um stofn til greiðslu iðgjalda til sjóðsins eins og að framan greinir. Ég tel að athugasemdir við ákvæðið skjóti ekki stoðum undir þá skýringu að stjórn sjóðsins hafi slíkar valdheimildir gagnvart framangreindum hópi sjóðfélaga. Þá fæ ég ekki séð að almennt gildistökuákvæði 34. gr. laga nr. 141/1996 leiði til rýmri túlkunar á valdheimildum stjórnar sjóðsins samkvæmt 6. mgr. 23. gr. laganna eða að almenn ákvæði laganna um aðild að B-deild sjóðsins hafi þýðingu að þessu leyti. Það er því niðurstaða mín að ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um breytta viðmiðun lífeyrisgreiðslna til A frá 1. janúar 1997 hafi ekki átt sér viðhlítandi stoð í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997.“

24. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast, [sbr. þó [6. mgr. 23. gr.](#)]1) Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagsins og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti tíu ár, ella skal miða það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti tíu ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð [trúnaðarlæknis sjóðsins]2) um heilsufar.

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

[...3)

1) L. [43/2002](#), 3. gr. 2) L. [142/2003](#), 1. gr. 3) L. [141/2003](#), 21. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með þessari grein eru gerðar breytingar á 12. gr. gildandi laga, sem verður 24. gr. laganna. Greinin fjallar eftir breytingu samkvæmt þessu frumvarpi um útreikning og greiðslu ellilífeyris hjá B-deild sjóðsins.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í a-lið þessarar greinar á 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að réttur til lífeyris hefjist næstu mánaðamót eftir að maður verður 65 ára. Jafnframt er í 1. mgr. áréttað að miðað sé við að sjóðfélagi hafi látið af þeim störfum, sem veittu honum aðild að sjóðnum, til þess að hann eigi rétt á lífeyri frá B-deild sjóðsins.

Í b-lið greinarinnar er ný málsgrein, sem verður 3. mgr., og í henni felst veigamesta breytingin sem gerð er í frumvarpinu á tilhögun lífeyrisgreiðslna úr B-deild sjóðsins. Hún lýtur að breytingum á þeirri kauptryggingu lífeyris sem sjóðfélagar í B-deild njóta. Í stað þess að miða breytingar á lífeyrisgreiðslum við þær breytingar, sem verða á launum sem fylgja þeirri stöðu er sjóðfélaginn gegndi síðast, verður miðað við „meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu“.

Hér er þó rétt að benda á ákvæði 35. gr. frumvarpsins þar sem þeim sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeim sem þegar eru byrjaðir að taka lífeyri er gefinn kostur á að velja á milli „eftirmannsreglunnar“, sem hefur verið í gildi fram að þessu og nýju reglunnar samkvæmt b-lið þessarar greinar. Um nánari skýringar á þessu vali vísast til athugasemda við 35. gr. frumvarpsins.

Í nýrri 3. mgr. skv. b-lið þessarar greinar er vísað til 2. mgr. (sem var 6. mgr.) til áréttingar því hvaða laun taka skuli til viðmiðunar þegar meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu eru metnar. Samkvæmt því skal taka inn í þann útreikning breytingar sem verða á þeim launum sem iðgjöld eru almennt greidd af og lífeyrir reiknast eftir, þ.e. á föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbot og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi. Samkvæmt málsgreininni á Hagstofa Íslands að reikna mánaðarlega þær breytingar sem verða á þessum launum.

Ástæður þess að þessar breytingar eru gerðar á tilhögun lífeyrisgreiðslna eru að núgildandi „eftirmannsregla“ verður æ örðugri í framkvæmd. Víða er störfum svo háttáð að illgerlegt er að segja fyrir um hver eftirmaður hvers. Þá hafa opinberar stöður í mörgum tilvikum verið lagðar niður. Blasir þá við hvílkum vandkvæðum er bundið að finna viðmiðun eftirlauna. Í öðrum tilvikum hafa stöður breyst og heilu stofnanirnar gjörbreyst, sem gerir illmögulegt að segja fyrir um hvort um sama starf er að ræða eða ekki.

Ætla verður að sjóðfélagar njóti þrátt fyrir þessa breytingu jafnverðmætra lífeyrisréttinda og áður þegar á heildina er litið. Lífeyrisgreiðslur eru áfram miðaðar við síðasta starf og launakjör við starfslok. Það eina sem breytist er, að ekki er nákvæmlega fylgt þeim breytingum, sem verða á launum hjá eftirmanni hvers og eins lífeyrisþega. Í stað þess verður fylgt meðalbreytingum sem verða á launum hjá opinberum starfsmönnum.

Með c- og d-lið greinarinnar eru gerðar breytingar á þeim málsgreinum, sem fjalla um útreikning lífeyris samkvæmt 95 ára reglunni. Með breytingu skv. d-lið á 3. mgr., sem verður 5. mgr., er fallið frá endurgreiðslu iðgjalda umfram 32 ár, þó svo að sjóðfélagi sem valið hefur 95 ára regluna fari ekki á lífeyri fyrr en eftir 64 ára aldur. Samhliða breytast útreikningsreglur lífeyrisréttinda þannig, að hundraðshluti lífeyrisréttinda verður reiknaður samkvæmt 95 ára reglunni, þó að sjóðfélagi hefji ekki töku lífeyris fyrir 64 ára aldur. Eftir þessa breytingu er sjóðfélagi, sem velur 95 ára regluna, að taka ákvörðun um tvennt: Hvenær hann á möguleika á að fara á lífeyri og um útreikningsregluna.

Breyting skv. c-lið greinarinnar er eðlileg afleiðing breytinga samkvæmt d-lið. Skv. 3. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins þurfa sjóðfélagar að hafa farið á lífeyri fyrir 64 ára aldur til þess að geta notfært sér 95 ára regluna. Sá viðbótarmálsliður, sem með c-lið þessarar greinar er bætt við 2. mgr., sem verður 4. mgr., felur því ekki í sér neina efnisbreytingu.

Í e-lið greinarinnar eru ákvæði um niðurfellingu 4. og 5. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins. Þessar málsgreinar fjalla um rétt þeirra sem gerðust sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 32/1955 til að halda rétti samkvæmt eldri 95 ára reglu. Á þessar málsgreinar reynir ekki lengur, og því er eðlilegt að fella þær brott úr lögum sjóðsins.

Í f-lið greinarinnar felst að 6. mgr. verði 2. mgr. Útreikningsregla sú sem fram kemur í 6. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins á einungis við um þá sem fara á lífeyri samkvæmt hinni almennu reglu í 1. mgr. Eðlileg uppröðun þessarar lagagreinar er því að fjalla tæmandi um hina almennu reglu, áður en komið er að sérreglunni, þ.e. 95 ára reglunni. Ætla verður að sú framsetning geri greinina ljósari en nú er.

Jafnframt er í f-lið þessarar greinar frumvarpsins kveðið á um það, að í stað orðanna „á hverjum tíma“ í gildandi 6. mgr., sem verður 2. mgr., komi orðin „við starfslok“. Eftir þessa breytingu fjallar málsgreinin eingöngu um það, hvernig reikna eigi lífeyri sjóðfélaga við starfslok. Eftir þessa breytingu er hins vegar ekkert sagt um það í málsgreininni, hvernig lífeyrisgreiðslur breytist, eftir að taka lífeyris hefst. Um það vísast til skýringa með b-lið hér að framan.

Með g-lið þessarar greinar eru gerðar breytingar á 9. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 8. mgr. 24. gr. Núgildandi 9. mgr. 12. gr. er að ýmsu leyti óljós og hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Ekki hefur verið óalgengt að menn starfi áfram eftir að taka lífeyris hefst. Frá þeirri ráðningu hefur verið gengið með ýmsum hætti. Vafi hefur leikið á í hvaða tilvikum menn eigi engu að síður rétt á lífeyri, þrátt fyrir áframhaldandi störf, ýmist í sambærilegu starfi eða ólíku. Málsgrein þessari er því ætlað að taka af öll tvímæli. Í henni er tvennt tiltekið:

Í fyrsta lagi það að ef sjóðfélagi gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 4. gr. laga hans, eigi hann ekki rétt á lífeyri. Samkvæmt þessu á sjóðfélagi hins vegar rétt á lífeyri eftir að hann hefur látið af þeim störfum, sem veitt geta honum rétt til aðildar að B-deild sjóðsins skv. 4. gr., að því tilskyldu að hann hafi þá náð þeim aldri að hann eigi rétt á lífeyri. Breytir þá engu þótt hann stundi launaða vinnu sem ekki getur veitt aðild að B-deildinni.

Í öðru lagi er tiltekið í málsgreininni að ef sjóðfélagar fá áfram óskert laun sem starfinu fylgja eftir að þeir láta af störfum, eigi þeir ekki jafnframt rétt til lífeyris.

Þetta ákvæði er óbreytt frá gildandi lögum.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [43/2002](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Við 1. másl. 2. mgr. 24. gr. laganna bætist: sbr. þó 6. mgr. 23. gr.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Sjá umfjöllun um 2. gr.“

„Ákvæði 6. mgr. 23. gr. laganna var ætlað að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum starfsmanna í LSR. Stjórn LSR hefur, með stoð í ákvæðinu, metið það svo að henni beri skylda til að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Framangreinda framkvæmd stjórnar LSR við beitingu á ákvæði 6. mgr. 23. gr. má rekja til tilgangs löggjafans sem er að fela stjórn sjóðsins ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda til að koma í veg fyrir sjálfðæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum í sjóðnum. Kemur þetta skýrt fram í athugasemdum við ákvæði d-liðar 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. [141/1996](#), en til þess ákvæðis má rekja 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Þessum tilgangi verður ekki náð nema að ákvæðinu sé beitt jafnt fyrir ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda sem og við ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu lífeyris úr sjóðnum.

Með 2. og 3. gr. frumvarpsins er verið að skjóta styrkari stoðum undir fyrrgreinda framkvæmd stjórnar LSR við ákvörðun á viðmiðunarlaunum og taka af allan vafa um að hún hafi fullnægjandi lagastoð í 6. mgr. 23. gr. laganna.“

Lög nr. [142/2003](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðsins „Tryggingayfirlæknir“ í 3. mgr. 16. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að í hans stað muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að umrædd ákvæði verði felld niður. Sú ráðstöfun að fela trúnaðarlækni sjóðsins matið er í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.“

Lög nr. [141/2003](#)

Ákvæði 9. og 10. mgr. fyrir breytingu skv. l.nr. 141/2003:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralaun eða biðlaun.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

„[...]“

d. 9. og 10. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
[...]"

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í d-lið eru felldar brott tvær málsgreinar í 24. gr. laga um LSR en þær fela í sér að ekki er unnt að greiða alþingismanni eða ráðherra lífeyri úr B-deild meðan hann nýtur þingfararkausps eða biðlauna. Í þessum málsgreinum eru tilvísanir í þau lög sem ætlað er með frumvarpinu að fella brott. Girt er fyrir greiðslur eftirlauna meðan ráðherra eða alþingismaður er í starfi með ákvæði 18. gr. frumvarpsins og öðru ákvæði í 22. gr. þar sem veittur er réttur til að fá eftirlaun samkvæmt eldri lögum. Breytingin felur hins vegar í sér að alþingismaður eða ráðherra gæti fengið lífeyrisgreiðslur fyrir önnur störf ef réttur til þeirra er fyrir hendi meðan þeir eru í stjórnmálum.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 12. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

[Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.]1)

[Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).]2)

Sjóðfélagi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963, 12. gr. 2. mgr., sbr. lög nr. 101/1943, 12. gr. og lög nr. 11/1959, 1. gr. 2. mgr. getur valið ef hann kys svo, að neyta þess réttar samkvæmt næstu málsgrein hér á eftir fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. desember 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn uns greindu tímamarki er náð.

[[Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbot og orlofsuppbot samkvæmt kjarasamningum sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast.]3) Hundradshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaanum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.]4)

Hafi sjóðfélagi gegnt herra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða það herra launaða starf sem hann að viðbættum enn herra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbot á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbot, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.]5)

[Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.]6)

[Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralauun eða biðlaun.]7)"

1) L. [47/1984](#), 2. gr. 2) L. [47/1984](#), 3. gr. 3) L. [7/1990](#), 3. gr. 4) L. [47/1984](#), 4. gr. 5) L. [98/1980](#), 6. gr. 6) L. [73/1982](#), 12. gr. 7) L. [73/1982](#), 13. gr.

Ákvæði 12. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

<i>Starfstími:</i>	<i>Ellilífeyrir:</i>
10 ár	12.5 %
11 –	14.0 –
12 –	15.5 –
13 –	17.0 –
14 –	18.5 –
15 –	20.0 –
16 –	22.0 –
17 –	24.0 –
18 –	26.0 –
19 –	28.0 –
20 –	30.5 –
21 –	33.0 –
22 –	35.5 –
23 –	38.0 –
24 –	41.0 –
25 –	44.0 –
26 –	47.0 –
27 –	50.0 –
28 –	53.0 –
29 –	56.5 –
30 – eða lengur	60.0 –

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.“

Ákvæði 12. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

<i>Starfstími:</i>	<i>Ellilífeyrir:</i>
10 ár	12.5 %
11 –	14.0 –
12 –	15.5 –
13 –	17.0 –
14 –	18.5 –
15 –	20.0 –
16 –	22.0 –
17 –	24.0 –
18 –	26.0 –
19 –	28.0 –
20 –	30.5 –
21 –	33.0 –
22 –	35.5 –
23 –	38.0 –
24 –	41.0 –
25 –	44.0 –
26 –	47.0 –
27 –	50.0 –
28 –	53.0 –
29 –	56.5 –
30 – eða lengur	60.0 –

[Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.]“

1) L. 40/1945, 1. gr.

Úr álitum umboðsmanns Alþingis nr. [2938/2000](#). Saga ákvæða um upphæð lífeyris

„Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. [101/1943](#) sagði að upphæð ellilífeyris væri hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans og skyldi hundraðshlutinn fara hækkandi eftir því sem starfstíminn væri lengri í samræmi við reglu sem nánar var mælt fyrir um í ákvæðinu. Af athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 101/1943 virðist mega ráða að með meðallaunum hafi verið átt við grunnlaun að verðlagsuppbót meðtalinni en það var þá nýmæli að sú uppbót hefði áhrif á fjárhæð ellilífeyris. (Alþt. 1942-1943, A-deild, bls. 655.) Í 10. gr. laganna sagði síðan að sjóðfélagar skyldu greiða ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og að launagreiðendur skyldu fyrst um sinn greiða 6% af heildarárslaunum sjóðfélaga í iðgjöld til sjóðsins. Virðist að með heildarárslaunum hafi verið skírskotað til grunnlauna. (Alþt. 1942-1943, A-deild, bls. 656.)

Með lögum nr. 40/1945 var nýrri málsgrein bætt við 12. gr. laga nr. 101/1943 sem fól í sér takmörkun á greiðslu ellilífeyris þannig að upphæð lífeyrisins gæti aldrei numið meiru en 75% af launum þeim er á hverjum tíma fylgdu embætti því eða starfi sem sjóðfélaginn lét af.

Hinn 1. janúar 1964 tóku gildi ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lög nr. [29/1963](#), sem fólu í sér breytingar á viðmiðun ellilífeyrisgreiðslna úr sjóðnum. Í 3. mgr. 12. gr. þeirra laga var kveðið á um að upphæð ellilífeyris væri hundraðshluti af launum þeim sem á hverjum tíma fylgdu starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. Fór hundraðshluti þessi eftir iðgjaldagreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna eins og nánar var kveðið á um í ákvæðinu. Þá var reglum um iðgjaldagreiðslur breytt þannig að sjóðfélagi greiddi þá frá 2¼% til 4¼% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins eftir nánari reglum um það efni. Iðgjald launagreiðanda var enn 6% af launum sjóðfélaga. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 29/1963 kom fram að til þess að tryggja lífeyrisþegum framvegis viðhlitandi lífeyri skyldi miða lífeyrisgreiðslur við síðustu laun sjóðfélagens auk þess sem gert var ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hækkuðu á tilsvarendi hátt og laun. (Alþt. 1962-1963, A-deild, bls. 1429-1430 og 1432.)

Með bráðabirgðalögum nr. 67/1980 var ákvæði laga nr. 29/1963 um upphæð ellilífeyris fært í 6. mgr. 12. gr. laganna og þær breytingar gerðar að framvegis skyldi sá hundraðshluti sem upphæð ellilífeyris var miðuð við í öllum tilvikum vera 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld höfðu verið greidd til sjóðsins. Þá var öllum sjóðfélögum, sem skyldu greiða iðgjöld í sjóðinn, gert að greiða fast hlutfall, þ.e. 4% af launum sínum, í iðgjald. Þegar frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögunum var lagt fyrir Alþingi var bætt við ákvæði 6. mgr. 12. gr. laganna að upphæð ellilífeyris væri ekki aðeins hundraðshluti af launum þeim sem fylgdu starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast heldur skyldi enn fremur taka mið af persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum.

Breyting var gerð á reglum um greiðslu ellilífeyris úr lífeyrissjóðnum með lögum nr. [47/1984](#). Þá var í fyrsta sinn kveðið á um að upphæð ellilífeyris væri hundraðshluti af launum fyrir „fullt starf“ er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshlutinn skyldi hins vegar framvegis fara eftir starfshlutfalli þannig að hann var 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld voru greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Ásamt þessari breytingu var nú í fyrsta sinn mælt fyrir um það í lögnum að upphæð ellilífeyris væri hundraðshluti af „föstum“ launum sjóðfélaga sem á hverjum tíma fylgdu stöðu þeirri er hann gegndi síðast.

Með lögum nr. [7/1990](#) komst aftur á fullt samræmi á orðalag 10. gr. laga nr. 29/1963 um stofn til útreiknings iðgjalda sjóðfélaga og launagreiðanda annars vegar og hins vegar á orðalag 6. mgr. 12. gr. laganna um stofn til útreiknings á ellilífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 10. gr. bar framvegis að greiða 4% af „föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót“ í iðgjald til sjóðsins. Upphæð ellilífeyris var einnig hundraðshluti af „þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem á hverjum tíma [fylgdu] stöðu þeirri er sjóðfélagi gegndi síðast“.

Með I. kafla laga nr. 141/1996, um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, voru gerðar umtalsverðar breytingar á efni og skipan laga nr. 29/1963, með síðari breytingum. Voru þau síðan endurútfengin sem lög nr. 1/1997. Ákvæði 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 var fært í 2. mgr. 24. gr. laganna og því breytt þannig að það tekur nú aðeins til útreiknings á lífeyri sjóðfélaga í B-deild sjóðsins við starfslok. Er 1. málslíður ákvæðisins svohljóðandi:

„Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast.“

Samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laganna skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum, eftir að taka lífeyris hefist, hins vegar framvegis miðast við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir

dagvinnu eins og Hagstofa Íslands reiknar þær út mánaðarlega. Þessi almenna viðmiðun kemur í stað einstaklingbundinnar viðmiðunar áður. Samkvæmt 35. gr. laga nr. 1/1997 er þó ákveðnum hópi sjóðfélaga veittur kostur á að velja að nokkru leyti um viðmiðun lífeyrisgreiðslna. Er það svohljóðandi:

„Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara, geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. laganna og 1. mgr. 34. gr. laga nr. 141/1996, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttáð og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.“

Ákvæði núgildandi laga um viðmiðun iðgjalda eru efnislega samhljóða 1. og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963 en var skipað í 1. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. “

2. Dómar

2.1 Dómar hæstaréttar

Hrd. í máli nr. 610/2009. Hrafnkell Guðjónsson gegn LSR og gagnsök. Dráttarvextir.

„H krafðist viðurkenningar á skyldu L til greiðslu dráttarvaxta af vangoldnum lífeyri til hans vegna tímabilsins 31. ágúst 2002 til 30. júní 2007. L leiðrétti lífeyri H með greiðslu 18. júní 2007 en taldi sér hins vegar ekki skylt að greiða dráttarvexti. Talið var að samkvæmt 24. gr. laga nr. 1/1997 skuli lífeyrir greiddur eftir á, eftir að sjóðsfélagi hefur öðlast réttindi samkvæmt lögnum, og að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 sé kröfuhafa heimilt, þegar gjalddagi skuldar er ákveðinn, að krefja skuldara um dráttarvexti, sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Bar L á grundvelli þessara ákvæða skyldu til greiðslu dráttarvaxta á hinn vangreidda lífeyri L. L var með málatilbúnaði sínum í héraði og fyrir Hæstarétti talinn hafa fallist á að dráttarvextir sem fallið hefðu til eftir 28. október 2004 væru ófyrndir. Þar sem L höfðaði ekki gagnsök í héraði gátu kröfur hans eingöngu lotið að því að taka afstöðu til kröfugerðar H. Í samræmi við framangreint var hinn áfrýjaði dómur staðfestur um viðurkenningu á skyldu L til greiðslu dráttarvaxta af vangoldnum lífeyri til H vegna tímabilsins 28. október 2004 til 30. júní 2007.“

Hrd. í máli nr. 262/2007. Logi Guðbrandsson gegn LSR og íslenska ríkinu. Eftirmannsreglan.

„L gegndi starfi framkvæmdastjóra St. Jósefsspítala frá 1977 til ársloka 1995 en þá var sjúkrahúsið sameinað Borgarspítalanum og fékk þá nafnið Sjúkrahús Reykjavíkur. Frá þeim tíma starfaði hann sem aðstoðarforstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur en var skipaður héraðsdómari í september 1997. Í janúar 2004 var L veitt lausn frá embætti að eigin ósk. Ágreiningur reis í kjölfarið um lífeyrisrétt hans í B-deild LSR. Óumdeilt var að við ákvörðun lífeyris til hans ætti að fara eftir 6. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 35. gr. laga nr. 1/1997. Aðila greindi hins vegar á um við hvaða starf ætti að miða réttindi hans og krafðist L þess að tekið yrði mið af launakjörum forstjóra Landspítala eins og samningar hefðu kveðið á um. Í dómi Hæstaréttar var þeirri kröfu hafnað enda hefði verið mikill munur á störfum framkvæmdastjóra St. Jósefsspítala og forstjóra Landspítala. L krafðist einnig viðurkenningar á því að hlutfall lífeyris af viðmiðunarlaunum L „skyldi við það miðað að hann hefði haldið áfram störfum til 70 ára aldurs.“ Reisti hann kröfuna á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 15/1998 og því að ekki væri efni til að gera greinarmun á því hvort dómari óskaði sjálfur lausnar eftir að hann næði 65 ára aldri eða ekki. Í ákvæðinu segir að heimilt sé að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára en að hann skuli þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum. Ekki var fallist á að þau rök sem lögju að baki reglunni ættu einnig við þegar dómari fengi lausn að eigin ósk. Væri ekki unnt að leiða af jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar að fallast bæri á kröfu L og var LSR því sýknað. Þessari kröfu var einnig beint gegn Í. Talið var að ef fallist yrði á hana leiddi það til óskýrrar réttarstöðu Í. Þótti krafan að þessu leyti ódómfæf og var vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.“

Hrd. í máli nr. 294/2002. Félag prófessora í Háskóla Íslands gegn LSR. Föst yfirvinna. (2. mgr. 24. gr.)

„F krafðist að viðurkennt yrði að þeir prófessorar við Háskóla Íslands sem heyrðu undir ákvörðun kjaranefndar og greiddu eða hefðu greitt lífeyrisiðgjöld til starfsloka til B-deildar L

samkvæmt lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ættu frá starfslokadegi rétt á lífeyri sem tæki mið af heildarmánaðarlaunum þeirra fyrir dagvinnu, þ.e. dagvinnu að viðbættum einingum fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt skilgreiningu kjaranefndar í úrskurði hennar 2. júlí 1998, enda greiddu prófessorarnir frá 1. janúar 1998 til starfsloka 4% lífeyrisiðgjald til viðbótar af greiðslum fyrir þessa föstu yfirvinnu sem ekki hefði verið dregið af launum þeirra. Í héraðsdómi var tekið fram að ekki hefði verið hnekkð því mati kjaranefndar að hluti af vinnu prófessora yrði ekki látinn í té á hinum daglega vinnutíma en væri þó þáttur í venjubundnu starfi þeirra. Var talið að þó svo að kjaranefnd hefði talið að starfinu fylgdi yfirvinna sem rétt væri að launa og greiða fyrir alla mánuði ársins án þess að sýnt væri fram á að vinna þessi væri unnin utan hins venjulega vinnutíma eða jafnvel innt af hendi á dagvinnutíma væri ekki þar með verið að launa fyrir dagvinnu. Var því ekki fallist á að greiðslur fyrir fasta yfirvinnu hefðu verið þess eðlis að skylt væri að líta á þær sem hluta af launum fyrir dagvinnu er veitti rétt til eftirlauna á grundvelli laga nr. 1/1997. Með vísan til forsendna héraðsdóms og þess að F væri réttur aðili að málinu var hann staðfestur.“

Hrd. í máli nr. 435/1999. Haraldur Ásgeirsson gegn LSR og til vara gegn LSR og íslenska ríkinu. Eftirmannsregla. Greiðsla fyrir yfirvinnu (6. mgr. 12. gr. l. 29/1963).

„H gegndi embættisstörfum í þjónustu ríkisins frá 1945 til 1985, er hann hóf töku eftirlauna úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (L) á grundvelli launa fyrir starf sem forstöðumaður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins (RB), er hann gegndi um 20 ára skeið. Höfðaði H mál gegn L og til vara L og íslenska ríkinu og krafðist þess að viðurkennt yrði að eftirlaun hans tækju mið af reglubundnum heildarlaunum eftirmanns hans hjá RB auk þess sem hann krafðist greiðslu vangoldinna eftirlauna. Ekki var talið að skilja bæri ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, sem í gildi voru meðan H átti aðild að sjóðnum sem starfsmaður, þannig að upphæð ellilífeyris skyldi vera hlutfall af öllum launum vegna starfsins hverju nafni sem þau nefndust. Var ekki fallist á að reglubundnar greiðslur fyrir yfirvinnu til forstjóra RB hafi eðlis síns vegna verið tengdar föstum embættislaunum með þeim hætti, að skylt væri að líta á þær sem hluta af launum fyrir dagvinnu, sem veitt hefðu rétt til eftirlauna. Var einnig litið til þess að framkvæmd reglna um iðgjöld L og ákvörðun eftirlauna úr sjóðnum hafi legið ljós fyrir allan þann tíma, sem hinar reglubundnu greiðslur voru við lýði. Hefðu greiðslurnar ótvírætt verið ákvarðaðar forstjóranum á þeim grundvelli að þær hefðu hvorki áhrif á iðgjöld né eftirlaun, og hafi svo einnig verið um hliðstæðar greiðslur til annarra ríkisstarfsmanna á sama tíma. Voru L og íslenska ríkið sýknuð af kröfum H.“

Hrd. 2. apríl 1998 í máli nr. 298/1997 á bls: 1426. Ólafur Þorláksson gegn LSR.

Ó starfaði sem dómarafulltrúi 1957 til 1964, en var skipaður setudómari í einstaka málum 1962 til 1964. Ó var sakadómari frá 1964 til 1972. Þá starfaði Ó sjálfstætt sem lögmaður 1972 til 1978 þegar hann hóf störf sem löglærður fulltrúi hjá skattinum en því starfi gengdi hann til 1980 þegar hann hóf lögmansstörf að nýju. Á þessu tímabili greiddi Ó iðgjöld til LSR í 17 ár. Árið 1989 var Ó metinn 100% öryrki og eftir það greiddi LSR honum lífeyri miðað við laun dómarafulltrúa og miðaðist það við reglu 12. gr. laga nr. 29/1963, sbr. breytingu með lögum nr. 98/1980 að lífeyri skuli miða við síðasta starf er viðkomandi gegndi hjá ríkinu nema að hann hafi gegnt hærra launuðu starfi áður í 10 ár, hafi viðkomandi gengt hærra launuðum störfum í skemmri tíma en tíu ár hver en meira en tíu ár samnlagt þá skuli greiða úr sjóðnum miðað við lægstu hæstu launin sem þarf að leggja saman til að uppfylla tíu ára regluna. Í tilfelli Ó var það staða dómarafulltrúa. Ó mótmælti því að fá greitt miðað við dómarafulltrúa þar sem að með því að leggja saman þjónustualdur hans sem dómari og setudómara þá væri 10 ára dómara skilyrðinu fullnægt og hefði hann ekki unnið sem löglærður fulltrúi 1978-1980 þá hefðu laun hans miðast við dómara og það væri brot á jafnræðisreglu, auk fjölda annara ákvæða sem Ó vitnaði til. Hæstiréttur staðfesti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þá niðurstöðu héraðsdóms að ekki væru lagaskilyrði til þess að bæta störfum Ó sem umboðs- og setudómara í einstökum málum við starfstíma hans sem sakadómara þegar metin væru réttindi Ó til lífeyris skv. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980.

Hrd. 1. febrúar 1990 í máli nr. 330/1988 á bls: 75. Guðjón F. Teitsson gegn LSR.

G hélt því fram, að grundvöllur ellilífeyris hans hefði raskast mjög vegna breytinga er orðið hefðu á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hann gegndi 1953-1976, og launakjörum sem því fylgdi. Þetta hafði leitt til þess að mati Ó að hann hefði um langt árabíl notið mun lakari ellilífeyris en réttmætt, eðlilegt og sanngjarnt gæti talist. Fram kemur í dómi Hæstaréttar að meginþáttur þessa álitaefnis hefði þegar verið til lykta leiddur með dómi Hæstaréttar frá 30. júní 1987 í hæstaréttarmáli nr.

47/1986 milli sömu aðila. Að öðru leyti sagði Hæstiréttur að skýr og afdráttarlaus ákvæði 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980, sbr. 4. gr. laga nr. 47/1984, sem lögð væru til grundvallar í hinum áfrýjaða dómi, stæðu því í vegi, að kröfur og málsástæður G að öðru leyti gætu náð fram að ganga.

Hrd. 30. júní 1987 í máli nr. 47/1986 á bls: 1119, LSR gegn Guðjóni F. Teitssyni.

G hélt því fram, að grundvöllur ellilífeyris hans hefði raskast mjög vegna breytinga er orðið hefðu á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hann gegndi 1953-1976, og launakjörum sem því fylgdi. Þetta hafði leitt til þess að mati Ó að hann hefði um langt árabil notið mun lakari ellilífeyris en réttmætt, eðlilegt og sanngjarnt gæti talist. Meginkrafa G var að eftirlaun hans yrðu miðuð við laun skipstjóra á vegum ríkisins í hæsta launaflokki. Hæstiréttur taldi að G hefði ekki leitt rök að því að slík breyting hefði orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eftir að hann lét af starfi, að það verði ekki talið sama starf og G gegndi í skilningi 6. mgr. 12. gr. laga nr. [29/1963](#), sbr. 6. gr. laga nr. [98/1980](#). Hafnaði Hæstiréttur því kröfu G um að ellilífeyrir hans væri miðaður við laun skipstjóra.

2.2 Dómar héraðsdóms

Héraðsdómur Reykjavíkur frá 20. mars 2001 í máli nr. E-6856/2000, Ólafur Þorláksson gegn LSR.

Ó krafðist viðurkenningar á því að frá 1. desember 1989 skyldu lífeyrisgreiðslur til hans miðaðar við laun héraðsdómara í stað löglærðs fulltrúa og deildarstjóra hjá sýslumanninum í Reykjavík. Auk þess sem Ó krafðist þess að LSR yrði dæmt til að greiða honum vangoldin lífeyri fyrir tímabilið 1. desember 1989 til 31. október 1999. Til vara gerði Ó þær kröfur að frá 19. maí 1995 skyldu lífeyrisgreiðslur til hans miðaðar við laun héraðsdómara í stað löglærðs fulltrúa og deildarstjóra hjá sýslumanninum í Reykjavík. Auk þess sem Ó krafðist þess að LSR yrði dæmt til að greiða honum vangoldin lífeyri fyrir tímabilið 19. maí 1995 til 31. október 1999. LSR krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi þar sem krafa Ó hefði þegar verið dæmd að efni til með dómi Hæstaréttar frá 2. apríl 1998 í máli nr. 298/1997. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að þegar kröfur Ó voru bornar saman í báðum málunum var ljóst að þær voru að öllu leyti efnislega samhljóða, enda þótt fjárhæðir væru ekki þær sömu. Féllst héraðsdómur á það með LSR að kröfur þær sem hafðar voru uppi í málinu hefðu verið dæmdar að efni til með áður nefndum dómi Hæstaréttar. Var málinu því vísað frá dómi.

Héraðsdómur Reykjavíkur frá 11. apríl 2001 í máli nr. E-2298/2000, Guðjón Jónsson gegn LSR.

G var á starfsferli sínum frá árinu 1952 flugumsjónarmaður, síðar flugmaður og að lokum flugstjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands (LÍ). Í máli þessu var deilt um viðmuðunarlaun vegna útreiknings á lífeyri G en á starfsíma hans var 4% iðgjald dregið af mánaðarlaunum hans og skilað til LSR ásamt 6% móttframlagi atvinnurekanda G. G krafðist þess að viðurkennt yrði að hann ætti rétt á að LSR greiddi sér lífeyri sem næmi 65% af samtölu grunnlauna, vaktálags, handbókargjalds og flugtímaálags fyrir hvern mánuð í efsta launaflokki samkvæmt launatöflu flugmanna LÍ á hverjum tíma. G taldi að greiða bæri honum 65% af samtölu grunnlauna og svokallaðs vaktálags, handbókargjalds og flugtímaálags þar sem um föst laun flugstjóra væri að ræða. LSR hafnaði kröfu G en frá því að G hóf töku lífeyris hafði LSR reiknað rétt hans af 65% af viðmiðunarlaunum skv. 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. [29/1963](#), sbr. 2. og 3. mgr. breytingarlaga nr. [47/1984](#) en þær hafi verið sambærilegar við núgildandi 4. og 5. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. LSR hafi í byrjun reiknað lífeyrisgreiðslur G einungis af föstum launum fyrir dagvinnu, en ekki af vaktálagi, handbókargjaldi, flugtímaálagi eða flugauka. Vegna breytinga á kjarasamningum hafi greiðsla fyrir sérstakan flugauka verðið færð inni grunnlaun og ákvað LSR að endurskoða lífeyri G með hliðsjón af því. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að þar sem upplýst væri í málinu að iðgjöld hefðu verið dregin af vaktálagi, handbókargjaldi og flugtímaálagi yrði LSR að bera hallan af því að hafa ekki tryggt að LÍ takmarkaði iðgjaldatöku af launum flugmanna sinna við föst laun fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Taldi dómurinn því réttmætt að LSR miðaði lífeyri G við samtölu grunnlauna, vaktálags, handbókargjalds og flugtímaálags, sem voru föst laun fyrir venjulegt starfsframlag.

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 5222/2008. Lokið 5. mars 2010. Synjun á greiðslu lífeyris úr B-deild þar sem óheimilt væri að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.

„A var synjað um greiðslu lífeyris úr B-deild sjóðsins. Beiðni A var einkum synjað á þeim grundvelli að samkvæmt lögum nr. 1/1997 og samþykktum sjóðsins væri óheimilt að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.

A hafði greitt iðgjöld til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árunum 1971-1997, þó ekki óslitið. Þegar hann hóf störf sem framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hinn 1. september 1998, óskaði hann eftir því að greiða iðgjald í B-deild lífeyrissjóðsins en var synjað um það og greiddi því iðgjöld til A-deildar sjóðsins eftir það. Þegar A varð 67 ára óskaði hann eftir greiðslum úr B-deild LSR en var synjað. Beindist athugun umboðsmanns að því hvort synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyris úr B-deild lífeyrissjóðsins hefði verið í samræmi við lög.

Í álitinu lagði umboðsmaður til grundvallar að með iðgjaldagreiðslum sínum hefði A áunnið sér lífeyrisréttindi sem nytu verndar grundvallarreglu 1. mgr. 72. gr. [stjórnarskrár](#). Yrði því að telja að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði þurft að geta stutt ákvörðun sína við skýra og ótvíræða heimild í lögum nr. 1/1997 eða eftir atvikum í samþykktum sjóðsins. Þá yrði almennt að túlka vafa, um hvort lífeyrissjóðurinn hefði haft viðhlítandi heimild til að synja A um rétt til lífeyris, honum í hag. Því yrði að áskilja að nokkuð skýrt hafi mátt ráða af texta laga nr. 1/1997 eða eftir atvikum af ákvæðum í samþykktum sjóðsins að mælt hafi verið fyrir um umrædda takmörkun á rétti A til útgreiðslu lífeyris úr B-deild þegar beiðni hans var synjað. Í þessu sambandi vísaði umboðsmaður einnig til lögmatísreglu stjórnáráðs og 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr., l. nr. [62/1994](#), um mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða umboðsmanns var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði ekki sýnt sér fram á að sjóðurinn hefði haft nægilega ótvíræða og skýra heimild í lögum nr. 1/1997 til að synja A um lífeyri úr B-deild sjóðsins. Hann taldi jafnframt að ákvæði í samþykktum sjóðsins, sem var í gildi þegar sjóðurinn synjaði beiðni A, hefði ekki talist viðhlítandi heimild til að synja honum um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins. Ákvæði í samþykktum sjóðsins, sem sett hefðu verið eftir að sjóðurinn synjaði beiðni A, yrði auk þess ekki beitt með afturvirkum og íþyngjandi hætti gagnvart honum.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú að synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins umrætt sinn hefði ekki verið í samræmi við lög.“

Mál nr. 3020/2000. Lokið 11. nóvember 2001. Hækkun vegna námskeiðs. Eftirmannsregla.

„A kvartaði yfir synjun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á ósk hans um eins launaflokks hækkun á lífeyrisgreiðslum til hans úr sjóðnum með vísan til þess að eftirmaður A hefði fengið slíka hækkun vegna námskeiðs sem hann hafði sótt. Var synjunin byggð á þeirri framkvæmd sjóðsins að líta á sérstakar hækkanir á launum eftirmanns vegna námskeiða sem einstaklingsbundnar hækkanir sem leiddu ekki til samsvarandi hækkana ellilífeyris.“

Niðurstaða umboðsmanns var að hann taldi ekki unnt að fullyrða að sú framkvæmd sem mótast hefði hjá lífeyrissjóðnum væri í ósamræmi við lög.

Mál nr. 2938/2000. Lokið 10. október 2001. Viðmiðun við útreikning lífeyris.

„A kvartaði yfir þeirri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að breyta viðmiðun sem notuð hafði verið við útreikning lífeyrisgreiðslna til hans úr sjóðnum. Taldi hann að stjórn sjóðsins hefði ekki haft viðhlítandi lagaheimild til slíkra breytinga. Þá kvartaði hann yfir því að ekki hefði verið haft samráð við hann um þessar breytingar.

Stjórn lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun í desember 1995 að framvegis skyldi lífeyrir þeirra sem hefðu haft viðmiðun við laun bankastjóra ríkisviðskiptabankanna taka mið af launum hæstaréttardómara að viðbættum 17% og að lífeyrir þeirra sem hefðu haft viðmiðun við laun aðstoðarbankastjóra skyldi miðast við 80% af þeirri fjárhæð. Frá því að A hóf töku lífeyris hafði lífeyrir hans tekið mið af launum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands. Í kjölfar lögfræðilegrar álitsgerðar, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að framangreind ákvörðun hefði ekki verið lögmat, leiðrétti lífeyrissjóðurinn

lífeyrisgreiðslur til A fram til 1. janúar 1997. Var það afstaða stjórnar sjóðsins að frá þeim tíma hefði ákvörðunin átt sér stoð í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.“

Umboðsmaður taldi að mæla hefði þurft skýrt fyrir í lögum um heimild stjórnar lífeyrissjóðsins til að breyta lögbundinni viðmiðun lífeyrisgreiðslna samkvæmt 35. gr. laganna til þeirra sjóðfélaga sem höfðu hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laga nr. 1/1997. Miðað við orðalag 6. mgr. 23. gr. og tengla þess við almenna reglu laganna um stofn til greiðslu iðgjalda taldi hann að ákvæðið veitti stjórn sjóðsins ekki heimild til slíkra breytinga.

Mál nr. 924/1993. Lokið 20. desember 1994. Ákvörðun um lífeyrisrétt leiðbeinanda.

A kvartaði yfir því, að hann fengi greiddan lífeyri úr LSR, sem miðaður væri við laun leiðbeinenda en ekki kennara.

Niðurstaða umboðsmanns var að þar sem mál þetta varði réttarágreining, sem dómstólar hafa ekki tekið skýra afstöðu til, ákvað hann að ljúka málinu með vísan til 3. tölul. 10. gr. reglna nr. 82/1988 um störf og starfhætti umboðsmanns Alþingis og að mæla með því við dóms- og kirkjumálaráðherra að A verði veitt gjafsókn til þess að bera málið undir dómstóla, ef A ákvæði að höfða slíkt mál.

Mál nr. 82/1989. Lokið 4. október 1991. Breytingar á löggjöf varðandi útreikning ellilífeyris. Valdsvið umboðsmanns.

„A gegndi fullu starfi tæp 20 ár og rúmlega 12 ár hálfu starfi. Ákvarðaði Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins lífeyrisprósentu A 1% á ári vegna hluta starfstímabilsins. Var sú ákvörðun kvörtunarefni A. Taldi A sig hafa átt rétt á að hljóta 2% fyrir hvert ár til útreiknings lífeyris síns og bar fyrir sig upplýsingar árið 1974 frá starfsmanni lífeyrissjóðsins um að hún héldi óskertri lífeyrisprósentu, þar eð hún minnkaði vinnu vegna heilsubrests.“

„A hóf töku lífeyris 1. júlí 1986 og giltu lög nr. 47/1984 því um lífeyrisrétt hennar. Fram kom, að fyrir gildistöku laga nr. 47/1984 hefði ákvörðun lífeyris farið fram með þeim hætti, að hann hefði miðast við þau laun, sem fylgt hefðu starfi, er starfsmaður gegndi síðast. Hins vegar hefði starfshlutfall starfsmanns ekki haft áhrif á lífeyrisprósentuna, sem reiknast hefði 2% fyrir hvert ár. Samkvæmt þessu hefði A hlotið kr. 9.974 í ellilífeyri við upphaf töku hans, eftir hinum eldri reglum. Með lögum nr. 47/1984 breyttust reglurnar með þeim hætti að lífeyrisréttur skyldi miðaður við meðaltalsstarfshlutfall yfir starfsævina. Skyldi hundraðshluttinn fara eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli, sem væri 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Samkvæmt hinum nýju reglum hlaut A kr. 16.082 í lífeyri, er hún hóf töku lífeyris. Þar sem A hlaut hærri lífeyri samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1984, taldi umboðsmaður að lífeyrisréttindum A væri þannig háttáð, að 67. gr. stjórnarskrárinnar væri því ekki til fyrirstöðu, að löggjafinn breytti reglum um fjárhæð lífeyris með þeim hætti sem gert var. Þá vék umboðsmaður að því, að stjórnvaldi væri í ýmsum tilvikum skylt að veita einstaklingum upplýsingar um, hvaða afleiðingar athafnir eða ráðstafanir, sem þeir hefðu áform um, hefðu að lögum á starfssviði stjórnvaldsins. Gætu rangar upplýsingar varðað bótaskyldu. Hann tók fram, að upplýsingar þær, sem A fékk, hefðu verið réttar miðað við þágildandi lög. Ekki taldi umboðsmaður nægilega upplýst, að A hefði haft ástæðu til að leggja þann skilning í skýringar starfsmannsins, að gildandi reglum yrði ekki breytt með lögum, enda hefði hann ekki verið bær um það.“

Mál nr. 46/1988. Lokið 30. nóvember 1989. Breytingar á löggjöf varðandi útreikning ellilífeyris.

„A taldi sig órétti beitta, þar sem til grundvallar útreikningi á lífeyri hennar hefðu verið lagðar lagareglur, sem tekið höfðu gildi, er hún hóf töku lífeyris, en ekki eldri reglur, sem verið hefðu henni hagstæðari. Umboðsmaður taldi, að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefði farið að lögum við ákvörðun ellilífeyris til A, þar sem samkvæmt 9. gr. laga nr. 47/1984 væri ljóst, að breyting sú, sem gerð var með lögum nr. 47/1984 á lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóðstarfsmanna ríkisins, tæki til þeirra, er hófu töku lífeyris eftir gildistöku laga nr. 47/1984.“

„Eins og lífeyrisrétti A var háttáð, taldi umboðsmaður, að löggjafanum hefði ekki, að því er þau varðaði, verið óheimilt samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar að breyta reglum um fjárhæð lífeyris með þeim hætti, sem gert var með 4. gr. laga nr. 47/1984 um breytingu á lögum nr. 29/1963.

Umboðsmaður taldi því, að ekki væri tilefni til afskipta af hans hálfu á grundvelli II. gr. laga nr. [13/1987](#) um umboðsmann Alþingis.“

25. gr.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00–09.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi [8%].¹⁾

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunar-mánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hveurrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

1) L [167/2006](#), 6. gr.

1. Lögskýringargögn

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [167/2006](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: 8%.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 5.–13. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á mótframlagi á móti iðgjaldi sjóðfélaga í samræmi við 1. gr. Miða ákvæðin að því að 1. janúar 2007 verði mótframlag launagreiðanda hækkað úr 6% í 8%.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 12. gr. a. laga nr. [29/1963](#)

Greinin kemur ný inn með lögum nr. [98/1980](#) en með þeim voru lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn töldu sér mikilvæg. Ríkisstjórnin féllst á það að stuðla að því að kjarasamningar gætu náðst og voru sett bráðabirgðalög í september 1980 sem síðan voru staðfest með lögum nr. 98/1980.

„[Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00–09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförmum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvílík tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.]1)“

1) L. [98/1980](#), 7. gr.

Úr nefndarálini efri deildar með lögum nr. [98/1980](#):

„Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali og samkomulag hefur orðið um milli fjármálaráðuneytisins og BSRB.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson taka þó fram, að þeir telja lífeyrissjóðsmál landsmanna í hinum mesta ólestri og fela í sér mikið misrétti og telja brýna nauðsyn á úrbótum í því efni, sbr. frv. um Lífeyrissjóð Íslands. Með hliðsjón af því að þetta frv., 34. mál, er liður í nýgerðum samningum við opinbera starfsmenn sé þó eðlilegt að lögfesta það.

Kjartan Jóhannsson tekur fram, að hann telur ástand lífeyrissjóðsmála í landinu í argasta ólestri og fela í sér eitt hvert mesta misrétti sem viðgengst í landinu og þess vegna sé brýn nauðsyn að þegar verði hafist handa við uppstokkun þess og komið á sameiginlegum lífeyrissjóði og lífeyrisréttindakerfi allra landsmanna. Enn fremur bendir hann á að samkv. þeim lögum, sem hér eru til afgreiðslu, njóta menn lífeyris sem hundradshluta af þeim launum, sem þeir gegndu síðast, og sjóðfélagi, sem dregur úr vinnu sinni fyrir aldurs sakir, þegar líður á starfstímann er þannig stórlega hlunntarinn, en á hinn bóginn býður þetta upp á misnotkun kerfisins með takmörkuðu vinnuframlagi meginhluta starfstímans, en fullu starfi á síðustu starfsárunum. Þess vegna leggur Kjartan Jóhannsson áherslu á að þetta mál verði tekið til athugunar hið fyrsta.“

2. Dómar

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

26. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er [trúnaðarlæknir sjóðsins]1) metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunninn lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.

Sé örorka sjóðfélagsins á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 24. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

1) L. [142/2003](#), 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með þessari grein eru gerðar tvær breytingar á 13. gr. laganna sem fjallar um rétt sjóðfélaga í B-deild til örorkulífeyris. Ákvæði um þessa tegund lífeyris verða eftir þessa breytingu í 26. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. gildandi laga metur tryggingayfirlæknir orkutap sjóðfélaga í B-deild sjóðsins að höfðu samráði við landlækni. Þetta samráð við landlækni virðist óþarft. Í samræmi við það sem lagt er til að gildi um framkvæmd örorkumats hjá A-deild sjóðsins er lagt til í a-lið greinarinnar að tryggingayfirlæknir meti orkutap sjóðfélaga í B-deild sjóðsins og ekki þurfi þá við það mat að hafa samráð við landlækni.

Í b-lið greinarinnar eru lagfæringar á tilvísunum í greinar. Þarfnast þær ekki frekari skýringa.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [142/2003](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðsins „Tryggingayfirlæknir“ í 3. mgr. 16. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að í hans stað muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að umrædd ákvæði verði felld niður. Sú ráðstöfun að fela trúnaðarlækni sjóðsins matið er í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 13. gr. laga nr. [29/1963](#)

„[Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.]1)

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuléiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.“

1) L. [47/1984](#), 5. gr.

Úr greinargerð með lögum nr. [47/1984](#):

„Samkvæmt gildandi lögum á starfsmaður sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, en hefur látið af þeirri stöðu sem veitti honum aðild að sjóðnum, ekki rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum ef hann hefur látið af störfum af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Hér er lagt til að öll iðgjöld veiti rétt til örorkulífeyris ef sjóðfélagi verður fyrir tekjumissi af völdum örorku sem tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Að öðru leyti er ákvæði greinarinnar efnislega óbreytt.“

Ákvæði 13. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann efði öðlazi rétt til, ef hann hefði gegnt söðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur

jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskapgarvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.“

Ákvæði 13. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkuleífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann efði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt söðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskapgarvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.“

2. Dómar

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. [408/1991](#). Lokið 30. desember 1991. Skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun. Réttarágreiningur, sem á undir dómstóla.

„A kvartaði út af þeirri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að viðurkenna ekki rétt sinn til örorkulífeyris samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. [29/1963](#). Hinn 14. mars 1991 ritaði ég stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins bréf og mæltist til þess að mér yrðu látin í té gögn, sem málið vörðuðu. Erindi þessu var svarað með bréfi 1. júlí 1991. Þar kemur fram sú afstaða stjórnar sjóðsins að starfssvið umboðsmanns Alþingis taki ekki til málefna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með bréfinu fylgdu engu að síður þau gögn, sem sjóðurinn hafði um málið, án frekari skýringa.

Þrátt fyrir þessa afstöðu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins taldi ég ótvírætt, að starfssvið umboðsmanns tæki til málefna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ákvað því að fjalla áfram um málið.“

Fram kom að meginatriði kvörtunarinnar A laut að orsök örorku og því hvort hana mætti rekja til starfs A. Þar sem úrlausn um þessi atriði byggist á sönnun um orsakasamband milli tiltekinna atvika í starfi og örorku A, taldi umboðsmaður ljóst, að þörf væri á rækilegri gagnaöflun um öll atvik málsins og frekara læknisfræðilegu mati á orsökum örorkunnar. Af þessari ástæðu taldi umboðsmaður kvörtun A varða réttarágreining, sem rétt væri að dómstólar leystu úr, ef ekki næðust sættir milli A og stjórnar LSR. Umboðsmaður tjáði því A, að hann teldi ekki vera grundvöll fyrir frekari athugun kvörtunar A af hans hálfu.

27. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum [eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið].¹⁾

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttahafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

1) L. [43/2002](#), 4. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í greininni eru breytingar sem gerðar eru á 14. gr. gildandi laga, sem verður 27. gr., en hún fjallar um rétt maka til lífeyris úr B-deild sjóðsins eftir látinn sjóðfélagi.

Með a-lið greinarinnar er gerð breyting á orðalagi 2. mgr. Sú breyting sem hér er lögð til felur ekki í sér efnisbreytingu. Breytingin er gerð til að taka af tvímæli um, hvernig reikna skuli 20% viðbótarlífeyri til maka þegar látinn sjóðfélagi hefur verið í skertu starfshlutfalli.

Með b-lið greinarinnar er 3. mgr. 14. gr. gildandi laga felld brott, enda orðin úrelt. Þegar sú málsgrein var sett í lög var tekið tillit til greiðslna frá almannatryggingum við útreikning makalífeyris. Skv. 2. mgr. 14. gr., sem verður 27. gr., er það ekki lengur gert. Ákvæði 3. mgr. á því ekki lengur við og því er rétt að fella hana brott.

Í c-lið greinarinnar er ný málsgrein sem bætt er við þá grein í lögum sjóðsins sem fjallar um greiðslu makalífeyris úr B-deild hans. Í gildandi lögum eru ekki bein ákvæði um það hvernig fari ef hjúskap hefur verið slitið vegna skilnaðar og hinn látni sjóðfélagi hefur ekki gengið í hjúskap að nýju. Til að taka af tvímæli eru með c-lið þessarar greinar sett ákvæði um að sá tími sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir eftir að hjúskap lauk skuli ekki tekinn með í útreikning makalífeyris. Miðað er við þann dag er skilnaður að borði og sæng átti sér stað en lögskilnað hafi skilnaður að borði og sæng ekki verið

undanfari lögskilnaðar. Hins vegar er gengið út frá að réttindatími fyrir stofnun hjónabands reiknist með við útreikning makalífeyris.

Með d-lið þessarar greinar eru gerðar breytingar á 6. mgr. 14. gr., sem verður 27. gr. Í núgildandi 6. mgr. 14. gr. er fjallað um skiptingu makalífeyris í þeim tilvikum þegar sjóðfélagi lætur eftir sig tvo maka á lífi. Þessi grein er á margan hátt óljós og vandskýrð. Erfið túlkunarvandkvæði hafa komið upp vegna hennar. Þykir því nauðsynlegt að kveða á um með gleggri hætti en í gildandi lögum hvernig réttindi hins látna sjóðfélaga skuli skiptast milli tveggja eða fleiri eftirlifandi maka. Meginregla skiptingar samkvæmt þeim breytingum, sem kveðið er á um í d-lið þessarar greinar, er að fyrri maki njóti alls réttindatíma hins látna sjóðfélaga fram til þess er hjúskapnum var slitið. Síðari maki nýtur hins vegar alls réttar sem ávinnst eftir það. Jafnframt felst í þessu sú breyting að breyting á hjúskaparstöðu annars hinna eftirlifandi maka skal ekki hafa áhrif á lífeyrisrétt hins.

Með e-lið greinarinnar er gerð breyting á 7. mgr. 14. gr. gildandi laga, sem verður 27. gr. Samkvæmt orðalagi 7. mgr. 14. gr. núgildandi laga er ekki heimilt að greiða sambúðaraðila lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig fyrrverandi maka. Breytingin sem kveðið er á um í e-lið þessarar greinar miðar að því að greiðsla sambúðarlífeyris samkvæmt greininni sé ekki útilokuð í því tilviki að sjóðfélaginn hafi áður verið giftur og sá fyrrverandi maki sé á lífi.

Með c-lið þessarar greinar er kveðið á um að hafi hjúskap lokið með skilnaði skuli útreikningur makalífeyris miðast við þann réttindatíma er hinn látni sjóðfélagi hefur áunnið sér fram til þess er hjúskapnum var slitið. Við þessar aðstæður er tæpast eðlilegt að réttur fyrrverandi maka girði fyrir heimild til að greiða seinni sambúðaraðila lífeyri.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [43/2002](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist: eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Um 4. og 5. gr.

Með greinunum er lögfest sú venjuhelgaða framkvæmd stjórnar LSR að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum til eftirlifandi maka eða barna fyrr en launagreiðslur falla niður og iðgjaldagreiðslum til sjóðsins vegna viðkomandi er lokið. Í allflestum kjarasamningum sem fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða sveitarfélög eru aðilar að eru ákvæði þar sem kveðið er á um launagreiðslur í tiltekinn tíma eftir lát starfsmanns að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Forsögu slíkra ákvæða má rekja til ákvæðis í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. [38/1954](#), þar sem kveðið var á um launagreiðslur til maka látins starfsmanns. Af launum þessum hafa verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóðinn. Í slíkum tilvikum hefur LSR ekki greitt út lífeyri fyrr en iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið. Telja ber eðlilegt að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum á sama tíma og laun eru greidd vegna viðkomandi sjóðfélaga og iðgjöld greidd af þeim launum til sjóðsins. Á meðan iðgjöld eru greidd í sjóðinn er enn verið að reikna réttindaávinning á sjóðfélagann. Í lögnum er ekki gert ráð fyrir launagreiðslum eftir andlát sjóðfélaga og má ætla að ekki hafi verið hugað að slíkum greiðslum við lögfestingu ákvæða um barna- og makalífeyri.

Núverandi framkvæmd styðst við áratugalanga hefð og er í fullu samræmi við þann tilgang með greiðslu barna- og makalífeyris að koma til móts við tekjutap sem aðilar verða fyrir við missi framfæranda en ekki reynir á það tekjutap fyrr en eftir að launagreiðslum lýkur. Með þessari lagabreytingu er skotið styrkari stöðum undir núverandi framkvæmd á greiðslu maka- og barnalífeyris.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 14. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

[Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir

andlátíð hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.]1)

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. mgr. þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélagi á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

[Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. máls. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.]2“

1) L. [47/1984](#), 6. gr. 2) L. [98/1980](#), 10. gr.

1) Úr greinargerð með breytingalögum nr. [47/1984](#): „Lagt er til í tengslum við aðrar tillögur um breytingar á lögum, sbr. athugasemdir við 1.-4. gr., að orðalagi á 2. mgr. 14. gr. um makalífeyrisrétt verði breytt til samræmis, en jafnframt einfaldað. Í reynd hefur makalífeyrisréttur verið helmingur af áunnum lífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga að viðbættum 20% af þeim launum sem ellilífeyrir hans hefði verið miðaður við. Þær breytingar sem felast í 7. gr. þessa lagafrumvarps munu, ef að lögum verða, auka verulega ellilífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga sem hafa verið skemur en 15 ár í sjóðnum (en náð 3 árum) og hafa hætt aðild sinni þar af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Lífeyrisréttur maka þeirra sjóðfélaga hækkar sjálfkrafa að sama skapi. Því er lagt til að 20% viðbótarlífeyririnn falli niður í þessum tilvikum nema hinn látni sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.“

2) Málsgreinin kemur ný inn með lögum nr. [98/1980](#) en með þeim voru lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn töldu sér mikilvæg. Ríkisstjórnin féllst á það að stuðla að því að kjarasamningar gætu náðst og voru sett bráðabirgðalög í september 1980 sem síðan voru staðfest með lögum nr. 98/1980.

Ákvæði 14. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hver ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutur af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málgr. þessarar gr. lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr

sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan að óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.“

Ákvæði 14. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Hafin hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hver ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

[Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.] 1)

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.“

1) L. 40/1945.

Ákvæði 15. gr. laga nr. [101/1943](#)

„[Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1.málsgr. óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.] 1)“

1) L. nr. 42/1954.

Úr álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. [2517/1998](#). Saga ákvæðis um greiðslu til annars en maka við andlát sjóðfélaga

„Ákvæði um heimild til greiðslu lífeyris til annarra en maka við andlát sjóðfélaga var fyrst lögfest með 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 67/1980. Voru þau lög staðfest af Alþingi sem lög nr. [98/1980](#), um breytingu á lögum nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með síðari breytingum. Um þetta ákvæði sagði fjármálaráðherra þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi:

„Í 10. gr. frv. er að finna heimildarákvæði til stjórnar sjóðsins. Í þeim tilvikum, sem sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans eða ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en í fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Þetta er fyrst og fremst sanngirnismál sem fallist hefur verið á. [...] Slík heimildarákvæði eru nú orðin allalgeng t.d. í lögum um lífeyrissjóð sjómanna, og gert er ráð fyrir sams konar ákvæði í frv. um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.“ (Alþt. 1980-1981, B-deild, dk. 462.)

Verður því ekki annað séð en að markmið þessa ákvæðis hafi verið að kveða á um að þeir, sem hefðu „annast heimili“ sjóðfélaga og væru að öðru leyti í hliðstæðri aðstöðu um heimilishald og maki sjóðfélaga, gætu átt sama rétt og maki til lífeyris við fráfall hans. Var það talið sanngirnismál að þeir sem væru í þessari aðstöðu ættu sambærilegan rétt að þessu leyti, eins og fram kemur í framsöguræðunni. Í lögskýringargögnum með lögnum var ekki að finna frekari vísbendingar um túlkun og fyllingu þessa ákvæðis. Samhljóða ákvæði var í lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna, en þau lög voru samþykkt á sama þingi og lög nr. 98/1980. Í skýringum við það ákvæði sem fylgdi frumvarpi til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda kom fram að reglur laganna, sem fjölluðu meðal annars um makalífeyri, væru samhljóða þeim ákvæðum er lífeyrissjóðir innan Sambands almennra lífeyrissjóða hefðu í reglugerðum sínum. (Alþt. 1980-1981, A-deild, bls. 820.) Að öðru leyti veita lögskýringargögn með þessu ákvæði laganna ekki vísbendingu um túlkun og fyllingu við beitingu lagaheimildarinnar. Lögskýringargögn sem fylgdu breytingum þeim sem urðu á ákvæðinu í lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með lögum nr. 141/1996, veita heldur ekki vísbendingu um það með hvaða hætti stjórn sjóðsins gat beitt heimild sinni samkvæmt ákvæðinu.

Með hliðsjón af framansögðu verður sú ályktun ekki dregin af lögskýringargögnum að uppkomin börn, sem halda heimili með foreldrum sínum, geti ekki fallið undir 1. ml. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997. Í ákvæðinu er ekki að finna tæmandi talningu þeirra sem heimilt er að greiða lífeyri á grundvelli ákvæðisins. Er því ótækt að gagnálykta frá þeirri upptalningu þannig að uppkomin börn, sem halda heimili með foreldri sínu, séu fortakslaust útilokuð frá því að fá greiddan slíkan lífeyri.“

2. Dómar

2.1 Dómar hæstaréttar

Hrd. í máli nr. 36/2006. Herþrudur Ólafsdóttir gegn LSR. Taldi sig hafa haldið heimili fyrir föður sinn.

„H sótti um lífeyri hjá L eftir föður sinn á grundvelli heimildar í 1. málsl. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997. Umsókninni var hafnað þar sem ekki lágu fyrir óyggjandi upplýsingar um að H hefði haldið heimili með föður sínum síðustu fimm ár fyrir andlát hans. H krafðist viðurkenningar á því að hún ætti rétt til greiðslu lífeyris samkvæmt ákvæðinu. Talið var að heimild til að greiða lífeyri til þess sem annast hefði heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans yrði því aðeins virk samkvæmt ákvæðinu að um samfellda búsetu hefði verið að ræða í a.m.k. fimm ár fram að andlátinu. Þar sem gögn málsins báru ekki með sér að þessu skilyrði hefði verið fullnægt var L sýknaður af kröfu H.“

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 2517/1998. Lokið 17. nóvember 1999. Sambúðarlífeyrir.

A kvartaði yfir synjun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um greiðslu lífeyris eftir föður hennar skv. heimild í 1. málsl. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Niðurstaða umboðsmanns var að synjun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um greiðslu lífeyris samkvæmt 1. ml. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997 til A hafi ekki byggst á nægjanlega skýrum og málefnalegum sjónarmiðum. Jafnframt taldi umboðsmaður gagnrýnisvert að málsatvik hefðu ekki verið upplýst með fullnægjandi hætti, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. [37/1993](#), ef mið væri tekið af skýringum stjórnar sjóðsins til umboðsmanns.

Mál nr. 2411/1998. Lokið 17. nóvember 1999. Sambúðarlífeyrir.

A kvartaði yfir synjun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um greiðslu lífeyris eftir móður hans skv. heimild í 1. málsl. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Niðurstaða umboðsmanns var að synjun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um greiðslu lífeyris samkvæmt 1. ml. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997 til A hafi ekki verið reist á fullnægjandi upplýsingum um málavöxtu miðað við orðalag þess lagaskilyrðis er synjunin byggðist á. Jafnframt áréttaði umboðsmaður af gefnu tilefni að þótt stjórnin hafi ákveðna heimild til frekara mats eftir að hún hefur staðreynt að lögbundin skilyrði séu uppfyllt verður slíkt mat að byggjast á skýrum og málefnalegum sjónarmiðum.

28. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélagi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs [trúnaðarlæknis sjóðsins]¹⁾ til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf [skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr.](#) skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkunar á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. [3. mgr. 24. gr.](#) frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

1) L. [142/2003](#), 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Breyting sú sem gerð er með þessari grein á 15. gr. gildandi laga, sem verður 28. gr., er til samræmis við þá breytingu sem gerð er með b-lið 15. gr. frumvarpsins. Þar er einstaklingsbundin eftirmannsregla afnumin, en í stað þess lagt til að breytingar á lífeyrisgreiðslum fari eftir meðalbreytingum á launum opinberra starfsmanna. Í þeim tilvikum þar sem fyrsta greiðsla lífeyris miðast við annað starf en það sem sjóðfélagi gegndi síðast samkvæmt heimild í 1. eða 2. mgr. 28. gr. eða 6. mgr. 24. gr., eins og númer greinanna verða eftir breytingu samkvæmt þessu frumvarpi, skal samkvæmt því sem kveðið er á um í þessari grein miðað við meðalbreytingar frá þeim tíma er sjóðfélaginn skipti um starf.

Í 2. mgr. þessarar greinar er fjallað um þá stöðu að sjóðfélaginn hefur látið af hinu hærra launaða starfi fyrir gildistöku laga þessara. Við þær breytingar er óhjákvæmilegt að miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum sem starfinu fylgdu fram til gildistöku laganna, enda er ekki gert ráð fyrir neinum útreikningum á meðalbreytingum launa aftur fyrir gildistöku laga þessara.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [142/2003](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðsins „Tryggingayfirlæknir“ í 3. mgr. 16. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að í hans stað muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að umrædd ákvæði verði felld niður. Sú ráðstöfun að fela trúnaðarlækni sjóðsins matið er í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 15. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélagi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.“

Ákvæði 14. gr. laga nr. [64/1955](#)

9. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1955

„Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan að óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.“

3. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1955

„[Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, en hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.] 1)“

1) L. nr. 11/1959.

Ákvæði 15. gr. laga nr. [101/1943](#)

2. mgr. 15. gr. laga nr. 101/1943

„[Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1.málsgr. óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.] 1)“

1) L. nr. 42/1954.

29. gr.

[Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.]1)

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

1) L. [43/2002](#), 5. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„16. gr. verður 29. gr.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [43/2002](#)

Ákvæði 1. mgr. fyrir breytingu l. nr. 43/2002:

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Um 4. og 5. gr.

Með greinum er lögfest sú venjuhelgaða framkvæmd stjórnar LSR að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum til eftirlifandi maka eða barna fyrr en launagreiðslur falla niður og iðgjaldagreiðslum til sjóðsins vegna viðkomandi er lokið. Í allflestum kjarasamningum sem fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða sveitarfélög eru aðilar að eru ákvæði þar sem kveðið er á um launagreiðslur í tiltekinn tíma eftir lát starfsmanns að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Forsögu slíkra ákvæða má rekja til ákvæðis í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. [38/1954](#), þar sem kveðið var á um launagreiðslur til maka látins starfsmanns. Af launum þessum hafa verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóðinn. Í slíkum tilvikum hefur LSR ekki greitt út lífeyri fyrr en iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið. Telja ber eðlilegt að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum á sama tíma og laun eru greidd vegna viðkomandi sjóðfélaga og iðgjöld greidd af þeim launum til sjóðsins. Á meðan iðgjöld eru greidd í sjóðinn er enn verið að reikna réttindaávinning á sjóðfélagann. Í lögnum er ekki gert ráð fyrir launagreiðslum eftir

andlát sjóðfélaga og má ætla að ekki hafi verið hugað að slíkum greiðslum við lögfestingu ákvæða um barna- og makalífeyri.

Núverandi framkvæmd styðst við áratugalanga hefð og er í fullu samræmi við þann tilgang með greiðslu barna- og makalífeyris að koma til móts við tekjutap sem aðilar verða fyrir við missi framfæranda en ekki reynir á það tekjutap fyrr en eftir að launagreiðslum lýkur. Með þessari lagabreytingu er skotið styrkari stoðum undir núverandi framkvæmd á greiðslu maka- og barnalífeyris.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 16. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærrí en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.“

Sambærilegt ákvæði í 15. gr. laga nr. [64/1955](#).

Ákvæði 16. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærrí en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagsins er metin.“

30. gr.

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum [3. og 4. mgr. 28. gr.](#) Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. [29. gr.](#) skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

[Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. [3. mgr. 24. gr.](#)]

1) L. [167/2006](#), 7. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með greininni eru gerðar breytingar á þeirri grein í lögum sjóðsins sem fjallar um réttarstöðu þeirra sem eiga geymd réttindi hjá B-deild sjóðsins. Þessi ákvæði eru í 17. gr. gildandi laga, sem verður 30. gr.

Samkvæmt a-lið greinarinnar er tilvísun í þar tilgreindar greinar felld brott. Tilvísanir þessar eru óþarfar og eftir breytingar á lögnum er vísað í rangar greinar. Því er eðlilegast að fella tilvísanirnar brott.

Með b-lið greinarinnar eru gerðar tvenns konar breytingar á 1. mgr. 17. gr. gildandi laga:

Í fyrsta lagi er gerð sú breyting á því orðalagi í 3. másl. þar sem segir að hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í þrjú ár eða lengur „vegna starfs í þjónustu launagreiðanda, sem aðild á að sjóðnum“, að lífeyrisgreiðslur skuli miðast við laun eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Samkvæmt breytingunni í b-lið greinarinnar nægir að sjóðfélagi eigi réttindi vegna þriggja ára hjá sjóðnum til að lífeyrisréttur hans njóti fullrar verðtryggingar. Þarna getur verið munur á ef sjóðfélagi á rétt hjá sjóðnum vegna fleiri en þriggja ára, en innan við þrjú ár af þeim tíma eru iðgjaldagreiðslur af launum fyrir starf „í þjónustu launagreiðanda, sem aðild á að sjóðnum“ og hluti af réttindunum eru komin til vegna réttindaflutnings úr öðrum lífeyrissjóði.

Í öðru lagi er sú breyting gerð í b-lið greinarinnar að verðtrygging á geymdum rétti vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknist samkvæmt breytingum á meðallaunum á sama hátt og gert er ráð fyrir í 19. gr. frumvarpsins. Vísast í þessu sambandi til athugasemda við þá grein.

Með c-lið þessarar greinar er gerð lagfæring á tilvísun í lagagrein. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Þá er í d-lið greinarinnar gerð breyting á ákvæði 2. mgr. 17. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 30. gr. Í þeirri grein er fjallað um rétt sjóðfélaga til áframhaldandi aðildar að sjóðnum eftir að staða hefur verið lögð niður. Með breytingu skv. d-lið þessarar greinar skulu iðgjaldagreiðslur eftir það breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Breyting þessi er í eðlilegu samræmi við sambærilegar breytingar skv. b-lið 15. gr., 19. gr. og b-lið 20. gr. frumvarpsins. Vísast í því sambandi til athugasemda við þessar greinar.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [167/2006](#)

Ákvæði 2. mgr. fyrir breytingu l. nr. 167/2006:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim

tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 5.–13. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á mótframlagi á móti iðgjaldi sjóðfélaga í samræmi við 1. gr. Miða ákvæðin að því að 1. janúar 2007 verði mótframlag launagreiðanda hækkað úr 6% í 8%.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 17. gr. laga nr. [29/1963](#)

„[Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.]1)

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.“

1) L. [47/1984](#), 7. gr.

1) Úr greinargerð með l. [47/1984](#): „Í fyrsta lagi er hér lagt til að niður falli takmörkun á rétti sjóðfélaga til örorkulífeyris, sbr. athugasemd við 5. gr. Í öðru lagi er lögð til veigamikil breyting á ákvæðum um verðtryggingu ellilífeyris þeirra sjóðfélaga sem af öðrum ástæðum en elli eða örorku láta af þeim störfum sem veita aðild að sjóðnum. Samkvæmt núgildandi lögum miðast ellilífeyrir sjóðfélagsins og lífeyrir eftirlátins maka við laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti honum aðild að sjóðnum. Þessi viðmiðunarlaun taka engum breytingum fyrr en eftir að taka lífeyris hefst. Hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur miðast lífeyririnn þó við launin eins og þau eru orðin (að viðbættum almennum launahækkunum) þegar taka lífeyris hefst. Hér er lagt til að þetta 15 ára mark verði fært niður í 3 ár, og nái þar með til alls þorra sjóðfélaga, þ. e. annarra en þeirra sem einungis staldra stutt við í opinberri þjónustu.“

Ákvæði 16. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkv. 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

[„Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af sötðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, em herra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því.

Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101. 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðum, unz greindu tímamarki er náð.] 1)“
1) L. nr. 11/1959.

Ákvæði 17. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af örðum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkv. 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.“

2. Dómar

2.1 Dómar Hæstaréttar

Hrd. 19. júní 1986 í máli nr. 85/1985 á bls: 1055, Sveinn Skúlason gegn LSR.

S, lögmaður, hafði verið ráðinn í þjónustu ríkisins í óákveðinn tíma frá 11. september 1981. Staða S var svo lögð niður 1. janúar 1983 og fékk S greidd biðlaun til 1. júlí s.a. og orlof út þann mánuð. Gerði S kröfu um að fá að greiða áfram í LSR en hann taldi sig eiga ótvíræðan rétt til þess þar sem staða hans var lögð niður. LSR hafnaði þessu þar sem með lögum nr. 55/1980 sé launþegum skylt að gerast aðilar að lífeyrissjóðum viðkomandi starfstétta en LSR væri ekki sjóður S. Meirihluti Hæstaréttar og héraðsdómur töldu að þar sem ráðningu S hefði mátt jafngilda til lausráðningu, „um óákveðinn tíma“ í stað „ótímabundinar ráðningar“ auk annara fyrirvara við ráðningu þá var ekki hægt að leggja að jöfnu að staða S væri lögð niður í skilningi laga nr. [29/1963](#). Í sérákvæði (2/5) var talið að S ætti þennan rétt þar sem stað hans var lögð niður sbr. fortakslaust ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963.

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. [389/1991](#). Lokið 6. febrúar 1992. Breyttar viðmiðanir í lögum við útreikning ellilífeyris.

„A kvartaði yfir því, hvornig viðmiðun lífeyris hennar frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins væri ákveðin. Tilefni kvörtunar A var, að með lögum nr. [47/1984](#) var lögum sjóðsins breytt á þann veg, að eftirlaunagreiðslur skyldu fara eftir heildarstarfshlutfalli á starfsævinni. Samkvæmt þessu var það ekki lengur nægilegt fyrir A, að vera í fullu starfi síðasta starfsárið til að tryggja sér fullan ellilífeyri eftir að hún hafði lokið störfum sínum. A hafði sótt um það til lífeyrissjóðsins á árinu 1984, að fá að greiða til sjóðsins samsvarandi því starfi, sem hún hafði unnið á árunum 1974-1982, en A gegndi þá 2/3 hluta starfs, sem grunnskólakennari auk þess, sem hún vann að sérverkefnum fyrir menntamálaráðuneytið. Var ósk A hafnað, þar sem lagaheimild skorti.“

Mál nr. [231/1990](#). Lokið 30. desember 1991. Útreikningur á lífeyri sjóðsfélaga, er gegnt hafði stöðu, sem lögð var niður.

A kvartaði út af þeirri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að synja beiðni hans um að taka til greina við útreikning á lífeyrisgreiðslum til hans hækkun starfsaldurs, eftir að staða hans sem flugumsjónarmanns var lögð niður árið 1962.

Niðurstaða umboðsmanns var að ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðsins gæfi ekki tilefni til athugasemda.

Nánar úr rökstuðningi fyrir niðurstöðu umboðsmanns:

„Þegar staða yðar var lögð niður, voru í gildi lög nr. [64/1955](#) um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í 2. mgr. 16. gr. þeirra laga var að finna sérstaka heimild til handa þeim sjóðfélögum, sem kynnu að verða fyrir því að staða þeirri yrði lögð niður, til að vera áfram í sjóðnum. Þar sagði:

"Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram."

Í núgildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög [29/1963](#), er hliðstætt ákvæði í 2. mgr. 17. gr. Ákvæðið er sambærilegt við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1955 að öðru leyti en því, að í stað orðanna "laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður" hafa komið orðin "laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður."

Ákvæði þessi geyma ekki sérstakar reglur um það, hvernig upphæð lífeyris skuli reiknuð, þegar menn nýta sér heimild 2. mgr. 17. gr., að öðru leyti en því, að í niðurlagi þeirra segir, að sjóðfélagi skuli njóta sömu réttinda úr sjóðnum "sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram". Ég tel að álítaefni þetta velti á skýringu tilvitnaðra orða í niðurlagi 2. mgr. 17. gr. Álítaefnið er nánar það, hvort þetta þýði að lífeyrisgreiðslur yðar eigi að miða við þá launaflokka eða þrep þau, sem þér hefðuð verið í, ef þér hefðuð haldið starfi yðar áfram.

Í 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 er að finna aðalregluna um útreikning ellilífeyris. Þar segir, að upphæð ellilífeyris sé hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum, er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Þessi regla gildir fyrst og fremst um þá, sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku. Í 2. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um það, hvernig hundraðshluti þessi skuli fundinn út. Á hann að reiknast út frá þeim tíma, sem iðgjöld hafa verið greidd. Í 1. mgr. 17. gr., sbr. 7. gr. laga nr. [47/1984](#), er fjallað um rétt þeirra, sem láta af störfum, er veita aðild að sjóðnum af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Þar segir, að ellilífeyrir skuli miðast við þann starfstíma og þau laun, sem sjóðfélagi hafði, er hann lét af stöðu þeirri, sem veitti aðgang að sjóðnum, en hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur miðast lífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

Samkvæmt því, sem fram er komið, er við útreikning á lífeyrisrétti fylgt sömu reglum í meginatriðum hvort sem sjóðfélagi hættir störfum vegna aldurs eða örorku, eða af öðrum ástæðum, enda hafi viðkomandi þá verið sjóðfélagi 3 ár eða lengur. Þessar reglur er eðlilegast að skilja svo, að við nánari ákvörðun á því, við hvaða launaflokk eða launaþrep skuli miða lífeyrisgreiðslur við, beri að miða við þann flokk eða þrep, sem viðkomandi var í, þegar hann hætti störfum að teknu tilliti til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á skipun hlutaðeigandi starfs í launaflokka eða launaþreps. Hins vegar veita þessar reglur ekkert svigrúm til að taka mið af persónubundnum launaflokkahækkunum eða þrepahækkunum, sem menn kynnu að hafa notið, ef þeir hefðu haldið starfinu áfram.

Eins og fyrr segir, er ekki að finna í lögnum neinar sérreglur um útreikning á lífeyri, þegar um er að ræða sjóðfélaga, sem orðið hafa fyrir því að staða þeirra hefur verið lögð niður og neytt hafa réttar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. til að greiða áfram í sjóðinn og afla sér frekari réttinda. Ég tel því rétt að leggja tilvitnuð lagaákvæði til grundvallar, þegar ákveða á, við hvaða launaflokk eða launaþrep eigi að miða í slíkum tilfellum. Samkvæmt því tel ég, að við nánari ákvörðun á því, við hvaða launaflokk eða launaþrep beri að miða, sé ekki við annað að styðjast en raunverulegan starfsaldur yðar, og að ekki séu lagarök til þess að miða lífeyrisgreiðslur við þau laun, sem þér hefðuð fengið vegna lengri starfsaldurs, ef þér hefðuð haldið starfinu áfram.

Ekki kemur fram í gögnum málsins, hvernig háttáð hefur verið útreikningi iðgjalda yðar til sjóðsins, að öðru leyti en því að viðmiðunin skyldi vera "varðstjóri í flugumferðarstjórn". Þetta er í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1955. Ekki liggur fyrir, að iðgjaldagreiðslur þessar hafi breyst til samræmis við þær launaflokka- eða þrepahækkanir, sem þér hefðuð notið, ef þér hefðuð gegnt starfinu áfram. Ég tel að þetta styðji enn frekar framangreinda niðurstöðu." "

31. gr.

Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærrí upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarendi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

1. Lögskýringargögn

Við 19. gr. laganna, sem verður 31. gr., bætist ný málsgrein:

„Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Samkvæmt greininni verður heimilt að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast af landi brott, enda brjóti það ekki í bága við milliríkjasamninga sem Ísland á aðild að. Heimild sem þessi hefur ekki verið í lögum sjóðsins. Hins vegar er heimildarákvæði þetta eðlilegt í ljósi þess að í 5. gr. laga nr. [55/1980](#), um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er almenn heimild til setningar slíkra ákvæða í reglugerðir einstakra lífeyrissjóða.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 19. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærrí upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.“

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarendi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.“

Ákvæði 19. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærrí upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.“

32. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„20. gr. verður 32. gr.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 20. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.“

Samhljóða ákvæði í 20. gr. laga nr. [64/1955](#) og [101/1943](#).

33. gr.

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

Stjórn sjóðsins er heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum ...1) skv. 1. mgr. þessarar greinar, enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins [skv. 1. mgr.]1) vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjórið tekur til.

[Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjórið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til [bráðabirgða II](#). Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.]1)

1) L. [142/1997](#), 2. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með þessari grein eru gerðar breytingar á 25. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 33. gr. eftir breytingarnar. Í greininni eru ákvæði sem skylda launagreiðendur sem tryggt hafa starfsmenn sína hjá sjóðnum, til að endurgreiða lífeyrissjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum. Greiðsluskylda launagreiðenda samkvæmt þessu fer annars vegar eftir þeim hækkunum, sem orðið hafa á lífeyrisgreiðslum, og hins vegar eftir ávöxtun á þeim skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkissjóði. Með þessari grein frumvarpsins eru gerðar þrjár breytingar á lagagreininni:

Í a-lið er breyting á 1. mgr. 25. gr. gildandi laga. Ákvæði gildandi laga hafa ekki verið nógu skýr að því er varðar skiptingu skuldbindinga milli fleiri en eins launagreiðenda, sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins fyrir tiltekinn sjóðfélag. Markmiðið með breytingu á orðalagi 25. gr. er að taka af allan vafa um hvernig þessi skipting skuli vera. Skv. a-lið þessarar greinar á skipting skuldbindinga milli fleiri en eins launagreiðenda að vera í beinu hlutfalli við þá réttindaprósentu, sem viðkomandi sjóðfélagi hefur áunnið sér hjá hverjum launagreiðanda. Til skýringar á þessu má taka dæmi um sjóðfélag sem vann hjá tveimur launagreiðendum, A og B, á þeim tíma sem hann ávann sér réttindi hjá sjóðnum. Með störfum

hjá A ávann sjóðfélaginn sér 40% lífeyrisrétt, en með störfum hjá B ávann hann sér 20%. Launagreiðandi A greiðir þá tvöfalt hærra fjárhæð til sjóðsins samkvæmt þessari grein en launagreiðandi B. Skiptir þá ekki máli þótt launin sem sjóðfélaginn fékk fyrir þessi tvö störf væru mishá. Til frekari skýringa á þessum lið vísast til skýringa með b-lið greinarinnar.

Með b-lið er 2. mgr. 25. gr. gildandi laga felld brott. Tilgangur með þeirri breytingu er að styrkja fjárhagsstöðu B-deildar sjóðsins.

25. gr. laga nr. [29/1963](#), ásamt síðari breytingum, fjallar eins og komið hefur fram um endurgreiðslur launagreiðenda á hluta af lífeyrisgreiðslum. Fyrri málsgrein greinarinnar kveður á um að ríkissjóður og aðrir launagreiðendur sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins skuli endurgreiða sjóðnum þann hluta af lífeyrisgreiðslum sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Samkvæmt síðari málsgreininni eru þessar endurgreiðslur launagreiðenda á lífeyrisgreiðslum þó takmarkaðar. Lífeyrissjóðurinn á samkvæmt henni að ávaxta a.m.k. 40% af heildarútlánnum sínum í skuldabréfum ríkissjóðs og öllum þeim tekjum sem sjóðurinn hefur í vexti og verðbætur af þessum skuldabréfum á sjóðurinn að verja til lækkunar á þeim hluta lífeyris sem launagreiðendur ættu ella að greiða.

Ákvæði um að ríkissjóður skuli endurgreiða lífeyrissjóðnum þann hluta af lífeyrisgreiðslum, sem stafa af hækkunum á áður úrskurðuðum lífeyri, var fyrst sett í lög sjóðsins með lögum nr. [29/1963](#). Í athugasemdum við 25. gr. laganna var tekið fram að sambærileg ákvæði hefðu áður verið sett með ýmsum lagaákvæðum fyrir árið 1963, en heppilegra virtist að hafa ákvæði um endurgreiðslu lífeyrishækkana í lögnum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. mgr. 25. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hefur verið óbreytt frá setningu laga nr. [29/1963](#), að öðru leyti en því að með 12. gr. laga nr. [98/1980](#) var ákvæðið um endurgreiðslur lífeyrishækkana látið ná til annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, á sama hátt og til ríkissjóðs.

Það ákvæði sem nú er í 2. mgr. 25. gr. um að sjóðurinn skuli verja hluta tekna af vöxtum og verðbótum til að greiða lífeyrishækkana sem launagreiðendur ættu ella að greiða var fyrst sett í lög lífeyrissjóðsins með bráðabirgðalögum nr. 67/1980, sem síðan voru staðfest sem lög nr. [98/1980](#). Þar sem ákvæði þetta var fyrst sett með bráðabirgðalögum fylgdi engin greinargerð breytingarlögnum. Í framsöguræðu þáverandi fjármálaráðherra kom hins vegar fram að lítið væri á breytinguna sem fyrsta skrefið í þá átt að „draga úr tvöfaldri verðtryggingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins“.

Í ársskýrslu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 1995 er greint frá því að skv. 2. mgr. 25. gr. laga sjóðsins hafi hann varið 712 m.kr. á árinu 1995 til greiðslu á lífeyrishækkunum sem launagreiðendur yrðu ella krafðir um. Í skýrslunni er bent á að lagareglan hafi skert raunávöxtun sjóðsins um 74% á árinu 1995. Reglan hafi því óhjákvæmilega mikil áhrif á möguleika til uppbyggingar sjóðsins. Í tilvitnaðri ársskýrslu kemur fram að á árunum 1980 til 1995 hafi skerðing á tekjum sjóðsins vegna ákvæða 2. mgr. 25. gr. laga lífeyrissjóðsins, á núvirði og reiknuð með vöxtum verið 7,3 milljarðar kr.

Samkvæmt því sem greint er frá hér að framan ráðstafaði Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 712 m.kr. á árinu 1995 til greiðslu lífeyrishækkana, sem launagreiðendur yrðu ella krafðir um. Alls 522 m.kr. var varið til lækkunar á kröfum á ríkissjóð, 131 m.kr. til lækkunar á kröfum á hendur ýmsum B-hluta ríkisstofnunum og 59 m.kr. fóru til lækkunar á kröfum á hendur ýmsum sveitarfélögum, stéttarfélögum, líknarfélögum, sjálfseignarstofnunum og fleiri launagreiðendum, sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fékk Talmakönnun hf. til þess að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 1995. Í skýrslu Talmakönnunar er m.a. rætt um stöðu sjóðsins í framtíðinni. Er þar sérstaklega bent á að með núgildandi reglum um endurgreiðslu á hluta ávöxtunar til launagreiðenda sé komið í veg fyrir æskilega sjóðsmyndun. Bent er á það í skýrslunni að þessi útteiling á hluta af ávöxtun sjóðsins leiði til þess að sjóðurinn geti ekki staðið við sinn hlut í lífeyrisgreiðslum. Miðað við óbreyttar reglur megi því búast við að eignir sjóðsins þverri.

Hér að framan var greint frá því að á árunum 1980 til 1995 hafi skerðing á tekjum sjóðsins vegna ákvæðis 2. mgr. 25. gr. laga sjóðsins, að núvirði og reiknuð með vöxtum, numið 7,3 milljörðum kr. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar hefur í raun farið í að seinka greiðslum launagreiðenda til lífeyrissjóðsins.

Með frumvarpi þessu er fyrst og fremst brugðist við þeim vanda, sem uppsöfnun skuldbindinga umfram innborganir samkvæmt gildandi lögum hefur í för með sér, með því að loka núverandi réttindakerfi fyrir nýjum sjóðfélögum. En það dugur ekki eitt og sér. Þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér verða áfram í B-deild sjóðsins og þar með hvíla skuldbindingar umfram bókfærðar eignir áfram á þeirri deild sjóðsins. Núverandi sjóðfélagar eiga einnig kost á því að vera í óbreyttu réttindakerfi. Þá verður að hafa í huga að fjárinnstreymi til deildarinnar minnkar og engir nýir sjóðfélagar bætast við.

Með þeirri breytingu að fella 2. mgr. 25. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins brott, er því stefnt að því að styrkja B-deild hans með því að flýta greiðslum til hans þannig að hann geti betur staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni.

Samkvæmt gildistökuákvæðinu í 34. gr. frumvarpsins, öðlast sú breyting sem mælt er fyrir um í b-lið þessarar greinar, að 2. mgr. 25. gr. laga lífeyrissjóðsins falli brott, ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998. Breyting þessi hefur áhrif á útgjöld ríkissjóðs, B-hluta ríkisstofnana og annarra launagreiðenda sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins. Því er eðlilegt að hafa nægan aðdraganda að gildistöku þessarar breytingar þannig að unnt verði að taka tillit til hennar við gerð fjárhagsáætlana og fjárlaga fyrir árið 1998.

Við greinina er bætt nýrri málsgrein þar sem mælt er fyrir um að lífeyrisgreiðslur skuli reiknast eftir launum sjóðfélaga við starfslok og eftir að taka lífeyris hefst eigi síðan að miða hækkunar á lífeyrisgreiðslum við meðalhækkunar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Samkvæmt gildandi lögum fara hækkunar á lífeyrisgreiðslum eftir hækkunum sem verða á launum sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Lífeyrisgreiðslur miðast þannig við laun eftirmanna í starfi. Hækkun launa við starfslok hefur þannig ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur nema eftirmaður fái samsvarandi hækkun. Eftir að einstaklingsbundin „eftirmannsregla“ hefur verið aflögð geta breytingar á launum við starfslok því haft meiri áhrif á lífeyrisgreiðslur og því er þessi breyting gerð. Samkvæmt henni bera launagreiðendur sjálfir ábyrgð á auknum skuldbindingum vegna hækkana sem gerðar eru á föstum launum sjóðfélaga fyrir dagvinnu innan árs áður en taka lífeyris hefst, ef þessi hækkun launa er umfram almennar launahækkunar hjá opinberum starfsmönnum.“

1.1 Breytingar eftir 2. umræðu

„Við 22. [33] gr. Við c-lið bætist ný efnismálsgrein sem orðist svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en ríkissjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.“

Úr [framhaldsnefndaráli](#):

„Fyrri tillagan er um að heimila Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að taka við skuldabréfum til lúkningar áföllnum skuldbindingum annarra en ríkisins. Tillagan miðast við að heimildin verði ekki notuð nema með samþykki fjármálaráðuneytis og með þeim skilmálum sem það ákveður. Líklegt er að ýmsir launagreiðendur sem flytja starfsmenn sína í A-deild sjóðsins vilji um leið gera upp fortíðarskuldbindingu sína, enda getur slíkt uppgjör verið forsenda þess að flutningur sé mögulegur.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [142/1997](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.

b. Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins“ í 3. másl. 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.

c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldgreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalds hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi,

sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjórið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í a-lið 2. gr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti ákveðið að stofnanir ríkisins greiði viðbótariðgjald til B-deildar LSR og að það komi til frádráttar á greiðslum ríkissjóðs vegna lífeyrishækkana. Í b-lið 2. gr. er kveðið á um heimild til að semja við launagreiðendur um viðbótariðgjald, þ.e. samtímagreiðslu til að standa undir þeim skuldbindingum sem aðild að deildinni fylgja.“

Breytingar eftir 2. umræðu:

„Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- a. Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.
- b. Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins“ í 3. másl. 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
- c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíð arskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti.

Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörstag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjórið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.“

Úr [nefndaráli](#):

„Lögð er til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins, er verði 2. gr., og 3. gr., er verði 4. gr., að launagreiðendum, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, verði gert kleift að gera upp skuldbindingar sínar með skuldabréfum. Þessi möguleiki hefur hingað til eingöngu verið til staðar fyrir aðra en ríkið og ríkisstofnanir. Er þetta sérstaklega æskileg breyting vegna ríkisstofnana með sjálfstæðan fjárhag sem að öllu eða mestu leyti eru reknar fyrir sjálfsaflafé. Enn fremur verður þessum aðilum gert mögulegt að greiða fast iðgjald frá því að uppgjör fer fram þannig að ekki verði um frekari uppsöfnun skuldbindinga að ræða. Yrði iðgjald þetta miðað við tryggingafræðilegar forsendur með sama hætti og uppgjör á skuldbindingunum. Þessi breyting hefur engin áhrif á þá ábyrgð sem ríkissjóður ber á greiðslu lífeyris skv. 32. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og bak ábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda skv. 18. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrun arfræðinga.

Þá er lögð til sú breyting að þeim launagreiðendum sem óska eftir að greiða reglu bundið og mánaðarlega hærra framlag til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga upp í þær kröfur sem myndast vegna uppbóta á líf eyri verði gert kleift að gera það með því að greiða sama iðgjald vegna þeirra sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða í

Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og þeirra sem eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með því verður aðild að þessum deildum hlutlaus að því er varðar greiðslur og greiðsluáætlanir vegna launa og launatengdra gjalda.“

1.3 Eldri ákvæði

Ákvæði 25. gr. laga nr. [29/1963](#)

„[Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

[Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a.m.k. 40% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánnum.]1)2)“

1) L. [47/1984](#), 8. gr. 2) L. [98/1980](#), 14. gr.

1) Úr greinargerð með l. nr. 47/1984: „Lagt er til að þær tekjur sem sjóðurinn hefur af skuldabréfakaupum af ríkissjóði og notaðar eru til að fjármagna að hluta verðtryggingu lífeyrisgreiðslna komi öllum launagreiðendum sem aðild eiga að sjóðnum til góða og að skuldabréfakaupin verði aukin upp í 40% af heildarútlánnum.“

2) Greinin kemur ný inn með lögum nr. [98/1980](#) en með þeim voru lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn töldu sér mikilvæg. Ríkisstjórnin féllst á það að stuðla að því að kjarasamningar gætu náðst og voru sett bráðabirgðalög í september 1980 sem síðan voru staðfest með lögum nr. 98/1980.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði [1. mgr. 33. gr.](#) skal ríkissjóður endurgreiða þá hækkun sem þar er kveðið á um vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem aðild eiga að B-deild sjóðsins. Til frádráttar endurgreiðslu ríkissjóðs samkvæmt sama ákvæði komi tekjur af viðbótariðgjaldi skv. 2. mgr. þessarar greinar. [Fjármálaráðherra getur einnig ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni, og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. 33. gr.]1)

Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. [23. gr.](#) skulu launagreiðendur greiða [7,5%]2) iðgjald til B-deildar sjóðsins af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppbót kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem eru sjóðfélagar, ávinna sér lífeyrisréttindi hjá B-deild sjóðsins og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla.

[Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. [23. gr.](#) til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. [1. mgr. 33. gr.](#) Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.]1)

1)L. [142/1997](#), 3. gr. 2)L. [62/2007](#), 2. gr. Hlutfallið skal vera 7,5% frá 1. janúar 2007 skv. l. [62/2007](#), brbákv.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með lögum nr. [98/1996](#), um breyting á lögum nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var kennurum og skólastjórnendum gert að greiða áfram iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir að rekstur grunnskólans var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Lögin voru í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 57. gr. laga nr. [66/1995](#) [nú lög nr. [91/2008](#)], um grunnskóla, en samkvæmt þeirri lagagrein var það meðal skilyrða fyrir því að grunnskólalögin tækju gildi 1. ágúst sl. að Alþingi samþykkti fyrir þann tíma breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggði öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla sem rétt höfðu átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins aðild að sjóðnum.

Hinn 4. mars 1996 gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans. Var það í samræmi við grunnskólalögin, en þau gerðu ráð fyrir að allur launakostnaður vegna kennslu í grunnskólum flyttist frá ríki til sveitarfélaga, þar á meðal kostnaður vegna lífeyrisgreiðslna, samhliða nauðsynlegum breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir því að sveitarfélögin bæru ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna áunnina réttinda kennara og skjólastjórnenda í þjónustu þeirra frá 1. janúar 1997, en ríkissjóður bæri ábyrgðina til þess tíma. Jafnframt var gengið út frá því að sveitarfélög gætu fullnustað lífeyrisskuldbindingum með samtímagreiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þannig var í samkomulaginu miðað við að framlag sveitarfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins yrði hækkað með viðbótariðgjaldi og að tekjur samsvarandi kostnaðaraukningunni yrðu fluttar frá ríki til sveitarfélaga með breytingum á tekjustofnalögum sveitarfélaga.

Þegar samkomulag ríkis og sveitarfélaga var gert 4. mars sl. voru uppi aðrar hugmyndir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en þær sem felast í þessu frumvarpi. Þannig var til dæmis ekki gert ráð fyrir því að núverandi sjóðfélagar gætu átt áfram aðild að óbreyttu kerfi eða geymt þar réttindi og flutt sig yfir í nýtt réttindakerfi. Þá var gert ráð fyrir að áunnin réttindi sjóðfélaga í núverandi kerfi yrðu gerð upp og flutt í nýja kerfið, sem eins og A-deild samkvæmt frumvarpinu átti að grundvallast á jafnvægi milli iðgjalda og skuldbindinga. Við mat á iðgjaldabörf var jafnframt miðað við 5,5% raunávöxtun, en ekki 3,5% eins og gengið er út frá í tryggingafræðilegum útreikningum í tengslum við þetta frumvarp.

Ákvæði 23. gr. eru í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars sl., en endurspeglar jafnframt breyttar aðstæður. Í 1. mgr. er lagt til að ríkissjóður ábyrgist og taki á sig allan kostnað vegna hækkana í kjölfar almennra launabreytinga á úrskurðuðum lífeyri kennara og skólastjórnenda eftir að þeir hefja töku lífeyris. Jafnframt er lagt til að til frádráttar komi viðbótariðgjald sveitarfélaga, sem sé áætlað þannig að sveitarfélögin komist eins nálægt því og kostur er að fullnusta þeim skuldbindingum sem stofnað er til með samtímagreiðslum.

Ábyrgð og mat á kostnaði ríkisins samkvæmt málsgreininni byggist á því að mögulegar breytingar á launakerfi eða fyrirkomulagi launagreiðslna til kennara og skólastjórna breyti ekki vægi viðmiðunarlauna við ákvörðun lífeyrisgreiðslna umfram það sem gerist hjá öðrum starfshópum sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Komi hins vegar til þess að hlutfall viðmiðunarlauna og heildarlauna kennara og skólastjórna breytist á annan hátt en hjá öðrum starfshópum verður ekki hjá því komist að endurskoða ábyrgð ríkisins samkvæmt málsgreininni.

Í 2. mgr. er lagt til að viðbótariðgjald sveitarfélaga vegna kennara og skólastjórna verði 9,5%. Þar með er gert ráð fyrir að iðgjald þeirra verði 15,5% (6 + 9,5%) af dagvinnulaunum, en iðgjald sjóðfélaga verði eftir sem áður 4%. Með þessu iðgjaldi er áætlað að sveitarfélögin geti fullnustað lífeyrisskuldbindingum sínum með samtímagreiðslu, sbr. 11,5% iðgjald launagreiðenda af heildarlaunum til A-deildar sjóðsins.

Óvissuatriði varðandi iðgjaldabörð til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru mun fleiri en vegna A-deildarinnar, en talið er nauðsynlegt að iðgjald launagreiðenda til A-deildar komi árlega til endurskoðunar. Því er ekki ólíklegt að í framtíðinni þurfi að endurskoða viðbótariðgjaldið til B-deildarinnar. Mikilvægi endurskoðunarinnar mun hins vegar ráðast af ýmsum þáttum, m.a. af fjölda kennara og skólastjórna sem kys að flytja sig úr B-deild yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þannig er miðað við að tekjuskattur lækki og útsvar hækki frá 1. janúar 1997 til samræmis við aukinn kostnað sveitarfélaga með 9,5% viðbótariðgjaldi til B-deildarinnar vegna kennara og skólastjórna.“

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [142/1997](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. laganna bætist svohljóðandi málslíður:

Fjármálaráðherra getur einnig ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni, og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. 33. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 23. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í a-lið 2. gr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti ákveðið að stofnanir ríkisins greiði viðbótariðgjald til B-deildar LSR og að það komi til frádráttar á greiðslum ríkissjóðs vegna lífeyrishækkana. Í b-lið 2. gr. er kveðið á um heimild til að semja við launagreiðendur um viðbótariðgjald, þ.e. samtímagreiðslu til að standa undir þeim skuldbindingum sem aðild að deildinni fylgja.“

Lög nr. [62/2007](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: 7,5%.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með greininni er lögð til lækkingar á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna kennara og skólastjórna grunnskóla. Með lögum nr. [167/2006](#), um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, sem gengu í gildi 1. janúar 2007, hækkaði móttframlag í B-deild sjóðsins úr 6% í 8%. Breytingin hefur

þær afleiðingar að mótframlag sveitarfélaga vegna grunnskólakennara sem eru í B-deild hækkar úr 15,5% í 17,5%. Þetta viðbótarframlag byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólans. Í því samkomulagi var samið svo um að sveitarfélögin bæru ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna kennara og er því þessi breyting nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs mótframlags í B-deild sjóðsins.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 23. gr.

IV. kafli

[Lagaskil og sérákvæði]1)

1) L. [41/2002](#), 2. gr.

„Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Lagaskil og sérákvæði.**“

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Ákvæði um gildistöku breytinga samkvæmt þessu frumvarpi eru í þessari grein. Skv. 1. mgr. öðlast lögin gildi 1. janúar 1997. Ákvæði um niðurfellingu 2. mgr. 25. gr. gildandi laga sjóðsins sem felst í b-lið 22. gr. frumvarpsins, öðlast þó ekki gildi fyrir en 1. janúar 1998. Til skýringar á því ákvæði vísast til athugasemda við 22. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er ákvæði um að fella skuli breytingar samkvæmt þessu frumvarpi inn í lög sjóðsins og að gefa þau út svo breytt. Þetta ákvæði þarfnast ekki skýringar.“

35. gr.

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara, geta, þrátt fyrir ákvæði [3. mgr. 24. gr. laganna](#) og [1. mgr. 34. gr. laga nr. 141/1996](#), valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir herra launað starf samkvæmt ákvæðum [6. mgr. 24. gr.](#) og [1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna](#), eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum [3. mgr. 24. gr. laganna](#). Setja skal nánari ákvæði í [samþykktir](#) sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

[Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi skv. 1. mgr. og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. [6. mgr. 23. gr. laganna](#), skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og [lögum um [kjararáð](#)].1)]2)

1) L. [47/2006](#), 13. gr. 2) L. [43/2002](#), 6. gr.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með b-lið 15. gr. þessa frumvarps er nýrri 3. mgr. bætt við 12. gr. gildandi laga sjóðsins sem verður 24. gr. Þessi nýja málsgrein fjallar um á hvern hátt lífeyrisgreiðslur í B-deild sjóðsins taki breytingum. Samkvæmt greininni eiga þær að breytast til samræmis við almennar breytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, í stað þess að breytast samkvæmt einstaklingsbundnu viðmiði áður. Breytingin á skv. 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins, að taka gildi 1. janúar 1997.

Samkvæmt greininni geta þeir sjóðfélagar, sem í framtíðinni munu hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem við gildistöku laga þessara eru byrjaðir að taka lífeyri, valið hvort lífeyrisgreiðslur þeirra fylgi einstaklingsbundnu viðmiði eða hvort þær breytist til samræmis við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Setja á nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti val sjóðfélaga samkvæmt þessu eigi að fara fram.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [43/2002](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi skv. 1. mgr. og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna, skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. [120/ 1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. geta sjóðfélagar í þar tilgreindum tilvikum valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir herra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 23. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Þegar sjóðfélagi nýtir sér val samkvæmt þessari

reglu og lífeyrir hans á samkvæmt því að taka breytingum sem verða á launum sem greidd eru fyrir viðmiðunarstarfið er ákvæðinu ætlað að taka af tvímæli um að ekki er heimilt að sækja lífeyrisviðmið til starfs sem launað er með þeim hætti að stjórninni bæri að ákveða viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af fyrir starfið skv. 6. mgr. 23. gr. laganna væru iðgjöld greidd af starfinu til deildarinnar.

Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa í þeim efnum að ekki sé lagaheimild til að miða lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við laun fyrir starf sem ekki er heimilt að greiða iðgjöld af til deildarinnar. Vilji sjóðfélagi sem á val skv. 1. mgr. 35. gr. nýta sér valið og starfið er ekki tækt til viðmiðunar á greiðslu lífeyris úr sjóðnum skal stjórn sjóðsins ákveða honum viðmiðunarlaun sem lífeyrisgreiðslur taka mið af og skulu þau þá ákveðin með sama hætti og þegar um er að ræða iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og laun fyrir það starf eru ekki samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna. Ef viðmiðunarstarfinu gegnir aðili sem greiðir iðgjöld í B-deild sjóðsins og stjórn sjóðsins hefur ákveðið þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, sbr. 6. mgr. 23. gr., skal nota sama viðmið til greiðslu á lífeyri til þess sem hefur það starf til viðmiðunar á greiðslu lífeyris. Þegar ekki liggur fyrir ákvörðun skv. 6. mgr. 23. gr. um greiðslu iðgjalda til sjóðsins þarf stjórnin að taka sjálfstæða ákvörðun um viðmiðunarlaun sem greiða ber lífeyri af.“

Lög nr. [47/2006](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Í stað orðanna „lögum nr. [120/1992](#), um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 35. gr. kemur: lögum um kjararáð.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 35. gr.

Í máli umboðsmanns Alþingis nr. [3020/2000](#) rakti hann í bréfi sínu til kvartanda ákvæði 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, um svokallaða eftirmannsreglu.

„Benti hann á að samkvæmt ákvæðinu hefði reglan verið sú að upphæð ellilífeyris skyldi við upphaf tóku hans og eftir að taka hans hófst vera hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma „fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast“. Með vísan til lögskýringargagna taldi umboðsmaður að ekki yrði fullyrt að þetta orðalag ákvæðisins hefði leitt til þess að stofn til útreiknings á ellilífeyri viðkomandi sjóðfélaga skyldi ávallt vera sá sami og þau föstu laun fyrir dagvinnu sem greidd væru eftirmanni hans. Þá gat hann þess að í lögskýringargögnum hefði aðeins verið vikið að því að almennar breytingar á launum skyldu hafa samsvarandi breytingar í för með sér á ellilífeyri. Umboðsmaður benti á að með I. kafla laga nr. 141/1996, um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, sem voru endurútfengin sem lög nr. 1/1997, hefðu verið gerðar umtalsverðar breytingar á efni og skipan laga nr. 29/1963. Taldi hann hins vegar að ekki yrði séð af lögskýringargögnum að réttarstaða sjóðfélaga sem völdu hina einstaklingsbundnu viðmiðun ellilífeyris, sbr. 35. gr. laga nr. 1/1997, hefði átt að taka breytingum þrátt fyrir að orðalag greinarinnar sé ekki að öllu leyti það sama og 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963. Með hliðsjón af þessu taldi hann ekki unnt að fullyrða að réttur þeirra næði nú til þess að ellilífeyrir þeirra breyttist til samræmis við breytingar sem yrðu á viðkomandi launum umfram það sem talið væri að þeir ættu rétt á samkvæmt lögum nr. 29/1963. Þá væri ljóst að af þessum lagabreytingum leiddi ekki að reiknistofn ellilífeyris viðkomandi sjóðfélaga skyldi ávallt vera sá sami og föst laun sem greidd eru eftirmanni hans fyrir fullt starf, enda mælir ákvæðið aðeins fyrir um að ellilífeyrir skuli „breytast til samræmis við breytingar“ á launum fyrir það starf er viðkomandi sjóðfélagi gegndi síðast. Með vísan til framangreinds taldi hann ekki unnt að fullyrða að sú framkvæmd sem mótast hefði hjá lífeyrissjóðnum og lýst væri í bréfi sjóðsins til sín væri í ósamræmi við lög.“

2. Dómar

2.1 Dómar hæstaréttar

Hrd. í máli nr. [262/2007](#). Logi Guðbrandsson gegn LSR og íslenska ríkinu. Eftirmannsreglan.

„L gegndi starfi framkvæmdastjóra St. Jósefsspítala frá 1977 til ársloka 1995 en þá var sjúkrahúsið sameinað Borgarspítalanum og fékk þá nafnið Sjúkrahús Reykjavíkur. Frá þeim tíma starfaði hann sem aðstoðarforstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur en var skipaður héraðsdómari í september 1997. Í janúar 2004 var L veitt lausn frá embætti að eigin ósk. Ágreiningur reis í kjölfarið um lífeyrisrétt hans í B-deild LSR. Óumdeilt var að við ákvörðun lífeyris til hans ætti að fara eftir 6. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 35. gr. laga nr. 1/1997. Aðila greindi hins vegar á um við hvaða starf ætti að miða réttindi hans og krafðist L þess að tekið yrði mið af launakjörum forstjóra Landspítala eins og samningar hefðu kveðið á um. Í dómi Hæstaréttar var þeirri kröfu hafnað enda hefði verið mikill munur á störfum framkvæmdastjóra St. Jósefsspítala og forstjóra Landspítala. L krafðist einnig viðurkenningar á því að hlutfall lífeyris af viðmiðunarlaunum L „skyldi við það miðað að hann hefði haldið áfram störfum til 70 ára aldurs.“ Reisti hann kröfuna á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 15/1998 og því að ekki væri efni til að gera greinarmun á því hvort dómari óskaði sjálfur lausnar eftir að hann næði 65 ára aldri eða ekki. Í ákvæðinu segir að heimilt sé að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára en að hann skuli þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum. Ekki var fallist á að þau rök sem lögju að baki reglunni ættu einnig við þegar dómari fengi lausn að eigin ósk. Væri ekki unnt að leiða af jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar að fallast bæri á kröfu L og var LSR því sýknað. Þessari kröfu var einnig beint gegn Í. Talið var að ef fallist yrði á hana leiddi það til óskýrrar réttarstöðu Í. Þótti krafan að þessu leyti ódómfæf og var vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.“

Hrd. í máli nr. 344/2003. LSR gegn Sigurði E. Guðmundssyni. Eftirmannsreglan.

„Í upphafi árs 1971 var S skipaður framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem þá hét Húsnæðismálastofnun ríkisins, og gegndi því starfi þar til stofnunin var lögð niður í árslok 1998 og Íbúðalánasjóður tók til starfa. Naut S biðlauna í 12 mánuði og hóf í kjölfarið töku lífeyris sem miðaður var við launakjör þeirra forstöðumanna ríkisstofnana sem laun forstjóra Húsnæðisstofnunar fylgdu áður. Krafðist S þess í málinu að viðurkennt yrði með dómi að honum bæru eftirlaun sem tækju mið af launum framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Í héraðsdómi, sem staðfestur var með vísan til forsendna hans, var talið að Íbúðalánasjóður gegndi í grundvallaratriðum sama hlutverki og Húsnæðisstofnun ríkisins gerði áður og að starf S sem framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar hefði verið sambærilegt að eðli, umfangi og ábyrgð og starf framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Þótti hin svokallaða eftirmannsregla 35. gr. laga nr. 1/1997 eiga við um aðstöðu S og var krafa hans því tekin til greina.“

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 3020/2000. Lokið 11. nóvember 2001. Hækkun vegna námskeiðs. Eftirmannsregla.

„A kvartaði yfir synjun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á ósk hans um eins launaflokks hækkun á lífeyrisgreiðslum til hans úr sjóðnum með vísan til þess að eftirmaður A hefði fengið slíka hækkun vegna námskeiðs sem hann hafði sótt. Var synjunin byggð á þeirri framkvæmd sjóðsins að líta á sérstakar hækkanir á launum eftirmanns vegna námskeiða sem einstaklingsbundnar hækkanir sem leiddu ekki til samsvarandi hækkana ellilífeyris.“

Mál nr. 2938/2000. Lokið 10. október 2001. Viðmiðun við útreikning lífeyris.

„A kvartaði yfir þeirri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að breyta viðmiðun sem notuð hafði verið við útreikning lífeyrisgreiðslna til hans úr sjóðnum. Taldi hann að stjórn sjóðsins hefði ekki haft viðhlítandi lagaheimild til slíkra breytinga. Þá kvartaði hann yfir því að ekki hefði verið haft samráð við hann um þessar breytingar.“

Stjórn lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun í desember 1995 að framvegis skyldi lífeyrir þeirra sem hefðu haft viðmiðun við laun bankastjóra ríkisviðskiptabankanna taka mið af launum hæstaréttardómara að viðbættum 17% og að lífeyrir þeirra sem hefðu haft viðmiðun við laun aðstoðarbankastjóra skyldi miðast við 80% af þeirri fjárhæð. Frá því að A hóf töku lífeyris hafði lífeyrir hans tekið mið af launum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands. Í kjölfar lögfræðilegrar álitsgerðar, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að framangreind ákvörðun hefði ekki verið lögmæt, leiðrétti lífeyrissjóðurinn lífeyrisgreiðslur til A fram til 1. janúar 1997. Var það afstaða stjórnar sjóðsins að frá þeim tíma hefði ákvörðunin átt sér stöð í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.“

Umboðsmaður taldi að mæla hefði þurft skýrt fyrir í lögum um heimild stjórnar lífeyrissjóðsins til að breyta lögbundinni viðmiðun lífeyrisgreiðslna samkvæmt 35. gr. laganna til þeirra sjóðfélaga sem höfðu hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laga nr. 1/1997. Miðað við orðalag 6. mgr. 23. gr. og tengla þess við almenna reglu laganna um stofn til greiðslu iðgjalda taldi hann að ákvæðið veitti stjórn sjóðsins ekki heimild til slíkra breytinga.

Mál nr. 1897/1996. Lokið 16. október 1997. Viðmiðun við útreikning lífeyris. Starfsvið.

„A kvartaði yfir þeirri ákvörðun fjármálaráðuneytisins að skipta launum hans og síðar eftirmanns hans í starfi forstjóra ríkisstofnunar í "mánaðarlaun" og "fasta" eða "ómælda yfirvinnu". A taldi þetta skerða lífeyrisréttindi sín, því lífeyrisgreiðslur hans samkvæmt svokallaðri eftirmannsreglu tækju aðeins mið af mánaðarlaunum eftirmanns hans. A krafðist þess að lífeyrisgreiðslur til hans miðuðust við heildarlaun eftirmanns hans og benti á, að á þeim tíma er hann greiddi iðgjöld í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hefði launum hans ekki verið skipt með þessum hætti og hefði hann því greitt iðgjald af heildarlaunum sínum.

Í álitinu rakti umboðsmaður reglur um viðmiðun við útreikning lífeyris og þær breytingar sem á þeim hefðu orðið, síðast með lögum nr. 141/1996. Hann vísaði til þess, að eftir gildistöku laga nr. 141/1996 ættu sjóðfélagar, sem hafið höfðu töku lífeyris fyrir gildistöku þeirra, val um hvort þeir tækju lífeyri samkvæmt óbreyttri eftirmannsreglu eða eftir nýrri meðaltalsreglu. Með því að kvörtun A sneri að ákvörðun þeirrar viðmiðunar, sem báðir þessir kostir byggjast á, taldi umboðsmaður að A ætti lögvarða hagsmuni af því að leyst yrði úr þessum hluta málsins.

Eftirmaður A tók í fyrstu laun samkvæmt samningi Stéttarfélags verkfræðinga, síðar samkvæmt ákvörðun ráðherra og frá gildistöku laga nr. 120/1992 hefur kjaranefnd ákvarðað laun hans og önnur starfskjör. Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 120/1992 um ákvörðun launa og upplýsingar í lögskýringargögnum um markmið þeirra, þar sem fram kom m.a. að Kjaradómur og kjaranefnd skyldu skipta heildarlaunum í laun fyrir dagvinnu og önnur laun til þess að ekki myndaðist misræmi milli lífeyrisréttinda þeirra, sem falla undir valdsvið Kjaradóms og kjaranefndar annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar.

Umboðsmaður benti á að þau lífeyrisréttindi, sem um ræddi, hefðu þá sérstöðu, þrátt fyrir að vera bæði endurgjald fyrir vinnu og tilkomin vegna framlaga sjóðfélaga, að viðmiðun lífeyrisins hefði verið lögbundin. Að lögum væri á hinn bóginn ekki samhengi á milli iðgjaldagreiðslna til sjóðsins annars vegar og þeirra skuldbindinga sem honum væri ætlað að standa undir hins vegar. Fyrirkomulag og heiti launa, sem eftirmanni A hefðu verið greidd til viðbótar svonefndum föstum launum fyrir dagvinnu, hefði verið mismunandi. Í reglum, sem kjaranefnd hefði sett og í launaákvörðunum hennar fyrir eftirmann A, væru mánaðarlegar greiðslur fyrir alla yfirvinnu og álag, sem starfinu fylgdu, felldar saman í eina greiðslu. Það væri því ekki ljóst hvort einhver hluti væri greiddur fyrir hvort þessara tilefna um sig, né hversu stór hluti álagsgreiðslunnar félli undir föst kjör fyrir dagvinnu. Sá hluti greiðslunnar, sem tilheyrdi föstum kjörum fyrir dagvinnu, myndaði því ekki stofn til útreiknings lífeyris A.

Umboðsmaður taldi ljóst, að væru laun eftirmanns greidd fyrir annað en dagvinnu, t.d. yfirvinnu í skilningi 2. mgr. 17. gr. laga nr. 70/1996, gæti lífeyrisþegi ekki krafist þess að lífeyririnn miðaðist við þann hluta launa eftirmannsins.

Á hinn bóginn benti umboðsmaður á að lífeyrisréttindi voru bæði endurgjald fyrir vinnu og tilkomin vegna fjárframlaga sjóðfélaga. Það væri almennt viðurkennt, að slík réttindi teldust eign í stjórnskipulegri merkingu og nytu verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og annarra ákvæða, sem við kunni að eiga. Þá byggja menn oft afkomu sína á slíkum réttindum. Umboðsmaður taldi þessa aðstöðu, og fyrrgreinda stjórnarskrárvernd réttindanna, setja því skorður að löggjafinn, og þau stjórnvöld sem fara með launaákvæðanir á hverjum tíma, geti raskað lögmæltri viðmiðun ellilífeyris með því einu að nefna laun annað en föst laun fyrir dagvinnu, þó að í reynd sé verið að greiða fyrir vinnu unna í dagvinnu. Sú skylda hafi hvílt á stjórnvöldum að gæta þess við töku launaákvæðana og túlkun þeirra lagaheimilda sem slíkar ákvæðanir byggjast á, að föst laun eftirmanns A fyrir dagvinnu hafi verið svo skýrt afmörkuð að ellilífeyririnn yrði miðaður við þau.

Það var niðurstaða umboðsmanns, að á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lægju, gæti hann ekki leyst úr því hvort eftirmaður A hefði að einhverju leyti notið launagreiðslna fyrir dagvinnu umfram þær greiðslur sem á hverjum tíma voru skilgreindar sem föst laun fyrir dagvinnu. Í því skyni þyrfti að taka skýrslur af þeim, sem staðið hefðu að launaákvörðunum og afla annarra sönnunargagna. Væri því eðlilegra að dómstólar leystu úr þessum ágreiningi. Með hliðsjón af því, að úrlausn dómstóla um ágreininginn gæti haft almennt gildi fyrir þá, sem svipað væri ástatt um, lýsti umboðsmaður sig reiðubúinn til að taka til athugunar hvort ekki væri rétt að leggja til að A yrði veitt gjafsókn í slíku máli, ef hann kysi að leggja málið fyrir dómstóla.“

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði [1. mgr. 30. gr.](#) skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum [3. mgr. 28. gr.](#) og [3. mgr. 24. gr.](#), enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 30. gr. laganna eftir breytingu samkvæmt 20. gr. frumvarpsins, reiknast lífeyrir vegna geymds réttar hjá B-deild sjóðsins á mismunandi vegu eftir því hvort sjóðfélagi á réttindi hjá sjóðnum fyrir a.m.k. þrjú ár eða styttri tíma. Ef réttindatíminn er styttri en þrjú ár reiknast lífeyrir við upphaf lífeyristöku eftir krónutölu launa eins og þau voru þegar iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins. Lífeyrisrétturinn nýtur þannig ekki verðtryggingar á tímabilinu frá því að sjóðfélagi greiddi síðast til sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi hins vegar réttindi vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma á hins vegar að reikna lífeyri í samræmi við meðalbreytingar sem orðið hafa á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins.

Samkvæmt þessari grein á lífeyrisréttur hjá B-deild sjóðsins að vera verðtryggður í samræmi við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu ef samanlagður iðgjaldagreiðslutími hjá A- og B-deild nær þremur árum. Skiptir þá ekki máli þó réttindatíminn hjá B-deildinni sé fyrir styttri tíma. Þetta á bæði við um þá sjóðfélaga sem greiða iðgjöld til sjóðsins við gildistöku þessara laga, ef þeir kjósa að færa sig yfir í A-deild sjóðsins, og eins þá sem við gildistöku þessara laga eiga geymd réttindi vegna styttri tíma en þriggja ára, en hefja síðar greiðslu til A-deildarinnar.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 36. gr.

37. gr.

[Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum, sem veitt hefðu rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir stofnun A-deildar sjóðsins, þ.e. eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið er eigi minna en hálf starf.]¹⁾

Að öðru leyti skal setja ákvæði í [samþykktir](#) sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi [á réttindi í B-deild og A-deild sjóðsins]¹⁾

1) L. nr. [48/2010](#).

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Samkvæmt 1. mgr. 24. gr., eins og hún verður eftir breytingu skv. 15. gr. frumvarpsins, eiga sjóðfélagar í B-deild sjóðsins ekki rétt á lífeyri á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum. Greinin er að þessu leyti óbreytt frá gildandi lögum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins er til áréttingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að B-deild sjóðsins, hefji iðgjaldagreiðslu til A-deildar hans. Þetta gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deildina. Og þetta gildir einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar á að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild hans. Meðal ákvæða, sem setja þarf í samþykktir samkvæmt þessu, eru ákvæði um að þegar úrskurða skuli hvort skilyrðum um iðgjaldagreiðslutíma sé fullnægt, t.d. vegna reglna um framreikning réttinda vegna greiðslu örorku- eða makalífeyris, skuli tími í B-deild sjóðsins reiknaður með.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

Lög nr. [48/2010](#)

Ákvæði 1. og 2. mgr. fyrir breytingu l. nr. 48/2010:

Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum, sem veitt hefðu rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir stofnun A-deildar sjóðsins, þ.e. eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið er eigi minna en hálf starf.

b. Í stað orðanna „flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í B-deild og A-deild sjóðsins.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Lagðar eru til orðalagsbreytingar á nágildandi 37. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, og nánar tilgreint hvenær sjóðfélagar sem eiga réttindi í A-deild og B-deild geta hafið töku lífeyris úr B-deild. Breytingunni er ætlað að taka af öll tvímæli um að þeir sem eru í störfum, sem heimila aðild að B-deild, geti ekki samhliða slíkum störfum tekið ellilífeyri úr B-deild, jafnvel þótt greitt sé af því starfi í annan lífeyrissjóð. Skiptir þá ekki máli þótt viðkomandi sjóðfélagi hafi ekki rétt til að ávinna sér frekari réttindi í B-deild, t.d. vegna aðstæðna sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í ákvæðinu er tilgreint að sjóðfélagi sem hefur skipun, setningu eða ráðningu til a.m.k. eins árs eða ráðningu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið sé eigi minna en hálf starf geti ekki hafið töku lífeyris úr B-deild.“

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 37. gr.

2. Dómar

3. Álit

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 5222/2008. Lokið 5. mars 2010. Synjun á greiðslu lífeyris úr B-deild þar sem óheimilt væri að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.

„A var synjað um greiðslu lífeyris úr B-deild sjóðsins. Beiðni A var einkum synjað á þeim grundvelli að samkvæmt lögum nr. 1/1997 og samþykktum sjóðsins væri óheimilt að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.

A hafði greitt iðgjöld til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árunum 1971-1997, þó ekki óslitið. Þegar hann hóf störf sem framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hinn 1. september 1998, óskaði hann eftir því að greiða iðgjald í B-deild lífeyrissjóðsins en var synjað um það og greiddi því iðgjöld til A-deildar sjóðsins eftir það. Þegar A varð 67 ára óskaði hann eftir greiðslum úr B-deild LSR en var synjað. Beindist athugun umboðsmanns að því hvort synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyris úr B-deild lífeyrissjóðsins hefði verið í samræmi við lög.

Í álitinu lagði umboðsmaður til grundvallar að með iðgjaldagreiðslum sínum hefði A áunnið sér lífeyrisréttindi sem nytu verndar grundvallarreglu 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár. Yrði því að telja að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði þurft að geta stutt ákvörðun sína við skýra og ótvíræða heimild í lögum nr. 1/1997 eða eftir atvikum í samþykktum sjóðsins. Þá yrði almennt að túlka vafa, um hvort lífeyrissjóðurinn hefði haft viðhlítandi heimild til að synja A um rétt til lífeyris, honum í hag. Því yrði að áskilja að nokkuð skýrt hafi mátt ráða af texta laga nr. 1/1997 eða eftir atvikum af ákvæðum í samþykktum sjóðsins að mælt hafi verið fyrir um umrædda takmörkun á rétti A til útgreiðslu lífeyris úr B-deild þegar beiðni hans var synjað. Í þessu sambandi vísaði umboðsmaður einnig til lögætisreglu stjórnsýsluréttarins og 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr., l. nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða umboðsmanns var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefði ekki sýnt sér fram á að sjóðurinn hefði haft nægilega ótvíræða og skýra heimild í lögum nr. 1/1997 til að synja A um lífeyri úr B-deild sjóðsins. Hann taldi jafnframt að ákvæði í samþykktum sjóðsins, sem var í gildi þegar sjóðurinn synjaði beiðni A, hefði ekki talist viðhlítandi heimild til að synja honum um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins. Ákvæði í samþykktum sjóðsins, sem sett hefðu verið eftir að sjóðurinn synjaði beiðni A, yrði auk þess ekki beitt með afturvirkum og íþyngjandi hætti gagnvart honum.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú að synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins umrætt sinn hefði ekki verið í samræmi við lög.“

Sjá nánar umfjöllun um lög nr. 48/2010 í [viðauka I](#)

38. gr.

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftari en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins réttihafa makalífeyris eftir eldri lögum. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku laga þessara samkvæmt ákvæðum [6. mgr. 27. gr.](#)

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Með d-lið 18. gr. frumvarpsins er gerð breyting á því ákvæði í lögum sjóðsins sem fjallar um skiptingu makalífeyris milli fleiri en eins réttihafa hjá B-deildinni. Eftir breytinguna verður þetta ákvæði í 6. mgr. 27. gr. laganna. Ákvæði 38. gr. frumvarpsins eru sett til þess að ekki þurfi að koma til endurreiknings á skiptingu makalífeyris milli fleiri en eins réttihafa ef sjóðfélagi hefur látist fyrir gildistöku þessara laga.

Samkvæmt síðari málslíð greinarinnar er þó heimilt að skipta rétti til makalífeyris úr B-deildinni milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila, þó svo að sjóðfélagi hafi látist fyrir gildistöku þessara laga. Slíkt mun ekki breyta réttarstöðu fyrrverandi maka, en vera til hagsbóta fyrir síðari sambúðaraðila.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

1.2 Breytingar eftir gildistöku

1.3 Eldri ákvæði

Ný grein, lög nr. [141/1996](#), 38. gr.

[39. gr.

Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.

Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.]]

1) L. 41/2002, 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Lög nr. 41/2002

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Við lögin bætast tvær nýjar greinar [39 og 40], svohljóðandi:

a. (39. gr.)

Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.

Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„A-liður (39. gr.) tekur einungis til þeirra sem eru í starfi lögreglumanns þegar þeim er veitt lausn frá embætti við 65 ára aldur og hefja töku ellilífeyris í beinu framhaldi af því. Ákvæðið tekur því ekki til þeirra sem fengið hafa lausn frá embætti fyrir 65 ára aldur. Með lögreglumanni er átt við þann sem telst lögreglumaður samkvæmt lögregluglögum, nr. 90/1996, og tekur laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna.

Hér er um að ræða sérreglu um útreikning á ellilífeyri lögreglumanna. Mismunandi útreikningsaðferðir gilda eftir því hvort sjóðfélagi á aðild að A- eða B-deild sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sú sérregla sem hér er tekin upp taki einnig til útreiknings á makalífeyri þannig að hafi sjóðfélagi verið reiknuð viðbótarréttindi við útreikning lífeyris samkvæmt greininni, þ.e. sjóðfélagi hefur hafið töku lífeyris, fái maki hans aukin réttindi í samræmi við það ef til greiðslu makalífeyris kemur. Rétt er að undirstrika að af orðalagi ákvæðisins leiðir að það tekur ekki til þeirra sem hafa hafið töku örorkulífeyris fyrir 65 ára aldur, sbr. 16. og 26. gr., og með sama hætti eiga ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris ekki við þegar reiknaður er viðbótarréttur lögreglumanns samkvæmt ákvæðinu.

Gert er ráð fyrir að lögreglumönnum verði reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs hvort sem þeir eru sjóðfélagar í A- eða B-deild lífeyrissjóðsins. Fyrir sjóðfélaga í A-deild sjóðsins er gert ráð fyrir að mat á lífeyri þeirra skuli miða við meðalstigaávinning síðustu þriggja almanaksára. Undanskilin eru fyrirmæli 4. mgr. 15. gr. sem taka til þeirra sem fresta töku lífeyris fram

yfir 65 ára aldur. Fyrir sjóðfélaga í B-deild sjóðsins skulu viðbótarréttindi miðast við meðalstarfshlutfall síðustu þriggja almanaksára.“

[40. gr.

Við upphaf lífeyristöku lögglumans sem fær reiknuð réttindi skv. 39. gr. skal reikna út kostnað vegna aukinna lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum greinarinnar og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð. Útreikningur þessara réttinda skal byggður á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins. Með greiðslunni hefur ríkissjóður einnig gert að fullu upp skuldbindingar vegna lífeyrishækkana skv. 33. gr. vegna þeirra viðbótarréttinda sem reiknuð eru skv. 39. gr.[1]

1) L. 41/2002, 1. gr.

1. Lögskýringargögn

Lög nr. 41/2002

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Ný grein:

b. (40. gr.)

Við upphaf lífeyristöku lögglumans sem fær reiknuð réttindi skv. 39. gr. skal reikna út kostnað vegna aukinna lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum greinarinnar og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð. Útreikningur þessara réttinda skal byggður á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins. Með greiðslunni hefur ríkissjóður einnig gert að fullu upp skuldbindingar vegna lífeyrishækkana skv. 33. gr. vegna þeirra viðbótarréttinda sem reiknuð eru skv. 39. gr.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„B-liður (40. gr.) fjallar um greiðslu ríkissjóðs á viðbótariðgjaldi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í hvert sinn sem lögglumanni er úrskurðaður viðbótarlífeyrir skv. 39. gr., þ.e. á sama tíma og viðbótarréttindin verða virk. Þetta viðbótariðgjald verður samkvæmt greininni reiknað í hvert sinn sem taka ellilífeyris hefst. Útreikningurinn tekur mið af þeim tryggingafræðilegu forsendum sem eru notaðar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Auðvelt er að taka mið af slíku uppgjöri í tryggingafræðilegum útreikningum á sjóðnum. Ákvæðið gerir ekki ráð fyrir að viðbótarskuldbindingar, sem kunna að myndast í framtíðinni vegna lögglumanna sem láta munu af störfum við 65 ára aldur, hafi áhrif á mismun áfallinnar skuldbindingar og eignar sjóðsins eða raski þar skuldbindingum launagreiðenda innbyrðis. Þá hefur ákvæðið ekki áhrif á útreikning á iðgjaldaprósentu launagreiðenda til A-deildar skv. 4. mgr. 13. gr. Sú skipan sem hér er lögð til leiðir til þess að þær skuldbindingar sem hér er stofnað til verða ekki virkar gagnvart ríkinu fyrr en hlutaðeigandi lögglumaður hefur látið af embætti sínu við 65 ára aldur og hafið töku lífeyris í framhaldi af því. Að því leyti sem þær verða reiknaðar með í framtíðarskuldbindingum (heildarskuldbindingum) lífeyrissjóðsins verður að sama skapi reiknað með framtíðariðgjöldum vegna þeirra.“

[41. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur¹⁾ um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir [samkomulag](#) Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt samkomulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar fjármálaráðherra.]²⁾

1) Rg. [705/2008](#). 2) L. [62/2007](#), 3. gr.

1. Lögskýringargögn

Lög nr. [62/2007](#)

Sjá almennar athugasemdir með frumvarpinu í [viðauka I](#):

„Við lögina bætist ný grein er verður 41. gr. laganna og orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt samkomulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar fjármálaráðherra.“

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í [greinargerð](#):

„Um 3. og 4. gr.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýju ákvæði við lög nr. 1/1997 og með samsvarandi hætti einnig við lög nr. 2/1997. Ákvæðin eru efnislega samhljóða. Með þeim er fjármálaráðherra fengin heimild til þess að setja í reglur fyrirmæli um framkvæmd norræna samkomulagsins þannig að sjóðfélagi geti notið þeirra réttinda sem það gerir ráð fyrir. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum stefnir samkomulagið að því að samhæfa lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna, þó þannig að réttindaávinnsla miðist við reglur hvers lands fyrir sig.

Lagt er til að í reglum fjármálaráðherra verði ríkisstarfsmanni m.a. heimilt að virkja réttindi sín í samræmi við efni samkomulagsins þótt þau séu umfram ákvæði laganna. Leiði útreikningur réttinda við upphaf lífeyristöku ríkisstarfsmanns í ljós aukinn kostnað vegna samhæfingar réttinda hans er gert ráð fyrir að slíkur umframkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Dæmi um tilvik sem falla hér undir væri það þegar litið er til starfstíma í öðru norrænu landi, t.d. við útreikning á svonefndri 95 ára reglu. Enn fremur er gert ráð fyrir því að í reglum fjármálaráðherra verði, í samræmi við efni 4. gr. samkomulagsins, heimilt að víkja frá skilyrði um upphaf töku lífeyris. Það á einkum við um ellilífeyri úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga sem miðast við 65 ára

aldur. Þær reglur sem gilda um upphaf töku ellilífeyris eru mismunandi milli Norðurlandanna. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að taka ellilífeyris sé fyrst möguleg við 60 ára aldur. Gert er ráð fyrir því að í reglum fjármálaráðherra verði heimilt að ákveða að taka ellilífeyris geti miðast við sama tímamark og ríkisstarfsmaður hefur öðlast í öðru landi. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að skerða ellilífeyri nýti ríkisstarfsmaður heimild til snemmtöku lífeyris samkvæmt reglunum. Hér verður að líta til þess að um val ríkisstarfsmanns er að ræða og að gert er ráð fyrir því við beitingu samkomulagsins að ríkisstarfsmaður hvorki tapi réttindum né öðlist aukin réttindi við það að hann taki við sambærilegu starfi í öðru norrænu landi. Vilji hann njóta óskerts lífeyris getur hann valið að bíða uns rétti til lífeyristöku er náð.

Lagt er til að í þeim reglum sem settar yrðu samkvæmt framansögðu verði m.a. mælt fyrir um heimild til útborgunar lífeyris, greiðslu kostnaðar og önnur atriði er varða samhæfingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna sem tekið hafa við samsvarandi starfi annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra verði heimilt að fela Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Í því felst m.a. að sjóðurinn annist upplýsingagjöf, leiðbeiningar og útreikninga í einstökum málum og taki við fyrirmælum fjármálaráðuneytisins um útborgun lífeyris samkvæmt samkomulaginu. Komi upp ágreiningur vegna meðferðar sjóðsins á einstökum málum er gert ráð fyrir að honum verði skotið til fjármálaráðherra. Slíkt fyrirkomulag þykir eins og hér háttar til eðlilegt, m.a. í því ljósi að fjármálaráðuneytið hefur haft umsjón með gerð samkomulagsins fyrir hönd Íslands og að í 6. gr. þess er m.a. við það miðað að aðildarlöndin aðstoði hvert annað eins og þörf krefur við beitingu samkomulagsins og semji sín á milli vegna deilna sem rísa kunna við túlkun eða beitingu þess.

Loks er mælt fyrir um að kostnaður sem leiðir af framkvæmd samkomulagsins greiðist úr ríkissjóði. Ekki er gert ráð fyrir því að umtalsverður kostnaður falli á ríkissjóð af framkvæmd samkomulagsins, enda um tiltölulega fá mál á ári að ræða.“

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna, hefðu átt skylduaðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði [1. og 2. mgr. 3. gr.](#) laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum [13. gr.](#) laganna.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum skv. lögum um grunnskóla, eiga fyrir gildistöku laga þessara skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skv. 3. gr. laga sjóðsins, nr. [29/1963](#), sbr. breytingalög nr. [98/1996](#). Gildir þetta bæði um þá sem aðild áttu að sjóðnum fyrir breytingu samkvæmt lögum nr. [98/1996](#) og eins fyrir þá sem ráðnir hafa verið til starfa eftir þá breytingu. Samkvæmt óbreyttum lögum mundu nýráðnir kennarar í framtíðinni þannig eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu á aðildarreglum að sjóðnum eiga kennarar og skólastjórnendur, sem ráðast til starfa við grunnskóla, því aðeins rétt til aðildar að A-deild sjóðsins ef launagreiðendur þeirra hafa samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. Eftir gildistöku þessara laga þarf því að semja um til hvaða lífeyrissjóðs þessir starfsmenn eigi að greiða. Samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði skal greiða iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir nýráðna kennara og skólastjórnendur við grunnskóla, þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn.

Sambærileg sjónarmið eiga við um hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt 17. gr. laga nr. [16/1965](#), um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna, skulu allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, vera aðilar að sjóðnum. Með gildistöku þessara laga verður Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeir hjúkrunarfræðingar, sem ráðast til starfa hjá ríkissjóði eftir lagabreytinguna, munu greiða iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skv. 1. mgr. 3. gr. laga samkvæmt þessum breytingum. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar, sem starfa hjá öðrum en ríkissjóði og að óbreyttu hefðu átt skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna, fá hins vegar því aðeins heimild til aðildar að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef launagreiðendur þeirra hafa samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja, sbr. 2. og 3. mgr. breyttra laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Eftir gildistöku þessara laga þarf því að semja um lífeyrissjóðsaðild þessara hjúkrunarfræðinga á sama hátt og fyrir kennara. Bráðabirgðaákvæði I er til þess að tryggja lífeyrissjóðsaðild þessara starfsmanna á meðan ósamið er um hana.“

II.

Þrátt fyrir ákvæði [4. og 5. mgr. 13. gr.](#) laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.

1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Samkvæmt 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna eftir breytingu, sbr. 25. gr. þessa frumvarps, skal iðgjald launagreiðenda vera breytilegt. Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum á tryggingafræðingur að meta hver iðgjaldaprósenta launagreiðenda þurfi að vera til þess að sjóðurinn eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum. Stjórn sjóðsins skal síðan árlega endurskoða iðgjaldahluta launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu hinnar tryggingafræðilegu athugunar. Ákvörðun um iðgjaldaprósentuna á síðan að liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Þó svo að stjórn sjóðsins sé falið að ákveða iðgjaldaprósentuna samkvæmt framansögðu, eftir tillögu tryggingafræðings, þykir heppilegra að kveðið verði á um það í lögum þessum hvert iðgjald launagreiðenda skuli vera á árinu 1997. Frumvarp þetta er ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en seint á árinu 1996. Því er nauðsynlegt að iðgjaldaprósenta launagreiðenda liggji fyrir strax eftir breytingar á lögum sjóðsins.

Þær tryggingafræðilegu forsendur, sem liggja að baki útreikningi á iðgjaldþörf sjóðsins á árinu 1997, eru þær sömu og lagðar eru til grundvallar við ákvarðanatöku um lífeyrisréttindi hjá A-deild sjóðsins. Að mati tryggingafræðinga, sem önnuðust útreikninga vegna samningar þessa frumvarps, er iðgjaldþörf sjóðsins 15,5% af heildarlaunum þannig að hlutur launagreiðenda verður 11,5% á árinu 1997.“

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997-99.“

Úr [nefndarálit](#):

„Með breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að 11,5% iðgjald launagreiðenda verði fast fyrstu þrjú árin eftir gildistöku þessara laga í stað þess að það gildi einungis fyrir árið 1997. Iðgjald launagreiðenda skv. 4. og 5. mgr. 13. gr.“

III.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. [4. mgr. 15. gr.](#) laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%.¹⁾ Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. [4. og 5. mgr. 4. gr.](#) laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.

1) Rgl. [553/2003](#).

1. Lögskýringargögn

1.1 Breytingar fyrir 2. umræðu

„Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Lagt er til að við bætist nýtt bráðabirgðaákvæði (III). Við samningu frumvarps til laga um breytingu á lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins var gengið út frá þeirri meginforsendu að verðmæti í nýju lífeyriskerfi væru jafnverðmæt og lífeyrisréttindi samkvæmt gildandi lögum. Í þessu mati er nokkur óvissa fólgin varðandi það hversu margir munu flytja sig úr eldra kerfi í nýtt. Til að mæta þessari óvissu er lagt til að hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna (sbr. 27. gr. frumvarpsins) verði endurskoðuð eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessara laga.“

IV.

Þeir starfsmenn Ríkisspítala, sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.

1. Lögskýringargögn

1.1 Breytingar eftir 2. umræðu

„Við I. kafla bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir starfsmenn Ríkisspítala, sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.“

Úr [framhaldsnefndarálit](#):

„Síðari tillagan skýrir sig sjálf, en þar er farin sambærileg leið og með starfsmenn Landakots þegar þeir fluttust yfir.“

[V.

Þeim lögreglumönnum, sem þegar eru orðnir fullra 65 ára við gildistöku laganna en eru ekki enn orðnir 70 ára og hafa ekki fengið lausn frá embætti, skal reiknaður lífeyrir skv. 39. gr., enda hafi þeim verið veitt lausn frá embætti fyrir 1. maí 2003.

Ákvæði 39. gr. tekur einnig til þeirra lögreglumanna sem eru orðnir fullra 65 ára og hafa látið af embætti eftir 13. júlí 2001 og hafið töku lífeyris í framhaldi af því.]1)

1) L. [41/2002](#), 3. gr.

1. Lögskýringargögn

Lög nr. [41/2002](#)

„Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeim lögreglumönnum, sem þegar eru orðnir fullra 65 ára við gildistöku laganna en eru ekki enn orðnir 70 ára og hafa ekki fengið lausn frá embætti, skal reiknaður lífeyrir skv. 39. gr., enda hafi þeim verið veitt lausn frá embætti fyrir 1. maí 2003.

Ákvæði 39. gr. tekur einnig til þeirra lögreglumanna sem eru orðnir fullra 65 ára og hafa látið af embætti eftir 13. júlí 2001 og hafið töku lífeyris í framhaldi af því.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Tilgangur ákvæðisins er að tryggja samræmi við bráðabirgðaákvæði í frumvarpi dómsmálaráðherra sem vísað er til í almennum athugasemdum frumvarpsins. Er hér fylgt sömu tímamörkum og lögð eru til í frumvarpi dómsmálaráðherra. Þannig er við það miðað að lögreglumönnum sem orðnir eru 65 ára við gildistöku laganna en hafa ekki enn látið af störfum, verði veitt lausn í síðasta lagi 1. október 2002, enda hafi þeir þá ekki valið að um starfslok þeirra fari eftir eldri reglum.

Í samræmi við yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra sem vísað er til í almennum athugasemdum frumvarpsins þykir rétt að þeir lögreglumenn sem fengu lausn við 65 ára aldur, eftir 13. júlí 2001, og hófu töku lífeyris í framhaldi af því, eigi einnig kost á því að fá lífeyri sinn reiknaðan skv. a-lið 1. gr. frumvarpsins.“

[VI.

Þeir starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga, sem aðild eiga að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga þessara og eru í störfum sem flytjast til Sambands íslenskra sveitarfélaga og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna þar störfum.]1)

1) L. [136/2004](#), 11. gr.

1. Lögskýringargögn

Lög nr. [136/2004](#)

„Við lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, bætist nýtt bráðabirgðaákvæði er hljóðar svo:

Þeir starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga, sem aðild eiga að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga þessara og eru í störfum sem flytjast til Sambands íslenskra sveitarfélaga og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna þar störfum.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Í 3. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingin er nauðsynleg þar sem sjö núverandi starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga eru skráðir starfsmenn lánasjóðsins vegna þess að sambandið getur ekki átt aðild að B-deild lífeyrissjóðsins. Einnig er um að ræða fjórtán fyrrverandi starfsmenn sem þiggja eða munu þiggja eftirlaun frá B-deild. Eðlilegt er að lánasjóðurinn hafi ekki aðra starfsmenn á launaskrá hjá sér en þá sem raunverulega starfa fyrir sjóðinn eða sé í ábyrgð fyrir viðbótarlífeyri framangreindra starfsmanna nema að sínum hluta. Því er nauðsynlegt að færa þessa starfsmenn til sambandsins, en slíkt er ekki hægt að óbreyttum lögum um lífeyrissjóðinn. Markmiðið með þessari lagabreytingu er því að gera Sambandi íslenskra sveitarfélaga kleift að vera aðili að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna framangreindra starfsmanna eingöngu.“

[VII.]

Þeir starfsmenn ríkisins sem starfa í þjónustueiningum í málaflokki fatlaðs fólks og eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eru í störfum sem flytjast til sveitarfélaga og halda þeim áfram skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna þar störfum.

Sveitarfélög taka á sig skuldbindingar launagreiðenda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim tíma. Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. laganna munu launagreiðendur greiða sérstakt iðgjald til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að standa undir mismun á áföllnum skuldbindingum hvers árs og greiddum iðgjöldum.] 1)

1) L. [154/2010](#), 3. gr.

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í [greinargerð](#):

„Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða vegna samkomulags félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, við Samband íslenskra sveitarfélaga um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Samkvæmt samkomulaginu munu starfsmenn sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Þeir starfsmenn sem þess óska geta haldið aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með samþykki viðkomandi sveitarfélags. Starfsmenn sem eiga aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga munu eiga aðild að þeim lífeyrissjóði áfram í samræmi við lög nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Starfsmenn sem aðild eiga að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins munu halda þeirri aðild og er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins svo að þeir fái haldið aðild sinni að B-deild sjóðsins.

Til að standa undir mismun á áföllnum skuldbindingum hvers árs og greiddum iðgjöldum munu launagreiðendur til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. laganna greiða sérstakt iðgjald til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sveitarfélög munu taka á sig skuldbindingar launagreiðenda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim.“

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„I. Meginmarkmið nefndarstarfsins

Í framhaldi af yfirferð við útreikninga, upprifjun eldri hugmynda og framlagningu frumvarpsdraga af hálfu fulltrúa fjármálaráðherra í nefndinni, sbr. drög dagsett 27. febrúar 1996, vann nefndin markvisst að endurskoðun laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna með það að markmiði að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Í stuttu máli voru eftirfarandi meginatriði höfð að leiðarljósi í nefndarstarfinu:

1. Núverandi starfsmönnum verði tryggður réttur til áframhaldandi aðildar að núverandi lífeyriskerfi, en jafnframt gefinn kostur á að flytja sig yfir í nýtt kerfi.
2. Nýir starfsmenn fái eingöngu aðild að nýju kerfi.
3. Verðmæti heildarréttinda verði hliðstæð í nýju kerfi og þau eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
4. Iðgjald verði greitt af heildarlaunum.
5. Sjóðfélagar ávinni sér réttindi á grundvelli innborgaðra iðgjalda.
6. Ákvæði um réttindi verði lögbundin, en iðgjald launagreiðenda breytilegt.
7. Vægi ellilífeyris- og örorkulífeyrisréttinda verði aukið.
8. Réttur til töku ellilífeyris verði ekki háður starfslokum.
9. Réttindi verði verðtryggð miðað við neysluverðsvísitölu.
10. Réttur til flýtingar/seinkunar á töku ellilífeyris verði almennur.

II. Helstu breytingar

Til þess að ná þessum markmiðum er með frumvarpi þessu lagt til, að núverandi réttindakerfum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna verði lokað fyrir nýjum starfsmönnum. Samhliða verði settar reglur um nýtt réttindakerfi sem nýráðnir starfsmenn greiði iðgjald til. Til nýja kerfisins verði greitt iðgjald af öllum launum, og réttindaávinnsla í því byggist á stigaútreikningi. Þá er lagt til að núverandi sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði gefinn kostur á vali milli þess að vera í eldra réttindakerfi eða því nýja.

Í frumvarpinu er lagt til að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verði skipt í tvær fjárhagslega sjálfstæðar deildir sem kallaðar verða A-deild og B-deild. Nýir sjóðfélagar og þeir sem kjósa að færa sig úr eldra kerfi í nýtt greiði til A-deildar sjóðsins. Þeir sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku laga samkvæmt þessu frumvarpi verði hins vegar í B-deild sjóðsins, svo fremi þeir kjósi ekki að færa sig yfir í A-deildina.

Réttindareglur í B-deildinni verða að meginstofni til óbreyttar frá gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó verða gerðar nokkrar breytingar á lögum sjóðsins að því er varðar deildina. Breytingar þessar eiga það flestar sammerkt að þær eru til þess fallnar að taka á ýmsum framkvæmdarörðugleikum og túlkunarvandkvæðum sem komið hafa upp við framkvæmd núgildandi laga sjóðsins.

Helsta breyting, sem í frumvarpi þessu er lögð til á réttindum í B-deildinni, lýtur að framkvæmd svokallaðrar eftirmannsreglu. Lagt er til að í stað þess að miða lífeyri við þau laun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast verði breytingar á lífeyri miðaðar við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Lífeyrisréttur við upphaf lífeyristöku verði eftir sem áður reiknaður samkvæmt launum við starfslok. Á þennan hátt verður þessi breytta regla jafnverðmæt fyrir sjóðfélaga þegar á heildina er litið. Núverandi sjóðfélögum verði þó gefinn kostur á að velja um óbreytta eftirmannsreglu.

Samhliða þessum breytingum er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að styrkja B-deildina þannig að hún verði betur í stakk búin til þess að mæta skuldbindingum sínum. Í fyrsta lagi er lagt til, að

eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt 32 ára eða 95 ára reglu muni launagreiðendur greiða 10% iðgjald til sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum hefur iðgjald launagreiðanda hins vegar fallið niður samtímis niðurfellingu iðgjalda sjóðfélaga. Í öðru lagi er lagt til að sú grein í lögum sjóðsins verði felld brott, sem kveður á um að sjóðurinn eigi að verja hluta af ávöxtun sinni til greiðslu á lífeyrishaekkunum sem launagreiðendur væru ella krafðir um. Báðar þessar breytingar eru til að styrkja B-deildina. Gagnvart launagreiðendum hefur breytingin hins vegar fyrst og fremst þau áhrif að flyta greiðslum til sjóðsins.

Eins og að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama hátt og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar fara samkvæmt frumvarpinu í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Jafnframt verður núverandi sjóðfélögum gefinn kostur á að flytja sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samhliða þessu er lagt til að lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna verði breytt til samræmis við ákvæði sem gilda muna áfram um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hefur nánast ekkert verið breytt síðan árið 1965. Ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á undanförunum árum, hafa fram að þessu ekki verið gerðar til samræmis á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Með þessu frumvarpi er lagt til að reglur sjóðanna verði samræmdar að þessu leyti.

Við gerð tillagna í frumvarpi þessu um nýtt réttindakerfi, þ.e. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, var það meginsjónarmið haft að leiðarljósi að verðmæti réttinda í A-deild sjóðsins væru þegar á heildina er litið sambærileg réttindum samkvæmt núgildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hins vegar eru reglur um A-deildina í verulegum atriðum frábrugðnar eldri réttindareglum.

Þannig eru útreikningsreglur lífeyris í þessum tveimur kerfum mismunandi. Samkvæmt gildandi lögum fer lífeyrisréttur sjóðfélaga eftir því hversu lengi þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins, í hvaða starfshlutfalli þeir hafa verið á hverjum tíma og því starfi sem þeir gegna við starfslok. Hafi þeir fyrr á iðgjaldagreiðslutíma sínum verið í hærra launuðu starfi en því sem þeir gegndu síðast eru lífeyrisgreiðslur reiknaðar samkvæmt því starfi, enda hafi viðkomandi gegnt því í a.m.k. í 10 ár. Eftir að taka lífeyris hefst taka lífeyrisgreiðslur síðan þeim breytingum, sem verða á launum fyrir viðmiðunarstarf.

Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að lífeyrisréttur í A-deild verði reiknaður eftir stigakerfi, þar sem réttindaávinningur ársins fari eftir fjárhæð iðgjalda á hverjum tíma. Eftir að taka lífeyris hefst er síðan lagt til að hann breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Samhliða þessari breytingu er lagt til að sjóðfélagar í A-deild greiði iðgjald af öllum launum alla starfsævi sína. Niðurfelling iðgjalda eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu verður því afnumin hjá deildinni.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ásamt rétti til barnalífeyris verði ákveðinn í lögum sjóðsins. Jafnframt er iðgjaldahluti launþega lögbundinn 4% samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar er lagt til að iðgjald launagreiðenda verði breytilegt og endurskoðað árlega. Samkvæmt frumvarpinu á iðgjald launagreiðenda á hverjum tíma að vera við það miðað að iðgjöld til sjóðsins dugi til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er lagt til að iðgjaldaprósenta launagreiðenda verði 11,5% af heildarlaunum sjóðfélaga á árinu 1997. Með greiðslu iðgjalda samkvæmt þessu hafa launagreiðendur þá staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á útreikningsreglum elli-, örorku- og makalífeyris hjá A-deildinni miðað við núgildandi lög sjóðsins. Að hluta til eru þessar breytingar til komnar vegna útreiknings samkvæmt stigakerfi, en að hluta til er um tilfærslu á milli einstakra tegunda lífeyris að ræða. Þannig má almennt segja að réttur til elli- og örorkulífeyris sé aukinn samkvæmt frumvarpinu, en á móti dregið úr makalífeyrisréttindum.

III. Helstu ástæður fyrir nauðsyn breytinga

Á undanförunum áratugum hafa orðið miklar breytingar á starfsemi lífeyrissjóða, ýmist í kjölfar lagasetningar um lífeyrismál eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum einstakra lífeyrissjóða. Mikil

breyting hefur einnig orðið hjá lífeyrissjóðnum í fjárhagslegum eignum og á starfsumhverfi. Þá hefur á síðustu árum verið tekinn upp sá háttur að gjaldfæra og skuldfæra lífeyrisskuldbindingar í reikningum opinberra aðila. Þrátt fyrir þetta hafa þó litlar breytingar verið gerðar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna á undanförunum árum.

Samkvæmt gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hvílir sú ábyrgð á launagreiðendum sem tryggt hafa starfsmenn sína í sjóðunum að endurgreiða lífeyrissjóðunum hluta af lífeyrisgreiðslum. Greiðsla launagreiðenda samkvæmt þessu fer eftir hækkunum, sem verða á lífeyrisgreiðslum og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eftir tekjum sem sjóðurinn hefur af skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkinu.

Vegna þessa hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði og öðrum launagreiðendum sem greitt hafa iðgjöld til þessara sjóða. Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 1995 voru skuldbindingar alls metnar vera 123 milljarðar króna ef miðað var við 2% ávöxtun umfram launahækkunar, en 102 milljarðar króna ef miðað var við 3% ávöxtun. Í efnahagsreikningi sjóðsins kemur hins vegar fram að bókfærðar eignir voru á sama tíma 22,2 milljarðar króna, en samkvæmt endurmati voru eignirnar 24,7 milljarðar króna.

Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna fyrir árið 1995 voru skuldbindingar sjóðsins metnar vera 13,4 milljarðar króna ef miðað var við 2% ávöxtun umfram launahækkunar, en 10,6 milljarðar króna ef miðað var við 3% ávöxtun. Samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins voru bókfærðar eignir á sama tíma 3,5 milljarðar króna, en samkvæmt endurmati voru eignirnar 4 milljarðar króna.

Við skoðun á þessum fjárhæðum eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna verður að taka tillit til þess að við mat á eignum sjóðsins hefur ekki verið tekið tillit til krafna sjóðsins á hendur launagreiðendum um að þeir endurgreiði lífeyrissjóðnum í framtíðinni hluta af lífeyrisgreiðslum. Þó svo launagreiðendur hafi á undanförunum árum í auknu mæli tekið upp þá reglu að bókfæra skuldbindingar sínar í ársreikningum, eins og t.d. er gert í ríkisreikningi, hafa fyrrnefndir lífeyrissjóðir ekki fært þessar kröfur til eignar í sínum reikningum.

Eins og að framan greinir fer greiðsla launagreiðenda á hverjum tíma vegna þessara skuldbindinga annars vegar eftir þeim hækkunum sem verða á lífeyrisgreiðslum og hins vegar eftir tekjum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkinu. Greiðsla launagreiðenda á hverju ári umfram iðgjaldagreiðslu fer því hvorki eftir raunverulegri þörf lífeyrissjóðanna fyrir fé til greiðslu lífeyris né heldur eftir þeim skuldbindingum sem myndast hjá sjóðunum á hverjum tíma.

Þær skuldbindingar, sem rætt er um hér að framan, hvíla að hluta til á ríkissjóði vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hjá A-hluta ríkisstofnunum, að hluta til hjá B-hluta ríkisstofnunum og að hluta til hjá ýmsum öðrum launagreiðendum sem fengið hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna samkvæmt heimild í lögum sjóðanna þar að lútandi. Meðal síðastgreindu launagreiðendanna má nefna rúmlega 50 sveitarfélög, nokkur samtök sveitarfélaga, stéttarfélög, líknarfélög, sjálfseignarstofnanir o.fl. Á öllum þessum launagreiðendum hvíla verulegar skuldbindingar gagnvart sjóðunum.

Þegar einstaklingur hefur unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda, sem greitt hefur iðgjald fyrir hann til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skiptist sú skuldbinding, sem til er stofnað, milli þessara launagreiðenda í tilteknum hlutföllum. Núverandi reglur um skiptingu skuldbindinga milli fleiri en eins launagreiðanda leiða oft til ósamngjarnrar niðurstöðu og hafa í för með sér óvissu um skuldbindingar hvers og eins ábyrgðaraðila.

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna hefur öðrum launagreiðendum en ríkissjóði, sem greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fjölgað verulega. Sú breyting undirstrikar því enn frekar nauðsyn þess að breyta reglum um ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum sjóðsins.

Þegar gerð hefur verið breyting á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hafa iðulega komið upp vandkvæði vegna gildandi reglna um útreikning lífeyris. Til dæmis komu þau berlega í ljós við verkaskipti sem urðu á árunum 1990 og 1991 samkvæmt lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og lögum nr. 75/1990, um breytingu á lögum nr. 59/1983,

um heilbrigðisþjónustu. Ýmsum spurningum, sem fram komu um lífeyrisréttindi starfsfólks við þau verkaskipti, er í raun enn ósvarað.

Samsvarandi vandamál hafa komið upp í tengslum við einkavæðingu og verkefnatilflutning til einkaaðila. Einstaklingar, sem skipta um starf, koma til starfa hjá ríkinu eða hefja starf hjá öðrum launagreiðanda eftir að hafa unnið hjá ríkinu, hafa einnig orðið fyrir óþægindum og tapað eða misst af réttindum.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna greiða einungis iðgjald af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónuuppbót og orlofsuppbót. Lífeyrisréttindi þeirra eru síðan einungis reiknuð af þessum launategundum. Skapar þetta ósamræmi milli sjóðfélaga í þessum sjóðum og sjóðfélaga í almennu sjóðunum, þar sem almennt eru greidd iðgjöld af öllum launum.

Þá hefur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins iðulega bent á nauðsyn þess að endurskoða ýmis ákvæði í lögum sjóðsins. Þessar ábendingar hafa verið gerðar vegna ýmissa örðugleika við framkvæmd á gildandi lögum. Einnig hefur stjórn sjóðsins bent á ýmis ákvæði í lögum sjóðsins, sem mættu vera skýrari.

Loks má benda á erfiðleika við túlkun á svokallaðri eftirmannsreglu. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna gildir sú regla að lífeyrisréttur sjóðfélaga er reiknaður sem tiltekinn hundradshluti af launum sem greidd eru fyrir það starf, sem sjóðfélagi gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris hefst fylgja lífeyrisgreiðslur þeim breytingum sem verða á launum fyrir þetta tiltekna starf. Lífeyrisgreiðslur breytast þannig í hlutfalli við breytingar á launum eftirmanna í starfi.

Þessi regla er mjög erfið í framkvæmd og í raun illfrankvæmanleg. Störf breytast og verkefni launagreiðenda breytast. Í mörgum tilfellum er því erfitt að segja til um hver sé eftirmaður viðkomandi lífeyrisþega. Þá er samkvæmt verklagsreglum lífeyrissjóðanna leitast við að láta lífeyrisgreiðslur fylgja launapróun hliðstæðra starfa. En slíkt mat verður alltaf erfitt í framkvæmd.

Verði gerðar breytingar á launakerfi opinberra starfsmanna eða fyrirkomulagi launagreiðslna er gert ráð fyrir að teknar verði upp viðræður við heildarsamtök starfsmanna í þeim tilgangi að breytingar á lífeyrisgreiðslum svari til breytinga á launum fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins samkvæmt frumvarpinu.

Hér að framan hefur verið minnst á helstu ástæður þess að nauðsynlegt er að breyta gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Nánar verður fjallað um þessi atriði og fleiri síðar í þessari greinargerð.

IV. Lagasetning

Með lögum nr. [51/1921](#) var settur á stofn lífeyrissjóður fyrir embættismenn og ekkjur þeirra. Lagasetning um eftirlaun embættismanna er þó talsvert eldri en frá 1921, en um miðja síðustu öld voru lögleidd á Íslandi lög um eftirlaun þeirra sem konungur hafði gert að embættismönnum og launaðir voru af sjóði ríkisins.

Lögin frá 1921 um Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra voru í gildi fram að gildistöku laga nr. [101/1943](#), en með þeim lögum var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Með lögnum frá 1943 var gerð veruleg breyting á lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins. Fyrir gildistöku laga nr. 101/1943 höfðu einungis þeir sem tóku laun eftir lögum um laun embættismanna greitt í Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra. Eftir lagabreytinguna varð aðild að sjóðnum mun viðtækari. Meginreglan varð þá að allir ríkisstarfsmenn, sem uppfylltu ákveðin ráðningarskilyrði, urðu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Með lögnum nr. 101/1943 var grunnur lagður að því lífeyrisréttindakerfi fyrir starfsmenn ríkisins sem nú er við lýði. Á næstu árum eftir gildistöku laganna frá 1943 voru gerðar ýmsar breytingar á lögnum, en næstu heildarlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins voru lög nr. [64/1955](#). Síðan voru sett ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. [29/1963](#), sem nú gilda þótt á þeim hafi verið gerðar ýmsar breytingar í gegnum árin.

Hjúkrunarkonur höfðu ekki aðild að lífeyrissjóði fyrr en með lögum nr. 103/1943, en í greinargerð með þeim lögum voru tilgreindar ýmsar ástæður fyrir því að heppilegra þótti að hafa sérstakan lífeyrissjóð fyrir hjúkrunarkonur heldur en að taka þær inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lögum þessum var breytt með lögum nr. 34/1955 og aftur voru sett ný lög um sjóðinn á árinu 1965. Núgildandi lög sjóðsins eru nr. 16/1965 og hafa þau nánast verið óbreytt frá setningu þeirra.

V. Tryggingafræðilegar forsendur

Við samningu þessa frumvarps voru tryggingafræðingar fengnir til að leggja mat á verðmæti réttinda samkvæmt núgildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og á verðmæti þeirra réttinda sem gert er ráð fyrir í A-deild sjóðsins. Við mat á heildarréttindum hins nýja kerfis og núverandi kerfis byggðu tryggingafræðingarnir á tilteknum forsendum sem notaðar voru við samanburð á kerfunum. Þannig var útreikningur miðaður við tryggingafræðilegar forsendur um lífslíkur, starfsorku og barneignalíkur, hlutfall sjóðfélaga í hjónabandi, skiptingu þeirra eftir aldri og kyni, aldursmun hjóna í sjóðnum, ávöxtun iðgjalda og þróun launa miðað við neysluverð og meðaltal yfirvinnugreiðslna.

Það var mat tryggingafræðinganna að verðmæti launa og lífeyris starfsmanna ríkisins væri sambærilegt í eldra kerfi og hinu nýja, ef árlegur ellilífeyrir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins næmi 1,9% af heildarlaunum starfsmannsins yfir starfsævina miðað við 65 ára ellilífeyrisaldur. Hefji starfsmaður tóku ellilífeyris á aldrinum 60 til 65 ára skerðist rétturinn um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á 65 ára aldurinn, en ef ellilífeyrir er tekinn á aldrinum frá 65 til 70 ára þá aukist réttindin sem áunnin voru við 65 ára aldurinn um 0,8% fyrir hvern mánuð sem tóku ellilífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn.

Í skýrslu tryggingafræðinganna er jafnframt bent á að sjóðfélagar í A-deild sjóðsins fái að meðaltali meiri lífeyrisréttindi en samkvæmt núgildandi lögum, enda greiði þeir í staðinn 4% iðgjald af heildarlaunum allan starfstímann í stað 4% af föstum launum fyrir dagvinnu í eldra kerfi og þá ekki alla starfsævi. Aukning lífeyrisréttinda í hinu nýja kerfi eigi því að samsvara þessum auknu iðgjaldagreiðslum starfsmanna.

Í skýrslu tryggingafræðinganna er síðan lagt mat á iðgjaldþörf A-deildar sjóðsins og hún áætluð 15,5% af heildarlaunum. Til frekari útskýringar á samanburði réttinda í núgildandi kerfi og fyrirhugaðri A-deild er vísað til skýrslu tryggingafræðinganna sem fylgir með þessu frumvarpi.

VI. Breytingar á greiðslum til sjóðanna

Þegar lagt er mat á breytingar á greiðslum til sjóðanna er rétt að skoða hvora deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir sig og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna sérstaklega. Jafnframt þarf að hafa í huga að fjárhagsleg áhrif breytinganna fyrir sjóðina eru ekki þau sömu og fyrir ríkið m.a. vegna þess að aðeins hluti sjóðfélaganna eru starfsmenn ríkisins.

B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Breytingar á greiðslum til þessarar deildar sjóðsins koma einkum fram í þremur atriðum:

1. Gera þarf ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að engir nýir sjóðfélagar munu hefja iðgjaldagreiðslur í stað þeirra sem hætta. Einnig þarf að gera ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að hluti sjóðfélaga mun færa sig úr B-deild sjóðsins í A-deild hans. Óvist er hversu margir munu færa sig á milli deildanna.
2. Áætlað er að niðurfelling 2. mgr. 25. gr. gildandi laga sjóðsins, sbr. 22. gr. frumvarpsins, auki innstreymi til sjóðsins um 750 m.kr. þegar sú breyting tekur gildi árið 1998. Eins og greint er frá í athugasemdum við 22. gr. hefur greiðsla þessi, og greiðsla samkvæmt næsta lið hér á eftir, fyrst og fremst áhrif varðandi það hvenær launagreiðendur fullnusta skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.
3. Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að launagreiðendur greiði 10% iðgjald til B-deildar sjóðsins, eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður vegna 32 ára eða 95 ára reglu. Gert er ráð fyrir að auknar greiðslur vegna þessa verði tæplega 100 m.kr. á árinu 1997.

A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Vegna þessarar deildar er rétt að skoða eftirfarandi atriði:

1. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að aðildarskilyrði að deildinni verði rýmkuð frá því sem nú er. Einstaklingar, sem áður greiddu til Söfnunarsjóðsins, munu eftir breytinguna greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áætla má að iðgjöld vegna þessara einstaklinga verði um 180 m.kr.
2. Reikna má með að u.þ.b. 1.700 nýráðnir einstaklingar hefji greiðslu til A-deildarinnar á árinu 1997. Iðgjöld vegna þeirra eru áætluð um 170 m.kr.
3. Stærsti óvissuþátturinn við mat á greiðslum til A-deildarinnar varðar það hversu margir munu flytja sig úr B-deild sjóðsins til A-deildar.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna. Vegna áhrifa á greiðslur til sjóðsins þarf að hafa tvö atriði sérstaklega í huga:

1. Gera þarf ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að engir nýir sjóðfélagar munu hefja iðgjaldagreiðslur í stað þeirra sem hætta. Einnig þarf að gera ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að hluti sjóðfélaga mun færa sig úr sjóðnum í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Óvíst er hversu margir munu færa sig frá sjóðnum til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
2. Í 51. gr. frumvarpsins er lagt til að launagreiðendur greiði 10% iðgjald til sjóðsins eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður. Gert er ráð fyrir að auknar greiðslur vegna þessa verði u.þ.b. 10 m.kr. á árinu 1997.

VII. Skipting frumvarpsins í kafla

Frumvarpi þessu er skipt í tvo kafla sem hér segir:

I. kafli skiptist í fjóra undirkafla og fjallar sá fyrsti um breytingu á þeim ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem varða skipulag hans, aðild að sjóðnum, ávöxtun fjármuna o.fl. atriði sem gilda fyrir báðar deildir sjóðsins.

Annar undirkaflinn fjallar um breytingar á ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins varðandi iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi, ábyrgð launagreiðenda o.fl. Samkvæmt frumvarpinu munu þessi ákvæði eingöngu gilda fyrir B-deild sjóðsins.

Í þriðja undirkaflanum eru ný ákvæði um iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi o.fl. ákvæði sem eingöngu gilda fyrir A-deild sjóðsins.

Í fjórða undirkaflanum eru ákvæði um gildistöku breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um lagaskil á milli eldri og nýrri réttindareglna hjá sjóðnum.

II. kafli fjallar um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Hann skiptist í tvo undirkafla.

Í síðari kaflanum eru ákvæði um gildistöku breytinga á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, um lagaskil milli eldri og nýrri réttindareglna hjá sjóðnum og um lagaskil milli réttindareglna hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.“

Úr nefndaráli

„Við samningu frumvarpsins er gengið út frá þeirri meginforsendu að kostnaður ríkissjóðs við hið nýja lífeyrskerfi verði jafnmikill og kostnaður við núverandi kerfi. Kostnaður af myndun lífeyrisskuldbindinga er nú færður sérstaklega til gjalda í ríkisreikningi, sbr. lög nr. [52/1966](#). Þessar skuldbindingar koma því ekki fram í fjárlögum hvers árs. Samkvæmt frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að gjöld ríkisins verði sýnd á rekstrargrunni á fjárlögum. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkisins munu því, ef fjárreiðufrumvarpið verður lögfest, koma fram á fjárlögum og hækka gjöld ríkissjóðs. Raunverulegur kostnaður ríkissjóðs af núverandi lífeyrskerfi mun því verða sýnilegur og iðgjaldþörf liggja fyrir á hverjum tíma. Það munu verða næstu verkefni í endurskipulagningu lífeyrismála ríkisins að ganga frá formlegum skilum ríkissjóðs til LSR vegna árlegrar myndunar skuldbindinga og áfallinna eldri skuldbindinga.

Nefndin fjallaði ítarlega um 3. gr. frumvarpsins með tilliti til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið þess efnis að 4. mgr. hennar kynni að opna fyrir víðtækari aðild að sjóðnum fyrir starfsmenn sem ekki eru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna en nú. Samkvæmt því sem fram hefur komið og upplýst hefur verið er megintilgangur 4. mgr. fyrst og fremst sá að tryggja ýmsum þeim áframhaldandi aðild að sjóðnum sem nú greiða til hans en eru ekki í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Er þar m.a. um að ræða ýmsa starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana sem hafa ákveðið að vera utan stéttarfélaganna og hafa á grundvelli ákvæða í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna selt það í hendur fjármálaráðherra að ákveða launakjör sín. Falla þeir því hvorki undir 1. né 3. mgr. 3. gr. Enn fremur er þessu ákvæði ætlað að taka til starfsmanna ýmissa aðila, hálfopinberra stofnana og samtaka, sem skv. 4. gr. nógildandi laga hafa fengið heimild til að vera í LSR. Núverandi starfsmönnum þessara aðila er tryggð áframhaldandi aðild að B-deild sjóðsins með 5. mgr. 4. gr. og þeir sem eru innan opinberu stéttarfélaganna eiga kost á aðild að A-deildinni skv. 3. mgr. 3. gr. Hluti starfsmanna þessara aðila er hins vegar utan opinberu stéttarfélaganna og ætti því ekki kost á að færa sig í A-deild sjóðsins.

Tilgangur ákvæðis 4. mgr. 3. gr. er þannig fyrst og fremst að tryggja sömu aðild að sjóðnum og áður var og koma í veg fyrir misræmi innan stofnana sem verið hafa aðilar að sjóðnum. Þær takmarkanir sem málsgreinin setur gera það að verkum að ekki á að vera hætt á að skörun verði á aðildarrétti gagnvart lífeyrissjóðum almennu stéttarfélaganna. Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. [55/1980](#), er félögum í þeim skylt að vera í lífeyrissjóði innan sinnar starfsstéttar. Útilokar málsgreinin þannig aðild að LSR fyrir einstaklinga úr stéttarfélögum með lögbundna lífeyrissjóðsaðild. Þá áskilur greinin samþykki viðkomandi launagreiðanda. Má því telja ljóst að málsgrein þessi breytir ekki núverandi aðildarrétti að neinu marki.

Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.“

Brottfallnar greinar úr lögum nr. [29/1963](#) samkvæmt lögum nr. [141/1996](#)

1. Ákvæði 10. og 12. gr. laga nr. [141/1996](#)

Ákvæði 10. gr.

„8. gr. laganna fellur brott.“

Ákvæði 12. gr.

„18., 21., 23. og 24. gr. laganna falla brott.“

12. gr. breytt í meðförum þingsins:

„Við 12. gr. Í stað 18., 21., 23. og 24. gr. laganna falla brott" komi: 18., 21., 23., 24. og 26. gr. laganna falla brott ásamt [lögum nr. 156/1995](#), um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.“

2. Brottfeldar greinar laga nr. [29/1963](#)

8. gr.

„[Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparissjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.1)
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupúnum.]2)

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.“

1) Nú [L. 43/1993](#).²⁾ [L. 28/1978](#), 1. gr.

2) Úr [greinargerð](#) með lögum nr. 28/1978:

„Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin.

Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn að lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. [101/1970](#), um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til búðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ - og enn fremur: „Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.“

Misræmið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjármálaráðuneytisins um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er viki fyrir lánnum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánnum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð skv. ákvæðum e-liðar 15. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Með lögum nr. [59/1973](#) átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í ll. gr. laga þessara segir:

"Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 26/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga."

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. [59/1973](#) tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. janúar 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu í fasteign innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjármálaráðuneytinu, að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni. Lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfis láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparissjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóða hafa 60-65% mörk, t. d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofan sögðu að binda veðtrygginguna við 50 hundraðshluta af brunabótamati. Lagt er hér til að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.

Félagsmálanefnd Nd. hefur samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna með breytingu sem er samhljóða því frv. sem hér er flutt.

Í erindi fjármálaráðuneytisins kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar þegar um nýbyggingar er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum. er að lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur ráðuneytið til að veðtryggingar ákvæði verði samhljóða í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starfsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvenna.

Flytja flutningsmenn þessa frumvarps því tvö önnur frumvörp til sjálfsagðrar samræmingar og er lagt til í þeim að veðtryggingarákvæðin verði samhljóða þeim sem félagsmálanefnd Nd. leggur til að verði í lögum um lífeyrissjóð sjómanna.“

18. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. [51 27. júní 1921](#), öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. [51 27. júní 1921](#), öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. [51 1921](#), ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirætlum stjórnar sjóðsins.“

Ákvæði 17. gr. laga nr. [64/1955](#)

„Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. [51 27. júní 1921](#), öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Tryggingasjóður almannatrygginga endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkvæmt þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.“

Ákvæði 18. gr. laga nr. [101/1943](#)

„Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. [51 27. júní 1921](#), öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

[Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Lífeyrissjóður Íslands endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkvæmt þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil]2)“

2) L. 40/1945.

21. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja með reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.“

Samhljóða ákvæði í 21. gr. laga nr. [64/1955](#) og laga nr. [101/1943](#)

23. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum.1)“

1) Um eldri lög, nr. [64/1955](#), vísast til *Lagasafns 1990, d. 164–170.*

24. gr. laga nr. [29/1963](#)

„Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum. Þó skulu sjálfseignarstofnanir, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, greiða þennan mismun fyrir þá lífeyrisþega, er verið hafa þeirra starfsmenn.“

26. gr. laga nr. [29/1963](#)

Sjá l. [29/1963](#).

Viðauki I

Athugasemdir við lagafrumvörp um breytingu á lögum nr. 1/1997

Breytt með l. 142/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), l. 84/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), l. 41/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 43/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 141/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), l. 142/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004), l. 136/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006), l. 167/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 62/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007), l. 12/2009 (tóku gildi 25. apríl 2009), l. 48/2010 (tóku gildi 9. júní 2010) og l. 154/2010 (tóku gildi 29. desember 2010)..

Lög nr. 142/1997 um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga

[13.](#), [33.](#) og [34.](#) gr.

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Efni frumvarps þessa er tvíþætt. Annars vegar er tilgangur þess að gera launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga kleift að gera upp skuldbindingar sínar við sjóðina með því að greiða áfallnar skuldbindingar með skuldabréfum og að greiða viðbótariðgjöld til lúkningar á þeim skuldbindingum sem falla til ár hvert. Hins vegar er tilgangurinn að ryðja því braut að ríkisstofnanir greiði iðgjöld til B-deildar LSR og LH sem nálgast það að vera hin sömu og greitt væri af launum þeirra sem tryggðir eru í A-deild LSR. Með því næst sá árangur að gjaldfærður launakostnaður hverrar stofnunar er nær því að gefa rétta mynd en nú er og að eytt er því misræmi sem ella yrði á milli stofnana eftir því hvort starfsmenn eru að meira eða minna leyti í A-deild LSR.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er á sérstökum fjárlagaliðum gert ráð fyrir fé annars vegar um einum milljarði króna til að mæta kostnaði sem fylgir auknum greiðslum launagreiðenda vegna þeirra starfsmanna sem eru í A-deild LSR og hins vegar um 1,5 milljarði króna til að greiða lífeyrishækkanir. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að auknar iðgjaldagreiðslur ríkisstofnana komi til frádráttar á endurgreiðslum vegna lífeyrishækkana mun frumvarpið, ef samþykkt verður, ekki leiða til aukinna útgjalda. Breytingin, ásamt því að starfsmenn hafa að hluta til fært sig yfir í A-deild LSR, kallar á það að fjárveitingar verði færðar af framangreindum liðum yfir á fjárlagaliði einstakra stofnana.

Í lögum um LSR er heimild til handa sjóðnum að taka við skuldabréfum til uppgjors á áföllnum skuldbindingum launagreiðenda annarra en ríkisins. Hefur ákvæði þetta þegar verið notað til að gera upp skuldbindingar Pósts og síma hf. og Skýrr hf. og í undirbúningi er uppgjör vegna Sementsverksmiðjunnar hf. Uppgjör skuldbindinga þeirra stofnana sem ætlað er að starfa sem hlutafélög er nauðsynlegt. Það er jafnframt æskilegt fyrir aðrar stofnanir, einkum þær sem ætlað er að standa undir kostnaði við starfsemi sína að öllu eða verulegu leyti með eigin aflafé. Uppgjör með þeim hætti sem gert var mögulegt með lagabreytingu í lok síðasta árs hefur reynst vel. Með frumvarpinu er lagt til að þessi heimild verði víkkuð og verði ekki lengur takmörkuð við aðra launagreiðendur en ríkið. Er einkum litið til þess að með þeirri breytingu verði unnt að gera upp skuldbindingar B-hluta stofnana og fyrirtækja.

Framangreind heimild er miðuð við uppgjör áfallinna skuldbindinga. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir heimild til að semja um að launagreiðendur geti losnað undan nýmyndun skuldbindinga með því að greiða viðbótariðgjald til sjóðanna. Auk þess að losna þannig undan óvissum skuldbindingum mun það leiða til þess að litlu skiptir fyrir þá í greiðslum hverju sinni hvort starfsmenn eru í A-deild LSR eða í eldra tryggingakerfi sjóðanna þar sem gera má ráð fyrir að heildariðgjöldin verði svipuð í báðum tilvikum. Rétt þykir hins vegar að lögbinda ekki viðbótariðgjaldið en gert er ráð fyrir að um það verði samið hverju sinni á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar eins og þegar áfallnar skuldbindingar eru gerðar upp.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Efni frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar er tilgangur þess að gera launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga kleift að gera upp skuldbindingar sínar við sjóðina með því að greiða áfallnar skuldbindingar með skuldabréfum og greiða viðbótariðgjöld til lúkningar á þeim skuldbindingum sem falla til ár hvert. Hins vegar er tilgangurinn að ryðja því braut að ríkisstofnanir greiði iðgjöld til B-deildar LSR og LH sem nálgast það að vera hin sömu og greidd væru af launum þeirra sem tryggðir eru í A-deild LSR.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

7. Lagt er til að við frumvarpið bæstist ný grein, 1. gr., er breyti 1. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingin felur það í sér að stofn til ið

gjalds til A-deildar sjóðsins verði hinn sami og gert er ráð fyrir í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

8. Lögð er til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins, er verði 2. gr., og 3. gr., er verði 4. gr., að launagreiðendum, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, verði gert kleift að gera upp skuldbindingar sínar með skuldabréfum. Þessi möguleiki hefur hingað til eingöngu verið til staðar fyrir aðra en ríkið og ríkisstofnanir. Er þetta sérstaklega æskileg breyting vegna ríkisstofnana með sjálfstæðan fjárhag sem að öllu eða mestu leyti eru reknar fyrir sjálfsaflafé. Enn fremur verður þessum aðilum gert mögulegt að greiða fast iðgjald frá því að uppgjör fer fram þannig að ekki verði um frekari uppsöfnun skuldbindinga að ræða. Yrði iðgjald þetta miðað við tryggingafræðilegar forsendur með sama hætti og uppgjör á skuldbindingunum. Þessi breyting hefur engin áhrif á þá ábyrgð sem ríkissjóð ur ber á greiðslu lífeyris skv. 32. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og bak ábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda skv. 18. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Þá er lögð til sú breyting að þeim launagreiðendum sem óska eftir að greiða reglu bundið og mánaðarlega hærra framlag til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga upp í þær kröfur sem myndast vegna uppbóta á líf eyri verði gert kleift að gera það með því að greiða sama iðgjald vegna þeirra sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og þeirra sem eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með því verður aðild að þessum deildum hlutlaus að því er varðar greiðslur og greiðsluáætlanir vegna launa og launatengdra gjalda.“

Lög nr. 84/1998 um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit

[7.](#) gr. (Fjármálaeftirlit)

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í því eru fyrst og fremst lagðar til breytingar á hugtakanotkun til samræmis við þá nýju skipan sem gert er ráð fyrir í því frumvarpi. Jafnframt eru gerðar breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi sem lúta að skipan mála að því er Váttryggingaeftirlitið varðar. Nefna má að lagt er til að ákvæði þeirra laga um neytendamáladeild verði felld úr gildi, þar sem ekki er talið eðlilegt að við Fjármálaeftirlitið starfi neytendamáladeild sem aðeins fjalli um váttryggingamál. Unnt verður að kveða á um starfsemi slíkrar deildar í reglugerð um starfsemi Fjármálaeftirlits. Frumvarpið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. máli. Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á hugtakanotkun í samræmi við þá nýju skipan að stofnað verði sérstakt Fjármálaeftirlit í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Váttryggingaeftirlitsins. Hins vegar er lagt til að ákvæði um neytendamáladeild í lögum um váttryggingastarfsemi verði felld úr gildi þar sem ekki er talið eðlilegt að við Fjármálaeftirlitið starfi neytendamáladeild sem aðeins fjalli um váttryggingamál. Í stað þess verður unnt að kveða á um starfsemi slíkrar deildar í reglugerð um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.“

Lög nr. 41/2002 um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

[39.](#), [40.](#) gr. og nýtt ákvæði til bráðabirgða (Lögreglumenn).

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði upp sérákvæði um útreikning á lífeyri lögreglumanna. Er það í samræmi við yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna frá 13. júlí 2001. Í yfirlýsingunni segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að ákvæðum lögregluglaga, nr. [90/1996](#), verði breytt þannig að lögreglumenn verði leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Jafnframt kemur fram í yfirlýsingunni að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á ákvæðum laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að lífeyrir verði reiknaður eins og viðkomandi hefði starfað til 70 ára aldurs. Samhliða frumvarpi þessu mun dómsmálaráðherra einnig leggja fram [frumvarp til laga um breyting](#) á lögreglugögum, nr. 90 13. júní 1996, vegna styttingar á starfsaldri lögreglumanna.“

Úr [nefndaráli](#)ti:

„Frumvarpið er lagt fram í tengslum við kjarasamninga sem lögreglumenn gerðu í júlí árið 2001, en þá undirrituðu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra yfirlýsingu þar sem fram kom að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að bætt yrði í lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ákvæði um að lögreglumönnum sem leystir væru frá embætti 65 ára skyldi reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs.

Nefndin vekur athygli á að aðrar stéttir en lögreglumenn telja sig eiga rétt á að hljóta sömu kjör og lögreglumönnum eru tryggð með kjarasamningum og frumvarpi því sem hér er til meðferðar og bendir á að búast megi við kröfum stétta á borð við fangaverði, tollverði og flugumferðarstjóra um sömu réttindi á næstu árum. Nefndin gerir sér grein fyrir því að á næstu árum kunna að verða gerðir kjarasamningar við aðra hópa opinberra starfsmanna sem kveða á um breytt lífeyrisréttindi.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að lögreglumönnum verði veittur lengri frestur en frumvarpið gerir ráð fyrir til að ákveða hvort þeir nýti sér nýjar reglur frumvarpsins eða eldri reglur um starfslok, eða til 1. maí 2003 í stað 1. október 2002 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.“

Lög nr. 43/2002 um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

[5.](#), [23.](#), [24.](#), [27.](#), [29.](#) og [35.](#) gr.

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögnum sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) hefur óskað eftir að gerðar verði. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að í settum lögum um sjóðinn sé ótvíræð lagaheimild fyrir þeirri framkvæmd stjórnar LSR að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sömu laun eru ekki tæk til viðmiðunar við greiðslu á iðgjöldum til sjóðsins, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem taka á því hvenær barna- og makalífeyrisréttur úr sjóðnum verður virkur og í tengslum við það hvernig meðhöndla beri iðgjaldagreiðslur til sjóðsins sem eru til komnar eftir andlát sjóðfélaga. Jafnframt er lögð til breyting á 2. mgr. 5. gr. laganna en um hana vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Aðalmarkmið frumvarpsins er að lögfesta ákvæði um þau viðmið sem stjórn sjóðsins hefur haft varðandi ákvörðun um laun til greiðslu lífeyris þegar sömu laun eru ekki samanburðarhæf við greiðslu iðgjalda til sjóðsins og varðandi það hvenær barna- og makalífeyrisréttur sjóðfélaga verður virkur, en dregið hefur verið í efa að fullnægjandi lagastoð hafi verið fyrir þeirri framkvæmd sem hefur tíðkast.

Nefndin bendir á að í athugasemdum við frumvarpið segir í umfjöllun um 1. gr. að algengt sé að kennarar taki sér launalaust leyfi sem vari í tólf mánuði og telur eðlilegra að orða setninguna á þann veg að algengt sé að kennarar láti tímabundið af störfum í tólf mánuði.“

Lög nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara

[9.](#) og [10.](#) mgr. [24.](#) gr. (Fallá brott).

Úr [greinargerð](#):

Greinargerð

„Með frumvarpi þessu er steipt saman í einn bálk lagaákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómvalds. Jafnframt er gerð sú grundvallarbreyting að eftirlaunagreiðslur fyrir þessi æðstu störf í þjóðfélaginu komi beint úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og verið hefur. Samhliða eru svo gerðar nokkrar lagfæringar og sett nýmæli um þessi réttindi, auk þess sem iðgjaldahlutfallið er hækkað.

Um eftirlaun forseta Íslands eru ákvæði í lögum frá 1990, lögum um laun forseta Íslands. Sérstök lög gilda nú um eftirlaun alþingismanna og ráðherra, að stofni til frá 1965, en þeim var breytt allnokkuð 1982. Engin sérstök lagaákvæði eru um eftirlaun hæstaréttardómara, en þó er að þeim vikið í 31. gr. dómstólalaga, nr. 15/1998.

Þegar gerðar voru breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna með lögum nr. 141/1996 (endurútfegin sem lög nr. 1/1997) komu fram hugmyndir um að breyta ætti jafnframt lífeyrisréttindum alþingismanna og ráðherra. Töldu þá margir að rétt væri að gera samsvarandi breytingar á eftirlaunarétti alþingismanna og ráðherra og er að finna í nýrri A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ljóst er að alþingisma- og ráðherradeildir innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins standa ekki undir þeim skuldbindingum sem þær bera með núverandi iðgjaldafyrirkomulagi. Virðist ekki gerlegt að gera þar breytingu á nema með miklu framlagi ríkissjóðs og stórhækkuðu iðgjaldahlutfalli. Raunar er vafasamt að tala um „deildirnar“ sem sérstaka lífeyris- eða eftirlaunasjóði heldur er hér í raun og veru um hreint gegnumstreymi úr ríkissjóði að ræða. Því hefur það sjónarmið verið lagt til grundvallar í frumvarpi þessu að falla frá sjóðmyndun um eftirlaunaskuldbindingar fyrir alþingismenn og ráðherra, svo og aðra sem lög þessi taka til, en taka þess í stað upp gegnumstreymiskerfi. Slíkt kerfi gildir nú um forseta Íslands og einnig hæstaréttardómara. Því þykir fara vel á því að fella saman í einn lagabálk eftirlaunakerfi fyrir þessa æðstu handhafa ríkisvalds, forseta, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara.

Breytingin byggist á því að árlegar greiðslur eftirlauna komi úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunadeildir alþingismanna og ráðherra innan LSR verði lagðar niður og árlegar greiðslur til fyrrverandi alþingismanna og ráðherra, sem komið hafa úr þeim sjóði, færðar yfir á ríkissjóð. Forseti Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómarar greiði af launum sínum eins og aðrir launþegar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og myndi þar almennan lífeyrisrétt samkvæmt lögum um sjóðinn og koma greiðslur samkvæmt þeim lögum til frádráttar greiðslum ríkissjóðs.

Í ljósi þess að réttur samkvæmt frumvarpinu til lífeyrisgreiðslna er nokkru betri en almennt tíðkast er iðgjaldahlutfallið hækkað frá því sem nú er, úr 4% af föstum launum í 5% af heildarlaunum.

Samhliða þessari skipulagsbreytingu á greiðslu eftirlauna eru gerðar nokkrar lagfæringar á eftirlaunaréttindum, m.a. til einföldunar. Slíkar efnisbreytingar er þessar helstar:

- Réttindaávinnsla alþingismanna verður jöfn á hverju þingári, 3%, en ekki breytileg frá 1,7% upp í 5% eins og nú er. Hámark, 70%, er óbreytt.
- Réttindaávinnsla ráðherra er óbreytt, 6% á hverju ári í embætti, en hámark er fært til samræmis við rétt þingmanna, þ.e. í 70%, í stað 50% eins og nú er.
- Almennur lífeyrisaldur fyrir alþingismenn, ráðherra og hæstaréttardómara er óbreyttur, 65 ár. Sérregla hefur gilt um alþingismenn sem eru að hætta á þingi, þ.e. 61 árs aldur. Það aldursmark er lækkað um eitt ár og látið gilda líka um ráðherra sem þá láta af störfum.
- Hin svokallaða „95-ára-regla“ fyrir alþingismenn er afnumin enda hefur hún lítið gildi eftir þær breytingar sem frumvarpið kveður á um.
- Myndaður er sérstakur réttur fyrir alþingismenn og ráðherra, sem gegnt hafa forustuhlutverki í stjórnmálum um langan tíma, til að hverfa af vettvangi þjóðmála og fara á eftirlaun fyrr en annars er heimilt í stað þess að leita sér starfs á vinnumarkaði. Eru mörkin sett við alþingismenn sem setið hafa 16 ár hið minnsta á Alþingi og ráðherra sem gegnt hafa embætti í a.m.k. sex ár. Ljóst er að um tiltölulega fáa einstaklinga er að ræða miðað við þann fjölda sem

nýtur lífeyrisgreiðslna. Jafnframt eru sett ákvæði sem skerða þessar greiðslur fram að 65 ára aldri ef sá sem þeirra nýtur tekur við öðru starfi. Er m.a. haft í huga að þessi skipan mála geti auðveldað eðlilega endurnýjun í stjórnámum og dregið úr þeirri tilhneigingu að fyrrverandi forustumenn á þeim vettvangi sæki í embætti í stjórnkerfinu til þess að ljúka starfsferli á viðunandi hátt.

- f. Sett eru sérákvæði um eftirlaun forsætisráðherra. Réttindaávinnsla og hlutfall verður hið sama og hjá forseta Íslands en fyrirkomulag eftirlaunaréttarins verður að öðru leyti svipað og hjá öðrum ráðherrum.
- g. Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, í því skyni að jafna aðstöðu formanna stjórnmalaflokkanna þannig að þeir formenn, sem ekki eru jafnframt ráðherrar, hafi álag á þingfararkaup, 50%. Ráðherralaun, sem leggjast við þingfararkaup, eru tæp 80% af þingfararkaupinu. Formenn þingflokka, varaforsetar Alþingis og formenn þingnefnda fá nú samkvæmt gildandi lögum 15% álag á þingfararkaupið, en samkvæmt frumvarpinu hækkar það í 20%.
- h. Sett eru almenn ákvæði um eftirlaunarétt hæstaréttardómara. Þau fela m.a. í sér rétt fyrir dómara, sem gegnt hafa störfum í Hæstarétti í a.m.k. tólf ár, til að komast á eftirlaun nokkru fyrr en áður hefur verið tíðkað. Flestir dómara Hæstaréttar hafa fram að þessu setið í dómnum fram yfir 65 ára aldur og hafa þá fengið laun frá störfum „án óskar“ eins og það er orðað í dómstólalögum og haldið fullum embættislaunum til æviloka samkvæmt túlkun á 61. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessu frumvarpi er ekki hróflað við þeirri framkvæmd heldur tekur það til þeirra dómara sem ekki njóta hennar.

Eftirlaunaréttur þeirra sem lög þessi taka til, forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, er nú rýmri en almennt tíðkast. Á það sér þá skýringu að þetta eru æðstu opinber embætti og störf í þjóðfélaginu og vandasöm eftir því. Forseti Íslands og alþingismenn þiggja umboð sitt til starfa beint frá þjóðinni í almennum kosningum og sækja endurnýjun þess á a.m.k. fjögurra ára fresti. Sama gildir í raun og veru um ráðherra. Það er því lýðræðisleg nauðsyn að svo sé búið að þessum embættum og störfum að það hvetji til þátttöku í stjórnámum og að þeir sem verja meginhluta starfsævi sinnar til stjórnmalastarfa á opinberum vettvangi og gegna þar trúnaðar- og forustustörfum geti dregið sig í hlé og vikið fyrir yngra fólki án þess að hætta fjárhagslegri afkomu sinni. Það er líka mikilsvert í lýðræðisþjóðfélagi að ungt efnisfólk gefi kost á sér til stjórnmalastarfa og þurfi ekki að tefla hag sínum í tvísýnu með því þótt um tíma þjóðist betur launuð störf á vinnumarkaði. Á þessum sjónarmiðum er það fyrirkomulag lífeyrisréttinda stjórnmalamanna byggt sem nú er í gildi. Svo virðist sem starfstími manna í stjórnámum sé að styttest eftir því sem samfélagið verður opnara og margþættara og fjölmiðlun meiri og skarpari. Við því er eðlilegt að bregðast, m.a. með því gera þeim sem lengi hafa verið í forustustörfum í stjórnámum kleift að hverfa af vettvangi með samilega örugga afkomu og án þess að þeir þurfi að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Frumvarp þetta er að nokkru leyti byggt á því fyrirkomulagi sem viðhaft er í nágrannalöndum, þeim ríkjum sem næst okkur standa að stjórnmalahæfðum og stjórnskipan. Á það einkum við um möguleika stjórnmalamanna til að hverfa af þingi eða úr ríkisstjórn eftir langan feril. Skipan eftirlaunamála stjórnmalamanna er þó mismunandi í þessum löndum. Í Svíþjóð og Noregi ná þingmenn t.d. fullum réttindum eftir tólf ára þingsetu (þrjú kjörtímabil), ráðherrar eftir sex ár. Aðallega er þó höfð hliðsjón af því skipulagi sem gildir í Þýskalandi. Almennt aldursmark eftirlauna þingmanna þar er 65 ár en lækkar um þann tíma sem þingseta er umfram átta ár en verður þó aldrei lægra en 55 ár. Ráðherrar, sem setið hafa a.m.k. þrjú ár, geta lækkað útgreiðsluár eftirlauna niður í 55 ár.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds og LSR voru eftirlaunagreiðslur til þeirra sem falla undir ákvæði þessa frumvarps um 300 millj. kr. á árinu 2002. Skiptust þær þannig að til fyrrverandi forseta og maka forseta voru greiddar 21,6 millj. kr., til fyrrverandi ráðherra 30 millj. kr., til fyrrverandi alþingismanna 196 millj. kr. og til fyrrverandi hæstaréttardómara 52,4 millj. kr. Greiðslum til fyrrverandi ráðherra og alþingismanna úr LSR var mætt með jafnháu framlagi úr ríkissjóði en iðgjöld voru notuð til eignamyndunar. Ljóst er því að engin breyting verður á greiðslum úr ríkissjóði við þá breytingu sem frumvarpið felur í sér. Framlag ríkissjóðs til LSR lækkar sem nemur þeim greiðslum sem nú munu falla beint á ríkissjóð. Breytingar sem í frumvarpinu felast munu því koma fram á löngum tíma.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Frumvarpinu er ætlað að steypa saman í einn lagabálk ákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, þ.e. framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að eftirlaun verði framvegis greidd beint úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og verið hefur. Iðgjaldahlutfall þeirra sem eiga rétt á eftirlaunum

samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er hækkað úr 4% af föstum launum í 5% af heildarlaunum. Þetta er gert í ljósi þess að réttur til lífeyrisgreiðslna samkvæmt frumvarpinu er nokkru betri en almennt gerist.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lögfest verði ákvæði þess efnis að eftir að þeir sem löginn taka til hafa náð fullum réttindum samkvæmt þeim falli niður skylda þeirra til greiðslu iðgjalda. Þá er lögð til smávægileg breyting á orðalagi 2. mgr. 1. gr.
2. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæði 10. gr. sem kveður á um að réttur til greiðslna úr ríkissjóði falli niður ef þingsetu lýkur fyrir 40 ára aldur.
3. Gerð er tillaga um breytingu á 14. gr. til þess að hnykkja á því að varaþingmenn skuli greiða 5% af launum sínum fyrir þingsetuna til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þar sem fleiri launaliðir en þingfararkaup geta talist til heildarlauna varaþingmanns.
4. Lögð er til sú leiðrétting á 15. gr. að fellt verði niður ákvæði um makalífeyri í 5. mgr. þar sem hvergi er vísað til hans annars staðar í greininni.
5. Þá eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 22. gr. Annars vegar er lögð til orðalagsbreyting til að hnykkja á efnisatriði greinarinnar um að sá sem hefur öðlast rétt samkvæmt eldri lögum geti tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim. Hins vegar er lagt til að almennum lagaskilareglum verði beitt um ákvæði frumvarpsins og því er gerð tillaga um að lokamálsliður 1. mgr., þess efnis að eldri lög geti ekki gilt um alþingismenn sem voru kosnir til Alþingis í fyrsta sinn 10. maí 2003, verði felldur brott.
6. Loks er lagt til að gerðar verði breytingar á 23. gr. þess efnis að ekki verði hróflað við álagi varaforseta Alþingis, formanna þingnefnda og formanna þingflokka að þessu sinni þannig að það verði áfram 15%. Þá er lagt til að sömu reglur gildi um þá alþingismenn sem eru formenn stjórn málaflokka sem hafa hlotið a.m.k. þrjá þingmenn kjörna, og eru ekki jafnframt ráðherrar, og formenn þingnefnda, þingflokka, sérnefnda og varaformenn fastanefnda þess efnis að enginn geti fengið nema eina álagsgreiðslu samkvæmt ákvæðum þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að tekið verði til athugunar hvort gera skuli breytingar á lögum um Kjaradóm þannig að hann geti framvegis ákvarðað álag á þingfararkaup í stað þess að sú ákvörðun sé í höndum þingmanna sjálfra. Meiri hlutinn telur eðlilegt í ljósi þess að Kjaradómur ákveður samkvæmt gildandi lögum þingfararkaup ákveði hann einnig kjör þingmanna í heild sinni. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að skoða þurfi sérstaklega hverjir eigi að fá slíkt álag greitt og hvort greiða skuli álagsgreiðslur til einstakra alþingismanna fyrir að sinna fleiri trúnaðarstörfum en einu fyrir stjórn málaflokk hverju sinni.“

L. [142/2003](#)

Lög nr. 142/2003 um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum

[16.](#), [24.](#), [26.](#) og [28.](#) gr. (Trúnaðarlæknir sjóðsins).

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að í hans stað muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að umrædd ákvæði verði felld niður. Sú ráðstöfun að fela trúnaðarlækni sjóðsins matið er í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Með frumvarpinu er lagt til að trúnaðarlæknir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins meti orkutap sjóðfélaga í stað tryggingayfirlæknis. Með breytingunni er framkvæmd þessa mats færð til samræmis við það sem tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.“

Lög nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélag

Nýtt [ákvæði til bráðabirgða](#) (Starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga).

Úr [geinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sameign allra sveitarfélaga á Íslandi samkvæmt lögnum, en starfar undir yfirumsjón ríkissjórnarinnar. Lögin eru að stofni til frá 1966 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan þá. Megintilgangur laganna er að stuðla að því að íslensk sveitarfélög geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma. Með fyrirhuguðum breytingum er ekki um breytingu að ræða á því markmiði. Hins vegar eru lögin um lánasjóðinn að mörgu leyti úr sér gengin vegna breytinga á hinu fjármálalega umhverfi og þróunar sveitarfélaganna og kominn tími til að endurskoða þau.

Markmiðið með breytingum á lagaumhverfi lánasjóðsins nú er að laga rekstur hans að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem fært er, meðal annars með niðurfellingu á ákvæðum um árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og árlegt framlag úr ríkissjóði til lánasjóðsins. Eiginfjárstaða hans er sterk og er ekki talin þörf á slíkum framlögum til að tryggja megintilgang laganna.

Í tengslum við niðurfellingu þessara framlaga er gert ráð fyrir að verulega dragi úr afskiptum ríkisins af rekstri lánasjóðsins og ábyrgð á stjórn hans og rekstri færist til sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir því að lánasjóðurinn starfi í framtíðinni sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sé ekki á annan veg mælt í sérlægum um hann. Verði frumvarp þetta að lögum mun lánasjóðurinn því starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og á grundvelli starfsleyfis þess, en svo er ekki nú. Í lögum um fjármálafyrirtæki er að finna ákvæði sem kveða nánar á um rekstur og stjórn fjármálafyrirtækja þannig að með því að láta lánasjóðinn starfa eftir þeim hverfur þörfin á nákvæmum fyrirmælum um stjórn hans og rekstur í sérlægum um hann.

Með því að færa æðsta vald í málefnum lánasjóðsins til sveitarfélaganna og jafnframt láta hann starfa samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má því einfalda lögin um lánasjóðinn verulega.

Því er lagt til að fjölmörg ákvæði gildandi laga, sem kveða í smáatriðum á um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi lánasjóðsins, falli brott. Eðlilegra er að slík ákvæði verði sett í samþykktum lánasjóðsins og starfsreglum sem stjórn hans setur og þá í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög eftir því sem við getur átt. Um er að ræða niðurfellingu eftirfarandi greina gildandi laga:

- * 3. og 4. gr. sem fjalla um stjórn lánasjóðsins, en um hana koma ákvæði í samþykktum hans.
- * 5. gr. sem fjallar meðal annars um framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði.
- * 6. gr. sem fjallar um fjármögnun lánasjóðsins og eiginfjárlutfall. Í staðinn er gert ráð fyrir að sjóðurinn falli undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og um hann gildi ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur sett á grundvelli þeirra laga, meðal annars um eiginfjárlutfall og skyldu til að koma upp eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína.
- * 7.–12. gr. sem fjalla um skilyrði útlána úr lánasjóðnum. Tilgangurinn með niðurfellingu þessara ákvæða er að færa ábyrgð á útlánareglum lánasjóðsins frá ríkisvaldinu og í hendur eigendafundar og stjórnar, en ekki að fella þær niður. Í frumvarpinu er stjórn lánasjóðsins gert að setja útlánareglur sem kveða nánar á um skilyrði lánveitinga úr sjóðnum. Í 3. mgr. 12. gr. gildandi laga er að finna undanþáguákvæði varðandi stimpilgjöld af skuldabréfum fyrir lánnum sem lánasjóðurinn tekur og veitir. Ákvæði þetta er tekið óbreytt upp í frumvarp þetta, sbr. 9. gr. Skuldaviðurkenningar lánasjóðsins sjálfis sem fjármálafyrirtækis eru reyndar stimpilgjaldsfrjálsar samkvæmt öðrum lögum.
- * 13. gr. sem fjallar um heimild til ráðherra til að greiða vanskil af lánnum sveitarfélags af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga er að finna heimild fyrir sveitarfélög til að veita lánasjóðnum tryggingar í tekjum sínum sem er nýrri en áður nefnt ákvæði 13. gr. Þar sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga teljast til tekna sveitarfélaga er þetta sérákvæði því óþarft í framtíðinni. Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lánasjóðurinn geti, auk beinna lána til sveitarfélaga, einnig

lánað stofnunum og félögum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda. Þar sem áður nefnd heimild í sveitarstjórnarlögum tekur einungis til lána sveitarfélaganna sjálfra er nauðsynlegt að breyta því ákvæði til að það geti einnig tekið til ábyrgða sveitarfélags sem það hefur gengist í vegna lántöku stofnunar eða félags í þess eigu, en um það vísast nánar til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

- * 14. gr. um varðveislu sjóða sveitarfélaga, enda er nægt þjónustuframboð á markaði hvað þessa starfsemi varðar nú og hún hefur aldrei verið stunduð af lánasjóðnum.
- * 16. gr. um setningu reglugerðar enda eiga samþykktir lánasjóðsins að koma í stað reglugerðar samkvæmt frumvarpinu.

Með brottfalli framangreindra ákvæða standa eftir 1., 2. og 15. gr. gildandi laga. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að ákvæðum þessara greina verði breytt og er gerð grein fyrir þeim breytingartillögum í athugasemdum við einstakar greinar. Þá er ákvæði 3. mgr. 12. gr. núgildandi tekið óbreytt upp í 9. gr. frumvarpsins.

Ein mikilvægasta breytingin á starfsemi lánasjóðsins er brottfall 5. gr. gildandi laga. Með þeirri breytingu eru felld niður árleg framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði. Er þetta liður í því að færa rekstrarskilyrði sjóðsins í átt að því sem almennt gerist á fjármálamarkaði. Þess má geta að ríkissjóður hefur ekki innt af hendi framlag til lánasjóðsins síðan árið 1983 þar sem ekki hafa verið um það ákvæði í fjárlögum síðan þá.

Þá hafa framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið skert þrívægis á undanförunum árum og runnu þeir fjármunir til stofnframkvæmda við einsetningu grunnskóla. Fyrir árin 1997–2002 nam skerðingin 135 millj. kr. á ári, en fyrir árin 2002–2004, 200 millj. kr. á ári. Á árinu 2004 var gildistími átaksins til einsetningar grunnskóla framlengdur til ársins 2006 þannig að á árinu 2005 verða teknar 200 millj. kr. af fyrirhuguðu framlagi til lánasjóðsins og 135 millj. kr. árið 2006. C-liður 1. tölul. 11. gr. frumvarpsins á að tryggja fyrirhuguð framlög til einsetningar grunnskóla fyrir árin 2005 og 2006 þrátt fyrir niðurfellingu framlaga til lánasjóðsins. Árið 2002 var framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til lánasjóðsins 50 millj. kr. og 38 millj. kr. árið 2003.

Í árslok 2003 átti Lánasjóður sveitarfélaga útistandandi um 12,6 milljarða kr. hjá sveitarfélögum með áföllnum vöxtum. Var það um 9% af skuldum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra við lánastofnanir á sama tíma. Fjárhagsstaða sjóðsins er traust og var eigið fé hans 9,1 milljarður kr. í árslok 2003. Á sama tíma voru lántökur sjóðsins til endurlána samtals 3,6 milljarðar kr. Fjár til endurlána hefur hann aðallega aflað með lántökum hjá Norræna fjárfestingarbankanum og skuldabréfaútgáfu á innlendum skuldabréfamarkaði.

Rekstur sjóðsins er hagkvæmur og árið 2003 samsvaraði rekstrarkostnaður sjóðsins 0,215% af meðalstöðu efnahagsreiknings. Sjóðurinn er aðili að samstarfssamningi við Sam band íslenskra sveitarfélaga og Bjargráðasjóð um sameiginlegt skrifstofuhald, þ.e. launakostnað sameiginlegs starfsfólks, rekstur húsnæðis og annan sameiginlegan kostnað. Samreksturinn er hagfelldur fyrir sjóðinn. Framkvæmdastjóri sambandsins er jafnframt framkvæmdastjóri sjóðsins og Bjargráðasjóðs.

Sjóðurinn er frábrugðinn öðrum lánasjóðum, bæði innlendum og erlendum, og viðskiptabönkum að því leyti að hann hefur að miklu leyti takmarkað útlán sín við eigið fé sitt. Eiginfjárhlutfall hans er því mjög hátt eða 71% í árslok 2003. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reglugerð 530/2003 þar sem vægi krafna á sveitarfélög er ákveðið 20% þyrfti eiginfjárhlutfallið ekki að vera nema 1,6% sem er nálægt meðaltali systursjóða lánasjóðsins annars staðar á Norðurlöndum. Sjóðurinn getur því auðveldlega uppfyllt lágmarkskröfur laganna um eigið fé fjármálafyrirtækja. Vegna þeirrar stefnu lánasjóðsins að lána svo til eingöngu út eigið fé sitt er hlutdeild hans í heildarlántökum íslenskra sveitarfélaga mun lægri en samsvarandi lánasjóða í öðrum norrænum ríkjum.“

Úr [nefndaráltiti](#):

„Megintilgangur núgildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga er að stuðla að því að sveitarfélög á Íslandi geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma og er ekki lögð til breyting á því markmiði með þessu frumvarpi. Markmiðið með frumvarpi þessu er að laga rekstur sjóðsins að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á almennum markaði. Verði frumvarp þetta að lögum mun sjóðurinn starfa á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og verður hann undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Mikilvægasta breytingin í frumvarpinu er brottfall núgildandi 5. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga þar sem kveðið er á um árlegt framlag í sjóðinn frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga annars vegar og ríkissjóði hins vegar. Er þetta liður í því að laga rekstur sjóðsins eftir því sem kostur er að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði. Með þessu er verulega dregið úr afskiptum ríkisins af stjóm og rekstri sjóðsins.

Með frumvarpinu falla ýmis önnur ákvæði gildandi laga brott. Helgast þetta af því að unnt er að einfalda lög um sjóðinn allnokkuð þar sem gert er ráð fyrir að æðsta vald í málefnum sjóðsins færist til sveitarfélaganna. Auk þess munu áðurgreind lög um fjármálfyrirtæki gilda um starfsemi og skipulag sjóðsins. Því verður ekki þörf á ákvæðum í lög um sjóðinn sem mæla fyrir um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutverk sjóðsins verði almennara en verið hefur hingað til en ákvæði 2. gr. núgildandi laga sem mælir fyrir um hlutverk sjóðsins er að nokkru leyti úrelt. Verði frumvarpið að lögum verður sveitarfélögum heimilt að veita lán bæði til stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Jafnframt verður heimilt að veita ábyrgð á lánum sveitarfélaga og stofnana eða félaga sem þau eru eigendur að, í stað lánveitingar.

Í 1. gr. gildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga kemur fram að sjóðurinn sé sameign allra sveitarfélaga á Íslandi og er ekki gerð breyting hvað þetta varðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að eignaraðild að sjóðnum verði skilgreind nákvæmar en nú er gert og að eignarhlutur hvers sveitarfélags fyrir sig verði skilgreindur. Slíka vinnu ætti að hefja sem fyrst og stefna að því að henni ljúki innan árs frá gildistöku laga þessara.

Nefndin leggur til þá breytingu á frumvarpinu að við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar. Í þeirri fyrri er kveðið er á um að innan mánaðar frá gildistöku laganna skuli Lánasjóður sveitarfélaga sækja um starfsleyfi sem lánastofnun til samræmis við ákvæði laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002. Í þeirri síðari er lagt til að löggin verði endurskoðuð eigi síðar en við lok ársins 2008 í ljósi þróunar á íslenskum fjármálamarkaði.“

Lög nr. 47/2006 um kjararáð

[3.](#) gr., [23.](#) og [35.](#) gr. (Kjararáð).

Úr [nefndaráli](#):

„Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót kjararáði sem leysi af hólmi Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Skv. 1. gr. frumvarpsins er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

Í athugasemdum við 1. gr. segir m.a.: „Ráðið ákveður með bindandi hætti laun og starfskjör æðstu handhafa ríkisvalds og þeirra ríkisstarfsmanna sem svo háttar til um vegna eðlis starfa þeirra eða samningsstöðu að launakjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt.“ Tekið er fram að þessa undantekningu fyrir ríkisstarfsmenn verði að skýra þröngt. Nefndin tekur undir það sjónarmið og telur að ýmsir hópar ríkisstarfsmanna sem nú heyra undir kjaranefnd ættu að hafa möguleika á að semja sjálfir um laun sín og starfskjör. Það er og mat nefndarinnar að löggjafinn þurfi að fara mjög varlega í því að afnema veigamikil réttindi fólks til að semja um kjör sín. Eingöngu þeir ríkisstarfsmenn sem illmögulega geti samið um kjör sín skuli ekki njóta þessara réttinda.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að greinarmunur á „embættismönnum“ og „öðrum ríkisstarfsmönnum“ í 4. gr. frumvarpsins verði afnuminn. Samkvæmt greininni eiga allir embættismenn aðrir en þeir sem um ræðir í 3. gr. að falla undir kjararáð, þó að frátöldum nánar tilteknum hópi. M.ö.o. ekki er um neitt mat að ræða hvað embættismennina varðar eins og á við um aðra ríkisstarfsmenn, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. Nefndin telur aðgreininguna ástæðulausa; annaðhvort geta menn samið um kjör sín eða ekki, sbr. umsögn kjaranefndar. Því til stuðnings áréttar nefndin að embættismenn, sbr. 22. gr. starfsmannalaga, teljast til ríkisstarfsmanna.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 4. mgr. 9. gr. þannig að kjararáð skuli ekki aðeins taka tillit til kvaða og hlunninda sem fylgja starfinu heldur leggja mat á verðmæti þessara atriða, t.d. lífeyrisréttinda og þess starfsóöryggis sem fylgir t.d. þingmannsstarfi. Slíkt mat auðveldar raunhæfan samanburð á launum þingmanna og annarra í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem lýtur að því að taka út sjálfvirka vísitölubindingu launa. Bent hefur verið á að vafasamt getur verið að lögbinda vísitölubundnar hækkanir. Í því sambandi tekur nefndin fram að kjararáði er í lófa lagið að hittast oft, jafnvel mánaðarlega, og taka ákvörðun um breytingar á launum með hliðsjón af slíkri vísitölu án þess að um sjálfvirka hækkun sé að ræða.

Í fyrrnefndri 2. mgr. 10. gr. kemur fram í 2. málsl. að kjararáð geti ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár. Eins og hefd er fyrir í kjarasamningum er það skilningur nefndarinnar að ráðið geti ákvarðað laun fram í tímann. Þannig gæti það t.d. ári fyrir kosningar tekið stefnumarkandi ákvörðun um laun þingmanna sem gilda ætti fyrir næsta kjörtímabil.“

Lög nr. 65/2006 um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúd, ættleiðingar, tæknifrjógungun)

[17.](#) gr. (Réttarstaða samkynhneigðra).

Sjá bls:

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

“Í kjölfar þingsályktunar sem flutt var af fulltrúum allra þingflokka á 128. löggjafarþingi 2002–2003 skipaði forsætisráðherra hinn 8. september 2003 nefnd til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Var nefndin skipuð fulltrúum tilnefndum af félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Samtökunum '78 og fulltrúa tilnefndum af forsætisráðuneyti sem jafnframt var formaður. Nefndin skilaði af sér ítarlegri skýrslu sem var lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005, þskj. [381](#), 337. mál.

Á grundvelli skýrslunnar hefur forsætisráðuneytið í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti unnið frumvarp þetta þar sem lagðar eru til ýmsar lagabreytingar sem allar hafa það að markmiði að afnema mismunun sem enn fyrirfinnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra. Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru þessar:

- Rýmkuð verða skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar þannig að ekki verði lengur krafist fastrar búsetu á Íslandi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlut, sbr. 14. gr. frumvarpsins.
- Tekið verður af skarið um að jafnt samkynhneigð pör sem gagnkynhneigð geta fengið sambúd skráða í þjóðskrá, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Samhliða verður lagaákvæðum á fjölmörgum sviðum breytt til þess að ljóst sé að óvígð sambúd samkynhneigðra er lögð að jöfnu við óvígða sambúd gagnkynhneigðra, sbr. 2.–13. gr. frumvarpsins. Þar með eru skapaðar forsendur fyrir því að samkynhneigðir og gagnkynhneigðir njóti sömu réttinda varðandi almannatryggingar, lífeyrisréttindi, skattalega meðferð tekna og eigna, skipti dánarbúa o.fl.
- Heimild samkynhneigðra para til að ættleiða börn verður sú sama og gagnkynhneigðra para, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Áfram verður metið hverju sinni út frá hagsmunum barnsins hvort leyfi er veitt til ættleiðingar.
- Kona í óvígðri sambúd eða staðfestri samvist með annarri konu öðlast heimild til að gangast undir tæknifrjógungun líkt og á við um gagnkynhneigð pör, sbr. 17.–21. gr. frumvarpsins. Móðirin og maki hennar munu hafa sömu lagalegu skyldur og sömu lagalegu réttindi gagnvart barninu hvað varðar til dæmis forsjá og framfærslu, sbr. 22.–29. gr. frumvarpsins. Áfram verður metið hverju sinni út frá hagsmunum hins ófædda barns hvort leyfi er veitt til tæknifrjógungunar.
- Tekin verða af tvímæli um að það falli undir markmið laga um töku fæðingar- og foreldraorlofs að auðvelda báðum samkynhneigðum foreldrum að vera samvistum við barn sitt, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Almennt um réttarstöðu samkynhneigðra.

Á undanförunum árum hefur orðið umtalsverð þróun í þá átt að bæta stöðu samkynhneigðra í þjóðfélaginu, bæði á vettvangi löggjafar og í margvíslegu félagslegu samhengi. Segja má að ákveðin straumhvörf hafi orðið þegar Alþingi ályktaði 19. maí 1992 í fyrsta skipti um málefni samkynhneigðra og lýsti yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðum ætti sér ekki stað hér á landi. Með lögum um staðfesta samvist, nr. [87/1996](#), sem tóku gildi 27. júní 1996, var samkynhneigðum þörum gert kleift að fá lögformlega viðurkenningu á sambúd sinni og eru réttaráhrif staðfestrar samvistar í meginatriðum sambærileg réttaráhrifum hjúskapar, sbr. ákvæði hjúskaparlaga, nr. [31/1993](#), með nokkrum undantekningum þó. Lögin um staðfesta samvist byggjast á tillögum nefndar um málefni samkynhneigðra frá árinu 1994 og var fyrirmynd sótt til danskrar, norskrar og sænskrar löggjafar um sama efni. Lögin um staðfesta samvist tryggðu ekki aðeins samkynhneigðum ákveðin réttindi heldur fólst í þeim viðurkenning á jafnri stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu og í fjölskyldulífi. Vakti aðdragandi lagasetningarinnar og umræðan um hana svo mikla athygli að á

tiltölulega skömmum tíma varð fjölskyldulíf samkynhneigðra sýnilegra en áður og öðlaðist umtalsverða viðurkenningu. Ljóst er að lögin hafa stuðlað að mikilvægri viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu gagnvart samböndum og fjölskyldulífi samkynhneigðra.

Framkvæmd laga um staðfesta samvist.

Með lögum nr. [52/2000](#) voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um staðfesta samvist; fellt var niður fortakslaust skilyrði 2. gr. þeirra um að annar eða báðir einstaklingar væru íslenskir ríkisborgarar og jafnframt var 6. gr. laganna breytt með þeim hætti að einstaklingi í staðfestri samvist var heimiluð stjúptætleiðing á barni hins sem hann hefði forsjá fyrir nema um væri að ræða kjörbarn frá öðru landi. Þá var bætt nýju ákvæði í 2. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að lagaákvæði, sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu. Álitæfni um þetta höfðu komið upp við framkvæmd laganna sem tengdust reglum um feðrun barna samkvæmt ákvæðum barnalaga í tilvikum þar sem kona í staðfestri samvist fæddi barn. Eðli málsins samkvæmt var ekki fallist á það við skráningu hjá Þjóðskrá að maki hennar af sama kyni teldist faðir barns.

Samkvæmt lögnum um staðfesta samvist gilda um stofnun hennar, réttaráhrif og slit sömu reglur og eiga við um hjúskap nema annað sé tekið fram. Í 2. gr. laganna um staðfesta samvist kemur fram sérregla um skilyrði fyrir því að staðfest samvist geti fari fram hér á landi. Upprunalega settu lögin það fortakslausa skilyrði að báðir einstaklingarnir eða annar þeirra væri íslenskur ríkisborgari sem ætti lögheimili hér á landi. Var samhljóða skilyrði að finna í öðrum norrænum lögum um staðfesta samvist. Rökin fyrir þessari skipan voru einkum þau að á meðan þetta nýja sambúðarform væri ekki viðurkennt nema í mjög fáum ríkjum utan Norðurlandanna væri rétt að krefjast þess að einstaklingar hefðu ákveðin tengsl við ríkið þar sem slík réttarstaða væri veitt með lögum. Þannig gætu tveir erlendir ríkisborgarar ekki komið hingað til lands til að ganga í staðfesta samvist enda hefði hún engin réttaráhrif í því landi sem þeir kæmu frá ef þetta sambúðarform væri ekki viðurkennt þar með lögum.

Eitt af markmiðum breytinganna árið 2000 var að rýmka þessi skilyrði eftir því sem eðlilegt og sanngjarnt væri með tilliti til borgara annarra ríkja en þá hafði dönsku lögnum um staðfesta samvist verið breytt að þessu leyti og breytingartillögur voru til meðferðar í þingunum í Noregi og Svíþjóð. Eftir breytingarnar kveður 2. mgr. 2. gr. laganna á um að staðfesting samvistar geti farið fram ef báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, eða báðir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra. Þá er mælt fyrir um það í 3. mgr. 2. gr. að ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Jafnframt er þar tekið fram að dómsmálaráðherra geti ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð íslenskum lögum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt. Hefur ríkjum í þeim hópi, einkum á meginlandi Evrópu, fjölgað mjög á síðasta áratug og hefur dómsmálaráðherra sett reglugerð þar sem mælt er fyrir um að ríkisborgararéttur í Finnlandi og Hollandi sé lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

Verði ríkisborgararéttarskilyrðið ekki uppfyllt skv. a-lið 2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. getur staðfest samvist engu að síður farið fram hér á landi í tilviki þar sem erlendir ríkisborgarar hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu. Rökin með þessu eru að við þessar aðstæður hafi útlendingar þegar öðlast ákveðin tengsl við landið og líkur megi telja á að þeir búi hér áfram með þeim réttaráhrifum sem staðfest samvist veitir þeim frekar en í ríki þar sem staðfest samvist hefur engin réttaráhrif.

Þrátt fyrir mikilvæga rýmkun á skilyrðum fyrir stofnun staðfestrar samvistar hafa komið upp tilvik sem sýna að núverandi búsetuskilyrði laganna geta falið í sér óeðlilega hindrun þar sem annar eða báðir einstaklingar eru íslenskir eða norrænir ríkisborgarar. Þannig má til dæmis nefna að íslenskir námsmenn annars staðar á Norðurlöndum, sem eiga þá ekki fasta búsetu á Íslandi, hafa átt í erfiðleikum með að fá samvist sína staðfesta hér á landi. Þessi hindrun gildir jafnt þótt þeir eigi búsetu í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð og slíkt sambúðarform sé viðurkennt þar að lögum. Vilji þeir ganga í staðfesta samvist verður það að eiga sér stað í því ríki þar sem þeir eiga búsetu og þar sem slíkt sambúðarform er viðurkennt að lögum.

Með frumvarpinu er því lagðar til breytingar á ákvæðum 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. [87/1996](#), þannig að rýmkuð verði skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar. Ekki verður lengur krafist skilyrðislausrar búsetu hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlut. Sama á við þegar um norræna ríkisborgara er að ræða og borgara ríkja sem tiltekin eru í reglugerð dómsmálaráðherra sem gefin er út á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laganna.

Réttarstaða samkynhneigðra í sambúð.

Könnun íslenskra laga og reglna leiðir í ljós að samkynhneigð pör í sambúð búa við lagalega mismunun á allmörgum sviðum þar sem þau eiga þess ekki kost að fá sambúð sína skráða og viðurkennda að lögum og njóta því ekki sömu réttinda og skyldna og gagnkynhneigð pör í sambúð. Á ýmsum öðrum sviðum er réttarstaðan óljós að þessu leyti. Þótt samkynhneigð pör eigi þess kost að staðfesta samvist sína samkvæmt lögum nr. [87/1996](#) með sömu réttaráhrifum í meginatriðum og ef þau væru í hjúskap hafa þau ekki þann valkost að velja sambúðarform með takmarkaðri réttaráhrifum þar sem tekið er tillit til sameiginlegs heimilishalds og vissrar fjárhagslegrar samstöðu með ýmsum réttindum og skyldum. Engin málefnaleg rök réttlæta mismunun af þessu tagi og er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar til þess að tryggja að samkynhneigð pör geti stofnað til sambúðar með sömu réttaráhrifum og gagnkynhneigð pör.

Engin heildstæð löggjöf gildir um réttarstöðu sambúðarfólks sambærileg við hjúskaparlög, nr. [31/1993](#). Ákvæði þar sem sérstök réttaráhrif tengd því að tveir einstaklingar búi saman í „óvígðri sambúð“ eða „sambúð skráðri í þjóðskrá“ er að finna á víð og dreif í löggjöfinni án þess að skilgreining þessara hugtaka liggi þó fyrir.

Helsta forsenda þess að bæta megi réttarstöðu samkynhneigðra á þessu sviði er að tveir samkynhneigðir einstaklingar geti fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá enda er ljóst að ýmis sérlög binda réttaráhrif sambúðar við að hún sé skráð í þjóðskrá. Til þess að ná megi því markmiði frumvarpsins að tryggja jafnan rétt samkynhneigðra og gagnkynhneigðra að þessu leyti er lagt til að lögum um lögheimili, nr. [21/1990](#), verði breytt og þar verði mælt fyrir um að tveir einstaklingar sem eru samvistum geti fengið sambúð sína skráða á sameiginlegu lögheimili að uppfylltum sömu skilyrðum og fram koma í ákvæðum II. kafla hjúskaparlaga, nr. [31/1993](#), 7.–12. gr., varðandi aldur, skyldleika, kröfu um lögræði og lok fyrri hjúskapar/staðfestrar samvistar. Með þessu yrði í reynd fest í lög núverandi framkvæmd Þjóðskrár við skráningu sambúðar auk þess sem samkynhneigðum pörum yrði gert kleift að fá slíka sambúð skráða. Með vísan til skilyrða hjúskaparlaga að þessu leyti gildir sjálfkrafa að litið yrði til lagaskilyrða fyrir stofnun staðfestrar samvistar, sbr. 2. gr. laga nr. [87/1996](#), um staðfesta samvist.

Þá eru í 12.–13. gr. frumvarpsins lagðar til orðalagsbreytingar á ýmsum lagaákvæðum þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við óvígða sambúð til þess að taka af tvímæli um að í hugtakinu geti falist sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni. Með frumvarpinu er leitast við að samræma skilgreiningu á því hvað sé óvígð sambúð. Meginskilyrði verður að hún sé skráð í þjóðskrá og að annaðhvort eigi parið barn saman eða von á barni saman eða þá að sambúðin hafi staðið í tiltekinn lágmarkstíma. Þessi lágmarkstími er mislangur eftir því hvaða löggjöf á í hlut og hefur ekki náðst samstaða um fulla samræmingu að því leyti. Sambúð verður ekki skráð í þjóðskrá eins og áður segir nema parið hafi sama lögheimili, sé samvistum og skilyrði hjúskaparlaga eða laga um staðfesta samvist um aldur, lögræði, bann við skyldleika og lok hjúskapar/staðfestrar samvistar séu uppfyllt.

Þessi samræming orðalags í ákvæðum er lúta að óvígðri sambúð er í anda löggjafarþróunar síðustu ára þar sem í vaxandi mæli hefur verið vísað til þess að sambúð þurfi að vera skráð í þjóðskrá til þess að henni fylgi réttaráhrif. Er það einnig til þess fallið að eyða óvissu um það hvenær slík sambúð sé fyrir hendi en nokkur dæmi eru um ágreiningsmál sem risið hafa vegna óljósrar réttarstöðu að þessu leyti.

Með fyrrgreindum breytingum á lögum um lögheimili og tiltölulega einföldum breytingum sem lagðar eru til á nokkrum lögum er unnt að koma á jafnrétti á þessu sviði á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para án þess að horfið verði frá þeirri stefnu löggjafans að skipa ekki á einum stað reglum um sambúð einstaklinga í ítarlegri heildarlöggjöf.

Ættleiðingar.

Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðs fólks stóð saman að tillögum varðandi ættleiðingar íslenskra barna en skiptist í tvo jafna hluta um þá þætti tillagnanna sem varða ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir. Enginn skoðanamunur var uppi í umræðum nefndarinnar um að samkynhneigðir einstaklingar væru jafnhæfir uppalendur og gagnkynhneigðir. Fjallaði nefndin m.a. um niðurstöður margvíslegra rannsókna, sem gerðar hafa verið utan lands og innan varðandi börn sem alast upp með samkynhneigðum foreldrum, sem styðja þá niðurstöðu.

Vegna óvissu um sálræna líðan erlendra ættleiddra barna, sem skera sig m.a. frá umhverfi sínu vegna ólíks uppruna síns, auk mikilvægis þess að stefna ekki í hættu árangursríkri samvinnu sem komist hefur á við erlend stjórnvöld um ættleiðingar barna þaðan, töldu þeir nefndarmenn ekki rétt að svo stöddu að heimila ættleiðingar samkynhneigðra para á erlendum börnum. Aðrir þeir nefndarmenn töldu að reglur annarra ríkja um ættleiðingar ættu ekki að hafa úrslitaáhrif á mótun íslenskrar löggjafar og vísuðu til þess að ekki væru dæmi um að erlend ríki hefðu útilokað samstarf við Svía þótt þeir hefðu breytt lögum í þessa veru.

Markmið ættleiðingar er að útvega barni fjölskyldu og í hverju einstöku tilviki fer fram ítarleg könnun á grundvelli ættleiðingarlaga á högum og aðstæðum væntanlegra kjörforeldra og á því byggt að ættleiðingin sé viðkomandi barni fyrir bestu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist er réttur einstaklings í staðfestri samvist bundinn við stjúpættleiðingar íslenskra barna en ekki frumættleiðingar. Í tilvikum þar sem um ræðir frumættleiðingu á íslensku barni á hún sér stað að undangengnu föstri samkvæmt reglum barnaverndarlaga eða annarri umsjá barns. Samkynhneigð pör hafa tekið börn í föstur enda eru engar takmarkanir í íslenskum lögum eða reglum hvað það varðar og er ættleiðing því sjálfsagt framhald af föstri og til þess fallin að tryggja börnum fyllsta öryggi.

Engar rannsóknir hafa farið fram á því hvernig erlendum ættleiddum börnum vegnar hér á landi, hvernig þau aðlagast umhverfi sínu og upplifa tengslarof við heimaland sitt og uppruna. Samkvæmt erlendum rannsóknum sem nefndin kannaði og álitir sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar er ljóst að ættleiðing kjörbarna frá öðrum löndum hefur í för með sér allmikið sálrænt álag fyrir þau sem þeim gengur misjafnlega að vinna úr. Rannsóknir hafa sýnt að líkur eru á því að börn samkynhneigðra foreldra verði fyrir ákveðnu félagslegu álagi, einkum á fyrri hluta unglingsára. Um leið draga þessar rannsóknir skýrt fram að öryggi og umhyggja sé það sem skipti sköpum fyrir hamingju þessara barna og að rætt sé opinskátt og feimnislaust um sérstöðu þeirra. Því þarf sérstaklega að gæta þess að foreldrar verði færir um að veita barninu umönnun og ástúð og að takast á við það álag sem ættleiðing frá framandi menningarsvæðum veldur börnum.

Á undanförmum tveimur áratugum hefur fjölgað verulega á Íslandi frumættleiðingum barna frá Asíulöndum en þessi ríki heimila ekki ættleiðingar til samkynhneigðra. Er því ljóst að samkynhneigðum pörum mundi við þessar aðstæður ekki nýtast sú leið sem ættleiðingarlög ráðgera, að erlend ættleiðing eigi sér stað fyrir milligöngu ættleiðingarfélags frá þeim ríkjum sem samvinna er við um ættleiðingar. Svíþjóð hefur nú eitt Norðurlandanna veitt samkynhneigðum fullan rétt til frumættleiðinga á börnum, erlendum sem innlendum, en lög þess efnis tóku gildi 1. febrúar 2002. Reynslan af þeirri löggjöf er lítil þar sem ekkert erlent ríki sem Svíar hafa samvinnu við heimilar ættleiðingu til samkynhneigðra en ekki finnast dæmi þess að erlent ríki hafi séð ástæðu til að útiloka samstarf um ættleiðingar til gagnkynhneigðra þar á landi.

EKKI verður séð að nægileg rök séu til að gera upp á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hvað varðar rétt til ættleiðinga. Þá hefur það einnig þýðingu að afstaða samfélagsins til réttinda samkynhneigðra hefur á síðustu misserum færst í þessa átt.

Með frumvarpinu er því lagt til að frumættleiðingar íslenskra og erlendra barna verði heimilaðar jafnt gagnkynhneigðum og samkynhneigðum pörum í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð og að viðeigandi breytingar verði gerðar á ættleiðingalögum, nr. [130/1999](#), í þessu skyni. Jafnframt verði felld úr gildi 1. mgr. 6. gr. laga um staðfesta samvist sem mælir fyrir um takmarkaðan rétt samkynhneigðra til ættleiðinga.

Tæknifrjóvganir.

Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðs fólks var ekki einhuga um það hvort rétt væri að heimila lesbískum pörum að gangast undir tæknifrjóvgun. Þrír nefndarmenn af sex töldu ekki rétt að ganga svo langt enda vægju þyngra hagsmunir barns af því að alast upp bæði með móður og föður. Aðrir þrír nefndarmenn lögðu hins vegar til að lesbískum pörum skyldi heimil aðstoð við tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrahöfnum. Á meðan löngun til að eignast barn væri virt af löggjafanum og hún forsenda lagasetningar teldu þeir það stríða gegn jafnrétti að meina lesbískum pörum um rétt sem gagnkynhneigð pör nytu.

Við setningu laga um tæknifrjóvgun, nr. [55/1996](#), var byggt á því skilyrði að kona, sem undirgengist tæknifrjóvgunaraðgerð, væri í hjúskap eða sambúð með karli. Skilyrðin byggjast á því markmiði að tryggja, eftir því sem kostur er, hagsmuni barns sem fæðist eftir getnað með tæknifrjóvgun þegar aðrar leiðir hjóna eða karls og konu í sambúð til að eignast barn hafa brugðist. Hefur skilyrðið um að eingöngu gagnkynhneigð pör eigi aðgang að þessari meðferð byggst á því viðhorfi að tryggja þurfi þá hagsmuni barnsins að það alist upp með bæði föður og móður en að það sé ekki sjálfstæður réttur einstaklings að eignast barn. Með vísan til þessa sjónarmiðs var við setningu laganna ekki fallist á að tryggja bæri einhleypum konum eða lesbískum pörum rétt til að gangast undir tæknifrjóvgun með gjafasæði.

Réttur barna til að þekkja faðerni sitt er mikilvægur og undirstrikaður í barnalögum. Gagnkynhneigð pör hafa möguleika á aðstoð lækna til tæknifrjóvgunar með gjafasæði. Hér á Íslandi er það sótt til Danmerkur þar sem nafnleynd ríkir um sæðisgjafa og það þýðir að börn, sem verða til á þennan hátt, geta ekki komist að faðerni sínu. Þó að nýjar tækniáferðir við frjóvgun hafi á síðustu árum orðið til þess að gagnkynhneigð hjón og pör leiti sjaldnar nafnlauss gjafasæðis en áður, þá er leiðin þeim samt heimil og tíðkast hér á landi. Verður að telja eðlilegt að samkynhneigðir njóti sama réttar og

gagnkynhneigðir hvað þetta varðar. Þá hefur það einnig þýðingu að afstaða samfélagsins til réttinda samkynhneigðra hefur á síðustu misserum færst í þessa átt.

Með frumvarpinu er því lagt til að lesbískum pörum verði heimil aðstoð við tæknifrjógvun með sömu rökum og skilmálum og varða tæknifrjógvun gagnkynhneigðra. Með brottfalli 1. mgr. 6. gr. laga nr. [87/1996](#) sem áður er minnst á er enn fremur undirstrikað að stofnun staðfestrar samvistar hefur sömu réttaráhrif og hjúskapur að þessu leyti.

Ákvörðun foreldris.

Þegar lög um staðfesta samvist, nr. [87/1996](#), voru sett var ekki talin ástæða til gera breytingar á barnalögum varðandi réttarsamband barns sem kona í slíku sambandi eignast og samvistarmakans. Var raunar ákveðið með lögum nr. [52/2000](#) sem fyrr er getið að taka það sérstaklega fram að lagaákvæði, sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu, t.d. varðandi feðrun barna. Hins vegar hefur það úrræði verið fyrir hendi eftir lagabreytingu með lögum nr. [52/2000](#) að einstaklingur hefur getað ættleitt barn samvistarmaka síns.

Með frumvarpinu er lagt til að þegar kona í staðfestri samvist eignast barn í kjölfar tæknifrjógvunar teljist samvistar- eða sambúðarmaki hennar foreldri barnsins. Skilyrði er að móðirin lýsi því yfir að makinn sé foreldri barnsins og að sú síðarnefnda hafi samþykkt tæknifrjógvunina samkvæmt lögum um tæknifrjógvun.

Þýðing þessarar breytingar verður sú að báðir foreldrar munu hafa sömu réttindi og skyldur gagnvart barninu. Réttarstaða þeirra gagnvart barninu verður því sú sama og gagnkynhneigðs pars sem ákveður að grípa til tæknifrjógvunar til að vinna bug á barnleysi.

Ekki eru lagðar til neinar breytingar á lögnum um tæknifrjógvun hvað varðar rétt sæðisgjafa til nafnleyndar. Þess má geta að í Svíþjóð, þar sem lesbískum pörum var fyrr á þessu ári heimilað að gangast undir tæknifrjógvun, er nafnlaus sæðisgjöf ekki heimil. Er það talið mikilvægt að barn eigi möguleika síðar meir að komast að því hver kynfaðirinn er jafnvel þótt ekki sé um neitt réttarsamband þeirra á milli að ræða. Á það hefur verið bent að hætt væri við að færri treystu sér til að gefa sæði ef nafnleynd væri ekki tryggð og er það meðal annars skýringin á því að slík leynd er leyfð í íslenskum rétti og rétti ýmissa annarra ríkja eins og Danmerkur og Noregs.

Nokkur lagatæknileg atriði.

Þótt frumvarp þetta verði að lögum er þó ekki þar með sagt að orðalag í löggjöfinni hafi alls staðar verið fært til samræmis við þá stefnumörkun sem fólst í setningu laga nr. [87/1996](#), um staðfesta samvist, og síðari löggjöf á því sviði. Til dæmis er enn víða í löggjöfinni talað um hjón sem vísar samkvæmt hefðbundinni orðanotkun eingöngu til karls og konu í hjúskap. Það ætti þó ekki að koma að sök því 5. gr. laga nr. [87/1996](#) er afdráttarlaus um það að staðfest samvist hafi að öllu leyti sömu réttaráhrif og hjúskapur með þeim fáu undantekningum sem greinir í 6. gr. sömu laga. Verður því ekki talin brýn þörf á að fara kerfisbundið yfir alla þá staði í löggjöfinni þar sem orðalag hefur ekki verið fært til fyllsta samræmis við hina nýju stefnumótun varðandi jafnan rétt allra óháð kynhneigð. Hugtakið hjón í lagatexta ber ætíð að skýra svo að það taki bæði til karls og konu í hjúskap og tveggja einstaklinga í staðfestri samvist. Sama á við um hugtakið maki sem reyndar er einnig stundum notað í enn víðari merkingu og látið ná yfir þá sem eru í óvígðri sambúð.“

Lög nr. 167/2006 um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði

[13.](#), [23.](#), [25.](#) og [30.](#) gr. (Breyting á hlutfallstölum).

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og fleiri lögum um lífeyrissjóði. Annars vegar er lögð til breyting á lagaumhverfi lífeyrissjóða þess eðlis að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12%. Hins vegar er lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem varðar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. þeirra laga.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur um breytingar á lögum nr. [129/1997](#), um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem fela í sér hækkingu á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða úr 10% í 12%. Til að raska ekki gildandi kjarasamningum er jafnframt lagt til bráðabirgðaákvæði við lögum um að þar sem kveðið er á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% í núgildandi kjarasamningi skuli heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.

Í II.–V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sérlögum um einstaka lífeyrissjóði til samræmis við þá hækkingu á lágmarksiðgjaldi sem fjallað er um í I. kafla frumvarpsins. Snúa þær að því að hækka hlutföll þartilgreindra lagagreina til samræmis. Auk þess er lagt til að framangreind hækkingu á lágmarksiðgjaldinu taki einnig til þeirra sjóðfélaga sem óska eftir að greiða áfram iðgjald eftir að starf þeirra eða staða er lögð niður.“

Úr [nefndarálti](#):

„Í frumvarpinu eru lagðar til tvönnar breytingar. Annars vegar er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað úr 10% í 12% af iðgjaldsstofni og gert ráð fyrir því að iðgjald launagreiðanda hækki úr 6% í 8% en iðgjald launþega haldist hið sama, þ.e. 4%. Ástæður þessa eru einkum aukið langlífi, stóraukin fjölgun öryrkja og mikil hækking launa umfram verðlag.

Hins vegar er lögð til breyting í þá veru að lífeyrissjóðum sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka verði mögulegt að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um heimild til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga eða ef munur milli eigna og skuldbindinga hefur verið meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Fram komu athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu, Landssamtökum lífeyrissjóða og Seðlabanka Íslands um síðarnefnda atriðið. Var talið að yrði frumvarpið óbreytt að lögum mundu 2. og 3. gr. þess hafa þau áhrif að sjóðum, sem falla undir 51. og 54. gr. laga um [skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða](#), yrði heimilt að gera breytingar á samþykktum sínum, sbr. 2. mgr. 39. gr. Þeir sjóðir sem njóta bakábyrgðar eru LH, LSR og ýmsir eftirlaunasjóðir sveitarfélaga og má einnig nefna Lífeyrissjóð starfsmanna Útvegsbankans og Lífeyrissjóð starfsmanna Íslandsbanka (Glitnis). Kom m.a. fram í umsögn Fjármálaeftirlitsins að þær breytingar sem lagðar eru til með framangreindum ákvæðum næðu ekki aðeins til þeirra sjóða sem ekki njóta lengur bakábyrgðar á skuldbindingum heldur jafnframt til þeirra sjóða sem enn njóta slíkrar ábyrgðar. Nú hefur 54. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verið túlkuð á þann veg að ekki sé heimilt að hreyfa við réttindum og réttindaöflun sjóðfélaga þeirra sjóða sem þar falla undir þrátt fyrir að 2. mgr. 39. gr. geti gefið tilefni til slíks. Leggur því nefndin til þá breytingu á frumvarpinu að það einskorðist við þá sjóði sem ekki njóta lengur bakábyrgðar, t.d. hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankanna og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, og að þeim sjóðum sé þá skylt að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við 2. mgr. 39. gr. laganna.

Nefndin leggur einnig til breytingar sem eru tæknilegs eðlis svo sem leiðréttingar á tilvísunum í önnur lagaákvæði og breytingar á hlutfallstölum annarra laga. Þess má geta að nefndin leggur til breytingu á prósentum í lögum um Ábyrgðasjóð launa og lögum um fæðingar- og foreldraorlof.“

Lög nr. 62/2007 um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins

[4.](#), [34.](#) og [41.](#) gr. (Alþjóðastofnanir, hlutfallstala og samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda)

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum sem snúa að lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins.

Í fyrsta lagi er lagt til að starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, verði að uppfylltum vissum skilyrðum veittur réttur til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins á meðan starfstími þeirra erlendis stendur.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lögð til lækkun á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna lífeyrisiðgjalds kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Með lögum nr. [66/1995](#), um grunnskóla, voru verkefni grunnskóla flutt frá ríki til sveitarfélaga. Þetta viðbótarframlag byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélag um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólans. Í því samkomulagi var samið svo um að sveitarfélögin bæru ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna kennara. Með lögum nr. [167/2006](#), um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, hækkaði mótframlag í B-deild sjóðsins úr 6% í 8%. Að óbreyttu hækkar því heildariðgjaldið úr 15,5% í 17,5% en það var ekki ætlunin. Er því sú breyting sem hér er lögð til nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs mótframlags í B-deild sjóðsins.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar í tilefni af samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Samkomulagið var undirritað í Stokkhólmi 1. júní 2001 og öðlaðist gildi 1. mars 2002, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. [38 frá 31. desember 2001](#).

Samkomulagið leysir af hólmi eldra samkomulag Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 18. desember 1973. Ísland átti ekki aðild að samkomulaginu en samkvæmt því átti ríkisstarfsmaður við starfslok rétt á að áunnin lífeyrisréttindi hans í sambærilegu starfi í öðru norrænu landi yrðu talin með við útreikning lífeyris og lífeyririnn yrði allur greiddur í því landi þar sem starflok urðu og taka lífeyris hófst. Ekki var gert ráð fyrir því að greiðslur kæmu frá öðrum löndum þar sem réttindi höfðu verði áunnin. Þetta eldra fyrirkomulag var ekki talið samræmast reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja. Reglur Evrópusambandsins á þessu sviði byggjast á sjónarmiðum um jafnræði milli launþega sem flytjast milli landa og þeirra sem búa í viðkomandi landi, enn fremur að við flutninginn glati launþegi ekki þeim réttindum sem hann hefur áunnið sér samkvæmt reglum viðkomandi lands og að lífeyrir sé greiddur út án tillits til þess hvar viðkomandi er búsettur innan Evrópusambandsins. Loks er byggt á því að lífeyrisþegi eigi rétt á að lífeyrir hans sé reiknaður hlutfallslega hjá hverju og einu landi þar sem hann hefur öðlast rétt til lífeyris (pro-rata-temporis).

Það samkomulag, sem Norðurlöndin hafa nú gert og Ísland er aðili að, byggist að meginstefnu á sömu sjónarmiðum og liggja til grundvallar reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og Norðurlandasamningi um almannatryggingar, sbr. lög nr. [66/2004](#). Mismunandi uppbygging lífeyriskerfa ríkisstarfsmanna og tengsl þeirra við almannatryggingakerfi landanna getur á hinn bóginn leitt til þess að ríkisstarfsmenn, sem taka við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi, tapi réttindum. Samkomulagið fylgir þeim megintilgangi eldra samkomulags að stuðla að því að lífeyrismál hamli því ekki að ríkisstarfsmenn geti tekið við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi. Þannig stefnir samkomulagið að því að lífeyrisréttindi starfsmanns sem starfað hefur í öðru norrænu landi verði sem líkust þeim réttindum sem hann hefði aflað hefði hann hvergi farið en haldið áfram í starfi sínu, þó þannig að réttindaávinnsla miðist ávallt við reglur hvers lands fyrir sig. Með sama hætti er ekki gert ráð fyrir því að ríkisstarfsmaður öðlist betri rétt en ella. Það er jafnframt einn megintilgangur samkomulagsins að útreikningur lífeyrisréttinda þeirra sem falla undir samkomulagið skuli byggjast á sömu sjónarmiðum og reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

Í heiti samkomulagsins er talað um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna (á sænsku: samordning av pensionsrätt enligt statliga pensionsordningar). Rétt er að leggja áherslu á að með samkomulaginu er ekki stefnt að einsleitum lífeyrisreglum fyrir norræna ríkisstarfsmenn. Réttara er í þessu sambandi að tala um að samhæfa útreikning lífeyrisréttinda vegna

mismunandi lífeyriskerfa. Nokkur dæmi eru um að íslenskir ríkisstarfsmenn taki tímabundið við samsvarandi starfi í öðru norrænu landi eða hjá samnorrænum stofnunum. Mikilvægt er að mismunandi lífeyrisreglur landanna komi ekki í veg fyrir að menn fari úr starfi, sem veitir rétt til lífeyris ríkisstarfsmanna í einu norrænu landi, í samsvarandi starf í einhverju öðru þessara landa.

Samkomulagið felur í sér samhæfingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna, einkum á eftirfarandi sviðum:

- Við útreikning lífeyrisréttinda sem byggjast á lengd starfstíma eða sambærilegum tímaskilyrðum sé litið til samsvarandi starfstíma í öðru norrænu landi.
- Ríkisstarfsmaður geti, í því landi sem starfslok verða, virkjað þau lífeyrisréttindi sem hann hefur öðlast í öðru norrænu landi frá sama tíma, en þau verði þá oft fyrir skerðingu sem er mismunandi eftir reglum hvers lands.
- Mat á heilsufari við fyrri ráðningu í starf verði almennt lagt til grundvallar við útreikning lífeyris samkvæmt lífeyrisreglum annars norræns lands.
- Úrskurður um örorkulífeyri í einu landi sá lagður til grundvallar við útborgun örorkulífeyris í öðru norrænu landi.
- Í einstökum vafamálum sem upp kunna að koma um framkvæmd samkomulagsins er gert ráð fyrir að löndin hafi samráð áður en máli er ráðið til lykta.
- Jafnframt gerir samkomulagið ráð fyrir því að ákveðin samhæfing og samvinna eigi sér stað milli Norðurlandanna um útreikning og útborgun lífeyris fyrir þá ríkisstarfsmenn sem í hlut eiga.

Norræna samkomulagið tekur til lífeyrisréttinda vegna starfa sem falla undir lífeyrisreglur ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum. Samkvæmt fylgiskjali með samkomulaginu er þar vísað til lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Jafnframt er rétt að benda á að samkomulagið tekur til ríkisstarfsmanna í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðunum.

Með frumvarpi þessu fylgja drög að reglum sem settar verða nái frumvarpið fram að ganga. Jafnframt fylgir frumvarpinu Samkomulag Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna frá 1. júní 2001.“

Úr [nefndarálit](#):

„Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Breytingarnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar í tilefni af samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Er í samkomulaginu stefnt að því að samhæfa útreikning lífeyrisréttinda með tilliti til mismunandi lífeyriskerfa. Í öðru lagi er lagt til að starfsmönnum alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða alþjóðlegum samningum, verði að vissum skilyrðum uppfylltum veittur réttur til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins meðan á starfstíma þeirra erlendis stendur. Í þriðja lagi lúta þær breytingar sem í frumvarpinu felast að því að lækka iðgjaldaprósentu sveitarfélaga vegna kennara og skólástjórnenda grunnskóla. Er gert ráð fyrir að iðgjaldið lækki úr 9,5% í 7,5% en heildariðgjald sveitarfélaga vegna starfsmanna grunnskóla sem eru í B-deild hækkaði úr 15,5% í 17,5% með tilkomu laga nr. [167/2006](#) þar sem kveðið er á um að móttframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð hækki úr 6% í 8%. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólans var svo um samið á sínum tíma að sveitarfélögin bæru ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna kennara og er því þessi breyting nauðsynleg til að koma í veg fyrir að útgjöld sveitarfélaga hækki vegna hækkaðs móttframlags í B-deild sjóðsins.

Fram kom í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarpið að sú lækkan sem hér sé lögð til hefði þýtt 1,7 milljörðum kr. lægri eignir sjóðsins nú ef reiknað væri með 7,5% viðbótarframlagi í stað 9,5% á árunum 1997–2006. Einnig kom fram að sé einungis litið til iðgjaldgreiðslna á árinu 2006 hefði lægra iðgjald haft í för með sér um 100 millj. kr. lægri eignastöðu sjóðsins og þá samsvarandi hækkan á bakábyrgð ríkissjóðs.

Nefndin bendir á að sú hækkan á iðgjaldi vinnuveitanda í lífeyrissjóð sem kveðið er á um í lögum nr. [167/2006](#) sem öðluðust gildi 1. janúar 2007 var almenn og stafaði annars vegar af auknu langlífi þjóðarinnar og hins vegar af aukinni örorku í þjóðfélaginu. Nefndin telur að edlilegt hefði verið að fara aðra leið en þá sem hér er lögð til og hvetur til þess að áður nefnt samkomulag, sem gert var vegna flutnings grunnskólans, verði endurskoðað.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Er annars vegar lagt til að lokamálsliður 1. gr. frumvarpsins falli brott enda er slíkt ákvæði þegar í 1. mgr. 7. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem fram kemur að stjórn sjóðsins setji samþykktir í samræmi við lög sjóðsins og önnur lög um lífeyrissjóði. Hins vegar er lagt til að sá hluti gildistökuákvæðisins sem kveður á um afturvirkni 2. gr. verði í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið enda er um tímabundið ákvæði að ræða. Tilgangur þess er sá að sveitarfélögin fái endurgreitt það sem þau hafa greitt frá áramótum, umfram það sem samið var um á sínum tíma, þ.e. við flutning grunnskólans.“

Lög nr. 12/2009 um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum

3. gr. (Forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn).

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

„Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar, frá 1. febrúar 2009, en þar kemur fram að lög nr. [141/2003](#), um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði afnumin og um alþingismenn, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands muni gilda almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna. Markmið frumvarpsins er því að koma á samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

1. Breytingar á eftirlaunakjörum æðstu embættismanna þjóðarinnar með lögum nr. 141/2003.

Lög nr. 141/2003 fólu í sér breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar. Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að fyrrgreindum lögum var því lýst að markmið með setningu laganna væri m.a. að veita alþingismönnum og ráðherrum sem hefðu gegnt störfum lengi og verið í forystusveit í samfélaginu rýmri rétt en áður til að hverfa af opinberum vettvangi og draga sig í hlé frá stjórnámálum. Með því væri stuðlað að hæfilegri endurnýjun í þjóðmálum og þeim sem varið hefðu meginhluta starfsævi sinnar á þessum sviðum tryggður fjárhagslegur grundvöllur til að svo gæti orðið. Tekið var fram að gera ætti þeim sem lengi hefðu verið í forystustörfum í stjórnámálum kleift að hverfa af vettvangi með samilega örugga afkomu og án þess að þeir þyrftu að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Með lögnum eru alþingismönnum, ráðherrum, hæstaréttardómurum og forseta Íslands veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og þeim tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum nr. [141/2003](#) með lögum nr. [169/2008](#) sem birt voru í Stjórnartíðindum 31. desember 2008 og öðlast gildi 1. júlí 2009.

Síðan lög nr. 141/2003 voru sett hafa þau sætt margs konar gagnrýni. Ljóst er að tiltekna hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæta ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Við því þarf að bregðast, meðal annars til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna.

2. Sjónarmið sem hafa þarf í huga við afnám laga nr. 141/2003.

Tilgangur eða markmið takmörkunar eða niðurfellingar eftirlaunaréttar hefur áhrif á lögmæti hennar og verða málefnaleg sjónarmið að búa að baki hugsanlegri lagabreytingu. Hafa verður í huga að með lögum nr. [141/2003](#) voru alþingismönnum, ráðherrum, hæstaréttardómurum og forseta Íslands tryggð ákveðin réttindi til viðbótar þeim almennu lífeyrisréttindum sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997 með sama hætti og aðrir sem greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Verður því að telja að lagabreyting sem afnemur eða takmarkar réttindi samkvæmt núverandi fyrirkomulagi feli ekki í sér umtalsverða takmörkun á framfærslu réttthafa samanborið við lífeyrisréttindi annarra starfsstétta. Þá mundi takmörkun eða niðurfelling eftirlaunagreiðslna til aðila sem gegna öðru launuðu starfi ekki ganga gegn þeim tilgangi eftirlaunagreiðslna að tryggja réttthöfum framfærslu þegar þeir hafa látið af störfum. Samkvæmt þessu verður heimild til afnáms eða takmörkunar á eftirlaunaréttindum samkvæmt lögum nr. [141/2003](#) að teljast rýmri en heimild til takmörkunar lífeyrisréttinda í almennum skilningi.

Eins og áður segir njóta alþingismenn, ráðherrar, hæstaréttardómarar og forseti Íslands ríkari lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. [141/2003](#) en almennt tíðkast. Lagabreyting sem hefði í för með sér skerðingu á þessum réttindum fæli því ekki í sér umtalsverða takmörkun á framfærslu samanborið við lífeyrisréttindi annarra starfsstétta. Því má ætla að þær breytingar sem lagðar eru til á eftirlaunakjörum

þessara hópa samræmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, enda munu þær, svo sem áður greinir, hafa í för með sér að samræmi næðist á milli eftirlaunakjara fyrrgreindra aðila og almennings.

Hvað varðar sjónarmið um réttmætar væntingar geta þau tæplega vegið þungt í ljósi þess að núgildandi lög eru aðeins rúmlega fimm ára gömul og hafa frá upphafi sætt stöðugri gagnrýni. Það er því ósennilegt að réttahafar samkvæmt lögum geti talist hafa verið í góðri trú um fyrirvaralaus eftirlaunakjör á grundvelli laganna til framtíðar.

3. Nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér tillögu að útfærslu á framangreindu markmiði á þann hátt að í fyrsta kafla frumvarpsins er lagt til að frá og með 1. apríl 2009 falli úr gildi lög nr. [141/2003](#), með síðari breytingum, en þó með sólarlagsákvæði fyrir núverandi forseta Íslands og þá aðila sem gegna störfum sem hæstaréttardómarar við gildistöku laganna. Fyrir gildistöku laga nr. [141/2003](#) voru hæstaréttardómarar sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hæstaréttardómarar sem aðild áttu að B-deild sjóðsins við gildistöku laga nr. [141/2003](#) þurftu að velja milli þess að halda áfram aðild að B-deild LSR eða hefja greiðslur til A-deildar LSR, skv. 1. gr. laga nr. [141/2003](#). Í frumvarpi þessu er gengið út frá óbreyttri skipan þar sem ekki þykir fært að raska vali hæstaréttardómara með afturvirkum hætti. Einnig ber til þess að líta að áður var réttarstaða hæstaréttardómara með ólíkum hætti eftir því hvort þeir voru sjóðfélagar í A-deild eða B-deild LSR. Dómarar sem fengið höfðu lausn og nutu launa samkvæmt ákvæði í 61. gr. stjórnarskrár gátu ekki tekið samhliða lífeyri úr B-deild LSR, sbr. 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Hins vegar er ekki sambærilegt ákvæði sem tekur til A-deildar LSR. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun fyrir þá dómara sem eru skipaðir í Hæstarétt fyrir gildistöku laganna. Hins vegar munu dómarar sem síðar verða skipaðir greiða til A-deildar LSR verði frumvarp þetta að lögum.

Varðandi núverandi forseta Íslands ber þess að geta að hann hefur þegar áunnið sér full réttindi skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. [141/2003](#). Til að undirstríka að ákvæði laga nr. [141/2003](#) nái til núverandi forseta Íslands á meðan hann gegnir því starfi, þ.m.t. réttindi maka skv. VI. kafla þeirra laga, nær sólarlagsákvæði 2. gr. frumvarpsins einnig til núverandi forseta Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umræddir aðilar njóti þeirra eftirlaunakjara sem lög nr. [141/2003](#) kveða á um á meðan þeir gegna þeim embættum sem þeir gera í dag. Nær það jafnframt til maka þeirra, sbr. VI. kafla laga nr. [141/2003](#). Að auki er í frumvarpinu að finna lagaskilaákvæði og skerðingarreglu sem er til samræmis við 8. gr. laga nr. [169/2008](#) og varðar starf samhliða eftirlaunatöku.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að gerð verði nauðsynleg breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til að tryggja að þeir aðilar sem lög nr. [141/2003](#) ná til eigi, við brottfall laga nr. [141/2003](#), aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þar sem umræddir aðilar eru, að frátöldum hæstaréttardómurum, ekki starfsmenn ríkisins í skilningi laga nr. [70/1996](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er lagt til að viðkomandi aðilar verði sérstaklega tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997, við hlið starfsmanna ríkisins. Um viðkomandi aðila, þ.e. starfsmenn ríkisins og þá aðila sem tilgreindir eru í lögum nr. [141/2003](#), gilda þá sömu reglur samkvæmt lögum nr. 1/1997, verði frumvarp þetta að lögum.

Verði frumvarpið að lögum hefur afnám laga nr. [141/2003](#) ekki í för með sér að þau réttindi sem viðkomandi einstaklingar hafa áunnið sér á gildistíma laganna skerðist afturvirkkt, heldur haldast þau óbreytt sem geymd réttindi.“

Úr [nefndaráliti](#):

„Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. [141/2003](#), um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði felld brott í því augnamiði að færa eftirlaun þeirra til samræmis við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin gildi áfram um núverandi hæstaréttardómara og forseta Íslands út starfstíma þeirra. Þá er í frumvarpinu gerður sá almenni fyrirvari um að áunnin réttindi haldist.

Nefndin ræddi lagaskilaákvæði frumvarpsins með hliðsjón af því hvernig lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna er uppbyggt og með hliðsjón af því mikilvæga sjónarmiði að menn haldi áunnum réttindum. Nefndin ræddi vægi lífeyrisréttinda í kjörum alþingismanna og ráðherra og heimildir og skyldur kjararáðs til að taka mið af þeim réttindum við ákvarðanir um laun. Þá ræddi nefndin hugmyndir um að þeir sem frumvarpið tekur til gætu valið sér lífeyrissjóð en það er í andstöðu við það fyrirkomulag að skylda almennt launafólk til að greiða lífeyrisiðgjöld í tiltekinn lífeyrissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.“

Lög nr. 48/2010 um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga

[37.](#) gr. (Geti ekki samhliða störfum tekið ellilífeyri úr B-deild)

Úr [greinargerð](#):

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

„Með lögum nr. [141/1996](#) voru gerðar verulegar breytingar á þágildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. [29/1963](#), og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvæna, nr. 16/1965. Breytingarnar voru einkum fölgjar í því að eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna sem verið hafði að stórum hluta fjármagnað með gegnumstreymi skyldi lokað fyrir nýjum sjóðfélögum en í þess stað skyldi stofnað nýtt kerfi með fullri sjóðsöfnun, fjármagnað með samtímaíðgjöldum. Eldra kerfinu, sem er að stórum hluta gegnumstreymiskerfi þar sem launagreiðendur bera ábyrgð á hækkun lífeyris og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir greiðslum, skyldi lokað. Lífeyrissjóði hjúkrunarkvæna og eldra eftirlaunakerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var því lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Eldra kerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var sett í sér deild sem fékk nafnið B-deild. Greiðandi sjóðfélagar fengu val um að halda áfram greiðslum í óbreytt kerfi eða flytja sig í nýstofnað kerfi, sem fékk nafnið A-deild. Sambærilegt val höfðu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvæna.

Við breytingarnar var gengið út frá því að kerfin skyldu vera jafnverðmæt fyrir sjóðfélaga. Þar sem stefnt var að því að loka B-deildinni voru sett inn ákvæði um skilyrði sem þyrfti að uppfylla til að heimilt væri að ávinna sér frekari réttindi. Því var gert ráð fyrir að sjóðfélagar töpuðu rétti til aðildar ef iðgjaldagreiðslur féllu niður í ár eða lengri tíma, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna.

Í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er það gert að skilyrði til að heimilt sé að hefja töku ellilífeyris að sjóðfélagar hafi látið af þeim störfum sem veitt hafa þeim aðild að sjóðunum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, og 1. mgr. 8. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997. Jafnframt eru ákvæði í 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og í 8. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997 sem tiltaka sérstaklega að sjóðfélagar eigi ekki, auk launa fyrir störf sem veita aðild að sjóðunum rétt til ellilífeyris.

Við stofnun A-deildar var ekki ætlunin að opna fyrir þann möguleika að sjóðfélagar gætu hafið töku lífeyris úr B-deild eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga samhliða störfum sem uppfylltu almenn aðildarskilyrði að sjóðunum. Því voru sett sérstök ákvæði í lögum sem annars vegar er að finna í 37. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, og hins vegar í 26. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997. Ákvæði þessi hafa þó ekki þótt nægilega skýr og hefur umboðsmaður Alþingis láti í té álit sitt í máli nr. [5222/2008](#) þar sem hann telur sjóðfélaga eiga rétt til töku lífeyris samhliða störfum sem veitt hefðu aðild að B-deild fyrir stofnun A-deildar. Ljóst er þó af lögskýringargögnum sem fylgdu frumvarpi er varð að lögum nr. 141/1996 að ekki var ætlunin, með stofnun A-deildar, að opna fyrir þann möguleika að heimila lífeyristöku úr eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna samhliða slíkum störfum og jafnvel þótt viðkomandi sjóðfélagar ættu þess ekki kost eftir lokun B-deildar að greiða áfram í deildina. Þannig segir í athugasemdum um það ákvæði er varð að 37. gr. laga nr. 1/1997: „Ákvæði 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins er til áréttingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að B-deild sjóðsins, hefji iðgjaldagreiðslu til A-deildar hans. Þetta gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deildina. Og þetta gildir einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt.“ Sambærilegar athugasemdir eru að finna með frumvarpinu varðandi þá grein er varð að 26. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga hafa hagað framkvæmdinni til samræmis við þá ættlan að greiða ekki lífeyri úr B-deild og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga samhliða störfum sem greitt hefði verið af til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga fyrir stofnun A-deildar. Nú ríkir hins vegar nokkur óvissa eftir að umboðsmaður hefur látið álit sitt í ljós og þykir því nauðsynlegt, með lagafrumvarpi þessu, að leggja til lagabreytingar sem ætlað er að skýra og styrkja stöðina undir núverandi framkvæmd sem sjá má af fyrri lögskýringargögnum að samræmist vilja löggjafans.“

Úr [nefndaráli](#):

„Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af áli umboðsmanns Alþingis í máli nr. [5222/2008](#) þar sem reyndi á hvort aðili, sem hafði vegna fyrri starfa áunnið sér lífeyrisréttindi í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en greiddi nú iðgjöld í A-deild sjóðsins, gæti samhliða starfi sínu hafið töku lífeyris úr B-deildinni. Umboðsmaður tók til skoðunar hvort lífeyrissjóðnum hefði verið heimilt að synja umsókn þar að lútandi á grundvelli 8. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Taldi umboðsmaður með vísan til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár að fullnægjandi lagastoð hefði ekki verið fyrir hendi eins og atvikum háttaði til í málinu. Aðilinn hefði ekki átt val um að láta iðgjöld vegna starfs síns renna í B-deildina vegna skilyrða 2. mgr. 5. gr. laganna.

Í III. kafla áli síns kemur fram að umboðsmaður Alþingis hafi við meðferð málsins óskað upplýsinga um sambærileg mál og fengið þau svör að fjöldi slíkra mála fyrirfinnist. Einnig kemur fram í álitinu að samþykktum lífeyrissjóðsins, nánar tiltekið 54. gr., hefði verið breytt 6. maí 2009 til að koma í veg fyrir töku lífeyris við sambærilegar aðstæður. Umboðsmaður taldi ekki þörf á að skera úr um hvort umrædd breyting á samþykktum ætti sér skýra lagastoð, sbr. einkum 2. mgr. 37. gr., en tók fram að henni yrði í það minnsta ekki beitt afturvirk, þ.e. um umsóknir sem borist hefðu fyrir tímamark breytingarinnar.

Tilgangur frumvarpsins er að skýra og styrkja stöðina undir framkvæmd sjóðsins eins og hún endurspeglast í 54. gr. [samþykktanna](#). Nefndin leggur þess vegna áherslu á að ákvæðum frumvarpsins verði ekki frekar en umræddri breytingu beitt afturvirk.“

Úr áli umboðsmanns Alþingis í máli nr. [5222/2008](#):

Athugun UA beindist að því hvort synjun LSR á beiðni A um greiðslu lífeyris úr B-deild sjóðsins, á þeim grundvelli að ekki sé heimilt að greiða lífeyri úr B-deild sjóðsins samhliða starfi sem uppfyllir almenn skilyrði fyrir aðild að sömu deild, hafi verið í samræmi við lög.

Ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar að virtu álitafni málsins.

„Í máli þessu reynir á það álitafni hvort Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafi á grundvelli laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eða eftir atvikum á grundvelli samþykpta sjóðsins, haft fullnægjandi heimild til að synja A, sem á áunnið lífeyrisréttindi í B-deild sjóðsins, um greiðslu úr þeirri deild eftir að hann hafði náð þeim lágmarksaldri sem lögin áskilja fyrir útgreiðslu réttinda úr B-deild. Synjunin var einkum reist á þeirri forsendu að A gegndi þá starfi framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem fullnægði almennum aðildarskilyrðum að B-deild sjóðsins, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997. Synjunin var þannig óháð þeirri afstöðu sjóðsins að A sjálfur ætti ekki rétt til aðildar að B-deildinni þar sem hann uppfyllti ekki skilyrði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 1/1997 um samféllu í iðgjaldagreiðslum, eins og áður er rakið.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi A fyrir gildistöku laga nr. 1/1997 iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árunum 1971-1973, 1980-1983 og 1990-1995 vegna starfa sem aðstoðarmaður ráðherra. Hann greiddi einnig iðgjöld í B-deild sjóðsins er hann var framkvæmdastjóri þingflokks Alþýðuflokksins 1995-1997. Um hlutfallsprósentu iðgjalda sjóðfélaga og mótframlag launagreiðenda var á þessum tíma fjallað í 10. gr. þágildandi laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ég tek fram að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. gildandi laga nr. 1/1997 bar við gildistöku laganna að varðveita iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnslu til ársloka 1996 í B-deild sjóðsins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er að mínu áli ótvírætt að A ávann sér með m.a. iðgjaldagreiðslum sínum tiltekinn rétt til lífeyris úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem að öðru jöfnu hefði átt að koma til útgreiðslu frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann varð 65 ára, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, enda voru önnur skilyrði laganna uppfyllt. Þessi lífeyrisréttindi A njóta því verndar grundvallarreglu 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. [33/1944](#) um friðhelgi eignarréttar, sjá til hliðsjónar, Björgu Thorarensen: Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi, Reykjavík 2008, bls. 461, og doktorsritgerð Gauks Jörundssonar: Um eignarnám, Reykjavík 1969, sem kom út í gildistíð laga nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á bls. 76 í ritgerð hans er fjallað um „lífeyri og eftirlaun“ og m.a. tekið eftirfarandi fram um það hvort réttindi af því tagi verði talin til eignar í merkingu eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar: „Réttindi af því tagi eru bæði endurgjald fyrir vinnu og (nú) komin til fyrir bein fjárframlög rétthafanna. [...] Er hvorki ástæða til að takmarka þá vernd við það, að rétturinn sé orðinn virkur, þ.e. að starfsmaður hafi látið af starfi, né upphæð bóta við þær greiðslur, sem hann hefur innt af hendi [...], þótt erfitt geti verið að meta réttarstöður þessar til peningaverðs.“

Lífeyrisréttindi skipta að jafnaði miklu fyrir framfærslu einstaklinga sem huga að starfslokum og náð hafa þeim aldri að réttur til útgreiðslu úr lífeyrissjóði getur stofnast. Fyrirsjáanleiki um það hvenær og að uppfylltum hvaða skilyrðum slíkur réttur getur stofnast skiptir því sömuleiðis miklu um það hvernig einstaklingar geta skipulagt og hagað lífi sínu. Að þessu virtu, og þar sem við úrlausn á réttarstöðu A reynir samkvæmt ofangreindu á hagsmuni sem njóta stjórnskipulegrar eignarréttarverndar, er það álit mitt að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafi á árinu 2007, þegar hún synjaði beiðni A, þurft að geta stutt ákvörðun sína við skýra og ótvíræða heimild í lögum nr. 1/1997 eða eftir atvikum í samþykktum sjóðsins, enda hafði A þá fullnægt lágmarksaldursskilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, sbr. til hliðsjónar Hrd. 1998, bls. 2140. Af þessu leiðir jafnframt það lögskýringarsjónarmið að vafa um hvort stjórn sjóðsins hafi haft viðhlítandi heimild til að synja A um rétt til lífeyris verður almennt að túlka honum, sem handhafa þeirra réttinda sem njóta stjórnskipulegrar verndar, í hag. Því verður að áskilja að nokkuð skýrt hafi mátt ráða af texta laga nr. 1/1997 eða eftir atvikum af ákvæðum í samþykktum sjóðsins, sem sett voru með fullnægjandi stoð í lögum, að mælt hafi verið fyrir um þá takmörkun á rétti sjóðfélaga á borð við A til útgreiðslu lífeyris úr B-deild, þótt skilyrði um lágmarksaldur væru uppfyllt, þegar lífeyrissjóðurinn synjaði beiðni hans 8. október 2007. Þessi ályktun styðst jafnframt við lögmatísreglu stjórnsýsluréttar sem kann eftir atvikum að þurfa að horfa til þegar stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins tekur ákvarðanir um réttindi sjóðfélaga, en samkvæmt henni geta stjórnvöld eða aðilar, sem hafa með lögum fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, ekki íþyngt einstaklingum með ákvörðunum sínum nema hafa til þess viðhlítandi heimild í lögum. Eftir því sem slík ákvörðun verður meira íþyngjandi því strangari verða þær kröfur sem gera verður til þess að lagaheimildin sé skýr og ótvíræð.

Í þessu sambandi tel ég einnig rétt að benda á að eignarrétturinn nýtur að íslenskum rétti jafnframt verndar 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur verið veitt lagagildi með ákvæði 1. gr. laga nr. [62/1994](#), um mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að 1. másl. 1. mgr. 1. gr., um að öllum mönnum og lögaðilum beri réttur til að njóta eigna sinna í friði, feli í sér sjálfstæða efnisreglu, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 5. janúar 2000 (nr. [33202/96](#)) í máli Beyeler gegn Ítalíu, og að sá réttur verði ekki skertur nema með lögum, sbr. dóm frá 25. mars 1999 (nr. [31107/96](#)) í máli Iatridis gegn Grikklandi.

Með ofangreind lagasjónarmið í huga vik ég nú að því álitaefni hvort synjun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 8. október 2007, á beiðni A um lífeyrisgreiðslur úr B-deild sjóðsins, hafi verið í samræmi við lög.“

Ákvæði laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, forsaga þeirra og lögskýringargögn.

„Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, sem varð að lögum nr. [141/1996](#), er lýst forsögu lagaákvæða um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þar kemur fram í kafla IV að stofnun sjóðsins megi rekja til laga nr. 72/1919, „um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldur þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri“. Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra hafi síðan verið stofnaður með lögum nr. [51/1921](#). Með 1. gr. laga nr. [101/1943](#) hafi nafni sjóðsins verið breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hafi sjóðurinn eftirleiðis starfað með því markmiði og skipulagi sem greindi í lögum og síðari löggjöf um sjóðinn. Næstu heildarlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hafi verið lög nr. [64/1955](#) en þau hafi síðar verið leyst af hólmi með lögum nr. [29/1963](#), um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. (Alpt. 1996-1997, A-deild, bls. 1566.)

Með ákvæðum ofangreindra laga nr. 141/1996 voru gerðar umtalsverðar breytingar á því lífeyrisréttindakerfi opinberra starfsmanna sem kveðið var á um í lögum nr. 29/1963. Í samræmi við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 141/1996 voru lög nr. 29/1963, með áorðnum breytingum, jafnframt endurútfærin og hlutu við það númerið [1/1997](#). Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996 kemur fram að fjármálaráðherra hafi í nóvember 1995 ákveðið að skipa nefnd til að yfirfara lífeyrismál opinberra starfsmanna og þá sérstaklega lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvænna. Í athugasemdunum segir m.a. eftirfarandi um þau atriði sem höfð voru að leiðarljósi í starfi nefndarinnar:

„Í stuttu máli voru eftirfarandi meginatriði höfð að leiðarljósi í nefndarstarfinu:

1. Núverandi starfsmönnum verði tryggður réttur til áframhaldandi aðildar að núverandi lífeyriskerfi, en jafnframt gefinn kostur á að flytja sig yfir í nýtt kerfi.
2. Nýir starfsmenn fái eingöngu aðild að nýju kerfi.

3. Verðmæti heildarréttinda verði hliðstæð í nýju kerfi og þau eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
4. Iðgjald verði greitt af heildarlaunum.
5. Sjóðfélagar ávinni sér réttindi á grundvelli innborgaðra iðgjalda.
6. Ákvæði um réttindi verði lögbundin, en iðgjald launagreiðenda breytilegt.
7. Vægi ellilífeyris- og örorkulífeyrisréttinda verði aukið.
8. Réttur til tóku ellilífeyris verði ekki háður starfslokum.
9. Réttindi verði verðtryggð miðað við neysluverðsvísitölu.
10. Réttur til flýtingar/seinkunar á tóku ellilífeyris verði almennur.“ (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1561-1562.)

Með þeim lagabreytingum sem fólust í lögum nr. 1/1997 var komið á nýju réttindakerfi sem nýráðnir starfsmenn, og þeir sem kysu að færa sig úr eldra kerfi, skyldu greiða iðgjald til og stofnuð um það sérstök deild í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, svokölluð A-deild. Eldra réttindakerfi var hins vegar lokað fyrir nýjum starfsmönnum og skipað í svokallaða B-deild sem þeir sem aðild áttu að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við gildistöku laga nr. 141/1996 skyldu greiða til hefðu þeir ekki kosið að færa sig yfir í A-deild lífeyrissjóðsins.

Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1997 er það hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins „að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga“. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1997 starfar lífeyrissjóðurinn nú í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum eins og áður er rakið, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur. Sjóðfélagar samkvæmt lögum nr. 1/1997 eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið tóku lífeyris úr sjóðnum, sbr. 2. gr. laganna.

Aðild sjóðfélaga að A-deild sjóðsins ræðst nánar af þeim skilyrðum sem er að finna í ákvæði 3. gr. laga nr. 1/1997, en það er svohljóðandi:

„Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt lögum um kjararáð. Ákvæði 1. málsl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

Starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessara laga, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans, kjósi þeir að nýta sér heimild 4. mgr. 4. gr., og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins skv. 13. gr. Sama gildir um þá hjúkrunarfræðinga sem hefur verið skylt að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en kjósa fremur aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hvílir þá sama skylda á launagreiðendum þeirra um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins.

Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa í samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggja samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í samþykktum hans.

Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild

að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.“

Um aðild sjóðfélaga að B-deild sjóðsins er fjallað í 4. gr. laga nr. 1/1997, en ákvæði 1.-6. mgr. greinarinnar eru svohljóðandi:

„Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1996 skulu varðveitt í B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá ríkinu, enda séu þeir skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starf þeirra sé eigi minna en hálftr starf. Sama á við um þá kennara og skólustjórnendur við grunnskóla sem voru í starfi við árslok 1996 á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, enda uppfylli ráðning þeirra sömu skilyrði um ráðningartíma og starfshlutfall.

Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólustjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 skulu eiga sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar. Sjóðfélagi, sem þessi málsgrein eða 5. mgr. taka til og greiðir iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar hans ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnsla hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir árslok 1996 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.“

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 1/1997 hefur sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til lífeyrissjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir ofantilvitnaðar 2., 3. og 5. mgr. 4. gr. sömu laga. Þá segir svo í 2. og 3. mgr. 5. gr.:

„Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni eigi síðar en tólf mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður lengur en tólf mánuði, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 4. gr. á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði 2. mgr. 4. gr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir 5. mgr. 4. gr.“

Eins og rakið er í upphafi kafla IV.1 hér að framan gerir A ekki athugasemdir við þá afstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að hann hafi ekki átt framar rétt til aðildar að B-deild sjóðsins þar sem tilvik hans hafi fallið undir síðari málslið tilvitnaðrar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 1/1997 um að iðgjaldagreiðslur eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins hafi fallið niður í lengri

tíma en tólf mánuði. Ég ítreka að þar sem kvörtun A er þannig fram sett hef ég ekki tekið neina afstöðu til þessarar forsendu heldur miðað athugun mína við að ekki sé deilt um þá afstöðu lífeyrissjóðsins.

Samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. 1/1997 er ljóst að tiltekinn sjóðfélagi getur ekki átt aðild að bæði A- og B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á sama tíma. Með þessum ákvæðum er þannig mælt fyrir um í hvora deildina sjóðfélagi skuli tilheyra og getur það að nokkru marki ráðist af eigin ákvörðun hlutaðeigandi, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 4. gr. laganna.

Í máli þessu reynir eins og áður er rakið á það álitaefni hvort ákvæði laga nr. 1/1997, eða eftir atvikum samþykktir sjóðsins, hafi síðla árs 2007 girt með skýrum og ótvíræðum hætti fyrir að A hafi samhliða starfi sínu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands getað notið réttar til lífeyris úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem hann hafði áunnið sér á árum áður.

Af ákvæðum II. og III. kafla laga nr. 1/1997 er ljóst að greinarmunur er gerður á rétti sjóðfélaga til töku lífeyris samhliða því að þeir gegni áfram starfi sínu. Í 15. gr. laganna, sem er í II. kafla laganna um A-deild lífeyrissjóðsins, er kveðið á um lífeyristöku sjóðfélaga A-deildar. Í 1. mgr. 15. gr. er mælt svo fyrir að hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins eigi rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára og er ekki gert að skilyrði samkvæmt ákvæðinu að hann hafi jafnframt látið af þeim störfum sem veittu honum aðild að sjóðnum. Í 3.-5. mgr. 15. gr. er enn fremur gert ráð fyrir því að sjóðfélögum A-deildar sé heimilt að fresta eða flýta töku lífeyris og að sjóðfélagi geti áunnið sér réttindi eftir að hann hefur töku ellilífeyris.

Ákvæði 15. gr. var lögfest með 27. gr. laga nr. 141/1996. Í athugasemdum greinargerðar við 27. gr. í frumvarpi því sem varð að þeim lögum segir m.a. að ekki sé gerð krafa um að sjóðfélagi í A-deild sjóðsins þurfi að hafa látið af störfum til þess að hann geti hafið töku lífeyris „frá þeirri deild sjóðsins“. (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1588.)

Í 24. gr. laga nr. 1/1997, sem er í III. kafla laganna um B-deild lífeyrissjóðsins, er kveðið á um lífeyristöku sjóðfélaga B-deildar. Í 1. mgr. 24. gr. segir að hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins eigi rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára „enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum“. Samkvæmt 8. mgr. 24. gr. á sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum samkvæmt 4. gr. laganna, ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun sem starfinu fylgja eftir að þeir láta af störfum.

Ákvæði 24. gr. var áður að finna í 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingar voru gerðar á ákvæðinu með 15. gr. laga nr. 141/1996. Í athugasemdum greinargerðar við 15. gr. frumvarps þess er síðar varð að lögum nr. 141/1996 segir m.a. svo:

„Með þeirri breytingu sem lögð er til í a-lið þessarar greinar á 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að réttur til lífeyris hefjist næstu mánaðamót eftir að maður verður 65 ára. Jafnframt er í 1. mgr. áréttað að miðað sé við að sjóðfélagi hafi látið af þeim störfum, sem veittu honum aðild að sjóðnum, til þess að hann eigi rétt á lífeyri frá B-deild sjóðsins.

[...]

Með g-lið þessarar greinar eru gerðar breytingar á 9. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 8. mgr. 24. gr. Núgildandi 9. mgr. 12. gr. er að ýmsu leyti óljós og hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Ekki hefur verið óalgengt að menn starfi áfram eftir að taka lífeyris hefst. Frá þeirri ráðningu hefur verið gengið með ýmsum hætti. Vafi hefur leikið á í hvaða tilvikum menn eigi engu að síður rétt á lífeyri, þrátt fyrir áframhaldandi störf, ýmist í sambærilegu starfi eða ólíku. Málsgrein þessari er því ætlað að taka af öll tvímæli. Í henni er tvennt tiltekið:

Í fyrsta lagi það að ef sjóðfélagi gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 4. gr. laga hans, eigi hann ekki rétt á lífeyri. Samkvæmt þessu á sjóðfélagi hins vegar rétt á lífeyri eftir að hann hefur látið af þeim störfum, sem veitt geta honum rétt til aðildar að B-deild sjóðsins skv. 4. gr., að því tilskyldu að hann hafi þá náð þeim aldri að hann eigi rétt á lífeyri. Breytir þá engu þótt hann stundi launaða vinnu sem ekki getur veitt aðild að B-deildinni.

Í öðru lagi er tiltekið í málsgreininni að ef sjóðfélagar fá áfram óskert laun sem starfinu fylgja eftir að þeir láta af störfum, eigi þeir ekki jafnframt rétt til lífeyris.“ (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1578-1579.)

Að framan er rakið að með lögum nr. 1/1997 var gerð sú grundvallarbreyting á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að sjóðnum var skipt upp í tvær deildir, A- og B-deild, og ráðgert að hin síðarnefnda tæki við fyrirliggjandi iðgjaldagreiðslum og réttindaávinnslu sjóðfélaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, henni lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og að allir nýir sjóðfélagar yrðu aðilar að A-deildinni að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum, sbr. 3. gr. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir því að þeir sem áttu aðild að B-deildinni gætu eftir atvikum ákveðið að færa sig yfir í A-deildina við gildistöku laganna, sbr. einkum 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997. Í ljósi þessarar aðstöðu var í ákvæðum IV. kafla

laganna um „[lagaskil] og sérákvæði“ jafnframt nauðsynlegt að fjalla um samhliða lífeyristöku þeirra sjóðfélaga sem áttu fyrir árslok 1996 aðild að B-deildinni, en héldu áfram störfum og greiddu iðgjald til A-deildarinnar eftir það.

Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997 er þannig kveðið á um að sjóðfélagar sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins samkvæmt 4. gr. laganna, en „[kjósi] fremur“ að greiða til A-deildar, eigi ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr. Að öðru leyti skuli setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997 var lögfest með 37. gr. laga nr. 141/1996. Í athugasemdum greinargerðar við 37. gr. frumvarps er varð að þeim lögum segir svo:

„Samkvæmt 1. mgr. 24. gr., eins og hún verður eftir breytingu skv. 15. gr. frumvarpsins, eiga sjóðfélagar í B-deild sjóðsins ekki rétt á lífeyri á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum. Greinin er að þessu leyti óbreytt frá gildandi lögum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins er til áreitingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að B-deild sjóðsins, hefji iðgjaldagreiðslu til A-deildar hans. Þetta gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deildina. Og þetta gildir einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt.“ (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1594-1595.)

Samkvæmt 5. másl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 1/1997 setur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins honum samþykktir í samræmi við ákvæði laganna og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Í þessu sambandi minni ég á að samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laganna skal að öðru leyti en mælt er fyrir um í 1. mgr. sömu greinar setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

Á þeim tíma sem A beindi erindi sínu til lífeyrissjóðsins og erindinu var sýnað, þ.e. 8. október 2007, var svohljóðandi ákvæði að finna í 54. gr. [samþykktu](#) LSR:

„Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins 1996 og fyrr eða til B-deildar hans, á rétt á lífeyri úr henni frá þeim tíma sem kveðið er á um í 57. grein, hafi hann látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum. Sjóðfélagi, sem gegnir starfi, sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 17. grein eða fær greidd óskert laun, sem starfinu fylgdu, eftir að hann lét af störfum á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris. Sjóðfélagi á ekki rétt á lífeyri úr deildinni á meðan hann fær greitt þingfararkaup, biðlaun þingmanna, ráðherralaun eða biðlaun ráðherra.

Sjóðfélagi, sem átti rétt á að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins en kaus fremur að greiða til A-deildar, á ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan hann gegnir störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að deildinni.“

Hinn 6. maí 2009 samþykkti stjórn lífeyrissjóðsins að gerðar yrðu m.a. breytingar á ofangreindri 54. gr. [samþykktanna](#). Hljóðar hún nú svo:

„Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins 1996 og fyrr eða til B-deildar hans, á rétt á lífeyri úr henni frá þeim tíma sem kveðið er á um í 57. grein, hafi hann látið af þeim störfum sem veitt geta aðild að sjóðnum sem er skipun eða setning eða ráðning til a.m.k. eins árs eða ráðning með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og að starfið sé eigi minna en hálf starf. Sjóðfélagi, sem gegnir starfi, sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 17. grein eða fær greidd óskert laun, sem starfinu fylgdu, eftir að hann lét af störfum á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris. Sjóðfélagi á ekki rétt á lífeyri úr deildinni á meðan hann fær greitt þingfararkaup, biðlaun þingmanna, ráðherralaun eða biðlaun ráðherra.

Sjóðfélagi, sem greiðir til A-deildar af starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild, á ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan hann gegnir slíku starfi.“

Með breytingunni á árinu 2009 er þannig í fyrsta lagi bætt við 1. mgr. 54. gr. samþykktanna að þau störf sem veitt geta aðild að sjóðnum séu „skipun eða setning eða ráðning til a.m.k. eins árs eða ráðning með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og [...] eigi minna en hálf starf“. Í öðru lagi kemur nú fram í 2. mgr. ákvæðisins að sjóðfélagi sem greiðir til A-deildar af starfi sem uppfyllir

aðildarskilyrði að B-deild eigi ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan hann gegnir starfinu. Fyrir breytingu þá sem gerð var á samþykktunum árið 2009 tók ákvæði 2. mgr. 54. hins vegar eingöngu til þeirra sjóðfélaga sem höfðu haft val um til hvorrar deildar sjóðsins þeir greiddu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997, og höfðu „[kosid]“ að greiða frekar iðgjöld sín til A-deildar lífeyrissjóðsins.“

Um lögmati synjunar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á beiðni A um greiðslu lífeyris úr B-deild sjóðsins.

„Af synjun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 8. október 2007, og þremur skýringarbréfum sjóðsins til umboðsmanns Alþingis, dags. 27. mars 2008, 11. maí 2009 og 23. nóvember 2009, má draga þá ályktun að afstaða sjóðsins sé í megindráttum reist á því að það hafi ekki verið ætlunin með stofnun A-deildar lífeyrissjóðsins „að opna þann möguleika að fastráðnir starfsmenn [gætu] tekið lífeyri úr B-deild samhliða störfum“, eins og segir í synjunarbréfi sjóðsins til A, dags. 8. október 2007. Í þessu sambandi hefur sjóðurinn einkum vísað til 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, sbr. skýringarbréf til umboðsmanns, dags. 27. mars 2008, þar sem jafnframt er lagt til grundvallar að af því ákvæði verði ráðið það „meginmarkmið að koma í veg fyrir að sjóðfélagar geti hafið lífeyristöku samhliða störfum, sem fyrir stofnun A-deildar hefðu verið þess eðlis að samhliða þeim væri ekki unnt að hefja töku lífeyris, sbr. meginrökin að baki gildandi 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997“. Í því bréfi er einnig í þessu sambandi vísað til 37. gr. laga nr. 1/1997 og lögskýringargagna að baki því ákvæði. Með vísan til þessa er í bréfi sjóðsins tekið fram að á grundvelli þeirra „sjónarmiða“ sem fram koma í lögskýringargögnum að baki 37. gr. hafi „sjóðfélögum sem eiga „geymd réttindi“ í B-deild en eru [greiðendur] í A-deild af starfi sem uppfylli hin almennu skilyrði að B-deild, verið neitað um samhliða lífeyristöku“. Í sama skýringarbréfi er því næst tekið fram að í huga stjórnar og starfsmanna sjóðsins hafi þetta verið skýrt en að gefnu tilefni yrði yfirfarið við næstu endurskoðun á samþykktum sjóðsins hvort ekki væri unnt að taka á þessu atriði „með skýrari hætti en nú er“. Í þessu sambandi minni ég á umfjöllun mína hér að framan í niðurlagi kafla IV.3 um þær breytingar sem sjóðurinn gerði á 54. gr. samþykktu sjóðsins 6. maí 2009.

Í skýringarbréfum sínum til mín, dags. 11. maí 2009 og 23. nóvember 2009, hefur Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins í megindráttum skýrt nánar afstöðu sína á sömu forsendum og fram koma í upphaflegu skýringarbréfi til umboðsmanns, dags. 27. mars 2008. Þó er þar í ríkari mæli lögð á það áhersla að samkvæmt 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands lengi haft heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í B-deild sjóðsins. Það sama hafi gilt um starf það sem A gegndi þegar hann sótti um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins og verið synjað um hana á árinu 2007. Með því móti hafi starf það sem hann gegndi uppfyllt „aðildarskilyrði að B-deild LSR, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. Fyrir stofnun A-deildar LSR hefði verið greitt af umræddu starfi til LSR og ekki verið samhliða réttur til töku lífeyris“. Í sama bréfi er áréttað að lífeyrissjóðurinn hafi „ekki byggt synjun á lífeyrisgreiðslum á því að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi rétt til að greiða fyrir starfsmenn sína í B-deild með vísan í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 [...]“. Í síðasta skýringarbréfi sjóðsins til mín, dags. 23. nóvember 2009, kemur síðan fram að með vísan til greiðsluheimildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi í máli A verið synjað um greiðslu lífeyris með „vísan til 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997“ þar sem „viðkomandi sjóðfélagi [hafi verið] með fastráðningu í meira en hálf títíu hjá launagreiðanda sem heimild hafði til að greiða í sjóðinn fyrir starfsmenn sína í LSR fyrir árið 1996“. Í lok sama bréfs eru áréttuð sömu sjónarmið og komu fram í upphaflegu bréfi sjóðsins til umboðsmanns, dags. 27. mars 2008, um þau meginmarkmið sem hafi búið að baki 8. mgr. 24. gr. og 37. gr. laga nr. 1/1997. Þá er vísað til 26. gr. laga nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, sem sé sambærilegt við 37. gr. laga nr. 1/1997, og lögskýringargögn að baki fyrrnefnda ákvæðinu. Að lokum segir í bréfi sjóðsins:

„Af ofangreindum lögskýringargögnum liggur fyrir að það var vilji löggjafans að ekki væri unnt að taka lífeyri úr eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna samhliða störfum sem veita eftirlaunaréttindi úr sama kerfi. LSR hefur túlkað lögina til samræmis við þennan vilja og í huga þeirra sem komu að lagasetningunni og framkvæmd laganna hefur aldrei leikið vafi á því að ekki sé heimilt að taka lífeyri úr B-deild samhliða „föstum störfum“ hjá aðilum sem heimild hafa til að greiða í B-deild LSR eða LH. Það er ekki fyrr en við afgreiðslu á máli [A] sem í ljós kemur að lagatextinn er ekki eins skýr og æskilegt hefði verið.“

Ég hef í kafla IV.2 hér að framan lýst þeirri afstöðu minni að við úrlausn á máli þessu verði að horfa til þess að hér reynir á hagsmuni sem njóta verndar 72. gr. [stjórnarskrárinnar](#) um friðhelgi eignaréttar, þar sem A hafi m.a. með iðgjaldagreiðslum sínum í B-deild lífeyrissjóðsins á árum áður áunnið sér lífeyrisréttindi sem teljast til eignar hans í merkingu stjórnarskrárákvæðisins. Það sé því ljóst

að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafi, þegar hann synjaði beiðni A, þurft að geta stutt ákvörðun sína við skýra og ótvíræða heimild í lögum nr. 1/1997 eða eftir atvikum í samþykktum sjóðsins, enda hafði A þá fullnægt lágmarksaldursskilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Af þessu leiði það lögskýringarsjónarmið að vafa um hvort stjórn sjóðsins hafi haft viðhlitandi heimild til að synja A um rétt til lífeyris verður almennt að túlka honum í hag. Því verði að áskilja að nokkuð skýrt hafi legið fyrir af texta laga nr. 1/1997, eða eftir atvikum af ákvæðum í samþykktum sjóðsins, sett með viðhlitandi stoð í lögnum, að mælt hafi verið fyrir um þá takmörkun á rétti sjóðfélaga á borð við A til útgreiðslu lífeyris úr B-deild, þótt skilyrði um lágmarksaldur væri uppfyllt, þegar lífeyrissjóðurinn synjaði beiðni hans 8. október 2007.

Við úrlausn á máli þessu verður í upphafi að hafa það í huga að þegar löggjafinn tók þá ákvörðun að loka eldra réttindakerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og færa það í B-deild sjóðsins, en um leið að stofna til A-deildar fyrir nýja sjóðfélaga, varð í ljósi eðli þeirra réttinda sem hér um ræðir að virtri grundvallarreglu stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar, sbr. 1. mgr. 72. gr. [stjórnarskrárinnar](#), að búa svo um hnútana að réttarstaða þeirra sem áttu réttindi í B-deild, er færðust yfir í A-deildina, yrði skýr og ótvíræð. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur í skýringum sínum til mín lýst því yfir að texti laga nr. 1/1997 sé ekki „eins skýr og æskilegt hefði verið“ hvað varðar það álitafni sem uppi er í máli A. Þótt sjóðurinn hafi í meginráttum byggt afstöðu sína á ákvæðum 5. mgr. 4. gr., 8. mgr. 24. gr. og 37. gr. laganna liggur þannig fyrir að afstaða sjóðsins er að verulegu leyti reist á tilvísun til „vilja löggjafans“ og „meginmarkmiða“ áðurgreindra ákvæða.

Að þessu virtu, og í ljósi framangreindra sjónarmiða, verður að taka afstöðu til þess hvort ákvæði laga nr. 1/1997, sem sjóðurinn hefur vísað til, eða eftir atvikum ákvæði í samþykktum sjóðsins, eins og þau hljóðuðu síðla árs 2007 þegar A var synjað um greiðslu lífeyris úr B-deild, hafi verið nægilega skýr og ótvíræð um þá takmörkun á rétti hans sem sjóðurinn hefur lagt til grundvallar ákvörðun sinni í máli þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 á hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, „enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum“. Takmörkunin í niðurlagi 1. mgr. 24. gr. er nánar útfærð í 8. mgr. sömu greinar, sem er svohljóðandi:

„Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.“

Ekki verður sem fyrr segir dregin önnur ályktun af svörum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en að sjóðurinn telji að þar sem A hafi, þegar beiðni hans var synjað 8. október 2007, verið í starfi framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hafi hann gegnt „starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr.“ í merkingu tilvitnaðrar 8. mgr. 24. gr. Ástæðan sé sú að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi samkvæmt 5. mgr. 4. gr. almenna heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Þessi afstaða sjóðsins er þannig óháð þeirri staðreynd að A hafði, þegar hann hóf að gegna umræddu starfi, verið hafnað um rétt til aðildar að B-deild sjóðsins vegna skorts á samfellu í iðgjaldagreiðslum, sbr. 2. mgr. 5. gr. sömu laga.

Álitafnið er því nánar tiltekið það hvort fallast beri á það með Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 verði túlkuð á þá leið að starfsmaður, sem er sjóðfélagi í A-deild og greiðir þannig iðgjald til þeirrar deildar af launum sínum, verði í merkingu ákvæðisins talinn gegna starfi sem uppfyllir „aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr.“, á þeim forsendum einum að launagreiðandi hans hafi almenna heimild samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu laga til að greiða iðgjöld í B-deild fyrir starfsmenn sína. Þannig sé það ekki skilyrði samkvæmt 8. mgr. 24. gr. að takmörkun á lífeyristöku úr B-deild samhliða starfi sé einskorðuð við þá sjóðfélaga sem í starfi sínu eiga jafnframt rétt til aðildar að B-deildinni, og þá þannig að hann og launagreiðandi greiði iðgjöld af starfi hans til B-deildarinnar þegar hann óskar eftir rétti til lífeyris úr þeirri deild sjóðsins.

Við afmörkun á því hvort tilvísun 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 til „[aðildarskilyrða]“ 4. gr. geti takmarkast í tilviki 5. mgr. 4. gr. við hina almennu heimild launagreiðenda, sem þar eru upptaldir, til að greiða iðgjald í B-deild lífeyrissjóðsins, og áskilji þannig ekki að sjóðfélaginn, sem í hlut á, eigi sjálfur rétt til aðildar að B-deildinni í starfi sínu, verður í upphafi að hafa í huga að samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1997 er það hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins „að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga“. Hæstiréttur Íslands hefur lagt til grundvallar að horfa beri til þessa lögfesta markmiðsákvæðis um meginhlutverk sjóðsins þegar einstök ákvæði laganna eru túlkuð við úrlausn ágreinings um réttarstöðu sjóðfélaga, sjá Hrd. 24. janúar 2008, mál nr. [262/2007](#), en þar reyndi m.a. á túlkun 6. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Ákvæði 24. gr. laganna, þ. á m. 8. mgr. sem hér reynir á, snýr því að réttindum og hagsmunum hlutaðeigandi

sjóðfélaga. Því verður túlkun á ákvæðinu að stefna að því markmiði eins og kostur er að tryggja sjóðfélögum þann stjórnarskrárvarða rétt til lífeyrisréttinda sem eru meginviðfangsefni laganna.

Að þessu sögðu minni ég á að [III](#). kafli laga nr. 1/1997, þar sem 24. gr. er að finna, fjallar um réttindi sjóðfélaga í „B-deild“ lífeyrissjóðsins eins og ráðið verður af síðari málslið 1. mgr. 22. gr., þar sem segir að auk ákvæða þeirrar greinar „[gildi] ákvæði 23.–34. gr. sérstaklega um deildina“. Er þessi skilningur auk þess sérstaklega áréttáður í [VII. kafla almennra athugasemda greinargerðar með frumvarpi](#) því er varð að lögum nr. 141/1996. (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1568.) Þannig er ótvírætt að hugtakið „sjóðfélagi“ í 24. gr. laga nr. 1/1997 tekur einungis til þeirra sem eiga eða hafa átt lífeyrisréttindi í B-deild sjóðsins. Af þessu leiðir að sú takmörkunarregla 8. mgr. 24. gr., sem hér reynir á, hefur það að „meginmarkmiði“, svo notað sé orðalag úr skýringarbréfum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að koma í veg fyrir að þeir sem eiga rétt á lífeyri úr B-deild, og eiga vegna starfs síns jafnframt rétt til að vera sjóðfélagar í þeirri deild sjóðsins, geti hafið lífeyristöku úr þeirri deild samhliða því að gegna starfi sem fullnægir skilyrðum 4. gr. um aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins. Í því sambandi minni ég á að aðildarskilyrði að A-deild sjóðsins koma fram í 3. gr. en ekki 4. gr. sem er einskorðuð við framsetningu á aðildarskilyrðum að B-deildinni. (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1578-1579.)

Í athugasemdum greinargerðar við 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 141/1996, sem síðar varð að [24](#). gr. laga nr. 1/1997, segir í samræmi við framangreint að miðað sé við að sjóðfélagi hafi látið af þeim störfum sem veittu „honum aðild að sjóðnum“ til þess að hann eigi rétt á lífeyri frá B-deild sjóðsins“. Þá segir að ef sjóðfélagi gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins samkvæmt 4. gr. laga hans eigi hann ekki rétt á lífeyri. Samkvæmt þessu eigi sjóðfélagi hins vegar rétt á lífeyri eftir að hann hefur látið af þeim störfum sem veitt geta „honum rétt til aðildar“ að B-deild sjóðsins samkvæmt 4. gr. að því tilskildu að hann hafi þá náð þeim aldri að hann eigi rétt á lífeyri. Ennfremur kemur fram að þá breyti „engu þótt hann stundi launaða vinnu sem ekki getur veitt aðild að B-deildinni“.

Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að horfa til forsögu 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, og þá þeirrar breytingar sem gerð var á texta ákvæðisins með 15. gr. laga nr. 141/1996, sem varð að gildandi 24. gr. laga nr. 1/1997. Eldra ákvæði 9. mgr. 12. gr. laga nr. [29/1963](#) hljóðaði svo fyrir breytinguna:

„Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær að öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris“.

Í athugasemdum greinargerðar við frumvarp það er varð að lögum nr. 141/1996 segir svo við 15. gr.:

„Núgildandi 9. mgr. 12. gr. er að ýmsu leyti óljós og hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Ekki hefur verið óalgenget að menn starfi áfram eftir að taka lífeyris hefst. Frá þeirri ráðningu hefur verið gengið með ýmsum hætti. Vafi hefur leikið á í hvaða tilvikum menn eigi engu að síður rétt á lífeyri, þrátt fyrir áframhaldandi störf, ýmist í sambærilegu starfi eða ólíku. Málsgrein þessari er því ætlað að taka af öll tvímæli. Í henni er tvennt tiltekið [...]“. (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1579.)

Af þessum athugasemdum verður ráðið að með þeirri breytingu sem gerð var á ákvæðinu hafi aðeins verið stefnt að því, eins og segir í athugasemdunum, að „taka af öll tvímæli“ um að ef sjóðfélagi átti rétt til aðildar að sjóðnum fyrir gildistöku laga nr. 141/1996, sem varð að B-deild eftir þá lagabreytingu, ætti hann ekki samhliða rétt á lífeyri. Í tíð laga nr. 29/1963 hafði í framkvæmd hins vegar verið gengið frá ráðningu „með ýmsum hætti“ og vafi leikið á því í hvaða tilvikum menn ættu engu að síður rétt á lífeyri þrátt fyrir áframhaldandi störf. Þeirri breytingu sem gerð var á orðalagi 9. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 með 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 var þannig stefnt gegn þeirri réttaróvissu sem var í framkvæmd í tíð laga 29/1963 en ekki ætlað að rýmka gildissvið ákvæðisins og þá þannig að það tæki til þeirra sjóðfélaga sem ekki áttu sjálfir rétt til aðildar að B-deild sjóðsins eftir gildistöku laga nr. 1/1997. Þessi skilningur á gildissviði 24. gr. á sér einnig að nokkru marki stoð í athugasemdum að baki 37. gr. laga nr. 1/1997, sem vikið verður nánar að hér síðar, en þar segir: „Samkvæmt 1. mgr. 24. gr., eins og hún verður eftir breytingu skv. 15. gr. frumvarpsins, eiga sjóðfélagar í B-deild sjóðsins ekki rétt á lífeyri meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum. Greinin er að þessu leyti óbreytt frá gildandi lögum sjóðsins“. (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1594.)

Af lögskýringargögnum að baki 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og forsögu ákvæðisins verður samkvæmt framangreindu ótvírætt dregin sú ályktun að mínu áliti að takmörkunarregla ákvæðisins sé bundin við þau tilvik þegar sjóðfélagi, sem náð hefur lágmarksaldri 1. mgr. 24. gr. og óskar eftir rétti til lífeyris, gegnir starfi sem getur veitt honum sjálfum vegna starfs síns rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins eftir þeim reglum sem fram koma í 4. gr. laganna. Þannig fari hann fram á útgreiðslu

lífeyris á sama tíma og hann gegnir starfi þar sem hann og launagreiðandi hans geta greitt iðgjöld í B-deildina í samræmi við 23. gr. sömu laga. Þessi ályktun leiðir auk þess af samræmisskýringu 8. mgr. 24. gr. við 37. gr. sömu laga, sem áður er rakin. Í síðarnefnda ákvæðinu er enda fjallað um þau tilvik þegar sjóðfélagi, sem á rétt til lífeyris úr B-deild vegna fyrri starfa, óskar eftir lífeyristöku úr þeirri deild sjóðsins þegar hann hefur tekið þá ákvörðun að færa sig yfir í A-deild sjóðsins. Í því sambandi minni ég á að í ákvæðum IV. kafla laga nr. 1/1997 um „[lagaskil] og sérákvæði“ var sérstaklega mælt fyrir um þær reglur sem tóku við af þeirri grundvallarbreytingu á starfsemi lífeyrissjóðsins að honum var skipt upp í A- og B-deild, og þá með tilteknum réttaráhrifum fyrir sjóðfélaga. Um samspil ákvæða 8. mgr. 24. gr. og 37. gr. fjalla ég að öðru leyti nánar hér síðar.

Ég minni á að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur lagt til grundvallar að „starf“ það sem A gegndi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi uppfyllt aðildarskilyrði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 og að það dugi til að hafna beiðni A um lífeyristöku úr B-deild sjóðsins á grundvelli 8. mgr. 24. gr. sömu laga.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 er svohljóðandi:

„Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.“

Í upphafi ákvæðisins er samkvæmt beinum texta þess fjallað um heimild launagreiðenda, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir „starfsmenn“ sína, til að hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald fyrir „starfsmenn“ sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins fyrir árslok 1996. Um það er ekki deilt í máli þessu að Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur slíka almenna heimild fyrir starfsmenn sína, enda eigi þeir sjálfir rétt til aðildar að B-deildinni. Í niðurlagi málsgreinarinnar er hins vegar fjallað um þau tilvik þegar sjóðfélagi, sem málsgreinin tekur til, kys fremur að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins. Honum er það heimilt að því tilskildu að launagreiðandi samþykki. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997 og fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Í athugasemdum greinargerðar við 5. mgr. 4. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996, sem síðar voru endurútgefin sem lög nr. 1/1997 eins og fyrr greinir, segir m.a. svo:

„Í 5. mgr. eru ákvæði um að launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína sem voru aðilar að sjóðnum við þetta tímamark. Heimild þessi nær bæði til þeirra starfsmanna sem voru í starfi hjá viðkomandi launagreiðanda við árslok 1996 og einnig til þeirra starfsmanna sem þeir ráða til starfa síðar, ef þeir hafa við árslok 1996 átt aðild að sjóðnum og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um samfellu í iðgjaldagreiðslum.“ (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1572.)

Í skýringum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til mín, dags. 23. nóvember 2009, er því haldið fram að tilvitnuð lögskýringargögn vísi til „þeirra skilyrða sem þurfa að vera fyrir hendi til að heimilt sé að greiða áfram í sjóðinn fyrir viðkomandi sjóðfélaga, þ.e. að heimila frekari ávinnslu réttinda eftir 1996 eftir að deildinni var lokað. Hins vegar [sé] ekki litið til þess hvort sjóðfélagi hafi verið „virkur greiðandi“ á árinu 1996 þegar til þess kemur að meta hvort réttur sé til lífeyristöku“.

Af þessu tilefni tel ég rétt að ítreka að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur byggt synjun sína í máli A á því að 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 girði fyrir að heimilt sé að greiða honum lífeyri úr B-deildinni þar sem starf hans hjá Sinfóníuhljómsveitinni hafi „uppfyllt aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr.“ í merkingu ákvæðisins. Í því sambandi vísar sjóðurinn til 5. mgr. 4. gr. laganna, sem að framan er rakin.

Ég legg á það áherslu að texti 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 vísar til heimildar launagreiðanda til að greiða í B-deild sjóðsins fyrir tiltekna „starfsmenn“ sína. Af texta 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 og lögskýringargögnum verður því að mínu áliti ekki dregin önnur ályktun en að tiltekið „starf“ geti aðeins uppfyllt aðildarskilyrði ákvæðisins í merkingu 8. mgr. 24. gr., sbr. 5. mgr. 4. gr. sömu laga, þegar tvö skilyrði eru uppfyllt: Annars vegar að ákveðinn launagreiðandi hafi fengið heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald fyrir starfsmenn sína og hins vegar að þeir starfsmenn, sem heimildin náði til, séu í starfi hjá launagreiðandanum við árslok 1996 eða að um sé að ræða starfsmenn sem launagreiðandinn

ræður til starfa síðar að því tilskildu að þeir hafi við árslok 1996 átt aðild að sjóðnum og „fullnægja að öðru leyti ákvæðum um samfellu í iðgjaldagreiðslum“, eins og segir orðrétt í niðurlagi tilvitnaðra lögskýringargagna að baki 5. mgr. 4. gr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur ekki fært fram nein haldbær rök fyrir þeim skilningi að einungis sé áskilið samkvæmt 8. mgr. 24. gr., í tilviki eins og A, að launagreiðandi hafi í tilviki annarra starfsmanna eftir atvikum heimild samkvæmt 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 til að greiða fyrir þá starfsmenn sína í B-deild sjóðsins. Ákvæði 5. mgr. 4. gr. á einfaldlega ekki við þegar starfsmaðurinn greiðir sjálfur iðgjald til A-deildar á grundvelli 13. gr. laga nr. 1/1997 þar sem hann hefur þá annað hvort kosið sjálfur að færa sig yfir í þá deild á grundvelli 4. mgr. 4. gr. eða að hann á ekki lengur rétt til aðildar að B-deildinni vegna skilyrða um samfellu í iðgjaldagreiðslum, sbr. 2. mgr. 5. gr. Fyrir þá starfsmenn ber launagreiðanda, sem í öðrum tilvikum hefði heimild samkvæmt 5. mgr. 4. gr. til að greiða til B-deildar í samræmi við efnisreglu 3. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997, hins vegar að greiða til sjóðsins að lágmarki 8% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sem gildir um greiðslu launagreiðenda í A-deild. Með öðrum orðum, þegar starfsmaður á ekki sjálfur rétt til aðildar að B-deildinni og greiðir í starfi sínum iðgjald til A-deildar sjóðsins getur hann ekki talist gegna starfi sem „uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr.“ í merkingu 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Skiptir þá engu máli þótt launagreiðandinn kunni í tilviki annarra starfsmanna að hafa heimild til að greiða í B-deild sjóðsins á grundvelli 5. mgr. 4. gr. sömu laga. Ég ítreka í þessu sambandi að 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, eins og það ber að túlka í ljósi hins lögfesta markmiðsákvæðis 1. gr. laganna, beinist að réttarstöðu sjóðfélaga en ekki að réttarstöðu eða heimild launagreiðanda hans.

Að öllu þessu virtu, og í ljósi stjórnarskrárvarins réttar A til að njóta lífeyrisréttinda úr B-deildinni nema skýr og ótvíræð lagaheimild standi til annars, er það álit mitt að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafi ekki getað byggt synjun á beiðni hans á 8. mgr. 24. gr., sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997.

Í upphafi þessa kafla var rakið að í skýringarbréfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til umboðsmanns, dags. 27. mars 2008, hafi, auk tilvísunar til ofangreindrar 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, verið vísað til 37. gr. laga nr. 1/1997 og lögskýringargagna að baki því ákvæði. Með vísan til þessa væri í bréfi sjóðsins tekið fram að á grundvelli þeirra „sjónarmiða“ sem fram koma í lögskýringargögnum að baki 37. gr. hafi „sjóðfélögum sem eiga „geymd réttindi“ í B-deild en eru [greiðendur] í A-deild af starfi sem uppfylli hin almennu skilyrði að B-deild, verið neitað um samhliða lífeyristöku“.

Ákvæði 37. gr. laga nr. 1/1997 er svohljóðandi:

„Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.“

Eins og rakið er í kafla IV.3 hér að framan var með 37. gr. m.a. mælt fyrir um þær reglur sem eiga að gilda við yfirfærslu sjóðfélaga úr B-deild yfir í A-deild í ljósi þeirrar grundvallarbreytingar á starfsemi sjóðsins frá fyrri tíð sem innleidd var með lögum nr. 141/1996. Þar sem tilvitnuð 1. mgr. 37. gr. fjallar um takmörkun á samhliða lífeyristöku þeirra sjóðfélaga, sem rétt áttu til að greiða iðgjald til B-deildar samkvæmt 4. gr. en „[kusu] fremur“ að greiða til A-deildar, er ljóst að ákvæðið tekur við þar sem 8. mgr. 24. gr. sleppir, enda fjallar síðarnefnda ákvæðið, eins og áður er rakið, aðeins um takmörkun á því að sjóðfélagi í B-deild geti samhliða starfi, sem veitir honum rétt til aðildar að þeirri sömu deild, átt rétt til lífeyris á grundvelli 1. mgr. 24. gr. Eins og áður er rakið verður ekki önnur ályktun dregin af þessu samspili ákvæðanna á grundvelli samræmisskýringar en að 8. mgr. 24. gr. geti ekki átt við um tilvik A, enda átti hann ekki rétt til aðildar að B-deildinni þegar hann sótti um lífeyri úr þeirri deild heldur greiddi hann iðgjald til A-deildarinnar. Verður þá að taka afstöðu til þess hvort Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafi getað reist synjun sína, dags. 8. október 2007, á ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997.

Ég tek af því tilefni fram að samkvæmt beinum og ótvíræðum texta 1. mgr. 37. gr. tekur ákvæðið aðeins til þeirra tilvika þegar sjóðfélagar hafa nýtt hina valkvæðu heimild 4. mgr. 4. gr. laganna og „[kosið] fremur“ að færa sig yfir í A-deildina. Efnisreglan er því bundin við þau tilvik þar sem sjóðfélagi hefur á grundvelli sjálfsákvörðunnarréttar sem honum er fenginn í lögnum ákveðið að nýta sér þann möguleika sem tvískipting sjóðakerfis lífeyrissjóðsins fól í sér við gildistöku laga nr. 1/1997. Það er því vafalaust að af texta ákvæðisins verður ekki ráðin sú efnisregla að sama gildi um tilvik á borð við það sem um ræðir í máli þessu þar sem sjóðfélagi í B-deild hefur misst rétt sinn til aðildar að þeirri deild vegna skilyrða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 1/1997 um samfellu í iðgjaldagreiðslum.

Hann hafi því án þess að hafa um það val verið knúinn til að greiða iðgjald af launum sínum í A-deild sjóðsins.

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996 segir um 37. gr., sem varð að sama ákvæði í lögum nr. 1/1997, að samkvæmt „1. mgr. 24. gr. [...] [eigi] sjóðfélagar í B-deild sjóðsins ekki rétt á lífeyri á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum“. Síðan kemur fram að ákvæði 1. mgr. 37. gr. sé til „áréttingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að B-deild sjóðsins, hefji iðgjaldagreiðslu til A-deildar hans. Þetta gildi um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deildina.“ Hins vegar segir í framhaldinu í athugasemdunum við 37. gr. að „þetta [gildi] einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt.“ (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 1594-1595.)

Samkvæmt þessu er ljóst að í lögskýringargögnum að baki 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997 er að finna rýmri lýsingu á inntaki ákvæðisins en fært er með nokkru móti að leiða af beinum texta ákvæðisins, sem er alfarið bundinn við að sjóðfélagi hafi „[kosið] fremur“ að færa sig yfir í A-deildina. Ákvæðið getur því ekki samkvæmt orðanna hljóðan eða með rýmkandi lögskýringu verið túlkað með þeim hætti að það eigi einnig við um þá sem eiga „geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku [laganna] en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt“.

Þá ítreka ég að samkvæmt beinum texta 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997 er ákvæðið bundið við þau tilvik þegar sjóðfélagi í B-deild hefur nýtt valrétt sinn samkvæmt 4. mgr. 4. gr. til að færa sig yfir í A-deildina. Það tilvik getur ekki talist eðlislikt eða samkynja tilviki A enda er brottfall hans úr B-deild ekki til komið vegna eigin ákvörðunar heldur vegna skilyrða 2. mgr. 5. gr. um samfellu í iðgjaldagreiðslum, eins og áður er komið fram. Að því virtu, og með það í huga að hér reynir á það hvort viðhlítandi heimild hafi verið í lögum nr. 1/1997 til að skerða rétt A til að nýta lífeyrisréttindi sem varin eru af grundvallarreglu 72. gr. stjórnarskrárinnar, eru engar forsendur til þess að beita 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997 með lögjöfnun um tilvik hans.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða mín að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafi ekki sýnt mér fram á að sjóðurinn hafi haft nægilega ótvíræða og skýra heimild í lögum nr. 1/1997 til að synja A um lífeyri úr B-deild sjóðsins hinn 8. október 2007. Ég legg á það áherslu að hvað sem líður réttmæti þeirra fullyrðinga sjóðsins að það hafi verið „vilji löggjafans“ og „meginmarkmið“ við setningu laganna að girða alfarið fyrir að þeir sem ættu réttindi í B-deild gætu hafið töku þeirra samhliða störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum, hvort sem er í A- eða B-deild, verður ekki dregin sú ályktun af ákvæðum laganna að löggjafinn hafi með beinum ákvæðum laganna fjallað um tilvik það sem fjallað er um í álitni þessu. Þegar reynir á hagsmuni sem njóta verndar mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar verður ekki að jafnaði á það fallist að sá einstaklingur, sem í hlut á, verði við slíkar aðstæður látinn bera hallann af skorti á skýrum og ótvíræðum fyrirmælum löggjafans um tilvist skerðingar slíkra réttinda.

Í synjunarbréfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 8. október 2007, er um forsendur fyrir ákvörðun sjóðsins aðeins vísað til 54. gr. samþykktar sjóðsins eins og hún hljóðaði á þeim tíma, en ákvæðið er tekið orðrétt upp í kafla IV.3 hér að framan. Ég tel engum vafa undirorpið að 54. gr. samþykktarinnar, fyrir þá breytingu sem gerð var á henni á árinu 2009 og einnig er rakin hér að framan, hafi ekki talist viðhlítandi heimild til að synja A um greiðslu lífeyrisréttinda úr B-deild sjóðsins. Í því sambandi hef ég í huga að í ákvæðinu er ekki fjallað um tilvik A og ákvæðið bætir að öðru leyti litlu við þau ákvæði laga nr. 1/1997 sem ég hef fjallað um hér að framan. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur raunar í skýringarbréfum til mín tekið fram að þegar mál A hafi komið upp hafi stjórn sjóðsins talið nauðsynlegt að taka samþykktir sjóðsins til endurskoðunar. Þannig voru hinn 6. maí 2009 gerðar tilteknar efnisbreytingar á 54. gr. samþykktanna sem að mati sjóðsins eiga að taka af skarið um tilvik á borð við það sem hér um ræðir.

Ég tek af þessu tilefni fram að ég tel ekki þörf á því við úrlausn máls þessa að taka afstöðu til þess hvort stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafi á grundvelli ákvæða laga nr. 1/1997, sbr. einkum 2. mgr. 37. gr. laganna, viðhlítandi heimild til að mæla í samþykktum sjóðsins fyrir um takmörkunarreglu sem girða myndi fyrir samhliða lífeyristöku í málum af því tagi sem mál þetta snýst um. Ástæðan er sú að hvað sem líður niðurstöðu um hvort gildandi 54. gr. samþykktanna, eftir þá breytingu sem gerð var 6. maí 2009, taki til slíkra tilvika verður ákvæðinu ekki beitt með afturvirkum og íþyngjandi hætti gagnvart A, sem synjað var um töku lífeyrisréttinda 8. október 2007, enda yrði þá um að ræða skerðingu á virkum lífeyrisrétti sem varinn er af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er það niðurstaða mín í máli þessu að synjun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 8. október 2007, á beiðni A um rétt til lífeyris úr B-deild sjóðsins, hafi ekki verið í samræmi við lög.“

Skrá yfir dóma og álit.

Dómar Hæstaréttar

- Hrd. 23. september 2010 í máli nr. [610/2009](#), Hrafnkell Guðjónsson gegn LSR og gagnsök.
Dráttarvextir af vangoldnum lífeyri. [24.](#) gr.
- Hrd. 24. janúar 2008 í máli nr. [262/2007](#), Logi Guðbrandsson gegn LSR og íslenska ríkinu.
Hærra launað starf í 10 ár. Eftirmannsregla. [24](#) og [35.](#) gr.
- Hrd. 1. júní 2006 í máli nr. [36/2006](#), Herþrúður Ólafsdóttir gegn LSR.
Lífeyri eftir föður. 1. másl. 7. mgr. [27.](#) gr.
- Hrd. 22. janúar 2004 í máli nr. [344/2003](#), LSR gegn Sigurði E. Guðmundssyni.
Eftirmannsregla. [35.](#) gr.
- Hrd. 17. október 2002 í máli nr. [294/2002](#), Félag prófessora í Háskóla Íslands gegn LSR.
Einingar fyrir fasta yfirvinnu. [23.](#) og [24.](#) gr.
- Hrd. 30. mars 2000 í máli nr. [435/1999](#), Haraldur Ásgeirsson gegn LSR.
Viðmiðunarlaun (yfírvinna). 3. mgr. 12. gr. l. nr. 29/1963, sbr. nú [24.](#) gr.
- Hrd. 2. apríl 1998 í máli nr. 298/1997 á bls: 1426, Ólafur Þorláksson gegn LSR.
Mat á starfstíma (löglerður fulltrúi/dómari). 7. mgr. 12. gr. l. 29/1963, sbr. nú [24.](#) gr.
- Hrd. 1. febrúar 1990 í máli nr. 330/1988 á bls: 75, Guðjón F. Teitsson gegn LSR.
Launagrunnur. 6. mgr. 12. gr. l. 29/1963, sbr. nú [24.](#)
- Hrd. 30. júní 1987 í máli nr. 47/1986 á bls: 1119, LSR gegn Guðjóni F. Teitssyni.
Viðmiðunarlaun. 3. mgr. 12. gr. l. nr. 29/1963, síðar 6. mgr. 12. gr. (98/1980), sbr. nú [24.](#) gr.
- Hrd. 19. júní 1986 í máli nr. 85/1985 á bls: 1055, Sveinn Skúlason gegn LSR.
Áframhaldandi aðild. 2. mgr. 17. gr. l. 29/1963, sbr. nú [30.](#) gr.

Dómar héraðsdóms

- Héraðsdómur Reykjavíkur frá 11. apríl 2001 í máli nr. E-2298/2000, Guðjón Jónsson gegn LSR.
Viðmiðunarlaun (vaktálag, handbókargjald og flugtímaálag). [24.](#) gr.
- Héraðsdómur Reykjavíkur frá 20. mars 2001 í máli nr. E-6856/2000, Ólafur Þorláksson gegn LSR.
Viðmiðunarlaun (löglerður fulltrúi/dómari). 12. gr. l. 29/1963, sbr. nú [24.](#) gr.

Álit umboðsmanns Alþingis

- Mál nr. [5222/2008](#). Lokið 5. mars 2010.
Synjun á greiðslu lífeyris úr B-deild þar sem óheimilt væri að greiða sjóðfélaga lífeyri úr B-deild sjóðsins á sama tíma og hann gegndi starfi sem uppfyllti aðildarskilyrði að sjóðnum.
[4.](#), [24.](#) og [37.](#) gr.
- Mál nr. [3881/2003](#). Lokið 1. október 2003.
Aðild að lífeyrissjóðnum. [3.](#) gr.
- Mál nr. [3020/2000](#). Lokið 11. nóvember 2001.

Hækkun vegna námskeiðs. Eftirmannsregla.
12. gr. l. nr. [29/1963](#), sbr. nú [35](#). gr.

Mál nr. [2938/2000](#). Lokið 10. október 2001.
Viðmiðun við útreikning lífeyris. [23](#). gr.

Mál nr. [2517/1998](#). Lokið 17. nóvember 1999.
Sambúðarlífeyrir. [27](#). gr.

Mál nr. [2411/1998](#). Lokið 17. nóvember 1999.
Sambúðarlífeyrir. [27](#). gr.

Mál nr. [1897/1996](#). Lokið 16. október 1997.
Viðmiðun við útreikning lífeyris. Starfssvið.
12. gr. l. nr. [29/1963](#), sbr. nú [35](#). gr.

Mál nr. [924/1993](#). Lokið 20. desember 1994.
Ákvörðun um lífeyrisrétt leiðbeinanda.
12. gr. l. nr. [29/1963](#), sbr. nú [35](#). gr.

Mál nr. [389/1991](#). Lokið 6. febrúar 1992.
Breyttar viðmiðanir í lögum við útreikning ellilífeyris.
Varðar l. nr. [47/1984](#).

Mál nr. [408/1991](#). Lokið 30. desember 1991.
Skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun. Réttarágreiningur, sem á undir dómstóla.
13. gr. l. nr. [29/1963](#).

Mál nr. [231/1990](#). Lokið 30. desember 1991.
Útreikningur á lífeyri sjóðsfélaga, er gegnt hafði stöðu, sem lögð var niður.
Varðar 16. gr. l. nr. [64/1955](#).

Mál nr. [82/1989](#). Lokið 4. október 1991.
Breytingar á löggjöf varðandi útreikning ellilífeyris. Valdsvið umboðsmanns.
Varðar l. nr. [47/1984](#)

Mál nr. [115/1989](#). Lokið 10. ágúst 1989.
Greiðsla lífeyris eftir lát sambúðarmanns.
Varðar 10., 11. og 14. gr. l. nr. [29/1963](#).

Mál nr. [46/1988](#). Lokið 30. nóvember 1989.
Breytingar á löggjöf varðandi útreikning ellilífeyris
Varðar l. nr. [47/1984](#)

Viðauki II

Brottfallin og gildandi lög er varða lífeyrismál starfsmanna ríkisins

Dómar er varða lífeyrismál

Samþykktir fyrir LSR

Brottfallin og gildandi lög er varða lífeyrismál starfsmanna ríkisins

Forsagan

[Tilskipun 31. maí 1855](#), sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun.

[Opíð bréf 31. maí 1855](#), sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.

Lög nr. [4/1904](#) um eftirlaun.

Lög nr. [5/1904](#) um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Lög nr. [28/1905](#) um viðauka við opíð bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)

Lög nr. 72/1919 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Lög nr. [51/1921](#) um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Lög nr. [101/1943](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lög nr. [64/1955](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lög nr. [29/1963](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum [29/1963](#):

- | | |
|-----------------------------|--|
| L. 23/1967 | 4. gr. og 5. másl. 1. mgr. 17. gr. |
| L. 49/1972 | 4. gr. og 1. másl. 2. mgr. 14. gr. (Starfsmenn sveitarfélaga og stofnana ofl.) |
| L. 21/1975 | 4. gr., 10. gr. 1. másl. 2. mgr. 14. gr. og 5. másl. 17. gr. (Starfsmenn stjórnmalaflokka) |
| L. 28/1978 | 1. mgr. 8. gr. (Veðtryggingarákvæði) |
| L. 98/1980 | 4., 6., 10., 11., 12., 13., 14., 17. og 25. gr. (Ráðstafanir vegna kjarasamninga) |
| L. 73/1982 | 12. gr. (Varðar eftirlaun alþingismanna) |
| L. 27/1983 | 4. gr. (Starfsmenn fræðsluskrifstofu) |
| L. 47/1984 | 10., 12., 13., 14., 17. og 25. gr. (Nokkrar breytingar og lagfæringar) |
| L. 61/1989 | Nýtt ákvæði til bráðabirgða (Starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands) |
| L. 7/1990 | 10. gr. og 12. gr. (Ráðstafanir vegna kjarasamninga) |
| L. 65/1990 | 4. gr. (Starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands) |
| L. 98/1996 | Aðild kennara vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga. |
| L. 141/1996 | Endurskoðun á lögum nr. 29/1963 og endurútgáfa, sjá lög nr. 1/1997. |

Lög nr. [1/1997](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[Breyting](#) á lögum 1/1997:

- | | |
|-----------------------------|----------------------------|
| L. 142/1997 | 13., 33. og 34. gr. |
| L. 84/1998 | 11. gr. (Fjármálaeftirlit) |

- L. [41/2002](#) 39., 40. gr. og nýtt ákvæði til bráðabirgða (Lögreglumenn)
- L. [43/2002](#) 5., 23., 24., 27., 29. og 35. gr.
- L. [141/2003](#) 9. og 10. mgr. 24. gr. (Fallabrott)
- L. [142/2003](#) 16. gr. (Trúnaðarlæknir sjóðsins)
- L. [136/2004](#) Nýtt ákvæði til bráðabirgða (Starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga)
- L. [47/2006](#) 3. gr., 23. og 35. gr. (Kjararáð)
- L. [65/2006](#) 17. gr. (Réttarstaða samkynhneigðra)
- L. [167/2006](#) 13., 23., 25. og 30. gr. (Breyting á hlutfallstölum)
- L. [62/2007](#) 4., 34. og 41. gr. (Alþjóðastofnanir, hlutfallstala og samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda)
- L. [12/2009](#) 3. gr. (Forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn)

- L. [48/2010](#) 37. gr. (Geti ekki samhliða störfum tekið ellilífeyri úr B-deild)
- L. [154/2010](#) Ákvæði til bráðabirgða nr. VI (Vegna flutnings málefna fatlaðra)

Lífeyrissjóður hjúkrunkvenna

Lög nr. 103/1943 um Lífeyrissjóð hjúkrunkvenna.

Breyting á lögum 103/1943:

L. 34/1955

Lög nr. [16/1965](#) um Lífeyrissjóð hjúkrunkvenna.

Breyting á lögum 16/1965:

L. [141/1996](#) Endurskoðun á lögum nr. 16/1965 og endurútgáfa, sjá lög nr. 2/1997.

Lög nr. [2/1997](#) um Lífeyrissjóð hjúkrunkvenna.

Breyting á lögum 2/1997:

- L. [142/1997](#) 20. gr. (Uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar)
- L. [84/1998](#) 4. gr. (Fjármálaeftirlit)
- L. [42/2002](#) 11. og 12. gr. (Réttur barna og maka)
- L. [124/2003](#) 8. og 10. gr. (Trúnaðarlæknir sjóðsins)
- L. [47/2005](#) 7., 17. og 21. gr. (Aðild og viðmiðunarlaun)
- L. [47/2006](#) 7. og 21. gr. (Kjararáð)
- L. [167/2006](#) 7. 9. og 14. gr. (Breyting á hlutfallstölum)
- L. [62/2007](#) 27. gr. (Alþjóðastofnanir, hlutfallstala og samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda)
- L. [48/2010](#) 26. gr. (Geti ekki samhliða störfum tekið ellilífeyri úr B-deild)

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara

Lög nr. [46/1965](#) um eftirlaun alþingismanna.

Breyting á lögum 46/1965:

L. [73/1982](#)

L. [108/1996](#)

Lög nr. [47/1965](#) um eftirlaun ráðherra.

Breyting á lögum 47/1965:

L. [73/1982](#)

Lög nr. [141/2003](#) um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Breyting á lögum 141/2003:

L. [47/2006](#)

L. [169/2008](#)

L. [12/2009](#)

Lögin voru felld úr gildi með l. 12/2009, 1. gr., sem tóku gildi 25. apríl 2009. Skv. 2. gr. s.l. skulu ákvæði laganna halda gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir voru í Hæstarétt fyrir 25. apríl 2009 og núverandi forseta Íslands.

Aðrir sjóðir

Lög nr. 86/1938 um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Lífeyrissjóður ljósmæðra lagður niður með lögum nr. [18/1992](#)

Yfirlit yfir brottfallin lög er varða lífeyrismál starfsmanna ríkisins og birt eru hér á eftir, ásamt athugasemdum við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [29/1963](#) og [athugasemdum](#) við lagafrumvörp er breyttu lögum nr. [29/1963](#)

[Tilskipun 31. maí 1855](#), sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun.

[Opið bréf 31. maí 1885](#), sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.

Lög nr. [4/1904](#) um eftirlaun.

Lög nr. [5/1904](#) um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Lög nr. [28/1905](#) um viðauka við opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.

Lög nr. [51/1921](#) um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Lög nr. [101/1943](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lög nr. [64/1955](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lög nr. [29/1963](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [29/1963](#).

[Athugasemdir](#) við lagafrumvörp er breyta lögum nr. [29/1963](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [23/1967](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [49/1972](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [21/1975](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [28/1978](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [98/1980](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [73/1982](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [27/1983](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [47/1984](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [61/1989](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [7/1990](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [65/1990](#).

-[Athugasemdir](#) við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [98/1996](#).

Tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Sérhver sá, er konungur hefir gert að embættismanni og launað er af sjóði ríkisins, á rétt á að fá eftirlaun eftir lagaboði þessu, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika eða annarra orsaka vegna, sem honum er ósjálfrátt.

Með lagaboði skal ákveða, hverja embættismenn konungur setur, en þangað til slíkt lagaboð er gert, verður það eftir sömu reglum og hingað til, þó þannig, að þau embætti, sem samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt, hafa ekki veitt rétt til eftirlauna, skulu heldur ekki gera það eftir þessu lagaboði, eins og að hinu leytinu sérhver sá, sem, þegar þetta lagaboð kemur úr, er í því líku embætti, að hann eftir þeim hingað til gildandi reglum hefir getað vænt eftirlauna, en embættið nú eftir þessu lagaboði veitir ekki rétt til eftirlauna, skal eiga heimtingu á eftirlaunum fyrir sjálfan sig.

Hinn sama rétt til eftirlauna eiga þeir embættismenn, sem hafa embætti við ríkisþingið, eða við stofnanir þær, hverra tekjur og gjöld eru ákveðin í ríkisfjárlögum.

Þó einhver sé settur embættismaður um hríð, hefir hann ekki rétt til eftirlauna.

Sveitirnar ákveða sjálfar, að hve miklu leyti embættismenn þeirra geti fengið eftirlaun, sem og hversu mikil þau skuli vera.

2. gr.

Eftirlaunin verða borguð úr ríkissjóðnum, að svo miklu leyti, sem þau ekki verða greidd á annan hátt, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt um það efni, eða seinna kynnu að verða ákveðnar.

Af konungspeningnum og lífeyri konungsættarinnar hvoru fyrir sig greiðast eftirlaun þau, er á þeim hvíla.

Þegar konungaskipti verða, eða þegar einhver sá lífeyrir, sem nú er, er á enda, verður í hvert skipti ákveðið með sérstöku lagaboði, hver eftirlaun ríkissjóðurinn skuli greiða í því tilliti.

3. gr.

Eftirlaun skal reikna eftir tímalengd þeirri, sem hlutaðeigandi hefur þjónað sem embættismaður með eftirlaunarétti og eftir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hann hefir haft 5 síðustu árin, áður en hann fékk lausn frá embættinu, eða í öll þau ár, sem hann hefir þjónað embætti, svo framarlega sem það hafi ekki verið fimm ár, þannig að:

	<i>af launaupphæðinni að meðalt. í eftirlaun</i>
frá 0-2 ára þjónusta veitir	1/10
- 2-4 -	2/10
- 4-7 -	3/10
- 7-10 -	4/10
- 10-20 -	5/10
- 20-21 -	31/60
- 21-22 -	32/60
- 22-23 -	33/60
- 23-24 -	34/60
- 24-25 -	35/60
- 25-26 -	36/60
- 26-27 -	37/60
- 27-28 -	38/60
- 28-29 -	39/60
lengri en 29 -	40/60

Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt þessu lagaboði.

Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann veður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt hin 2/3 af embættistekjum sínum í eftirlaun.

Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður heimtingu á að njóta 2/3 af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið nýtt embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, er hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem embættisár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem fylgja minni tekjur, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem samanlagt við tekjur hins nýja embættis jafnast við tekjur hans í hinu fyrra embætti og ekki meira.

4. gr.

Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlan samkvæmt 3. gr., eru: 1) Viss árleg laun, og skal þar með einnig talin uppbót fyrir landauragjald, sem embættinu fylgir að svo miklu leyti sem þess uppbót er einskorðuð við ákveðna peningaupphæð; 2) launaviðbót, sem veitt er mannum sjálfum; 3) aukatekjur, starfalaun (Gebyrer), hundradsgjöld, skrifarakaup og því um líkar óvissar tekjur, sem lagaheimild er fyrir (þó undan skilst hlutur í sektarfé, aukakaup, dagpeningar, borðfé, skrifstofupeningar, og peningar til hestahalds og þess konar) sem og slík hlunnindi (leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós þar í talið), sem með berum orðum eru veitt hlutaðeiganda sem laun eða hluti af launum hans. Þegar allar tekjur embættismannsins samantaldar eru meira en 1000 rd. skal draga 1/3 frá. af því er allar tekjurnar verða meiri en 1000 rd., fyrir það, að hinar áður greindu óvissu tekjur og hlunnindi er með talið.

Við þau embætti, þar sem skrifstofuhald og ferðakostnaður og þess konar er sameinað embættunum, en engar tekjur eru lagðar sér í lagi til þess að standast slík útgjöld, skal þá peningaupphæð, sem álíta má að þar til gangi árlega, draga frá öllum tekjum embættisins, og skal reikna eftirlaun af tekjuhæð þeirri, sem þá er eftir. Það sem embættistekjur, sem taldar eru eftir áður nefndum reglum, eru meiri en 6000 rd., skal ekki tekið til greina. Engin eftirlaun mega vera hærri en 3000 rd.

5. gr.

Sá, er fyrirgerir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr.

Þegar embættismanni er vikið frá, fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættistöpun, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstöku lagaboði.

7. gr.

Eftirlaun eða biðlaun missast, 1) gersamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi, fær aftur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum, án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun eða biðlaun sín í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef það sannast upp á hann, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu.

Þegar embættismaður, sem hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til, þegar hann fær lausn frá þessu embætti, að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði.

8. gr.

Hver kona, sem héðan í frá verður ekkja eftir embættismann þann, sem hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr sama sjóði, sem maður hennar, með undantekningum þeim, sem til eru teknar í 9. gr.

Eftirlaun ekkjunnar reiknast 1/8 af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 3. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans, þó svo, að eftirlaun ekkjunnar, sem á þann hátt koma út, geti ekki verið meiri en 600 rd. né heldur meiri en þau eftirlaun, sem maðurinn hefði getað fengið, eða hafi þegar hann dó.

Þar sem kringumstæðurnar mæla með því, getur konungurinn þar að auki í viðbót við eftirlaunin veitt 10 til 50 rd. árlega fyrir hvert af börnum ekkjunnar, sem ekki er séð fyrir, þangað til hvert barn er 18 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því aðeins haldast, að kringumstæður þær, sem hún er byggð á, eigi sér framvegis stað, og skal sanna það á hverju ári fyrir ríkisfjárstjórninni.

9. gr.

Þær embættismannsekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr.
[...]

11. gr.

Eftirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giftist á ný; 2) þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningssáliti er ósæmileg.

Þegar ekkja missir eftirlaun af því hún hefir gift af ný, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

12. gr.

Reglunar um eftirlaun presta og prestekkna skal ákveða með sérstökum lögum.

13. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 20 til 100 rd. eftirlaun árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og maklegleik skal árlega sanna fyrir ríkisfjárfjórningi.

14. gr.

Þegar eftirlaun eða biðlaun eru ekki hirt í heilt ár, hverfa þau það ár í þann sjóð, er þau áttu að gjaldast úr.

Opið bréf 31. maí 1885, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Sérhver embættismaður, sem hefir embætti, eða biðlaun, og sem samkvæmt launalögunum hefir rétt til eftirlauna, og ekki er fullt sjötugur að aldri, er skyldur til í hinni dönsku lífsfjár- og framfærslustofnun, sem ríkissjóðurinn ábyrgist, að sjá ekkju sinni borgið með féstyrk ævilangt, sem byrjar við dauða hans, og að minnsta kosti er 1/5 hluti af þeim embættislaunum hans, sem koma til álita, þegar eftirlaun hans eru reiknuð út samkvæmt 4. gr. sömu laga, þó ekki meira en 600 rd. árlega.

2. gr.

Undanteknur eru embættismenn þeir: 1) sem eru fullt sextugir að aldri áður en þessi lög koma út og eru giftir; 2) sem áður en þessi lög koma út hafa þegar, samkvæmt skyldu sinni séð ekkju sinni borgið með þeim hæstu eftirlaunum eða leigufé ævilangt, 400 rd., samkvæmt hingað til gildandi reglum, á meðan þeir ekki fá meiri embættislaun, því ef svo er, legst skuldbindingin eftir þessu lagaboði á þá, að því leyti er launaviðbótina snertir; 3) sem sanna fyrir ríkisfjárstjórninni, að ekkjum þeirra sé á annan hátt séð borgið ævilangt með ekki minni árlegum tekjum, en fjárstyrkur sá er, sem ákveðinn er í 1. gr.

Loksins eru einnig prestar undan teknir, og skal um skyldu þeirra að sjá fyrir ekkjum sínum standa við það, sem nú er í lögum, þangað til sérstakt lagaboð gerir breytingu á því.

3. gr.

Enginn prestur má gefa saman í hjónaband nokkurn embættismann, sem á rétt til eftirlauna, fyrr en hann með vitnisburðarbréfi frá hlutaðeigandi amtmanni hefur sannað, að hann sé undanþeginn þeirri skyldu að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, eða að hann hafi sent amtmanni beiðni til ríkissjórnarinnar um að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 100 rd. sekt til fátækra á þeim stað.

4. gr.

Ríkisstjórnin skal gæta þess, að skyldur embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið verði uppfylltar eins og vera ber, og getur, ef á þarf að halda, krafizt þess af yfirboðara hvers eins, að honum sé þröngvað til þess með sekt.

5. gr.

Tillögin til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar skulu greidd einu sinni á ári fyrirfram, og skal daga þau bæði af embættislaunum og af biðlaunum eða eftirlaunum hlutaðeiganda.

6. gr.

Þegar tillögunum verður ekki haldið inni á þennan hátt, og þau eru ekki greidd á gjalddaga, skal ríkisfjárstjórninni heimilt að borga þau fyrirfram úr ríkissjóðnum, sem aftur á móti á rétt á að fá peninga sína endurgoldna með lögtaki, þó skal greiða hina almennu borgun til fógetans. Ef hlutaðeigandi deyr, áður en endurgjald næst, skal halda eftir framfærslufé því, sem ekkjunni hefir verið ætlað, þangað til fé það, sem þannig hefur verið borgað fyrirfram er endurgoldið.

7. gr.

Verði þeirri aðferð, sem um er getið í 6. gr., einhverra orsaka vegna ekki við komið, eða ef einhver embættismaður fær lausn eftirlauna- og biðlaunalaust, áður en hann hefur lokið því, sem hann á að greiða til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar, þá skal, ef vanrækt er að greiða tillögin, þegar svo stendur á, gilda hið sama sem um þá, er sjálfráðir eru hluttakendur í stofnuninni.

8. gr.

Lífsfjár- og framfærslustofnunin er skyld að taka við hverjum embættismanni, sem hluttakara fyrir það framfærslufé, sem hann á að sjá ekkju sinni borgið með eftir 1. gr., gegn því, að hann útvegar sér lögboðinn læknisvitnisburð, að lífi hans sé engin bráð hætta búin.

9. gr.

Ef maðurinn hefir fengið skilnaðardóm við konu sína, er hann eftirleiddis laus við þá skyldu, að sjá konu þeirri borgið sem ekkju, er hann hefir skilið við, og á hann rétt á að ganga úr lífsfjár- og framfærslustofnuninni samkvæmt reglum þeim, sem gilda um sjálfráða hlutaðeigendur.

Þegar hjón skilja eftir samkomulagi, er það undir því samkomulagi komið, að hve miklu leyti maðurinn er laus við þessa skuldbindingu. Ef slíkt er ekki berlega til tekið, viðhelzt skuldbindingin, að svo miklu leyti, sem embættistekjur þær snertir, sem maðurinn hafði, þegar skilnaðurinn varð.

10. gr.

Þegar sá maður, sem séð hefir ekkju sinni fyrir framfærslufé gegn ævilöngu tillagi, fær síðar lausn frá embætti með eftirlaunum, á hann rétt á að fá gjald það, er hann er skuldbundinn til að greiða eftir þessu lagaboði, minnkað að tiltölu við eftirlaunin, og eftir því skal reikna framfærsluféð.

Lög nr. 4/1904 um eftirlaun

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulaslæika, eða annarra orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr.

Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fær í eftirlaun 1/5 þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35.

Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann veður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir heimtingu á að njóta 2/3 af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaun skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr.

Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álitur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr.

Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlan samkvæmt 2. gr., eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er mannum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum er veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaður fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr.

Sá, er fyrirgerir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr.

Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr.

Eftirlaun eða biðlaun missast: 1) gersamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi, fær aftur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en

hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr.

Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast 1/10 af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 600 kr. Þegar ástæður virðast til, getur konungur, í viðbót við eftirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því aðeins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr.

Þær embættismannsekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr.

Eftirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giftist af nýju; 2) þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg.

Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40-200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr.

Þeir sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun, svo og ekkjur þeirra.

Lög nr. 5/1904 um skyldu embættismanna til að safna sér ellistryk eða kaupa sér geymdan lífeyri

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og lækna- og 4. og 5. flokki, skal safna sér safna sér ellistryk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Til þess að safna sér ellistryk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kys heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess 1 1/3% af launum sínum.

3. gr.

Ellistrykur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landstjórinn telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gera það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistryknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni.

4. gr.

Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistryknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá og keypt sér ævilangan lífeyri fyrir ellistrykinn allan eða hluta af honum. Sá ellistrykur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar þau öðlast gildi.

Lög nr. 28/1905 um viðauka við opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

Embættismenn, sem skyldir eru til þess, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, geta auk þess, sem fram er tekið í opnu bréfi 31. maí 1855, fullnægt skyldu sinni í þessu tilliti með því að kaupa sér lífsábyrgð í lífsábyrgðarstofnun ríkisins, sem sé 15 sinnum hærri að minnsta kosti en líffé það, sem embættismaðurinn er skyldur til að tryggja ekkju sinni; þetta er þó því skilyrði bundið, að embættismaðurinn uppfylli hin almennu skilyrði fyrir því að fá líf sitt tryggt hjá stofnuninni, og að hann skuldbindi sig til þess, að hlíta ákvæðum þeim, er stjórnarráðið setur til tryggingar því, að lífsábyrgðarupphæðin komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum lífsábyrgðarinnar.

Lög nr. 51/1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfé, 50000 kr. í eitt skipti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslunum sínum
Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27% af launum þeim samnlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaðurinn orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rétt á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flyzt eigi jafnframt í annað embætti, og skal hann þá eiga rétt á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kys heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum, þar til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

[Eftir sömu reglum fá starfsstúlkur landssímans endurgreidd iðgjöld sín, er þær fara úr þjónustu símans, án þess að þeim sé vikið úr þjónustunni, enda láti þær ekki af starfinu með rétti til lífeyris samkvæmt lögum þessum] 1) l. nr. 41/1925.

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rétt til lífeyris eða naut lífeyris er hann lézt, fær lífeyri úr sjóðnum, með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur 1/5 af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann lézt eða fékk lausn frá embætti.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarétt samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsg., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem er eldri en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi, og á ekki eftirlaunarétt samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum, enda nýtur hann aðeins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega 1/10 af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann lézt. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögum.

Ekkjur, sem eftir eldri lögum eiga rétt til hærri eftirlauna en lífféð nemur, halda þeim rétti.

Í viðbót við lífféð getur konungur veitt ekkju 50-100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum né líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður er maðurinn dó.

10. gr.

Réttur ekkju til líffjár fellur burt: 1) ef ekkjan giftist að nýju; 2) ef hún tekur sér bústað utanríkis án samþykkis konungs; 3) ef hún hirðir ekki líffé í þrjú ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll; 4) ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningssáliti er svívirðilegur. *)

Er ekkja missir líffé, af því hún hefir gifzt að nýju, á hún rétt á að fá hið sama líffé, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Réttur ekkju til lífeyris fellur burt eftir sömu reglum sem réttur til líffjár samkv. stafl. 1-3, þó þannig, að taki hún sér bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftir rétt til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

*) 4. tl. fellur niður með l. nr. 29/1961.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögum, getur konungur veitt, hverju um sig, 100-200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Eckill konu, sem gegnt hefir embætti, hefir sama rétt til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns, með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarétt eiga samkvæmt eldri lögum, halda þeim rétti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama gildir um réttindi ekkna þeirra og barna.

14. gr.

[...]

15. gr.

Þeir, sem kunna að hafa tryggt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða aðeins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum.

Lög nr. 101/1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51, 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinar sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1-3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim er greinir í 3. gr. um ráðningartíma.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum

veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum [samkvæmt því, sem nánar verður ákveði í reglugerð]¹⁾ eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

1) L. nr. 102/1950.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Síni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkan mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefir lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarársláunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarársláunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélag sjálfra.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

<i>Starfstími:</i>	<i>Ellilífeyrir:</i>
10 ár	12.5 %
11 –	14.0 –
12 –	15.5 –
13 –	17.0 –
14 –	18.5 –
15 –	20.0 –
16 –	22.0 –
17 –	24.0 –
18 –	26.0 –
19 –	28.0 –
20 –	30.5 –
21 –	33.0 –
22 –	35.5 –
23 –	38.0 –
24 –	41.0 –
25 –	44.0 –
26 –	47.0 –
27 –	50.0 –
28 –	53.0 –
29 –	56.5 –
30 – eða lengur	60.0 –

[Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.]²⁾

2) L. 40/1945, 1. gr.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingaryfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazi rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir ororkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslauninum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslauninum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslauninum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslauninum fyrir hver ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

[Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.] 2)

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

2) L. 40/1945.

15. gr.

[Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazi rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1. málsg. óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.] 3)

3) L. nr. 42/1954.

16. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félgsáráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyrinn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyrinn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundradshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagsins er metin.

17. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af ördum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd, eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

18. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

[Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldgreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Lífeyrissjóður Íslands endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkvæmt þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil]2)

2) L. 40/1945.

19. gr.

[Bætur, sem sjóðfélagi, eftirlifandi maki hans eða börn fá greiddar samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum]2)

2) L. nr. 40/1945.

20. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

Lög nr. 64/1955 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tiltekna starfsgreinar sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana er þeim heyrta til og sérstakan fjárhag hafa, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. um ráðningartíma og aðalstarf.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans, Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrir mæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðsfélaga.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins

um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkan mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrir en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðenda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundradshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundradshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	12.5 %
11 –	14.0 –
12 –	15.5 –
13 –	17.0 –
14 –	18.5 –
15 –	20.0 –
16 –	22.0 –
17 –	24.0 –
18 –	26.0 –
19 –	28.0 –
20 –	30.5 –
21 –	33.0 –
22 –	35.5 –
23 –	38.0 –
24 –	41.0 –
25 –	44.0 –
26 –	47.0 –
27 –	50.0 –
28 –	53.0 –
29 –	56.5 –
30 – eða lengur	60.0 –

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðalleg miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförmu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt söðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hver ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundradshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgri. þessarar gr. lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er tryggir starfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyrinn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagsins er metin.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af örðum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkv. 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

[Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinn, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101. 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðum, unz greindu tímamarki er náð.] 1)

1) L. nr. 11/1959.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldgreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Tryggingasjóður almannatrygginga endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkvæmt þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

18. gr.

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

20. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árlífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Lög nr. [29/1963](#) um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

(Síðasta útgáfa laganna í lagasafni)

1. gr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

3. gr.

I. Sjóðfélagar eru:

- a. Allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum, til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.
- b. Starfsmenn þeirra stofnana, sem aðild hafa fengið að sjóðnum samkvæmt eldri lögum, enda fullnægi þeir skilyrðum samkvæmt a-lið hér að framan um ráðningarkjör, nema hlutaðeigandi stofnun segi upp aðild að sjóðnum.

II. Ekki er skylt að taka í tölu sjóðfélaga: Þá starfsmenn, sem a-liður I. tölul. þessarar greinar tekur til, og rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru með lögum eða samkvæmt reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, fyrir tilteknar starfsgreinar opinberra starfsmanna sérstaklega.

[Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla sem eru reknir af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði a-liðar I. tölul. 1. mgr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Kennurum og skólastjórnendum er þó heimilt að greiða í annan lífeyrissjóð, ef viðkomandi sveitarfélag samþykkir aðild þeirra að þeim sjóði. Sama gildir um aðra starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa sem ráðnir voru af ríkinu og áttu aðild að lífeyrissjóðnum 31. júlí 1996 og ráðnir eru til áframhaldandi starfs við grunnskóla sveitarfélaga og skólaskrifstofur þeirra.]1)

¹⁾[L. 98/1996, 1. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð:

I.

a. Aðalbreytingin frá eldri lögum er sú, að starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa, eru nú skyldu tryggðir í sjóðnum samkvæmt I a., en áður var aðeins heimild til að taka þá í tölu sjóðfélaga. Sú heimild hefur að vísu yfirleitt verið notuð. En oft hefur það verið svo um nýjar stofnanir, að inntökubeiðni hefur dregið á langinn. Það hefur valdið sjóðnum nokkrum óþægindum, en þó einkum starfsmönnum þessara stofnana og stofnununum sjálfum, er þá þurfa að borga iðgjöld mörg ár aftur í tímann.

Tilvísun í launalög fellur að sjálfsögðu niður með þeim.

b. Rétt þykir að taka fram, að starfsmenn þeirra stofnana, sem fengið hafa aðild að sjóðnum Samkvæmt eldri lögum, verði áfram í sjóðnum, nema hlutadeigandi stofnun segi aðildinni upp. Heimild til að taka nýjar stofnanir af þessu tagi inn var felld niður með breytingu laganna 1955.

II.

Af starfsmönnum þeim, er liður I a. tekur til, eiga barnakennarar, hjúkrunarkonur og ljósmæður rétt á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið með lögum. Rétt á lífeyri úr sjóðum, sem stofnaðir hafa verið með reglugerð, staðfestri af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, eiga til dæmis starfsmenn Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, svo og ýmsir verkfræðingar.

4. gr.

[Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga, sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrenna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.]¹⁾

¹⁾[L. 65/1990, 1. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. tölulið 4. gr. lögum nr. 64/1955.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

6. gr.

[Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjú stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kys formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.]¹⁾

¹⁾[L. 98/1980, 2. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Grein þessi er óbreytt að öðru en því, að í stað orðanna "hinni umboðslegu endurskoðun" í síðari málsgrein, kemur: ríkisendurskoðuninni.

8. gr.

[Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fê hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.

4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum [laga nr. 69/1941](#).¹⁾
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefna, og allt að 75% af fasteignamatsverði löða í kaupstöðum og kaupúnum.²⁾

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

¹⁾Nú [l. 43/1993](#).²⁾[L. 28/1978, 1. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkan mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

10. gr.

[Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.]¹⁾

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

[Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.]²⁾

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í [32 ár],³⁾ falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna. [Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.]⁴⁾

Launþegi, sem yngri er en [16 ára],³⁾ greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrir en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna og sóknarpresta, svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna, skulu miðuð við hæstu laun fyrir slík störf, og reiknast lífeyrisréttur þeirra og maka þeirra samkvæmt því.

[Iðgjöld starfsmanna stjórnmalaflokka, svo og iðgjöld launagreiðenda þeirra, skulu miðuð við tiltekna launaflokka ríkisstarfsmanna eftir samkomulagi starfsmanna og launagreiðenda að tilskildu samþykki fjármálaráðherra. Sama gildir um kaup þeirra á réttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til, sbr. 5. gr.]⁵⁾

¹⁾[L. 7/1990, 1. gr.](#) ²⁾[L. 7/1990, 2. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ³⁾[L. 98/1980, 4. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ⁴⁾[L. 47/1984, 1. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ⁵⁾[L. 21/1975, 2. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Í þessari grein eru verulegar breytingar frá því, er áður var. Veigamesta breytingin er sú, að gert er ráð fyrir, að sjóðfélagar greiði mismunandi hundradshluta af launum, eftir því hve há laun þeirra eru. Að því er stefnt, að samanlagt gjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir ógiftan karlmann verði sem næst sami hundradshluti af launum, hver sem launin eru. Hingað til hafa allir greitt 4% af launum til sjóðsins og auk þess sem næst einn þriðja af iðgjaldi (persónugjaldinu) til almannatrygginganna. Fyrir ógifta karla er það gjald 0.44% af launum í hæsta launaflokki, 1.12% í þeim lægsta og 0.75% í IX. launaflokki, sem er fjölmennastur. Lætur mjög nærri, að ógiftir karlar hafi til jafnaðar greitt 0.75% af launum til almannatrygginganna. Nú er það meginreglan, að eftir 30 ára starfstíma verði lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum og almannatryggingunum 25% hærri en lífeyrir sjóðsins var. Ef greiðsla sjóðfélaganna hækkar að sama skapi. á hún að verða: (4% +0.75%) 1.25=5.9375%.

Það lætur því mjög nærri, að samanlögð iðgjöld til sjóðsins og almannatrygginganna ættu að vera 6% af launum.

2. mgr. er óbreytt.

Síðari hluti 3. mgr. er felldur niður, enda ekki líklegt að hann hafi neina þýðingu hér eftir.

4. mgr. er óbreytt.

Í 5. mgr. er lágmarksaldurinn hækkaður úr 18 árum í 20 ár. Reynslan hefur sýnt að mikið af því fólki, sem kemur í sjóðinn innan við tvítugt, fer úr honum aftur eftir fá ár, oft eftir 5 ár, þegar það hefur fengið lán úr sjóðnum. Það er og fátítt annars staðar, að starf fyrir tuttugu ára aldur veiti eftirlaunarétt.

Í síðustu málsgrein er efnislega sú breyting, að regla, sem áður gildi um héraðslækna, er nú einnig látin ná til sóknarpresta.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir. [Sbr. einnig um sambúðarfólk í 14. gr. hér á eftir.]1)

¹⁾[L. 98/1980, 5. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

12. gr.

[Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

[Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.]1)

[Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).]2)

Sjóðfélagi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963, 12. gr. 2. mgr., sbr. [lög nr. 101/1943](#), 12. gr. og [lög nr. 11/1959](#), 1. gr. 2. mgr. getur valið ef hann kýs svo, að neyta þess réttar samkvæmt næstu málsgrein hér á eftir fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar áður en [lög nr. 32 14. maí 1955](#) tóku gildi, halda rétti þeim, er [lög nr. 101 30. desember 1943.](#), 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn uns greindu tímamarki er náð.

[[Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast.]3) Hundradshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.]4)

Hafi sjóðfélagi gegnt hærri launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða það hærri launaða starf sem hann að viðbættum enn hærri launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.]5)

[Þrátt fyrir ákvæði [6. gr. laga nr. 46/1965](#), um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.]6)

[Þrátt fyrir ákvæði [6. gr. laga nr. 47/1965](#), um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralaun eða biðlaun.]7)

¹⁾L. 47/1984, 2. gr. ²⁾L. 47/1984, 3. gr. ³⁾L. 7/1990, 3. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ⁴⁾L. 47/1984, 4. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ⁵⁾L. 98/1980, 6. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ⁶⁾L. 73/1982, 12. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ⁷⁾L. 73/1982, 13. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð:

Fyrsta breytingin í þessari grein er, að réttur til lífeyris fæst eftir 5 ára iðgjaldagreiðslu, en áður var miðað við 10 ár. Tilfni breytingarinnar er, að nú kemur ellilífeyrir úr þessum sjóði til viðbótar ellilífeyri almannatrygginganna. Sem viðbót við almannatryggingalífeyrinn getur lágur lífeyrir gert nokkurt gagn, þó að hann væri allsendis ófullnægjandi einsamall.

2. mgr. var áður síðasta málsgrein 16. greinar, sbr. lög nr. 11 frá 20. marz 1959.

Tvær meginbreytingar hafa verið gerðar á því, hvaða hundraðshluta af launum hvert iðgjaldagreiðsluár gefur í eftirlaun. Önnur er sú, að hvert iðgjaldagreiðsluár gefur nú sama hundraðshluta af launum í eftirlaun. Áður var hundraðshlutinn stighækkandi með lengingu iðgjaldsgreiðslutímans. Ástæðan til þess að horfið var frá þessu váttryggingarlega sjónarmiði er, að reynslan hefur sýnt, að lítt gerlegt er að byggja fullnægjandi eftirlaunakerfi á váttryggingalegum grundvelli eingöngu, þegar þróun kaupgjalds og verðlags er með þeim hætti, sem hér hefur verið síðustuuttugu árin. Víðast hvar annars staðar er það líka venja að láta öll starfsárin gilda jafnt við ákvörðun eftirlauna. Hin breytingin er, að hundraðshluti sá. sem hvert iðgjaldagreiðsluár gefur, er mismunandi eftir launaflokkum. Hann er því hærri, því hærri sem launin eru, enda er sjóðfélögum ætlað að greiða því hærri hundraðshluta af launum í iðgjald til sjóðsins, því hærri sem launin eru, sbr. 10. gr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ellilífeyrir úr þessum sjóði kemur framvegis til viðbótar ellilífeyri almannatrygginganna, sem er eins fyrir alla, og þess vegna mismunandi hundraðshluti af launum eftir því, hve há þau eru, því lægri sem þau eru hærri. Miðað við núverandi laun og ellilífeyri almannatrygginga fyrir einstaklinga mundi 30 ára starfstími gefa sem næst 75% af launum þeim, er ellilífeyrir miðast við, í samanlagðan ellilífeyri sjóðsins og almannatrygginganna, í öllum launaflokkum. Þar sem makalífeyrir almannatrygginganna kemur til viðbótar, yrði hundraðshlutinn í flestum launaflokkum á milli 85% og 95%. Á það skal bent, að hækki laun opinberra starfsmanna hlutfallslega meira en ellilífeyrir almannatrygginganna, lækka framangreindir hundraðshlutar nokkuð.

Veigamiklar breytingar frá gildandi lögum liggja í því, að hér er gert ráð fyrir að reikna ellilífeyri eftir launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast, í stað þess að reikna meðaltal af launum síðustu tíu ára, og að gert er ráð fyrir, að ellilífeyrir breytist á tilsvareandi hátt og laun. Sjóðfélagar hafa margoft sett fram óskir um fyrra atriðið, enda er það mikið tíðkað, bæði hér á landi og víða erlendis. Um síðara atriðið vísast til almennu greinargerðarinnar.

Nokkur breyting er það frá eldri reglum, að sjóðfélagi, sem lokið hefur 30 ára iðgjaldagreiðslu en ekki náð þeim aldri að hann megi hætta störfum og fá ellilífeyri, fær 1% af launum í viðbótar lífeyri fyrir hvert ár, er hann gegnir starfi sínu á þessu tímabili. Gegni hann starfi, eftir að hann á rétt á að fara að taka ellilífeyri, fær hann eins og verið hefur 2% fyrir hvert ár, sem hann gegnir starfi sínu eftir það. Samkvæmt þessu gæti maður, sem byrjaði starf hjá ríkinu 20 ára, náð 100% af sí-ustu launum í ellilífeyri, ef hann ynni til 70 ára aldurs, það er eftir 50 ára starfstíma. Fyrstu 3(} árin gefa 75%, næstu 15 ár 15% og síðustu 5 árin 10%. Það getur vart talizt athugavert, þó að maður, sem gegnt hefur opinberri þjónustu svo lengi, haldi fullum launum, er hann lætur af störfum. Síðasta málsgreinin er nýmæli, sem er sett vegna þess, að ellilífeyrir almannatrygginganna byrjar ekki fyrr en við 67 ára aldur

[12. gr. a.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00–09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hvernar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförunum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilík tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.[1)

¹⁾[L. 98/1980, 7. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

13. gr.

[Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærrí en sem nemur þeim tekjumíssi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.[1)

Sé örorka sjóðfélagens á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skyll er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

¹⁾[L. 98/1980, 7. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð:

1. málsgrein þessarar greinar er óbreytt.

Breytingar á 2. málsgrein eru bein afleiðing af breytingunum á ellilífeyrisreglunum, og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Í 3. málsgrein er það nýmæli, að örorkulífeyrir er fleiri hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri en örorkan er metin, ef hún er yfir 50%. Tilefni þessarar breytingar er, að það virðist vera reynsla, bæði hér og erlendis, að mönnum með háa örorku gangi tiltölulega verr að nýta þá starfsorku, sem þeir eiga eftir, heldur en þeim, er hafa lítið skerta starfsgetu. Eftir reglunni mundi maður, sem væri 60% öryrki, fá örorkulífeyri, er næmi 70% af hámarksörorkulífeyri samkvæmt 2. mgr. Sá, sem er metinn 75% öryrki eða meira, á samkvæmt þessu rétt á hámarksörorkulífeyri. En hann á þá rétt á örorkulífeyri frá almannatryggingunum. Ef sá lífeyrir kæmi sem viðbót, yrði um stórt stökk að ræða í örorkulífeyrinum við 75% örorkustigið. Ekki er tilefni til slíks, og er því örorkulífeyrir sjóðsins lækkaður um leið og menn öðlast rétt til örorkulífeyris almannatrygginganna um þá upphæð, er honum nemur.

4., 5. og 6. mgr. eru óbreyttar.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

[Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.]¹⁾

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. mgr. þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélagi á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu réttthafar makalífeyris fleiri en tveir.

[Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. másl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.]²⁾

¹⁾L. 47/1984, 6. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ²⁾L. 98/1980, 10. gr., sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð:

Meginbreytingarnar á þessari grein eru hækkun makalífeyrisins, niðurfelling á biðtímanum og að makalífeyririnn skuli fylgja launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast.

Eftir 30 ára starfstíma verður makalífeyrir nú 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni sjóðfélagi gegndi síðast. Það er sama hundraðshlutaðeigð (25%) eins og á ellilífeyrinum. Hækkanir makalífeyris fyrir hvert starfsár umfram 30 eru helmingur af því, sem hækkun ellilífeyrisins nemur, sbr. 12. gr.

Makalífeyririnn er ákveðinn þannig, að samanlagður lífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir frá almannatryggingunum sé ákveðinn hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni sjóðfélagi gegndi síðast, og fer sá hundraðshluti eftir því, hve starfstíminn var langur. Greiðslurnar úr sjóðnum verða því misjafnar eftir því, hvort hinn eftirlifandi maki á lífeyrisrétt hjá almannatryggingunum eða ekki. Þetta er tilsvandi og gerist, þegar örorkulífeyrisþegi nær 67 ára aldri. Þá lækkar greiðsla sjóðsins. Það getur einnig komið fyrir með ellilífeyrisþega, sbr. síðustu málsgrein 12. gr.

Undantekning frá aðalreglunni er gerð í 3. mgr. fyrir þau tilvik, þar sem makalífeyririnn samkvæmt 2. mgr. nær ekki tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Það ákvæði leiðir til þess, að eftirlátnir makar (ekkjur) með lágan makalífeyri mundu fá nokkra hækkun við 6i ára aldur. Slíkt mundi helzt koma til hjá eftirlátnum mökum þeirra starfsmanna, sem hefðu verið stuttan tíma í opinberri þjónustu.

Tilfni þess að biðtíminn er felldur niður, er sumpart óskir sjóðfélaganna um þetta og sumpart sú staðreynd, að oft hafa verið teknar á fjárlög greiðslur til ekkna sjóðfélaga, sem ekki höfðu náð 10 ára starfstíma. Með því að fella biðtímamann niður, ætti slíkt ekki að koma til í framtíðinni.

Vegna niðurfellingar biðtímans, fellur 2. mgr., sem áður var, niður.

Við breytinguna á launagrundvelli þeim, sem makalífeyrir reiknast eftir, verður 5. mgr., sem áður var, óþörf.

Þá hefur 4. mgr., um lækkun á lífeyri vegna aldursmunar hjóna, verið felld niður. Hún hefur haft litla fjárhagslega þýðingu, en valdið verulegum leiðindum í framkvæmd.

4. mgr. er 6. mgr., sem áður var, óbreytt.

5. mgr. er 7. mgr., sem áður var, óbreytt.

6. mgr. er ný. Hún er tekin upp vegna eindreginna tilmæla 7. fulltrúaráðsfundar Kvenréttindafélags Íslands. Tilsvareandi reglur eru í gildi hjá grannþjóðum okkar.

15. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélagi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð:

Í þessari grein eru engar efnislegar breytingar. Fyrri málsgreinin er tekin úr síðustu málsgrein 14. gr., sem áður var. Síðari málsgreinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 16. gr., sem áður var, sbr. lög nr. 11/1959.

16. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Ákvæðinu fylgdu svohjóðandi skýringar í greinargerð:

Í þessari grein eru nokkrar efnisbreytingar.

Í fyrsta lagi er greiðsla lífeyris framlengd frá 16 til 18 ára aldurs. Um þetta hafa oft komið fram tilmæli frá sjóðfélögum. Það er einkum rökstutt með því, að engu sérnámi sé lokið við 16 ára aldur. Það er einnig reglan í grannlöndum okkar, að barnalífeyrir sé greiddur til 18 ára aldurs.

Árlegur barnalífeyrir var áður 25% hærri en barnalífeyrir almannatrygganna, þegar barnið átti framfæranda á lífi, en verður nú 50% hærri. Af þessu greiðir sjóðurinn þó aðeins 1/3 þar til barnið nær 16 ára aldri, þar sem börn látinna sjóðfélaga fá eftirleidis barnalífeyri almannatrygginganna. Þetta er sama regla og gildir í Lífeyrissjóði togarasjóðanna og undirmanna á farskipum, sjá 17. gr. laga nr. 78/1962.

Þá er það nýmæli, að börn ellilífeyrisþega fá barnalífeyri. Þessi regla gildir grannlöndum okkar.

17. gr.

[Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans,

örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.]¹⁾

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

¹⁾ [L. 47/1984, 7. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Hér er sú breyting gerð, að reikna skuli vexti, í samræmi við ávöxtun sjóðsins, þegar sjóðfélagi, er fer úr sjóðnum, eru endurgreidd iðgjöld þau, sem hann hefur greitt í sjóðinn. Áður voru iðgjöldin endurgreidd vaxtalaus. Það hefur valdið talsverðri óánægju, einkum í seinni tíð, enda eru vextir nú miklu hærri en þeir voru, þegar ákvæðið var upphaflega sett, 1943. Það virðist líka vera að verða almenn regla hjá öðrum lífeyrissjóðum að endurgreiða iðgjöldin með vöxtum.

Þar sem sjóðurinn er nú orðinn viðbótarsjóður við almannatryggingarnar, getur lífeyrir komið að gagni, þótt lágur sé. Þess vegna er tími sá, sem menn þurfa að hafa verið í sjóðnum, til þess að mega láta iðgjöld sín standa inni og halda lífeyrisrétti fyrir sig og sína, lækkaður úr 10 árum í 5 ár, sbr. 12. gr.

18. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt [lögum nr. 51 27. júní 1921](#), öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt [lögum nr. 51 27. júní 1921](#), öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Þessi grein er tekin orðrétt úr 17. gr. eldri laga, en tveir síðustu málsliðir þeirrar greinar eru felldir niður.

Fyrri málsliðurinn er felldur niður til að spara vinnu og tilkostnað. Það mundi hafa í för með sér mikinn tilkostnað að hafa sérstakt reikningshald yfir hina svo kölluðu réttindakaupamenn, þar til þeir væru allir úr sögunni. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr sjóðnum, sbr. 20. gr. Undanfarið hefur ríkissjóður orðið að greiða verulegan hluta af lífeyrinum. Búast má við, að svo verði áfram, ef áframhald verður á verðþenslunni og launahækkunum af þeim sökum. Einfaldast virðist í framkvæmd, að sjóðurinn greiði þann hluta lífeyrisins, sem hann er fær um, en hitt sé svo gert upp við ríkissjóð í einu lagi.

Síðasti málsliður 17. gr., sem áður var, hefur enga þýðingu eftir að sjóðfélagarnir hafa öðlast fullan rétt hjá almannatryggingunum.

18. gr., sem áður var, fellur að sjálfsgöðu niður, um leið og sjóðfélagarnir öðlast full réttindi gagnvart almannatryggingunum.

19. gr.

Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarendi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

Ákvæðinu fylgdu svohjódðandi skýringar í greinargerð:

1. og 2. málsgrein eru 19. gr., sem áður var, óbreytt.

3. málsgrein er sett inn vegna óska einstakra ríkisstofnana, sbr. og samþykkt 22. þings B. S. R. B. um þetta efni. Þar kom það fram, að örðugleikar væru á að ráða til ríkisins starfsmenn, er hafa lífeyrisréttindi annars staðar, ef þeir eiga þess ekki kost að flytja lífeyrisréttindin með sér.

4. málsgrein styðst efnislega að nokkru við sömu rök og sú þriðja. En auk þess er henni ætlað að opna leið til að koma í veg fyrir, að síðar verði leitað á náðir Alþingis um sérstakar viðbótarlífeyrisgreiðslur fyrir þá menn, sem hér eiga hlut að máli.

20. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

Ákvæðinu fylgdu svohjódðandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja með reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

Ákvæðinu fylgdu svohjódðandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfum á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Ákvæðinu fylgdu svohjódðandi skýringar í greinargerð: Óbreytt.

23. gr.

Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum.¹⁾

¹⁾Um eldri [lög, nr. 64/1955](#), vísast til *Lagasafns 1990, d. 164–170*.

Ákvæðinu fylgdu svohjódðandi skýringar í greinargerð:

Grein þessi er aðeins sett til öryggis. Eins og sakir standa, mun ekki unnt að benda á neitt tilfelli, þar sem lífeyrisréttur sjóðfélaga yrði lakari eftir þessum lögum en eldri reglum.

24. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi

lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum. Þó skulu sjálfseignarstofnanir, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, greiða þennan mismun fyrir þá lífeyrisþega, er verið hafa þeirra starfsmenn.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Fyrri málsgrein þessarar greinar lýtur að því, á hvern hátt sjóðfélagar þessa sjóðs öðlast aðild að almannatryggingunum. og þarfnast hún ekki skýringa.

Síðari málsgreinin fjallar um framtíðarlífeyri núverandi lífeyrisþega. Hefðu þeir fengið almannatryggingalífeyri til viðbótar lífeyri þeim, er þeir hafa nú, með öllum uppbótum, þar með töldum uppbótum á 18. gr. fjárlaga, mundu margir þeirra hafa fengið óeðlilega háan heildarlífeyri. Það er því gert að meginreglu, að þeir fái lífeyri eftir hinum nýju reglum. Flestir fá nokkra hækkun á heildarlífeyri við þessa breytingu, eins og fram kemur í almennu greinargerðinni. Nokkrir aðilar, sem fengið hafa hæstar uppbætur á 18. gr. fjárlaga, hafa þó meira nú en nýju reglurnar mundu gefa þeim. Gert er ráð fyrir, að þessir menn haldi óbreyttum heildarlífeyri. Nöfn þeirra ríkisstarfsmanna, sem verið hafa á 18. gr. fjárlaga hingað til, þurfa þá ekki að vera á henni framvegis, heldur fá þeir allan sinn lífeyri eftirleiðis frá sjóðnum og almannatryggingunum. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum þann hluta lífeyrisins, sem er umfram hluta sjóðsins, samkvæmt eldri reglum. Nánari grein er gerð fyrir þessu í almennu greinargerðinni.

25. gr.

[Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

[Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a.m.k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum.]1)2)

¹⁾[L. 47/1984, 8. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu. ²⁾[L. 98/1980, 12. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Ákvæðinu fylgdu svohjódandi skýringar í greinargerð:

Enda þótt ætla megi, að sjóðurinn geti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum, sem honum ber, ef kauplag væri stöðugt, er þess engin von, að hann geti það til fullnustu, ef kauplag heldur áfram að hækka á svipaðan hátt og það hefur gert síðast liðin rösk tuttugu ár. Það má teljast nær ógerlegt að byggja upp sjóð, er væri fær um það.

Efnislega liggur ekki annað í þessari grein en það, sem svarar til þess, er gert hefur verið með ýmsum lagaákvæðum á undanfórnum árum. Virðist heppilegra, að ákvæði um þetta séu tekin inn í lögina um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, heldur en að stöðugt þurfi nýja lagasetningu.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. [...]

[Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem við gildistöku laga þessara starfa hjá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík, og eiga aðild að sjóðnum, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu frá þeim tíma sem Sjúkrahús Reykjavíkur tekur til starfa.]1)

¹⁾[L. 156/1995, 1. gr.](#), sjá [athugasemdir](#) með lagafrumvarpinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [29/1963](#)

„Frumvarp þetta er samið af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þeim Hákonni Guðmundssyni, hæstaréttarritara, Guðmundi Guðmundssyni, tryggingafræðingi og Sigtryggi Klemenzsyni, ráðuneytisstjóra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Hinn 13. september 1961 ritaði fjármálaráðherra, Gunnar Thoroddsen, stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins svo hljóðandi bréf:

„Með bréfi, dags. 15. f. m., hefur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins beint því til ráðuneytisins, að æskilegt væri að fram færi endurskoðun á lögum sjóðsins, einkum með tilliti til sambands sjóðsins við almannatryggingar, að því er varðar lífeyrisgreiðslur.

Ráðuneytið fellst á, að rétt sé að slík endurskoðun fari fram og felur hér með stjórn lífeyrissjóðsins að annast hana og senda ráðuneytinu að henni lokinni tillögur sínar um þetta efni.“

Samkvæmt fyrirmælum í ofangreindu bréfi hefur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Þegar lög nr. 101/1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins voru sett, voru í gildi hinar svo kölluðu skerðingarreglur alþýðutrygginganna. Horfur voru þá á því, að elli-, örorku- og makalífeyrir frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins yrði í flestum tilfellum svo hárf, að þeir, sem slíks lífeyris nytu, gætu ekki samtímis notið tilsvarendi lífeyris frá alþýðutryggingunum. Þótti því ekki ástæða til að breyta því fyrirkomulagi, er ákveðið var með setningu alþýðutryggingalaganna, að sjóðfélagar í Lífeyrissjóði embættismanna skyldu standa utan við alþýðutryggingarnar að því er tæki til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris, enda hafa þeir þar á móti notið ívilnana um greiðslur persónugjaldanna til þeirra, nú síðast greitt sem næst % þeirra.

Þegar skerðingarákvæðin féllu úr gildi, 1. janúar 1961, kom sú skoðun víða fram, að opinberir starfsmenn ættu að gerast fullgildir aðilar að almannatryggingunum, en lífeyrissjóðir þeirra starfrækjast áfram sem viðbótartrygging. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, hefur verið farið inn á þessa braut, og liggja til þess ýmsar ástæður. Frá sjónarmiði almannatrygginganna er það að mörgu leyti óæskilegt, að til séu vissir hópar manna, sem hafi þar sérstöðu, enda er nú stefnt að því að afnema það með breytingu á lögnum um almannatryggingarnar.

Frá því lög nr. 101/1913 voru sett, hafa ekki verið gerðar á þeim neinar grundvallarbreytingar. Að vísu voru lög gefin út að nýju sem lög nr. 64/1955. En það var ekki vegna þess að grundvallarreglum laganna væri breytt, heldur til að fella inn í lög in ýmsa minni háttar viðauka og breytingar, sem á þeim höfðu verið gerðar.

Á þeim tæpum 19 árum, sem liðin eru frá því reglur laga nr. 101/1943 um elli- og örorkulífeyri starfsmanna ríkisins og makalífeyri eftirlátinna maka þeirra tóku gildi (1. júlí 1944), hefur komið í ljós einn alvarlegur galli á þeim. En það er, að lífeyririnn hefur reynzt ófullnægjandi. Af þeim sökum hefur hvað eftir annað orðið að setja sérstök lagaákvæði um uppbætur á lífeyrinn, og hafa þær uppbætur verið greiddar úr ríkissjóði.

Tvær meginástæður liggja til þess, að lífeyririnn hefur reynzt ófullnægjandi. Önnur ástæðan er verðbólgan, sem hér hefur verið ríkjandi, með hraðfara hækkunum á krónutölu launa. Undir slíkum kringumstæðum dregur 10 ára meðaltalið laun þau, sem lífeyrir, annar en barnalífeyrir, hefur verið miðaður við, niður á langtum lægra launastig en í gildi er, þegar menn byrja að taka lífeyri. Og ósamræmið vex stöðugt, ef verðbólgan heldur áfram. Hin er sú, að enda þótt 60% kynni að vera nægjanlega há eftirlaunaprósenta, ef hún reiknaðist af heildarvinnutekjum, er hún ófullnægjandi, ef mikið vantar á, að svo sé. En þróunin í launamálum hefur verið þannig, að ríkisstarfsmenn hafa átt erfitt með að komast af með embættislaun sín, og þess vegna fjölmargir tekið þann kost að auka tekjur sínar með aukavinnu. En slíkar tekjur hafa ekki áhrif á lífeyri úr lífeyrissjóðnum, enda væri nær ógerlegt að innheimta iðgjald af þeim. Sú regla hefur verið mjög algeng hin síðari ár, að menn fengju á 18. gr. fjárlaga uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo mikla, að heildarlífeyrir þeirra næmi 80% af launum, eins og þau voru, þegar þeir létu af störfum.

Við endurskoðun laganna hefur fyrst og fremst verið byggt á þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá stríðslokum. En stjórn sjóðsins hefur einnig kynnt sér og haft nokkra hliðsjón af, hvernig lífeyris- og eftirlaunamálum ríkisstarfsmanna er háttað í grannlöndum vorum, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Englandi.

Breytingar laganna eru við það miðaðar, að tryggja opinberum starfsmönnum, sem lög þessi taka til, og eftirlátnum mökum þeirra og börnum, viðhlítandi elli- og makalífeyri og maka- og barnalífeyri, án þess að stöðugt þurfi nýja lagasetningu um uppbætur á lífeyrinn. Þessu er reynt að ná með eftirtöldum ráðstöfunum:

- 1) Allir þeir, sem lög þessi taka til, fá fullan lífeyrisrétt hjá almannatryggingunum. En ætla má, að lífeyrir almannatrygginganna verði í meginatriðum látinn taka breytingum í samræmi við breytingar á kaupmætti krónunnar.
- 2) Reglan um að miða elli-, örorku- og makalífeyri við meðaltal síðustu 10 ára er felld niður og þess í stað miðað við síðustu laun sjóðfélagans.

3) Gert er ráð fyrir, að ef almenn hækkun verður á launum opinberra starfsmanna, skuli lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hækka á tilsvarandi hátt, en ríkissjóðurendurgreiða sjóðnum þá hækkun á lífeyrisgreiðslum, sem af því leiðir.

Samanlagður ellilífeyrir úr sjóðnum og almannatryggingalífeyrir fyrir einhleypan karlmann, sem starfað hefur 30 ár í þjónustu ríkisins, verður um 75 % af síðustu launum. En sé um hjón að ræða, sem bæði eiga ellilífeyrisrétt hjá almannatryggingunum, verður samanlagður lífeyrir þeirra misjafn eftir launa flokkum, frá 85 % í hæsta launaflokki og upp undir 100% í lágsta launaflokki, miðað við nógildandi launalög. Þess ber þó að geta, að giftir lífeyrisþegar eru varla til úr lægra launaflokki en 12., og örfáir úr honum. Lífeyrir hjóna verður því á bilinu 85% til 95 % af síðustu launum fyrir 30 ára starfstíma. Meðalellilífeyrir fyrir alla launaflokka, og gifta og ógifta til samans, má ætla að verði mjög nálægt 80% af síðustu launum, miðað við 30 ára starfstíma.

Hækkun lífeyrisins kemur að sjálfsögðu fram við það, að opinberir starfsmenn fá nú lífeyri frá almannatryggingunum. Ekki var þó unnt að leysa málið á svo einfaldan hátt, að láta eldri reglur sjóðsins óbreyttar en veita mönnum að auki aðild að almannatryggingunum. Með því hefði samanlagður lífeyrir hjóna í lágstu launaflokkunum orðið hærri en launin. Auk þess hefðu menn í þeim launaflokkum varið óeðlilega miklu af tekjum sínum til lífeyriskaupna. Þess vegna var farin sú leið að hafa trygginguna í sjóðnum hækkandi með hækkandi launum.

Kostnaðinn af þeirri hækkun, sem verður á lífeyrisgreiðslum samkvæmt nýju reglunum, er sjóðfélögunum ætlað að bera að sínum hluta, þ. e. 40% af honum. Vísast um það til greinargerðar fyrir 10. gr. Þeir greiða það með því að greiða fullt gjald til almannatrygginganna, en flestir þeirra greiða framvegis nokkru lægra en áður til sjóðsins. Ríkissjóður greiðir einnig sinn hluta kostnaðarins með auknu framlagi til almannatrygginganna, sem orsakast af því að lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins bætast nú í hóp lífeyrisþega almannatrygginganna. Hins vegar lækkar framlag ríkissjóðs til uppbótar á lífeyri til núverandi lífeyrisþega sjóðsins.

Athugað hefur verið, hvaða breytingar mundu verða á lífeyrisgreiðslum við tilkomu hinna nýju reglna hjá þeim, sem nutu lífeyris í ársbyrjun 1963. Kemur þá í ljós, að flestir lífeyrisþegar fá nokkru hærri heildar lífeyri eftir nýju reglunum en eftir þeim gömlu, eins og vænta mátti. Þó eru nokkrir aðilar, bæði ellilífeyrisþegar og ekkjur, sem hæstar uppbætur hafa fengið á 18. gr. fjárlaga, er hafa herra eftir gömlu reglunum en þeim nýju. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. er gert ráð fyrir, að þessir lífeyrisþegar fái sama heildarlífeyri og áður.“

Athugasemdir við lagafrumvörp er breyttu lögum nr. 29/1963

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [23/1967](#)

„Gildandi regla um ákvörðun elli- og makalífeyris fyrir menn, sem hætta í þjónustu ríkisins, áður en þeir koma á aldursmörk en láta iðgjöld sín standa inni, getur leitt til þess að lífeyrisréttur þeirra verði næsta lítils virði, ef launin hækka mjög stórkostlega frá því þeir fara úr þjónustu ríkisins og þar til þeir koma á aldursmörk. Það virðist ekki sanngjarnt, að lífeyrir þeirra verði miklu lægri en annarra manna með jafnlangan starfstíma, sem endar við aldursmörk. Breyting sú, sem hér er lagt til að gera, jafnar þetta misræmi að því er þá varðar, sem eiga verulegan starfstíma að baki í ríkisþjónustu. Hins vegar er ekki fært að láta regluna gilda fyrir stuttan starfstíma. Vegna verðtryggingar lífeyris úr þessum sjóði, mun enginn, sem getur notið hinna nýju réttinda, flytja réttindi úr þessum sjóði í óverðtryggðan sjóð. Til þess að takmarka ásókn um réttindaflutning úr óverðtryggðum sjóðum í þennan, verður að takmarka hin nýju réttindi við sjóðréttindi vegna starfs í ríkisþjónustu.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [49/1972](#)

„Samkv. 4. gr. núgildandi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er stjórn sjóðsins heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn sveitarfélaga og stofnana, sem þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa.

Á undanförunum árum hafa verið stofnuð samtök sveitarfélaga í kjördæmunum utan Reykjavíkur og hafa fjögur þeirra þegar ráðið sér framkvæmdastjóra. Starfslið þessara samtaka hlýtur að verða það fátt, að ekki verður grundvöllur til að stofna sérstaka lífeyrissjóði á þeirra vegum.

Þrátt fyrir téð heimildarákvæði mun stjórn lífeyrissjóðsins hafa talið leika vafa á því, að henni væri heimilt að taka slíka starfsmenn í tölu sjóðfélaga, þar eð þessi samtök væri ekki lögbundin, og er frumvarpið flutt til þess að taka af allan vafa í þessu efni.

Ennfremur er lagt til, að heimilt sé að taka í tölu sjóðfélaga starfsfólk sparisjóða, samnoræna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reimar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [21/1975](#)

„Lífeyrissjóðsréttindi eða eftirlaun fyrir starfsmenn stjórnmalaflokkanna hafa verið til athugunar um skeið. Viðræður um þau efni hófust fyrir fjórum árum og hafa ýmsar leiðir verið kannaðar í því sambandi.

Hér er um að ræða fámenn án hóp, sem ekki á fyllilega samleið með öðrum starfsmönnum. Pólitísk veðrabrigði geta valdið því, að starf þeirra er ótryggt, líkt og þingsetu alþingismanna. Þeir eiga ekki fyllilega samleið með öðru skrifstofufólki vegna sérstaks eðlis starfsins. Vinnutími þessara manna getur ekki verið fastbundinn við ákveðinn skrifstofutíma og verður stundum næsta óreglulegur. Launakjör eru breytileg og oft og tíðum ýmsum óvissum atvikum háð.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að umræddum starfsmönnum verði opnuð leið inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert varðandi starfsfólk ýmissa sjálfseignarstofnana, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Með starfsfólki stjórnmalaflokka er hér einnig átt við starfsfólk þingflokka. Hins vegar er ekki átt við blaðamenn eða annað starfsfólk við blöð flokkanna, enda á það aðild að lífeyrissjóðum sinna fagfélaga.

Það munu vera 15-20 menn, sem fengju rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt frumvarpinu. Sumir þeirra eru þegar í öðrum lífeyrissjóðum, einkum Lífeyrissjóði verslunarmanna, og óvíst, að þeir mundu allir óska eftir breytingu.

Ákvæði 2. gr. miða að því að tryggja starfsmönnum stjórnmalaflokkanna eðlileg eftirlaun miðað við það starf, sem þeir gegndu, þó að útborguð laun þeirra hafi í sumum tilvikum verið lægri en svaraði til starfsins eða úr fleiri áttum.

Gert er ráð fyrir, að starfsmennirnir og launagreiðendur þeirra komi sér saman um við hvaða launaflokka iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðsins skuli miðaðar svo og um rétt til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til. Að því er launaflokksviðmiðun varðar þarf þó samþykki fjármálaráðherra í hverju tilviki. Í framkvæmd er gert ráð fyrir að launagreiðendur geti samið við fjármálaráðuneytið um greiðslutilhögun vegna þeirra réttindakaupa sem samþykkt þessa frumvarps kunn að hafa í för með sér.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði úr lögum nr. 23 1967 og nr. 49 1972, svo að unnt sé að fella þau lög úr gildi.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [28/1978](#)

„Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti Í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin.

Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvænna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn að lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ - og enn fremur: "Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.“

Misrænið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjármálaráðuneytisins um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er viki fyrir lánnum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánnum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð skv. ákvæðum e-liðar 15. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum.

Með lögum nr. 59/1973 átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í 11. gr. laga þessara segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 26/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga.“

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. 59/1973 tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. janúar 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu Í fasteign innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjármálaráðuneytinu, að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni. lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfis láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparissjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóða hafa 60-65% mörk, t.d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofan sögðu að binda veðtrygginguna við 50 hundraðshluta af brunabótamati. Lagt er hér til að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.

Félagsmálanefnd Nd. hefur samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna með breytingu sem er samhljóða því frv. sem hér er flutt.

Í erindi fjármálaráðuneytisins kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar þegar um nýbyggingar er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum er að lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur ráðuneytið til að veðtryggingar ákvæði verði samhljóða í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starfsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvænna.

Flytja flutningsmenn þessa frumvarps því tvö önnur frumvörp til sjálfsagðrar samræmingar og er lagt til í þeim að veðtryggingarákvæðin verði samhljóða þeim sem félagsmálanefnd Nd. leggur til að verði í lögum um lífeyrissjóð sjómanna.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [98/1980](#)

„Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

FORSETI ISLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmst gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [73/1982](#), breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965 um eftirlaun ráðherra og lögum nr. 29/1963

„Með lagafrumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, og lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra. Á undanförunum árum hafa átt sér stað verulegar breytingar á löggjöf um lífeyrismál. Með lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, var lögfest að öllum launþegum og einstaklingum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði sinnar starfsstéttar eða starfshóps. Meginmarkmið þessarar löggjafar er að tryggja öllum starfandi mönnum nokkurn lífeyri er starfsævi þeirra lýkur, hvort heldur er vegna aldurs eða örorku, og jafnframt skylda þá til að kaupa þennan rétt. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur reglugerðum fjölmargra lífeyrissjóða svo og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 98/1980, verið breytt á þann veg að öll greidd iðgjöld veiti sjóðfélögum einhver réttindi, en áður var algengt að reglur lífeyrissjóðanna áskildu nokkurra ára iðgjaldagreiðslur áður en réttur til lífeyris kviknaði.

Núverandi lög um eftirlaun alþingismanna og ráðherra eru þessu marki brennd. Samkvæmt núverandi lögum um eftirlaun alþingismanna þarf 6 ára iðgjaldagreiðslur til að réttindi skapist, en samkvæmt lögum um eftirlaun ráðherra þarf 5 ára iðgjaldagreiðslur til að skapa rétt til lífeyris. Með frumvarpi þessu er lagt til að öll iðgjöld veiti réttindi, sbr. það sem nú er orðin almenn regla og áður er greint.

Sú breyting er og gerð að alþingismenn, sem sækja umboð sitt til starfa við almennar kosningar, geti farið á eftirlaun eftir þær kosningar sem fram fara næst á undan því að þeir verða 65 ára í stað þess að leita endurkjörs til næstu fjögurra ára.

Jafnframt er svokölluð 95-ára regla, sem í gildi er í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, tekin hér upp, þó eilítið breytt vegna annarra aðstæðna.

Ákvæði um barnalífeyri og makalífeyri eru samræmd hliðstæðum ákvæðum í lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [27/1983](#)

„Í lögum um grunnskóla nr. 63/1974 er við það miðað, að starfsmenn fræðsluskrifstofa séu ráðnir af fræðsluráðum að tillögu fræðslustjóra. Fræðslustjóri er embættismaður ríkisins, en fræðsluráð er kosið af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Starfsmenn fræðsluskrifstofa eru því hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum, þótt þeir séu í raun opinberir starfsmenn.

Rekstrarfé fræðsluskrifstofa kemur úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Bókhald er yfirleitt í höndum ríkisbókhaldsins, endurskoðað af ríkisendurskoðun. Að þessu leyti er því farið með fræðsluskrifstofur eins og aðrar ríkisstofnanir sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Það verður því að teljast eðlilegt, að starfsmenn fræðsluskrifstofa séu í samtökum opinberra starfsmanna og eigi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Leitað hefur verið eftir því við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að starfsmenn fræðsluskrifstofa fengu aðild að honum, en lagaheimild skortir til þess að stjórnin geti heimilað aðild.

Þar sem aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hefur ekki fengist, hafa starfsmenn fræðsluskrifstofa borgað í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda hjá fjármálaráðuneytinu. Þeir hafa ekki heldur fengið aðild að neinu af aðildarfélögum BSRB, þar sem þeir hafa ekki fengið heimild til þess að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [47/1984](#)

„Samhljóða frumvarp að undanskildu gildistökuákvæði 9. gr. var flutt á síðasta Alþingi en hlaut eigi afgreiðslu.

Í athugasemdum við frumvarp það er flutt var á síðasta Alþingi segir svo:

„Í október s.l. fól fjármálaráðherra stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða lög um lífeyrissjóðinn. Er frumvarp þetta samið af sjóðsstjórninni, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Stjórn lífeyrissjóðsins telur nauðsyn bera til, að fram fari heildarendurskoðun á gildandi lögum um lífeyrissjóðinn og hlýtur sú endurskoðun að taka nokkurn tíma. Á hinn bóginn hefur sjóðsstjórnin orðið sammála um að leggja til við fjármálaráðherra að nokkrar breytingar og lagfæringar á lögnum verði gerðar nú þegar. Meðfylgjandi frumvarp felur í sér breytingartillögur stjórnarinnar, sem hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [61/1989](#)

„Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hefur haft til athugunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Við umfjöllun nefndarinnar um málið hefur komið í ljós að fulltrúar stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa ýmsar veigamiklar athugasemdir fram að færa við sum ákvæði frumvarpsins. Nefndin telur því ástæðu til að ríkisstjórnin láti kanna málið nánar eða því verði vísað til þeirra aðila sem hafa með heildarendurskoðun lífeyrissjóðalaga að gera. Það er hins vegar einn þáttur í frumvarpinu sem nefndin og sjóðsstjórnin eru sammála um að nauðsynlegt sé að lögfasta og sá þáttur varðar starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Starfsmenn hljómsveitarinnar hafa árum saman átt aðild að sjóðnum en á síðasta ári var lögð fram álitgerð lögfróðs manns þess efnis að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar samrýmdist ekki ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í álitgerðinni kom fram að það breyti engu þótt löggin kveði á um skylduaðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga eða reka í sameiningu.

Nefndin telur því brýnt að lögfest verði ótvíráð heimild til handa sjóðsstjórn að taka starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tölu sjóðsfélaga. Í því skyni flytur nefndin frumvarp til laga þess efnis að sett verði bráðabirgðaákvæði um aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar meðan löggin um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru í frekari athugun.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. 7/1990, um ráðstafanir vegna kjarasamninga

„Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum annars vegar milli ASÍ og VSÍ/VMS og hins vegar milli BSRB og ríkisins ákvað ríkisstjórnin 1. febrúar sl. að beita sér fyrir margþættum aðgerðum, svo sem fram kemur í þeim bréfum forsætisráðherra sem fylgja frumvarpi þessu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er í samræmi við eftirfarandi fyrirheit ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninganna:

Að beita sér fyrir breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

Að beita sér fyrir því að hið fyrsta verði lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Að lækka álagningarstofn fasteignaskatts í sveitum. Oddvitar margra sveitarhreppa hafa undanfarið haft samband við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga með óskir um að draga úr hækkun fasteignaskatta í sveitum. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti einnig á fundi sínum 19. janúar sl. að óska eftir því við félagsmálaráðherra að frumvarp um það efni yrði lagt fram á Alþingi. Þá hefur Stéttarsamband bænda óskað sérstaklega eftir þeirri breytingu sem felst í 6. gr. frumvarpsins.

Að beita sér fyrir aðgerðum til þess að koma í veg fyrir hækkun á heildsöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu.

Að einstaklingar, sem verið hafa atvinnulausir í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, fái uppbót hliðstæða þeirri sem greidd verður til lágláunafólks samkvæmt nýgerðum samningi aðila vinnumarkaðarins.

Að frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum hækki 1. júlí í 19.000 kr. og 1. janúar 1991 í 21.500 kr.

Að greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot fyrirtækja verði í 18 mánuði, enda hafi reynt á innheimtuáðgerðir þar sem krafan hefði mátt vera lífeyrissjóðnum kunn. Einnig að hámark greiðsluábyrgðar á launum verði þreföld fjárhæð atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysisstryggingasjóði á mánuði hverjum.

Sjöundi kafli frumvarpsins var upphaflega saminn af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 16. ágúst 1989 til að endurskoða lög nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum. Í nefndina voru skipuð Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Lára V. Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Ragnar H. Hall borgarfégeti, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skúli Thoroddsen lögfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem skipuð var formaður nefndarinnar.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á upphaflegu frumvarpi nefndarinnar, m.a. varðandi lífeyrissjóðina og tímamörk ríkisábyrgðar, vegna nýgerðra kjarasamninga, enda var það skoðun fulltrúa ASÍ og VSÍ í nefndinni að leita bæri leiða í kjarasamningum til að lagfæra annmarka á lögum um ríkisábyrgð.

Í minnisblaði félagsmálaráðherra til formanns nefndarinnar, sem dagsett er 4. september 1989, segir að við endurskoðun laganna þurfi eftirtalin atriði m.a. að koma til skoðunar:

1. Hvort ekki sé unnt að einfalda framkvæmdina frá því sem nú eigi sér stað, t.d. á þann hátt að skiptaráðandi (bústjóri) annist uppgjör á launakröfum til kröfuhafa, en ríkissjóður greiði beint til skiptaráðanda (bústjóra) hlut ríkissjóðs.
2. Að þau tímabil, sem ríkisábyrgðin tekur til, verði stytt og samræmd.
3. Að sett verði í lög ákvæði sem takmarki greiðslur til einstaklinga hvort sem miðað er við tíma-, viku- eða mánaðarkaup.
4. Að sá sem krefst bóta vegna uppsagnarfrests verði að sýna fram á viðleitni til atvinnuleitar, t.d. með vottorði vinnumiðlunar.
5. Að ákvæði 5. gr., sérstaklega a-, c- og d- liða, verði gerð einfaldari.
6. Að vaxtaákvæði laganna verði skoðuð með tilliti til einföldunar og samræmingar.

Á árunum 1985 til 1988 hafa greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum farið verulega fram úr áætlun fjárlaga eins og fram kemur í eftirfarandi töflu (upphæðir í þús. kr.):

Ár	Greiðslur	Fjárlög
1985	8.291	1.700
1986	35.036	5.000
1987	27.568	10.000
1988	79.238	23.000
1989	200.218	35.440
1990 (fjárlög).....		140.000

Þá miklu aukningu, sem orðið hefur á greiðslum úr ríkissjóði á árunum 1988 og 1989, má að mestu rekja til fjölgunar gjaldþrota í landinu og versnandi efnahagsástands. Miðað við greiðslur ársins 1989, sem námu rúmlega 200 milljónum króna, bendir allt til þess að áætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1990 muni hvergi nærri duga.

Þótt nefndinni hafi verið falið að endurskoða tiltekin ákvæði í lögum um ríkisábyrgð á launum vöktu nefndarmenn athygli á því í þessu sambandi að full ástæða væri til að taka einnig til skoðunar ýmis ákvæði í lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, og lögum um bókhald, nr. 51/1978, ef ætlunin er að ná tókum á vandamálinu í heild.

Við gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 1. júlí 1992 verða embætti bæjarfógeta og sýslumanna lögð niður í núverandi mynd. Dómsvald, þar á meðal dómsvald varðandi búskipti, flyst til sérstakra héraðsdómstóla, en sýslumannsembættin verða hrein stjórnarsýsluembætti. Þannig gera löggin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds ráð fyrir því að sýslumenn fari með ýmis umsýslu- og umboðsstörf við búskipti, þó sist við gjaldþrotaskipti. Þegar þessi skipan verður komin á telur nefndin því eðlilegt að þau verkefni, sem félagsmálaráðuneytinu eru nú falin í lögum um ríkisábyrgð á launum, verði flutt til sýslumannsembættanna.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins er nú unnið að frumvarpi til breytinga á skiptalögum, nr. 3/1878, og enn fremur stendur fyrir dyrum endurskoðun á gjaldþrotalögum, nr. 6/1978. Til þess að einfalda enn frekar afgreiðslu á þeim kröfum, sem ríkisábyrgðar njóta, en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu taldi nefndin nauðsynlegt að færa ákvæði um ríkisábyrgð til samræmis við ákvæði um forgangskröfur við búskipti. Löggin um ríkisábyrgð á launum þurfi því væntanlega að endurskoða að nýju eftir að gjaldþrotalögum, nr. 6/1978, hefur verið breytt.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [65/1990](#)

„Til þess að skýra þær breytingar, sem hér eru lagðar til á 4. gr. laganna, er nauðsynlegt að reifa nokkuð ítarlega forsögu málsins.

Um vorið 1987 varð ágreiningur um aðild hljóðfæraleikara og annarra starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Til þess að höggva á þann hnút var leitað eftir álitsgerð Arnljóts Björnssonar prófessors.

Í greinargerð hans segir svo m.a. um 4. gr. laganna: „... í henni er allvíðtæk heimild til handa stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn ýmissa opinberra stofnana og fleiri stofnana, samtaka og félaga. Þeir sem hér koma til álita eru aðeins „starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa“. Sinfóníuhljómsveit Íslands er, eins og áður kom fram, sjálfstæð stofnun sem rekin er af ríkissjóði, einni ríkisstofnun og tveimur bæjarfélögum. Hljómsveitin verður ekki talin stofnun sem tilheyrir bæjarfélagi eða bæjarfélögum. Eftir orðanna hljóðan nær heimild 4. gr. því ekki til starfsmanna hljómsveitarinnar.

Hitt er annað mál að lagarök eru vandfundin fyrir því að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sé óheimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn stofnunar sem er í sameign ríkis og sveitarfélaga þegar stjórnin má veita aðild starfsmönnum samtaka stéttarfélaga ríkisstarfsmanna, stjórnmalaflokka og fleiri félagasamtaka utan ríkiskerfisins. Hvað sem því líður virðist mér ljóst að ótvíræð lagaheimild til þess að taka starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar í lífeyrissjóðinn er ekki fyrir hendi. Þessu verður ekki breytt án atbeina löggjafans.“

Þegar þetta álit lá fyrir beitti stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sér fyrir því að samin yrðu drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í þeim frumvarpsdrögum var m.a. gert ráð fyrir að 4. gr. laganna yrði breytt í þá veru sem hér er lagt til. Ekki varð ágreiningur innan stjórnarinnar um þær breytingar. Jafnframt var lagt til að ýmsum öðrum

ákvæðum laganna yrði breytt. Full samstaða náðist hins vegar ekki um þær breytingartillögur innan stjórnarinnar.

Þessi ágreiningur hafði það í för með sér að frumvarpsdrögin, sem stjórnin lét semja, voru aldrei færð í frumvarpsbúning.

Hins vegar voru ákvæði tekin úr þessum frumvarpsdrögum sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafði látið semja og færð í frumvarpsbúning og þannig lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89, að frumkvæði fjármálaráðherra.

Í greinargerð með því frumvarpi kemur fram að markmiðið með því sé m.a. „að færa til betri vegar ýmis ákvæði laganna sem sum hver eru orðin úrelt eða erfið í framkvæmd með því að þau eru óljós og órókrétt.

Verki þessu varð ekki að fullu lokið, m.a. vegna þess að ekki náðist full samstaða um öll þau atriði sem æskilegt þótti að breyta.

Þótt staðan sé enn óbreytt hvað málið í heild varðar er talin nauðsyn á að gera nú þegar breytingar á skilyrðum fyrir aðild að sjóðnum. Stafar það m.a. af því að eftir athugun lögfróðs aðila, er stjórn sjóðsins leitaði til, er talið að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands samrýmist ekki ákvæðum laganna. Breyti þá engu þótt þau kveði á um skylduáðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga að reka í sameiningu.“

Frumvarp þetta náði hins vegar aldrei fram að ganga í heild sinni, nánast dagaði uppi. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um breytingu á 4. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fékk af þeim sökum ekki nægilega efnislega umfjöllun.

Starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands héldu hins vegar áfram að vinna að framgangi mála sinna með þeim afleiðingum að samþykkt voru á Alþingi vorið 1989 lög nr. 61/1989, um breytingu á lögum nr. 29/1963.

Í greinargerð með þeim lögum segir m.a. að fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hafi haft til athugunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom í ljós að fulltrúar stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins höfðu ýmsar veigamiklar athugasemdir fram að færa við sum ákvæði frumvarpsins.

Einn þátt í frumvarpinu var þó nefndin og sjóðstjórnin sammála um að nauðsynlegt yrði að lögfesta. Sá þáttur varðaði Sinfóníuhljómsveit Íslands, en í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. orðrétt: „Starfsmenn hljómsveitarinnar hafa árum saman átt aðild að sjóðnum en á síðasta ári var lögð fram álitgerð lögfróðs manns þess efnis að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar samrýmdist ekki ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í álitgerðinni kom fram að það breyti engu þótt lögin kveði á um skylduáðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga að reka í sameiningu. Nefndin telur því brýnt að lögfest verði ótvíræð heimild til handa sjóðstjórn að taka starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tölu sjóðfélaga. Í því skyni flytur nefndin frumvarp til laga þess efnis að sett verði bráðabirgðaákvæði um aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar meðan lögin um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru í frekari athugun.“

Þó að fram komi í greinargerð með frumvarpinu að eðlilegt sé að starfsmenn stofnana, sem ríki og sveitarfélög reki í sameiningu, skuli eiga þess kost að gerast aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að fengnu samþykki sjóðstjórnar var slíkt ákvæði ekki lögfest.

Það hefur m.a. haft í för með sér að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur ákveðið að taka ekki við nýjum starfsmönnum Landsvirkjunar í sjóðinn og hefur aðild núverandi starfsmanna Landsvirkjunar, sem eru sjóðsmeðlimir, til athugunar, en þeir hafa margir hverjir átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í allt að 25 ár og á þeim tíma hefur aldrei verið talið að vafi gæti leikið á um aðild þeirra að sjóðnum. Sömu sjónarmið eiga við um starfsmenn Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja, en stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur ákveðið að taka ekki við iðgjöldum nýrra starfsmanna frá og með 1. apríl 1990, en starfsmenn þessara fyrirtækja hafa verið aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Með hliðsjón af ofansögðu er lagt hér til að 4. gr. laganna verði breytt í þá veru að heimild fái til að veita starfsmönnum stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga aðild að sjóðnum. Telja verður eðlilegt að heimild til aðildar starfsmanna og hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins byggist á bráðabirgðaákvæði. Því er lagt til að sú heimild verði jafnframt lögfest í 4. gr.“

Athugasemdir við lagafrumvarp er varð að lögum nr. [98/1996](#)

„Með frumvarpi þessu er lagt til að kennarar og skólustjórnendur greiði áfram iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir að rekstur grunnskólans hefur verið fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Efni frumvarpsins er í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 57. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, en samkvæmt þeirri lagagrein er það meðal skilyrða fyrir því að fyrrgreind lög um grunnskóla taki gildi 1. ágúst 1996 að Alþingi hafi þá samþykkt breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og

skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins nái bæði til þeirra kennara og skólastjórna sem greitt hafa í sjóðinn sem ríkisstarfsmenn og til þeirra sem að óbreyttu verða ráðnir til starfa hjá grunnskólum eftir að sveitarfélög hafa tekið við rekstri þeirra. Heimild þessi nær eftir sem áður ekki til starfsmanna við einkaskóla.

Í frumvarpinu er lagt til að kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla verði heimilt að greiða iðgjald í annan lífeyrissjóð ef þeir kjósa svo fremur en að greiða iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er þó skilyrði að viðkomandi sveitarfélag samþykki aðild þeirra að þeim sjóði. Nú starfrækja níu sveitarfélög lífeyrissjóði fyrir starfsmenn sína. Reglur þessara sjóða eru að miklu leyti sambærilegar við reglur Lífeyrissjóðs starfsmanna.“

Dómar er varða lífeyrismál

Yfirlit og reifanir dóma Hæstaréttar (1970 - 2000) og álit umboðsmanns Alþingis (1988 - 2000) má finna á heimasíðu Landsambands lífeyrissjóða (<http://www.ll.is/?i=5>).

Hér að neðan er yfirlit yfir dóma frá upphafi ársins 2000 og nokkrir eldri dómar er varða álitamál þar sem m.a. reynir á ákvæði stjórnarskrár:

Hrd. frá 17. desember 2009 í máli nr. 665/2008

Gildi-lífeyrissjóður gegn Margréti Ingibjörgu Marelsdóttur.

Lífeyrissjóður. Lífeyrisréttur. Almennatryggingar. Eignarréttur. Jafnræðisregla.

Stjórnsýsla. Vanhæfi. Sératkvæði.

„M, sem var metin algerlega óvinnufær vegna örorku árið 1982, fékk greiddan fullan örorkulífeyri úr lífeyrissjóði frá þeim tíma til 1. nóvember 2007 og síðast frá G. Í samræmdri reglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða var kveðið á um rétt til örorkulífeyris, sem skyldi aldrei vera hærrí en sem næmi þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefði sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Nánast samhljóða ákvæði var í samþykktum þeirra lífeyrissjóða, sem M naut örorkulífeyris úr, og er slíkt ákvæði að finna í grein 12.3 í samþykktum fyrir G. Á aðalfundi G 26. apríl 2006 voru samþykktar tillögur stjórnar sjóðsins um breytingar á greininni, þannig að við bættist að við útreikning tekjumissis skyldi meðal annars tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans og lífeyris- og bótagreiðslna frá almennatryggingum sem hann nyti vegna örorkunnar. Fjármálaráðherra staðfesti breytingarnar 7. júlí 2006. M fékk í kjölfarið tilkynningu um lækkan lífeyris, þar sem leitt hefði verið í ljós að tekjur M væru hærrí eftir orkutap en fyrir. Samkvæmt því yrði M greiddur 37% örorkulífeyrir. Skerðing á örorkulífeyri kom ekki til framkvæmda fyrir en 1. nóvember 2007 og frá þeim tíma hefur G einungis greitt M hluta þess lífeyris, sem hún naut fram að því. M höfðaði mál og hélt því fram að G hefði verið óheimilt með öllu að skerða örorkulífeyrir hennar vegna tekna, sem hún nyti úr almennatryggingum. Fallist var á kröfu M í héraðsdómi, þar sem ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu hefði verið vanhæfur til að fjalla um breytingar á samþykktum G. Hæstiréttur taldi hins vegar að ekki hefði reynt á hæfi ráðuneytisstjórans í málinu, þar sem hann hefði hvorki staðfest breytingar á samþykktum G né hefði því verið hnekkð að hann hefði ekki komið að meðferð og undirbúningi málsins. Ekkert væri heldur komið fram um vanhæfi fjármálaráðherra í málinu eða annarra starfsmanna. M bar því enn fremur við að lífeyrisréttur hennar væri eign sem nyti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og sá réttur hefði orðið virkur fyrir um aldarfjórðungi. Þá bryti skerðingin í bága við 65. gr. og 76. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem hún hefði á löngum tíma öðlast réttmætar væntingar til þess að greiðslur til hennar yrðu með óbreyttu fyrirkomulagi. Í málinu kom fram að tíðni örorku hjá G hefði aukist jafnt og þétt og væri með því hæsta sem gerðist. Að mati G væri óhjákvæmilegt að vinna að því að almennatryggingar tækju með einum eða öðrum hætti við stærri hluta örorkutrygginga, en það væri forsenda fyrir því að lífeyrissjóðir gætu staðið myndarlega við það meginhlutverk að tryggja ellilífeyri sjóðfélaga. Fallist var á með G að lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða veittu lífeyrissjóðum verulegt svigrúm til að ákveða greiðslu lífeyris í samræmi við fjárhag og horfur til framtíðar. Ofangreind breyting á samþykktum G fól í sér viðbrögð hans við verulega auknum útgjöldum vegna örorkulífeyristrygginga. Helsta markmiðið var að lækka útgjöld og það var gert með því að takmarka greiðslur miðað við það að tekjur sjóðfélaga, sem beinlínis komu til vegna örorku, yrðu ekki hærrí en framreiknaðar atvinnutekjur fyrir orkutap hefðu orðið. Þetta átti við um M. Var talið að málefnalegar ástæður hefðu þannig búið að baki þessum breytingum á samþykktunum. Þá var ekki fallist á með M að ákvæði stjórnarskrárinnar girtu fyrir að réttur hennar til lífeyris yrði skertur á þann

hátt að G takmarkaði fjárhæð hans við það að gera hana jafnsetta og ef orkutap hefði ekki orðið. Jafnframt yrði að líta til þess að heimild til að skerða örorkulífeyri vegna greiðslna frá almannatryggingum hefði frá upphafi verið í samþykktum þeirra lífeyrissjóða, sem M hefði fengið greitt úr. Ekki hefði verið um samræmda framkvæmd að ræða hjá sjóðnum, heldur hefði lífeyrisþegum verið mismunað eftir því hvort þeir hefðu einhverjar atvinnutekjur eða ekki, en ef þeim var til að dreifa hefðu bæði þær og greiðslur frá almannatryggingum verið dregnar frá örorkulífeyri sjóðanna. Jafnræðis hefði þannig ekki gætt innan hóps örorkulífeyrisþega, en M hefði verið meðal þeirra sem að þessu leyti hefði notið ívilnunar. Var G sýknaður af kröfu M.“

Hrd. frá 26. nóvember 2009 í máli nr. 95/2009

Guðmundur Vikar Þorkelsson gegn Gildi – lífeyrissjóði.

Lífeyrisréttur. Lífeyrissjóður. Almannatryggingar. Evrópska efnahagssvæðið. EFTA-dómstóllinn. Birting laga og stjórnvaldsgerinda. Gjafsókn.

„G, sem starfað hafði við sjómennsku um árabíl, flutti til Danmerkur árið 1995. Hélt hann sjómennskunni þar áfram og greiddi í danskan lífeyrissjóð, en áður höfðu verið greidd fyrir hann iðgjöld til nokkurra lífeyrissjóða, þ. á m. Lífeyrissjóðs sjómanna, nú Gildi - lífeyrissjóður. Árið 1996 lasaðist hann við vinnu um borð í dönsku fiskiskipi. Allt frá 1. janúar 1997 naut G örorkulífeyris úr þremur íslenskum lífeyrissjóðum án framreiknings réttinda. G höfðaði tvö mál á hendur lífeyrissjóðunum, sem vísað var frá héraðsdómi. G höfðaði loks mál þetta í febrúar 2006 og krafðist þess að Gildi - lífeyrissjóður greiddi sér samanlagðan mismun á örorkulífeyri, sem honum hefði borið með framreikningi réttinda sinna hjá sjóðnum og tveimur öðrum lífeyrissjóðum og þeim lífeyri sem hann fékk í reynd greiddan frá þeim. G reisti kröfuf sínar einkum á því að reglur Lífeyrissjóðs sjómanna um framreikning réttindastiga við ákvörðun örorkulífeyris hefðu stungist á við ákvæði EES-samningsins og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en þær reglur tækju til íslenskra lífeyrissjóða með því að þeir féllu undir almannatryggingar í skilningi þessara ákvæða. G hefði eftir flutning til Danmerkur greitt iðgjöld í lífeyrissjóð þar í landi í stað íslenskra lífeyrissjóða. Talið var að ekkert lægi fyrir í málinu um hvort fyrrgreindur danskur lífeyrissjóður væri þess eðlis að hugtakið almannatryggingar í skilningi 29. gr. EES-samningsins og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 næði til réttinda, sem þar hefðu myndast og gæti að því leyti talist svara til íslenskra lífeyrissjóða eins og staða þeirra var skilgreind í ráðgefandi álití EFTA-dómstólsins, sem aflað hafði verið undir rekstri málsins. Þótt málið væri vanreifað að þessu leyti yrði því ekki vísað frá héraðsdómi. Talið var að iðgjöld G til Lífeyrissjóðs sjómanna fullnægðu ekki skilyrðum sem gerð voru til framreiknings réttindastiga við ákvörðun örorkulífeyris samkvæmt reglugerð sjóðsins, sem gildi þegar G varð fyrir vinnuslysinu árið 1996. Myndi þar engu breyta þótt greiðsla fjárhæðar í þágu hans til danska lífeyrissjóðsins á árunum 1995 og 1996 teldist hafa sömu áhrif til ávinnslu réttinda og ef hún hefði verið innt af hendi sem iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna. Þá var mælt svo fyrir í samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða að ef skilyrðum fyrir framreikningi væri fullnægt sjálfstætt gagnvart einum lífeyrissjóði skyldi sá sjóður einn veita réttindi á grundvelli hans. Ekki yrði annað ráðið af gögnum málsins en að G hefði við brottflutninginn 1995 fullnægt skilyrðum til framreiknings hjá Lífeyrissjóði Austurlands en af þessum sökum hefði ekki stofnast réttur til slíks gagnvart Lífeyrissjóði sjómanna. Þegar af þessum sökum var niðurstaða hins áfryjaða dóms staðfest og Gildi lífeyrissjóður sýknaður af kröfum G.“

Hrd. frá 12. nóvember 2009 í máli nr. 133/2009

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar gegn Jóhönnu Guðbjörgu Bjarnadóttur.

Lífeyrissjóður.

„J starfaði sem leikskólastjóri hjá R og greiddi iðgjöld til L frá 1959. Hún lét af störfum og sótti um ellilífeyri hjá L í júlí 2002. Í samþykktum sjóðsins frá 2001 er gert ráð fyrir að um breytingar á fjárhæð lífeyris sjóðfélaga skuli farið eftir meðaltalsreglunni, það er breytingar skuli ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu samkvæmt launavísitölu. Samkvæmt samþykktunum geta þó sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, valið eftirmannsregluna, það er að fjárhæð lífeyris fylgi breytingum sem verða á launum fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. Sjóðfélagar verða að taka ákvörðun um að velja þennan kost í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst. Með bréfi 23. júlí 2002 var J tilkynnt að hún ætti rétt á ellilífeyri sem tæki mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu fastra launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Ef hún óskaði eftir því að lífeyrisgreiðslur tækju breytingum eftir eftirmannsreglunni bæri henni að senda meðfylgjandi bréf aftur til sjóðsins innan þriggja mánaða. Í

meðfylgjandi bréfi voru kynntar þær tvær leiðir sem í boði væru og var jafnframt tekið fram að til lengri tíma litið ættu þessar leiðir að vera jafnverðmætar fyrir sjóðfélaga. J óskaði ekki eftir því innan tilskilins frests að eftirmannsreglunni yrði fylgt varðandi ellilífeyri hennar og tók hann breytingum samkvæmt meðaltalsreglunni. J leitaði til starfsmanns L í september 2005 með ósk um að ellilífeyrir hennar tæki breytingum eftir eftirmannsreglunni eftir umfjöllun í stjórn L um samsvarandi beiðni frá öðrum sjóðfélaga, sem áður hafði gegnt hliðstæðu starfi við J. Stjórn L hafnaði erindi hennar endanlega á fundi 27. maí 2008. J höfðaði mál og krafðist þess að ákvörðun L um að ellilífeyrir hennar skyldi taka breytingum eftir meðaltalsreglunni væri ógild. Talið var að með dómi Hæstaréttar í máli nr. 286/2007 hefði því verið slegið föstu að gera yrði ríkar kröfur til þess að lífeyrissjóðir veiti sjóðfélögum sínum ráðgjöf og tryggi að þeir hafi lágmarksupplýsingar til að geta tekið ákvörðun um þá kosti sem þeim standi til boða. Þá var ennfremur talið að ljóst væri að í mörgum tilvikum gæti L eingöngu gefið almennar upplýsingar um kosti og galla tveggja viðmiðana sem í boði væru því erfitt væri að ætla hver launaþróun yrði varðandi einstök störf. Í máli þessu lægi hins vegar fyrir að í tengslum við gerð samnings um breytingar á kjarasamningi yrði föst yfirvinna leikskólastjóra að hluta til færð inn í föst dagvinnulaun og launaflokkum endurraðað til samræmis. Um þetta hefði L mátt vera kunnugt. Þar sem þessar upplýsingar hefðu getað skipt verulegu máli fyrir val J yrði að telja að því færi fjarri að L hefði fullnægt skyldu sinni til upplýsingagjafar með bréfi sínu 23. júlí 2002. Var krafa J tekin til greina.“

Hrd. frá 17. janúar 2008 í máli nr. 286/2007

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar gegn Soffíu Zophoníasdóttur. Lífeyrissjóður.

„S var um árábil leikskólastjóri hjá Reykjavíkurborg og er hún lét af störfum árið 2002 hóf hún töku lífeyris hjá lífeyrissjóðnum L. Samkvæmt samþykktum L var almenna reglan sú að um breytingar á lífeyri eftir að taka hans hæfist færi eftir svonefndri meðaltalsreglu. Samþykktir L kváðu þó jafnframt á um að á fyrstu þremur mánuðum eftir að lífeyrisgreiðslur hæfust gætu sjóðfélagar tekið ákvörðun um að breytingar á lífeyrisgreiðslum tækju mið af svonefndri eftirmannsreglu. Í málinu kvaðst S hafa valið svonefnda eftirmannsreglu í símtali við starfsmann L um það leyti sem taka lífeyris hennar hófst. Árið 2005 þegar umtalsverð breyting var gerð á dagvinnulaunum leikskólastjóra kvaðst hún hins vegar hafa orðið þess vör að breytingar á lífeyri hennar færu ekki eftir þeirri reglu. Í framhaldinu ritaði S bréf til L þar sem hún taldi að mistök hefðu átt sér stað og óskaði leiðréttingar sinna mála. Á fundi stjórnar L var erindi S tekið fyrir og því hafnað. Höfðaði S mál á hendur L og krafðist þess að sú ákvörðun L um að lífeyrisgreiðslur hennar færu eftir meðaltalsreglu sjóðsins þar sem S hefði ekki óskað eftir öðru innan þriggja mánaða frá upphafi lífeyrisgreiðslna hennar yrði ógild. Í rökstuðningi sínum byggði L á því að ákveðnar reglur hefðu gilt við val sjóðfélaga á eftirmannsreglunni, en tilkynna hefði þurft L um valið skriflega á þar til gerðu eyðublaði og hefði slíkt eyðublað verið sent S í bréfi við byrjun töku hennar á lífeyri frá L. Væri því útilokað að val S hefði getað byggst á ákvörðun í símtali. Í málinu lá fyrir að slík skrifleg tilkynning hafði aldrei borist frá S til L. S bar því hins vegar við að hún hefði aldrei mótttekið fyrrnefnt bréf frá L þar sem val á eftirmannsreglunni var útskýrt. Byggði hún meðal annars á því að líta bæri á L sem stjórnvald í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Hefði L því borið að virða rannsóknarskyldu 10. gr. stjórnarsýslulaganna og þannig átt að fullvissa sig um vilja sjóðfélaga svo ekki færi á milli mála hvora regluna sjóðfélagi veldi. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði að ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tækju til starfsemi L. Samkvæmt 1. gr. samþykktu L væri hann eign Reykjavíkurborgar og sjóðfélaga og væri stjórn sjóðsins skipuð fulltrúum sem annars vegar væru tilnefndir af Reykjavíkurborg og hins vegar af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Yrði því ekki litið svo á að ákvæði stjórnarsýslulaga næðu yfir ákvarðanir L. Samkvæmt grunnrökum 5. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 yrði að gera ríkar kröfur til lífeyrissjóða um að veita sjóðfélögum sínum ráðgjöf og tryggja að þeir hefðu lágmarksupplýsingar til þess að geta tekið ákvörðun um þá valkosti sem þeim stæðu til boða. Yrði L að bera hallann af því að óljóst var hvaða upplýsingar S fékk um þá kosti er til boða stóðu og í hvaða formi, svo og hvort hún hefði tilkynnt áfrýjanda um val sitt á milli þeirra. Var því ákvörðun L um að breytingar á lífeyrisgreiðslum S færu eftir meðaltalsreglu ógild.“

Hrd. frá 22. nóvember 2007 í máli nr. 118/2007

Íslensk erfðagreining ehf. gegn Gildi – lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður. Kjarasamningur. Ráðningarsamningur.

„Árið 2004 gerðu Samtök atvinnulífsins kjarasamning við nokkur verkalýðsfélög, þar á meðal E, þar sem kveðið var á um að frá 1. janúar 2005 skyldi framlag launagreiðenda í samtryggingarlífeyrissjóð

hækka úr 6% í 7% og frá sama degi 2007 í 8%. Félagsmenn í E, sem þessi kjarasamningur tók til voru almennt sjóðsfélagar í lífeyrissjóðnum G. Fyrirtækið Í taldi sér ekki skylt að standa skil á þessum hækkuðu iðgjöldum til G vegna starfsmanna sinna, sem þar voru sjóðfélagar, þar sem það væri ekki aðili að Samtökum atvinnulífsins og væri því einungis skylt að greiða 6% iðgjald eins og lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kváðu á um. Höfðaði G mál á hendur Í þar sem þar sem krafist var viðurkenningar á að Í bæri að greiða iðgjöld samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi vegna þeirra starfsmanna er völdu að borga í lífeyrissjóð G. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu, þar sem kveðið er á um að kjarasamningur ráði lágmarkskjörum fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, yrði ekki skýrt svo að það, eitt út af fyrir sig, gæti bundið hendur launagreiðenda og starfsmanns um sérhvert atriði ráðningarsamnings, heldur yrðu starfskjör, metin í einni heild, að nema því lágmarki sem kjarasamningur tryggir. Þar sem G hefði ekki hnekkst staðhæfingum Í um að með ráðningarsamningum hefðu starfsmennirnir búið við talsvert hagstæðari starfskjör en þeim hefði borið samkvæmt kjarasamningnum, gæti Í ekki verið bundið af þessu eina afmarkaða atriði kjarasamningsins vegna ákvæða laga nr. 55/1980. Ennfremur sagði að um ráðningarkjör starfsmanna Í giltu hvorki sérlög né væru þau byggð á kjarasamningi, heldur væru þau ákveðin með ráðningarsamningum, sem gætu ráðið atriðum varðandi þátttöku launamanna í lífeyrissjóðum, eins og skýrt væri kveðið á um í 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997. Í ráðningarsamningum starfsmanna Í var skýrlega kveðið á um að iðgjald í lífeyrissjóð skyldi vera 10%, þar af 6% úr hendi Í. Gat kjarasamningur, sem Í var ekki aðili að og varðaði ekki af öðrum ástæðum ráðningarkjör starfsmanna þess, engu þar breytt. Var Í sýknað af kröfu G.“

Hrd. frá 13. október 2005 í máli nr. 108/2005

Jóhann Tómas Ingjaldsson gegn Lífeyrissjóði bankamanna.

Lífeyrissjóður. Eftirlaun. Verðtrygging. Sératkvæði.

„J starfaði óslitið hjá Landsbanka Íslands og síðar Seðlabanka Íslands frá 1955 til 1991, er hann hóf töku ellilífeyris. Frá þeim tíma og fram að gildistöku nýrrar reglugerðar um starfsemi L í árslok 1997 tóku lífeyrisgreiðslur til J mið af launum eftirmanns hans á hverjum tíma, svonefndri eftirmannsreglu. Með nýju reglugerðinni var sú breyting gerð á verðtryggingu réttindanna að framvegis skyldu greiðslur til J breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs í stað þess að taka mið af launum eftirmanns hans. J taldi umrædda breytingu fela í sér ólögsmæta skerðingu á áunnum lífeyrisréttundum sínum og krafði því L um fjárhæð, er nam mismun á þeim lífeyri, sem hann hafði fengið greiddan eftir gildistöku reglugerðarinnar, og lífeyris, sem hann taldi að hann hefði átt að fá samkvæmt eftirmannsreglunni. Hæstiréttur vísaði til þess að með breytingunni hefði J ekki verið sviptur nokkru af áunnum lífeyrisrétti sínum eins og hann hafði staðið við gildistöku reglugerðarinnar. Stæði ágreiningur aðila í raun um hvort heimilt hafi verið að breyta aðferð við að verðtryggja réttindi sjóðfélaga til framtíðar en um það hefði Hæstiréttur áður dæmt í málinu nr. 249/2000. Í þeim dómi var komist að þeirri niðurstöðu að þar sem breytingin hefði verið almenn og tekið til allra sjóðfélaga hefði hún verið bindandi fyrir aðila þess máls. Þar sem J hafði ekki borið fram haldbær rök fyrir því að annað hefði átt að gilda um áunnin réttindi hans en annarra var L sýknaður af kröfu hans.“

Hrd. frá 26. febrúar 2004 í máli nr. 244/2003

Sigurður Örn Einarsson gegn Seðlabanka Íslands og Lífeyrissjóði bankamanna.

Eftirlaun. Lífeyrissjóður. Verðtrygging.

„S hafði starfað um áratuga skeið hjá SÍ þegar hann lét af störfum 31. mars 1998 og hóf töku eftirlauna. Ný reglugerð um eftirlaunasjóð starfsmanna SÍ og LÍ hafði tekið gildi 31. desember 1997. Taldi S að reglugerðin hefði skert eftirlaunarétt hans þar sem hætt var að miða fjárhæð eftirlauna við svokallaða eftirmannsreglu en þess í stað teknar upp verðbætur miðaðar við vísitölu neysluverðs. Krafðist hann þess að sér yrði bættur sá skaði, sem hin nýja skipan leiddi af sér. Beindi hann kröfunni aðallega að SÍ en til vara að SÍ og L sameiginlega og byggði á að eftirmannsreglan hefði verið hluti af starfskjörum hans hjá SÍ og hann ætti rétt á að fá greitt samkvæmt reglunni eða með öðrum hætti, sem ekki skerti réttindi hans. Taldi hann og að við setningu reglugerðarinnar hefði ekki verið gætt réttra málsmeðferðarreglna og hún hefði því ekki gildi gagnvart honum. Ekki var talið í ljós leitt að SÍ hefði lofað S að lífeyrir hans yrði greiddur með þessum hætti og að jafnvel þótt talið yrði að um ígildi loforðs hefði verið að ræða hafi skuldbinding SÍ verið leidd af reglum L og hefði því ekki getað verið um annað og meira en reglur lífeyrissjóðsins kváðu á um á hverjum tíma. Taldist SÍ því ekki hafa bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart S. Með vísan til fyrri dóma Hæstaréttar var ekki talið að sú málsmeðferð sem

L hafi viðhaft við breytingu reglugerðarinnar hefði verið ólöglegt og var því einnig hafnað kröfu S á hendur SÍ og L sameiginlega.“

Hrd. frá 13. desember 2001 í máli nr. 204/2001

**Lífeyrissjóður sjómanna gegn íslenska ríkinu.
Stjórnarskrá. Eignarréttur. Lífeyrissjóður. Sjómenn.**

„Með lögum nr. 48/1981 voru gerðar breytingar á lögum nr. 49/1974 um L, sem leiddu til hækkunar lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga sem hófu töku lífeyris fyrir 65 ára aldur og því aukinna lífeyrisskuldbindinga L. L höfðaði mál á hendur Í og krafðist, með vísan til 72. gr. stjórnarskrárinnar, fjárhæðar sem samsvaraði auknum greiðslum L og greiðsluskuldbindingum vegna breytinganna. Fallist var á það með L að undirbúningur frumvarps þess sem varð að lögum nr. 48/1981 hefði verið óvandaður, en hins vegar var ekki talið að í gerðum ríkisstjórnarinnar hefði falist bindandi loforð að lögum um greiðslur úr ríkissjóði. Til þess hefði þurft lagaheimild, sbr. 41. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar stjórnvöld hlutuðust ekki til um að mæta auknum skuldbindingum sjóðsins hlaut sú skylda að hvíla á stjórn hans, sbr. 6. gr. laga nr. 49/1974, en fljótlega kom í ljós, að af hálfu stjórnvalda yrði ekki lagt fram fé til sjóðsins. Talið var, að umrædd lagabreyting hefði ekki leitt til þess, að fjármunir væru teknir frá L heldur hefðu greiðslur hans aukist til ákveðinna sjóðfélaga á kostnað heildarinnar. Lagabreytingin hefði því í raun þýtt tilfærslu réttinda milli félaga í L. Við úrlausn málsins var og litið til þess að breytingin var almenn og náði til allra sem eins voru settir. Var þannig ekki fallist á að eign L hefði verið skert í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar og var Í samkvæmt þessu sýknað af kröfum L.“

Hrd. frá 25. janúar 2001 í máli nr. 250/2000

**Lífeyrissjóður bankamanna gegn Sveini Jónssyni og gagnsök.
Stjórnarskrá. Lífeyrissjóður. Verðtrygging. Eftirlaun.**

„Með setningu reglugerðar nr. 667/1997 um Lífeyrissjóð bankamanna voru gerðar tilteknar breytingar á skipulagi L. Leiddu þær til lækkunar á lífeyrissréttindahlutfalli S, sem lét af störfum hjá Seðlabanka Íslands 1978. Var lækkunin rakin til þeirrar túlkunar sjóðsins á ákvæðum reglugerðarinnar að 11. gr. hennar stæði frammar 36. gr. og leiddi það til þess að sá sem léti af starfi eftir gildistöku reglugerðarinnar, greitt hefði iðgjald til sjóðsins og væri orðinn fullra 65 ára ætti rétt á 2.125% eftirlaunum fyrir hvert starfsár í fullu starfi, en að þeir sem hættir væru störfum fyrir gildistöku reglugerðarinnar, en hæfu töku lífeyris eftir þann tíma ættu ekki rétt á að lífeyrir þeirra tæki mið af 11. gr. Héraðsdómur féllst ekki á þessa túlkun L og taldi að skýrlega hefði þurft að kveða á um það í gildandi reglugerð ef önnur regla ætti að gilda um réttindahlutfall starfandi sjóðfélaga en þeirra sjóðfélaga sem hættir voru störfum fyrir gildistöku og hefðu ekki hafið töku lífeyris. Slíkt mætti ekki lesa úr reglugerðinni og því væri fallist á aðalkröfu S þess efnis að hann skyldi njóta 2.125% lífeyris fyrir hvert ár sem hann greiddi í sjóðinn. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með þeirri athugasemd að í reglugerð nr. 669/1997 fyrir Lífeyrissjóð bankamanna væri ekki um það getið, að annað ætti að gilda um réttindi þeirra, sem látið hefðu af störfum af öðrum ástæðum en elli og örorku, en þeirra, sem greiddu í sjóðinn á sama tíma og þeir og héldu áfram störfum hjá bönkunum. Um réttindi S fari því að 15. gr. reglugerðarinnar, en þar sé vitnað til 11. gr. hennar.“

Hrd. frá 25. janúar 2001 í máli nr. 249/2000

**Lífeyrissjóður bankamanna gegn Sigmundi M. Andrésyni og gagnsök.
Stjórnarskrá. Lífeyrissjóður. Verðtrygging. Eftirlaun.**

„Með setningu reglugerðar nr. 667/1997 um Lífeyrissjóð bankamanna voru gerðar tilteknar breytingar á skipulagi L. Leiddu þær til lækkunar á lífeyrissréttindahlutfalli S, sem vann hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins frá 1957-1980. Var lækkunin rakin til þeirrar túlkunar sjóðsins á ákvæðum reglugerðarinnar að 11. gr. hennar stæði frammar 36. gr. og leiddi það til þess að sá sem léti af starfi eftir gildistöku reglugerðarinnar, greitt hefði iðgjald til sjóðsins og væri orðinn fullra 65 ára ætti rétt á 2.125% eftirlaunum fyrir hvert starfsár í fullu starfi, en að þeir sem hættir væru störfum fyrir gildistöku reglugerðarinnar, en hæfu töku lífeyris eftir þann tíma ættu ekki rétt á að lífeyrir þeirra tæki mið af 11. gr. Héraðsdómur féllst ekki á þessa túlkun L og taldi að skýrlega hefði þurft að kveða á um það í gildandi reglugerð ef önnur regla ætti að gilda um réttindahlutfall starfandi sjóðfélaga en þeirra sjóðfélaga sem hættir voru störfum fyrir gildistöku og hefðu ekki hafið töku lífeyris. Slíkt mætti ekki lesa úr reglugerðinni og því væri fallist á kröfu S þess efnis að hann skyldi njóta 2.125% lífeyris fyrir hvert ár sem hann greiddi í sjóðinn. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með þeirri athugasemd

að í reglugerð nr. 669/1997 fyrir Lífeyrissjóð bankamanna væri ekki um það getið, að annað ætti að gilda um réttindi þeirra, sem látið hefðu af störfum af öðrum ástæðum en elli og örorku, en þeirra, sem greiddu í sjóðinn á sama tíma og þeir og héldu áfram störfum hjá bönkunum. Um réttindi S fari því að 15. gr. reglugerðarinnar, en þar sé vitnað til 11. gr. hennar. Þá stóð ágreiningur um afnám svokallaðrar eftirmannsreglu, en hún varðaði aðferð til að verðtryggja rétt sjóðfélaga. Taldi S að afnám hennar myndi skerða eftirlaunaréttindi sín og krafðist þess að ákvæði reglugerðarinnar þar um yrði dæmt ólöglegt gagnvart sér. Héraðsdómur féllst ekki á kröfu S og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu og taldi breytingun hafa verið almenna og tekið til allra sjóðfélaga.“

Hrd. frá 19. október 2000 í máli nr. 178/2000

Einar Vigfússon gegn Lífeyrissjóði sjómanna.

Stjórnarskrá. Eignarréttur. Lífeyrissjóður. Örorka. Gjafsókn.

„E var sjómaður í rúm 40 ár þar til hann varð fyrir starfsorkuskerðingu á árinu 1994 í kjölfar gerviliðsaðgerðar á mjöðm vegna brjóskeyðingar og slitgigtar. Hann greiddi iðgjöld af tekjum sínum til L, samkvæmt þeim lögum er giltu á hverjum tíma. E hafði fengið greiddan örorkulífeyri úr hendi L frá 1. maí 1995 á grund-velli örorkumats sem þá lá fyrir og síðara mats, allt samkvæmt reglum sem gilt höfðu á þeim tíma er greiðslur fóru fram. Taldi E að réttur hans til elli- og örorkulífeyris hefði verið skertur með breyttum reglum sem L hafi beitt með afturvirkum og ólöglegum hætti. Deilt var um það hvort réttur E til elli- og örorkulífeyris úr hendi L yrði ákveðinn samkvæmt þeim réttarreglum sem voru í gildi þegar hann greiddi iðgjöld til L eða reglum sem í gildi voru eftir að réttur hans til örorkulífeyris varð virkur á árinu 1995 þegar örorkumat vegna starfsorku-skerðingarinnar lá fyrir. L var sýknaður af kröfum E með vísan til dóms Hæstaréttar 23. mars 2000 í málinu 340/1999, en kröfur E lutu að sömu efnisatriðum og um var deilt í því máli.“

Hrd. frá 23. mars 2000 í máli nr. 340/1999

Lífeyrissjóður sjómanna gegn Herði Magnússyni og gagnsök.

Lífeyrissjóður. Örorka. Stjórnarskrá. Eignarréttur. Gjafsókn.

„Sjómaðurinn H fékk heilablóðfall í nóvember 1994, en þá höfðu tekið gildi lög nr. 94/1994 um Lífeyrissjóð sjómanna, sem afnámu lög nr. 49/1974 um sama efni, og ný reglugerð um Lífeyrissjóð sjómanna, þar sem greiðslur voru skertar frá því sem áður hafði verið. H taldi að óheimilt hefði verið að skerða réttindi sín með reglugerðinni og krafði lífeyrissjóðinn um greiðslur samkvæmt lögum nr. 49/1974. Talið var, að ekki yrði komist hjá því að líta til þess að lífeyrisréttindi H hefðu ekki verið orðin virk þegar þau voru skert með heimild í lögum nr. 94/1994, en heimild löggjafans væri mun þrengri til að skerða virk lífeyrisréttindi en þau, sem einungis væru væntanleg þegar skerðingin öðlaðist gildi. Ekki lægi annað fyrir en skerðing allra óvirkra lífeyrisréttinda sjóðfélaga, svo sem hún birtist í reglugerðinni, hefði verið reist á almennum grundvelli og jafnræðis milli sjóðfélaga hefði nægjanlega verið gætt. Þótti skerðingin hafa verið heimil án þess að bætur kæmu fyrir. Var lífeyrissjóðurinn sýknaður af kröfum H.“

Hrd. frá 9. desember 1999 í máli nr. 195/1999

Kjartan Ásmundsson gegn Lífeyrissjóði sjómanna og til vara gegn Lífeyrissjóði sjómanna og íslenska ríkinu.

Stjórnarskrá. Eignarréttur. Lífeyrissjóður. Sératkvæði.

„Stýrimaðurinn K varð fyrir slysi við sjómennsku árið 1978 og var metinn til 100% örorku til fyrri starfa, en varanleg almenn örorka hans var metin 25%. Hann fékk greiddar örorku- og barnalífeyrisbætur úr L frá 1979. Með lögum nr. 44/1992 var ákvæðum laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna breytt á þann veg, að ekki var lengur tekið mið af hæfni sjóðfélaga til fyrri starfa við grundvöll örorkumats, heldur var byggt á hæfni til almennra starfa. Varð almenn örorka að vera 35% eða meiri til þess að sjóðfélagi ætti rétt á örorkulífeyri. Áður en þessar breytingar tóku gildi, voru lög nr. 49/1974 hins vegar felld úr gildi með lögum nr. 94/1994 og samsvarandi ákvæði um örorku- og barnalífeyri sett í reglugerð L. Þar sem trúnaðarlæknir L mat örorkutap K til almennra starfa minna en 35% átti hann ekki rétt á lífeyri úr sjóðnum og féllu allar greiðslur til hans niður frá og með 1. júlí 1997. K hélt því fram, að þessi skerðing réttinda hans gengi gegn ákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Talið var, að lífeyrisréttur sá, sem K hafði áunnið sér, nyti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og yrði hann ekki af honum tekinn nema með skýlausri lagaheimild. Vísað var til þess, að mikill hallarekstur hefði verið á L og hefði stjórn sjóðsins óskað eftir því, að gerðar yrðu breytingar á lögum um hann til þess að mæta þessum mikla halla. Væri því ljóst, að málefnalegar forsendur hefðu legið að baki þeim skerðingum lífeyrisréttinda, sem lög nr.

44/1992 hefðu haft í för för með sér. Þótt lög nr. 94/1994 hefðu ekki verið gild lagaheimild um breytingar á áður áunnum réttindum K, breytti það því ekki, að réttarstaða K hefði þegar verið ákveðin með lögum nr. 44/1992. Talið var, að sú skerðing, sem fólst í lögum nr. 44/1992 hefði verið almenn þar sem hún tók á sambærilegan hátt til allra, sem nutu eða gátu notið örorkulífeyris, en fimm ára aðlögunarfrestur gildi jafnt um alla sjóðfélaga. Hefði jafnræðis verið gætt um alla þá, sem sambærilegir gætu talist. Var því staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna L og Í af kröfum K vegna skerðingar lífeyrisréttinda hans.“

Hrd. frá 28. maí 1998 í máli nr. 368/1997 á bls. 2140

Lífeyrissjóður sjómanna og íslenska ríkið gegn Svavari Benediktssyni.

Sjórnarskrá. Eignaréttur. Lífeyrissjóður. Gjafsókn.

S þáði lífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna skv. lögum nr. 49/1974 ásamt síðari breytingum, frá því að hann náði 60 ára aldri árið 1991. Hinn 24. maí 1994 voru sett ný lög um Lífeyrissjóð sjómanna nr. 94/1994, og féllu þá úr gildi eldri lög. Á grundvelli hinna nýju laga var sett reglugerð um starfsemi sjóðsins, er tók gildi 1. september 1994. Lífeyrissjóður sjómanna tók þá ákvörðun til að taka á fjáhagsvanda sjóðsins að draga úr ellilífeyrisgreiðslum til þeirra, sem hafið hefðu töku lífeyris, en væru yngri en 65 ára. S taldi að óheimilt hefði verið að skerða réttindi sín með reglugerðinni og krafði lífeyrissjóðinn um greiðslur samkvæmt lögum nr. 49/1974. Ekki var í hinum nýju lögum vikið að því, hvernig fara skyldi um áunnin réttindi samkvæmt eldri lögum. Hæstiréttur féllst á það með héraðsdómi, að þau réttindi, er S hafið áunnið sér samkvæmt lögum nr. 49/1974 til lífeyris, hafi notið verndar þágildandi 67. gr. stjórnarskrár, nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Þau réttindi urðu ekki af honum tekin nema með skýlausri lagaheimild í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Sagði Hæstiréttur að ekki yrði talið, að slík heimild hafi falist í lögum nr. 94/1994, sem ekki höfðu að geyma efnisleg ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Var skerðing réttindanna með framangreindir reglugerð því ólögumæt. Féllst Hæstiréttur því á að kröfur S á hendur Lífeyrissjóði sjómanna er annars vegar varðaði greiðslu sem svaraði skerðingu þeirri á lífeyrisgreiðslum er S varð fyrir frá 1. febrúar 1995 til 31. maí 1997 og hins vegar réttur S til lífeyris sem hann öðlaðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1974, frá og með 1. júní 1997.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. janúar 2009 í máli nr. E-6242/2008

Jóhanna Guðbjörg Bjarnadóttir gegn Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Val milli meðaltalsreglu og eftirmannsreglu. Leiðbeiningar til sjóðfélaga.

J krafðist viðurkenningar á því að sú ákvörðun L að greiða J ellilífeyri samkvæmt meðaltalsreglu gr. 12.4 í samþykktum sjóðsins væri ógild. J var leikskólastjóri og greiddi iðgjöld til L frá árinu 1959 er hún lét af störfum í júlí 2002 og hóf töku lífeyris hjá L. Um það leyti sem J lét af störfum ritaði hún umsókn um ellilífeyri á eyðublað ætlað L og tveimur öðrum sjóðum. Á eyðublaðinu var ekki vikið að valkostum um ákvörðun lífeyrisins. L sendi J bréf þar sem athygli J var vakin á því að samkvæmt samþykktum sjóðsins gætu lífeyrissjóðsgreiðslur hennar tekið breytingum með tvennum hætti. Tekið sömu breytingum og verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu eða fylgt föstum dagvinnulaunum sem greidd eru fyrir það starf sem J vann síðast eða eftir atvikum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi, eftirmannsregla. J staðfesti fyrir dómi að hún hefði fengið framangreint bréf. J kvaðst hafa kynnt sér það, en vegna þess sem þar kom fram um að leiðirnar væru jafnverðmætar, hefði hún talið að þetta skipti ekki máli fyrir hana. J hefði ekki fengið neinar aðrar leiðbeiningar. J kvaðst hafa komist að því á fundi vorið 2005 að yfirvinna hefði verið færð inn í laun leikskólakennara og þá séð að eftirmannsreglan hefði verið hagstæðari fyrir hana. Fram kom í skýrslum L og A, sviðsstjóra réttindamála hjá L, að þau hefðu rætt um lífeyri J um haustið 2005. Þá hefði A sagt J frá því að mál annars leikskólastjóra væri til umfjöllunar í stjórn L. J kvaðst hafa talið að afgreiðsla þess máls ætti að verða fordæmi um sitt mál. Fyrir dómi staðfesti A að J hefði haft samband við hann er dómur lá fyrir í máli þessa sjóðfélaga, en um er að ræða mál hæstaréttarmál nr. 286/2007. Fyrir dómi sagði A að sér hefði ekki verið kunnugt um það á árinu 2002 að fyrirhugað hefði verið að færa yfirvinnu inn í föst laun. A sagði að fram til 2005 hefði meðaltalsreglan skilað J meiri hækkunum en eftirmannsregla. E, formaður Kennarasambands Íslands, gaf skýrslu fyrir dómi og fram kom hjá honum að fyrsti vísir að því að færa yfirvinnu starfsmanna leikskóla inn í föst laun hefði komið fram með yfirlýsingu með kjarasamningi 2001. Þeirri breytingu hefði verið lokið hjá öllum kennurum á árinu 2005. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að dómurinn sé bundinn af fordæmi Hæstaréttar í máli 286/2007 og bar L því að veita J ráð og leiðbeiningar um þá valkosti sem hún stóð frammi fyrir á árinu 2002. Fram kemur niðurstöðu dómsins að þetta val sé ekki einfalt og þær skýringar sem fram koma í bréfi L til J fælu ekki í sér neins konar ráðgjöf. Þá er sú fullyrðing sem þar kemur fram um að leiðirnar séu til lengri tíma litið

jafnverðmætar í það minnsta ónákvæm. Þá getur staðlað bréf ekki komið í stað þeirrar einstaklingsbundnu ráðgjafar sem ákvæðið mælir fyrir um. Var það niðurstaða dómsins að J hefði ekki notið þeirra leiðbeininga af hálfu L er hún átti rétt á og var forsenda þess að hún gæti tekið upplýsta ákvörðun um mikilvægt atriði varðandi lífeyrisréttindi sín. Taldi dómurinn að ekki hefði verið sýnt fram á að J hefði öðlast vitneskju um þau atriði sem L bar að leiðbeina henni um, fyrir en á árinu 2005. Hófst J þá handa um að kanna réttarstöðu sína og var það mat dómsins að J hefði ekki sýnt af sér tómlæti um réttindi sín. Niðurstaða dómsins varð því sú að meta ákvörðun um að reikna lífeyri J miðað við meðaltalsreglu ógilda.

Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

I. KAFLI

Almenn ákvæði

Heiti sjóðsins, hlutverk og deildaskipting

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, síðari breytingarlaga og samþykktu þessara.

2. gr.

Sjóðurinn starfar í þrem deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild (Séreign). Fjárhagur deildanna skal vera aðgreindur. Rekstrarkostnaði skal skipt á milli þeirra í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt nánari reglum er stjórn sjóðsins setur.

Samþykktir þessar eiga við um allar deildir sjóðsins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Stjórn sjóðsins, starfsmenn og innra eftirlit

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum hópi til eins árs í senn.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ákveður hvernig daglegum rekstri er háttað og hefur eftirlit með honum, bókhaldi sjóðsins og meðferð fjármuna hans.

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði að jafnaði. Fundir skal boða með dagskrá með minnst tveggja daga fyrirvara. Fundur er lögmatgur sé þannig til hans boðað og hann sóttur af a.m.k. sex stjórnarmönnum eða varamönnum þeirra. Fundur sem boðaður með skemmri fyrirvara er lögmatgur ef hann er sóttur af öllum stjórnarmönnum eða varamönnum þeirra. Ákvarðanir stjórnar skulu teknar með samþykki fjögurra stjórnarmanna hið minnsta. Séu jafnmörg atkvæði með og móti tillögu telst hún þó fallin. Halda skal gerðarbók yfir stjórnarfundir og skulu allir stjórnarmenn sem fund sitja undirrita fundargerðina.

4. gr.

Stjórnin ræður sjóðnum framkvæmdastjóra. Stjórnin ræður annað starfsfólk sjóðsins og ákveður skipulag starfs á skrifstofu hans að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og semur við þá aðila sem falið er að annast verkefni fyrir sjóðinn.

5. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórnin hefur gefið. Ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti, sbr. þó 4. mgr. 6. greinar.

Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

6. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sjóðsins til meðferðar máls fer eftir efnisreglum hliðstæðum þeim sem eru í II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, endurskoðendur og aðrir starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki, sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtæki, sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipar starfsnefnd, sem á vegum hennar fjallar um álitamál, sem upp koma um viðmiðunarlaun fyrir lífeyri skv. 55., 56. og 74. grein. Í þeim tilvikum sem stjórninni ber að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu iðgjalda, skv. 2. mgr. 25. gr. og til greiðslu lífeyris, skv. 2. mgr. 55. gr. eða skv. 78. gr. samþykka þessara getur stjórnin falið starfsnefndinni að gera tillögur til stjórnar um viðmiðunarlaun.

Starfsnefnd skal skipuð sjö mönnum. Þrjú tilnefndir af fulltrúum fjármálaráðherra í stjórn sjóðsins, einn tilnefndur af fulltrúum BSRB, einn tilnefndur af fulltrúa BHM og einn af fulltrúa KÍ. Framkvæmdastjóri sjóðsins á jafnframt sæti í nefndinni.

Starfsnefndarfundi skal halda reglulega og halda skal gerðarbók. Fundargerðir starfsnefndar skulu lagðar fyrir stjórn sjóðsins til staðfestingar. Mál sem afgreidd eru af starfsnefnd skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir að stjórn sjóðsins hefur samþykkt viðkomandi fundargerð nefndarinnar.

8. gr.

Við lífeyrissjóðinn skal starfa endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili sem annast innra eftirlit. Innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðsins og þáttur í eftirlitskerfi hans. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.

Sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili getur verið löggiltur endurskoðandi eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðsins skv. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

- a. hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
- b. hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
- c. gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits,
- d. hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyrissjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
- e. hafa eftirlit með því að fjárfestingarstefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg,
- f. hafa eftirlit með að iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Upplýsingaskylda og samskipti við sjóðsaðila.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal ár hvert semja skýrslu þar sem gerð verði grein fyrir helstu atriðum í starfsemi sjóðsins, eignum sjóðsins og skuldbindingum hans og launagreiðenda, sem aðild eiga að honum, og réttindum sjóðfélaga. Í ársskýrslunni skal birta ársreikninga sjóðsins, tryggingafræðilegar úttektir á honum og fjárfestingastefnu hans.

11. gr.

Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar. Auglýsa skal fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Á fundinum verði, eftir því sem við á, gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum til breytinga á samþykktum sjóðsins sem ekki leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.

12. gr.

Sjórn sjóðsins skal ár hvert halda fundi með launagreiðendum, sem aðild eiga að sjóðnum, og gera þeim grein fyrir fjárfestingum sjóðsins á liðnu ári og öðrum atriðum í starfsemi sjóðsins, sem áhrif geta haft á iðgjöld launagreiðenda og skuldbindingar þeirra.

13. gr.

Sjóðurinn skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda sjóðfélögum upplýsingar um áunninn lífeyrisrétt og um væntanlegan lífeyrisrétt þar sem því verður við komið. Ennfremur skal sjóðurinn upplýsa sjóðfélaga um lífeyrisréttindi þeirra með útgáfu bæklinga og dreifirita og kynna þeim samþykktir sjóðsins, fjárfestingarstefnu hans og annað, sem snertir réttindi sjóðfélaga, varðveislu þeirra og tryggingu og fjárhag sjóðsins.

Sjóðfélagi á rétt á aðgangi að upplýsingum er varða hann sjálfan.

II. KAFLI

Sjóðsaðild

Almennt

14. gr.

Sjóðfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru þeir einstaklingar, sem greiða iðgjald til sjóðsins, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

A-deild

15. gr.

Aðild að A-deild sjóðsins skal aldrei veitt beri aðila að greiða í annan lífeyrissjóð sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997.

Um aðild að A-deild sjóðsins fer eftir því sem hér segir:

Skylduaðild:

a. Starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana 16 ára og eldri sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga sem gerðir eru á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt lögum um kjararáð, skulu vera í A-deild sjóðsins enda greiði þeir ekki í B-deild sjóðsins eða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga af launum fyrir það starf. Heimilt er þó að semja um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði. Ákvæði 1. máls. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.

Réttur til aðildar með skyldu launagreiðanda til að greiða iðgjald:

b. Eftirtaldir starfsmenn með ráðningu eins og kveðið er á um í grein 15.a., sem aðild áttu að LSR við árslok 1996, eiga rétt til að vera í A-deild sjóðsins óski þeir eftir því:

i. Kennarar og skólastjórnendur grunnskóla sveitarfélaga á meðan þeir starfa við grunnskóla sveitarfélaga.

ii. Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórn og þeir sem störfuðu hjá skólaskrifstofum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á meðan þeir gegna þeim störfum.

c. Hjúkrunarfræðingar, sem áttu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna við árslok 1996, eiga rétt til að vera í A-deild sjóðsins, óski þeir eftir því, á meðan þeir gegna störfum, sem veitt hefðu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

d. Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum skv. lögum um grunnskóla, og hjúkrunarfræðingar, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkisins eða sveitarfélaga eða við opinberar stofnanir eða heilbrigðisstofnanir, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn.

Heimild til aðildar með samþykki launagreiðanda:

e. Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Jafnframt er félagsmönnum í stéttarfélögum sem eru utan fyrrgreindra bandalaga en gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.

- f. Starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana sem eru utan stéttarfélaga en taka laun, sem ákveðin eru með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt lögum um kjararáð, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.
- g. Starfsmönnum sveitarfélaga og stofnana þeirra og starfsmönnum sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, sem eru vegna eðlis starfa sinna utan stéttarfélaga en taka laun sem ákveðin eru með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna eða ákvörðunum kjararáðs, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.

Heimild til aðildar að fengnu samþykki stjórnar og með samþykki launagreiðanda.

- h. Stjórn sjóðsins getur auk fyrrgreindra í sérstökum tilvikum veitt þeim aðild að A-deild sem eiga þess ekki kost að vera í stéttarfélagi eða eru vegna eðlis starfs síns utan stéttarfélaga. Heimild þessari skal einkum beitt í þeim tilvikum þegar launagreiðandi tryggir verulegan hluta starfsmanna sinna hjá sjóðnum.

Aðrir:

- i. Einstaklingi, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, sbr. grein 17.e., er heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda falli þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildar af launum fyrir það starf.
- j. Þeir sem fengið hafa aðild að A-deild sjóðsins en uppfylla ekki framangreind aðildarskilyrði skulu halda aðildinni meðan þeir gegna starfi hjá sama launagreiðanda og greitt hefur fyrir þá til deildarinnar.

B-deild

16. gr.

Iðgjaldagreiðslur vegna allra sjóðfélaga til ársloka 1996 skulu varðveittar í B-deild sjóðsins og á henni hvíla allar skuldbindingar vegna þeirra lífeyrisréttinda sem áunnust með þeim. Um réttindi þeirra sjóðfélaga í B-deild, sem völdu fyrir 1. janúar 1997 aðild að A-deild, fer eftir þeim reglum sem gilda um geymdan rétt í B-deildinni.

17. gr.

Aðild að B-deild sjóðsins frá 1. janúar 1997 getur, eftir því sem hér greinir, tekið til þeirra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í eigi minna en hálf títill starf enda hafi iðgjald verið greitt til deildarinnar óslitið frá þeim tíma.:

- a. Sjóðfélagar LSR, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá ríkinu. Heimild þessi nær einnig til þeirra sjóðfélaga, sem áttu aðild að sjóðnum í árslok 1996 vegna starfa hjá öðrum, en ráðast til ríkisins eftir þann tíma sbr. þó 2. mgr. 19. greinar.
- b. Kennarar og skólastjórnendur við grunnskóla, sem voru í starfi við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum.
- c. Þeir sem starfa hjá grunnskólum sveitarfélaga við annað en kennslu eða skólastjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild áttu að sjóðnum skv. bráðabirgðaákvæðum laga nr. 156/1995 og laga nr. 141/1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.
- d. Launagreiðendum, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, er heimilt að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá sömu starfsmenn. Heimild þessi nær einnig til þeirra starfsmanna þessara launagreiðenda, sem áttu aðild að sjóðnum í árslok 1996 vegna starfa hjá öðrum en ráðast til þeirra eftir þann tíma sbr. þó 2. mgr. 19. greinar. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins.
- e. Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður á hann rétt til að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins, í sama hlutfalli og heildariðgjöld sjóðfélaga eru á hverjum tíma, með þeim hætti sem um ræðir í 3. mgr. 25. greinar.

Fyrrum starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga, sem aðild áttu að B-deild þann 1. janúar 2005 og voru í störfum sem fluttust til Sambands íslenskra sveitarfélaga og halda þeim áfram eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild meðan þeir gegna þar störfum sem uppfylla almenn aðildarskilyrði að sjóðnum.

Stjórn sjóðsins er með samþykki fjármálaráðherra heimilt að veita sjóðfélaga sem fær launalaust leyfi frá störfum til að starfa hjá alþjóðastofnun, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, rétt til að greiða áfram iðgjald til B-deildar sjóðsins á starfstíma hans hjá viðkomandi alþjóðastofnun, enda hafi hann átt aðild að B-deildinni er hann hóf störf erlendis og njóti ekki lífeyrisréttar hjá viðkomandi alþjóðastofnun. Stjórn sjóðsins skal ákveða viðmiðunarlaun fyrir starfið með hliðsjón af 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997.

Aðild vegna niðurlagningar á starfi

18. gr.

Ef sjóðfélagi sem fengið hefur aðild að sjóðnum skv. grein 17. e. lætur iðgjaldagreiðslur falla niður í þrjá mánuði eða lengur skal litið svo á að viðkomandi hafi fallið frá rétti sínum til áframhaldandi aðildar að sjóðnum. Aðili hefur þó jafnan rétt til aðildar að nýju hefji hann iðgjaldaskil eigi síðar en tólf mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Þegar iðgjöld hafa fallið niður skal iðgjaldatími stytur sem því nemur.

Sjóðfélagi með aðild að sjóðnum á grundvelli greinar 17. e. getur lagt fram skriflega beiðni þess efnis að fá að greiða af lægra starfshlutfalli en starf það var sem rekja má aðild hans að sjóðnum til. Starfshlutfall má þó aldrei fara niður fyrir hálfu starf. Aðili sem hefur fengið slíka heimild á jafnan rétt til að hefja iðgjaldagreiðslur að nýju af því starfshlutfalli sem hann gegndi í því starfi sem lagt var niður en þó aldrei með afturvirkum hætti.

Hefji sjóðfélagi með aðild að sjóðnum á grundvelli greinar 17. e. starf sem fylgir aðild að sjóðnum fellur niður réttur til aðildar sem rekja má til niðurlagningar starfs. Láti sjóðfélagi af hinu nýja starfi innan tveggja ára er honum heimilt að hefja iðgjaldagreiðslur til sjóðsins að nýju vegna þess starfs sem lagt var niður.

19. gr.

Sjóðfélagi í B-deild getur eingöngu hafið greiðslur til A-deildar ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Séu ekki greidd iðgjöld vegna sjóðfélaga til B-deildar eftir árslok 1996 fellur réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildar niður upp frá því enda eigi eftirfarandi ekki við:

- a. Formlegu ráðningarsambandi sjóðfélaga og launagreiðanda hans hafi ekki verið slitið.
- b. Sjóðfélagi hefji starf sem veitir rétt til aðildar að deildinni skv. 17. grein eigi síðar en 12 mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður.

III. KAFLI

Iðgjöld til A-deildar

20. gr.

Sjóðfélagi skal greiða 4% af gjaldastofni, sbr. 22. grein, sem iðgjald til A-deildar sjóðsins frá því að hann fær aðild að deildinni þar til að hann lætur af starfi, sem gerir honum skylt að greiða til hennar, hann hættir að greiða iðgjald vegna starfs, sem heimilar honum aðild að sjóðnum, launagreiðandi sem samþykkja þarf aðild að deildinni hættir iðgjaldagreiðslum eða til loka þess mánaðar þegar hann nær 70 ára aldri. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

21. gr.

Iðgjald launagreiðanda til A-deildar skal reiknast af sama gjaldastofni og iðgjald sjóðfélagsins, fyrir sama tímabil og skal það greitt sjóðnum á sama tíma.

Stjórn sjóðsins skal árlega ákveða, iðgjald launagreiðanda þannig að það dugi til greiðslu á skuldbindingum A-deildar sjóðsins í samræmi við niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar, sbr. 33. grein. Ákvörðun stjórnarinnar skal miðast við það að hrein eign A-deildar að viðbættu núvirði framtíðariðgjalda vegna sjóðfélaga sé á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna áunninna réttinda og réttinda sem byggjast á framtíðariðgjöldum sjóðfélaganna. Ákvörðun stjórnarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Iðgjald launagreiðanda til A-deildar er 11,5% af gjaldstofni frá 1. janúar 1997 en skal endurskoðað árlega sbr. 2.mgr..

22. gr.

Gjaldstofn fyrir iðgjald til A-deildar skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu vegna þess starf sem veitir sjóðfélagi aðild að sjóðnum. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru

skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga.

IV. KAFLI Iðgjöld til B-deildar

23. gr.

Sjóðfélagi skal greiða 4% af gjaldastofni, sbr. 25. grein, sem iðgjald til B-deildar sjóðsins frá því að hann fær aðild að deildinni. Greiðsla iðgjalda sjóðfélaga fellur niður þegar:

- Sjóðfélagi lætur af starfi, sem veitir rétt til aðildar að deildinni, hefur iðgjaldagreiðslur til A-deildar eða hættir aðild að B-deild af öðrum ástæðum.
- Sjóðfélagi hefur greitt til B-deildar að meðtöldum fyrri greiðslutíma til LSR í samtals 32 ár. Sjóðfélagi, sem gegnt hefur hlutastarfi, er heimilt að greiða iðgjöld til sjóðsins allt að því marki að það jafngildi iðgjöldum af launum fyrir fullt starf í 32 ár.
- Sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris sbr. grein 57.a.
- Þegar samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er orðinn 95 ár hafi sjóðfélagi valið 95 ára reglu til lífeyristöku sbr. grein 57.b.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

Sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykki stjórnar fyrir áframhaldandi aðild að sjóðnum skv. grein 17. e., ber sjálfur ábyrgð á fullum iðgjaldaskilum til sjóðsins.

24. gr.

Iðgjald launagreiðenda til B-deildar skal vera 8% af sama gjaldastofni og iðgjald sjóðfélagens og skal greitt sjóðnum á sama tíma og það. Þó skal iðgjald launagreiðanda vera 12% af gjaldstofninum vegna þeirra sjóðfélaga, sem hætt hafa að greiða iðgjöld til sjóðsins skv. greinum 23.b. eða 23.d.

Auk iðgjalds skv. 1. mgr. skulu sveitarfélög greiða viðbótariðgjald, 7,5% af sama stofni, vegna kennara og skólastjórna grunnskóla, sem ávinna sér lífeyrisrétt hjá deildinni. Viðbótariðgjaldi þessu skal haldið sérgreindu í reikningum og ráðstafað eins og ákveðið er í 89. grein.

25. gr.

Gjaldstofn fyrir iðgjald til B-deildar sjóðsins skal vera þau föstu laun fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem starfi sjóðfélaga fylgja á hverjum tíma samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga nr. 47/2006 um kjararáð.

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum eins og að framan greinir skulu iðgjöld greidd af viðmiðunarlaunum, sem stjórn sjóðsins ákveður. Viðmiðunarlaunin skulu svara til þeirra launa, sem greidd eru fyrir dagvinnu í sambærilegum störfum skv. framangreindum kjarasamningum eða launaákvörðunum kjararáðs.

Gjaldstofn fyrir iðgjald þeirra, sem fengið hafa heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, skv. grein 17.e. skal vera þau laun sem hann hafði og greitt var af þegar staða hans var lögð niður eða eftir atvikum þegar biðlaunagreiðslum lýkur. Eftir það taki þau laun breytingum til samræmis við meðalbreytingar, sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. 72. grein.

Aðild á grundvelli niðurlagningar á starfi tekur ekki gildi fyrr en launagreiðslum eða biðlaunagreiðslum fyrir hið niðurlagða starf lýkur eða þær hafa skerst. Ef sjóðfélagi fær greidd biðlaun sem nemur mismun á launum fyrir hið niðurlagða starf og launum fyrir hið nýja starf ber að miða upphafstíma aðildar á grundvelli niðurlagningar á starfi við þann tíma sem biðlaunagreiðslur hófust. Sjóðfélagi ber ábyrgð á iðgjaldaskilum á þeim mismun sem myndast á iðgjöldum sem fyrri launagreiðandi greiðir af biðlaunum og þeim iðgjöldum sem greiða ber.

Hafi vaktavinnumaður fengið heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, skv. grein 17.e. skal reikna iðgjald af vaktaálagi í hlutfalli við meðaltals réttindaávinning vegna vaktaálags síðustu þriggja ára fyrir niðurlagningu starfs. Hafi sjóðfélaginn ekki stundað vaktavinnu í full þrjú ár fyrir niðurlagningu stöðu, skal reikna iðgjaldið út frá meðaltals réttindaávinningi þess tíma sem hann stundaði vaktavinnu á síðustu þremur árum. Iðgjaldagreiðslur vegna vaktaálags skulu taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Hjá vaktavinnufólki, þ.e. sjóðfélögum, sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti og eiga rétt til sérstaks viðbótarlífeyris, skal vaktaálag vera iðgjaldsstofn. Sama gildir um

naturverði og starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á tímabilinu frá kl. 22.00 - 09.00 og skal þá álagsgreiðslan vera iðgjaldsstofn. Iðgjöldum skv. þessari málsgrein skal haldið aðgreindum frá öðrum iðgjöldum sjóðfélaga.

V. KAFLI

Fjárreiður

Ávöxtun fjármuna sjóðsins

26. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í sjóðnum. Fjárfestingarstefna sjóðsins skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

27. gr.

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins skal byggð á tegundarflokkun innlána og verðbréfa í samræmi við það sem mælt er fyrir um í 36. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum. Hver tegund innlána og verðbréfa skal jafnframt sundurliðuð eftir því sem við á með tilliti til gjaldmiðlaáhættu og stærðar einstakra innlánaaðila eða verðbréfaútgefenda.

Lífeyrissjóðurinn skal senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir viðkomandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

28. gr.

Stjórn sjóðsins skal setja reglur um kaup á skuldabréfum sem tryggð eru með veði í fasteignum, þ.á.m. reglur um lán til sjóðfélaga.

Lífeyrissjóðnum er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í sjóðnum og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt. Ársreikningur, endurskoðun og tryggingafræðileg athugun.

29. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár, sbr. ákvæði VIII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ársreikningur skal hafa að geyma, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Ennfremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á einstökum liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Með ársreikningi lífeyrissjóðsins skal fylgja sú fjárfestingarstefna sem starfað er eftir. Jafnframt skal fylgja með úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðsins og framkvæmdastjóra hans. Hafi einhver þeirra mótbáruð fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

30. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Endurskoðun skal vera lokið eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Um endurskoðun hjá lífeyrissjóðnum gilda ákvæði VII. kafla laga um ársreikninga, eftir því sem við á.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðsins eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemina hafi verið brotnar, skal hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og Fjármálaeftirlitinu viðvart.

Ríkisendurskoðandi hefur rétt til að sitja stjórnarfundum þar sem fjallað er um ársreikning.

31. gr.

Senda skal Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðsins ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og skulu þær liggja frammi á skrifstofu lífeyrissjóðsins og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

32. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athuginun skal gerð samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 391/1998 um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athuginun skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Athuginun skv. 1. mgr. skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.

Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu tryggingafræðilega athugun sem gerð er samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI

Lífeyrisréttindi úr A-deild

Stig til lífeyrisréttinda í A-deild

33. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga til A-deildar hvert almanaksár gefa stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Iðgjöld af grundvallarlaunum í eitt ár gefa eitt stig og iðgjöld af hærri eða lægri launum gefa hlutfallslega fleiri eða færri stig.

Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr. Er sú fjárhæð miðuð við vísitölu neysliverðs 174,2. Grundvallarlaun hvers mánaðar eftir það skulu breytast frá þeirri fjárhæð í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs í mánuðinum á undan frá 174,2 stigum.

Stig til lífeyrisréttinda skal reikna fyrir hvert almanaksár um sig þannig, að í árslaun sjóðfélagans, sem iðgjöld voru greidd af, er deilt með grundvallarlaunum ársins sbr. 3. mgr. Árslaunin skal reikna sem iðgjöld sjóðfélaga skv. 1. mgr. 20. grein margfölduð með 25. Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Ellilífeyrir

34. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

35. gr.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma. Hundraðshluti þessi skal vera samanlagður stigafjöldi, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með iðgjaldagreiðslum til deildarinnar skv. 33. gr., margfaldaður með 1,90.

36. gr.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrir en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 36. grein um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur þegar taka lífeyris hefst.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 35. grein um 0,75% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Hækkunarprósenta lífeyris vegna frestunar á töku lífeyris eftir 65 ára aldur, skv. 2. mgr. hefur hækkað úr 0,5% í 0,75% samkvæmt ákvörðun stjórnar um endurskoðun á hækkunarprósentu, sbr. bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 1/1997 og tekur hækkunin til allra lífeyrisgreiðslna skv. 1. mgr. eftir 1. janúar 2002.

37. gr.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu honum reiknuð viðbótarstig þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Ellilífeyrir vegna

viðbótarstiganna greiðist frá 70 ára aldri og er sá hundraðshluti grundvallarlauna sem svarar til fjölda viðbótarstiganna margfaldaðra með 0,95. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 36. grein.

38. gr.

Ellilífeyrir sjóðfélaga, sem fengið hefur örorkulífeyri úr sjóðnum til 65 ára aldurs sbr. 44. grein skal ákveðinn þannig að við stig sem áunnin eru skv. 33. grein skal, í hlutfalli við örorkumat, bæta þeim stigum sem voru reiknuð sjóðfélaganum til 65 ára aldurs skv. 40. - 42. grein. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga. Lögreglumenn.

39. gr.

Lögreglumanni sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. gr. laga nr. 1/1997 eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarrettinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélagi í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 2. mgr. 36. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.

Örorkulífeyrir

40. gr.

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 51. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Trúnaðarlæknir skal ákvarða orkutap og hvenær það varð og til hve langs tíma það tekur að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hafði og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

41. gr.

Þegar skilyrði 40. greinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt miðað við stig skv. 33. grein. Til viðbótar skal greiða lífeyri sem svarar til þeirra stiga, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, samkvæmt ákvæðum 42. greinar margfaldaðra með 1,90 ef sjóðfélagi hefur:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
- ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreiknings réttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. 40. greinar komið til að mati trúnaðarlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 1. mgr., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra

ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds.

42. gr.

Eigi sjóðfélagi rétt á framreikningi stiga skv. 41. grein. skal sá lífeyrisréttur hans vera miðaður við meðaltal stiga sjóðfélagans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

43. gr.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttr í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Sé árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við skv. 42. grein meira en sex stig, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 ár, en síðan til 65 ára aldurs skal reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

44. gr.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið. Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps varir í þrjú mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélagi, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

45. gr.

Örorkulífeyrir greiðist til 65 ára aldurs. Eftir það greiðist ellilífeyrir, sem ákveðinn skal skv. 38. grein.

Makalífeyrir

46. gr.

Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum á rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir því sem hér segir:

- a. Eigi ekkert eftirfarandi tilvika við skal óskertur makalífeyrir skv. 48. grein greiddur í 36 mánuði og hálfur makalífeyri í 24 mánuði til viðbótar.
- b. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal óskertur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagsins, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

- c. Sé eftirlifandi maki öryrki og orkutapið metið a.m.k. 50% skal óskertur makalífeyrir greiddur meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.
- d. Sé eftirlifandi maki sjóðfélaga fæddur fyrir 1. janúar 1945 skal greiða makalífeyri ótímabundið með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 47. grein skal lækka um 2% fyrir hvert ár og hlutfallslega fyrir brot úr ári, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1925 til 1. janúar 1930, um 4% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1930 til 1. janúar 1935, um 6% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1935 til 1. janúar 1940 og um 8% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur frá 1. janúar 1940 til 1. janúar 1945. Eigi réttthafi skv. þessum lið betri rétt skv liðum a eða b skal reikna makalífeyri skv. þeim, en í framhaldi af því skal greiða makalífeyri skv. þessum lið.

47. gr.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. greinum 46.a. til 46.c. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

48. gr.

Óskertur makalífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru á hverjum tíma. Hundraðshluti þessi skal vera samanlagður stigafjöldi, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með iðgjaldagreiðslum til deildarinnar skv. 33. grein, margfaldaður með 0,95. Auk áunninna stiga skal telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 42. greinar. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði 38. greinar en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr A-deildinni að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til hennar. Séu skilyrði 1. mgr. 46. greinar um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 52. greinar.

49. gr.

Réttthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. í eitt ár. Sama gildir um einstaklinga af sama kyni. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

Barnalífeyrir

50. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaxsmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 33. grein. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 48. grein, eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

51. gr.

Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 41. greinar úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 50. grein með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaxsmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 40. grein metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri skv. 50. og 51. grein. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörborn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfaranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

Almennt

52. gr.

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

53. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem flutt hefur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild, eða að hann verður fyrir orkutapi, án þess að hafa greitt iðgjald til A-deildarinnar undanfarin þrjú almanaksár, og skal þá við framreikning réttinda vegna makalífeyris og örorkulífeyris miða við síðustu þrjú ár sem viðkomandi hefur greitt samtals til beggja deilda sjóðsins. Við mat á framreikningsfjárhæð vegna iðgjalda til B-deildarinnar skal miða við heildarlaun sjóðfélagsins á iðgjaldagreiðslutímanum, sem iðgjöld hefðu verið greidd af samkvæmt reglum um iðgjaldagreiðslu til A-deildarinnar.

Framreikningsréttur stofnast ekki hjá A-deild sjóðsins ef sjóðfélagi er metinn öryrki innan 24 mánaða eftir að hann hefur flutt sig úr B-deild sjóðsins í A-deild og orsök örorkunnar hafi verið kunn áður en sjóðfélagi skipti um deild.

VII. KAFLI

Lífeyrisréttindi úr B-deild

Ellilífeyrir

54. gr.

Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins 1996 og fyrr eða til B-deildar hans, á rétt á lífeyri úr henni frá þeim tíma sem kveðið er á um í 57. grein, hafi hann látið af þeim störfum sem veitt geta aðild að sjóðnum sem er skipun eða setning eða ráðning til a.m.k. eins árs eða ráðning með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og að starfið sé eigi minna en hálf starf. Sjóðfélagi, sem gegnir starfi, sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 17. grein eða fær greidd óskert laun, sem starfinu fylgdu, eftir að hann lét af störfum á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris. Sjóðfélagi á ekki rétt á lífeyri úr deildinni á meðan hann fær greitt þingfararkaup, biðlaun þingmanna, ráðherralaun eða biðlaun ráðherra.

Sjóðfélagi, sem greiðir til A-deildar af starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild, á ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan hann gegnir slíku starfi.

55. gr.

Hefji sjóðfélagi töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að B-deild sjóðsins skal upphæð ellilífeyris vera hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða launaákvörðunum kjararáðs, sem við starfslok sjóðfélaga fylgdu þeirri stöðu sem sjóðfélagi gegndi síðast með þeim frávikum sem hér greinir:

- a. Sjóðfélagi hefur gegnt herra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrr á sjóð-félagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skal þá miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða það herra launaða starf sem hann, að viðbættum enn herra launuðum störfum, gegndi í a.m.k. tíu ár. Sjóðfélagi með aðild að sjóðnum vegna niðurlagningar á starfi skv. grein 17.e. getur ekki talið þann tíma sem hann greiðir í sjóðinn á grundvelli áframhaldandi aðildar í kjölfar niðurlagningar að starfi til tíma í herra launuðu starfi fyrr á sjóðfélagatíma sínum.
- b. Sjóðfélagi, sem á rétt til að hefja töku lífeyris skv. 57. grein, hefur frestað henni og tekið eftir það við starfi, sem veitir aðgang að deildinni en er lægra launað en það starf sem hann áður gegndi. Skal þá miða lífeyrinn við það starf sem herra var launað.
- c. Sjóðfélagi hefur af heilsufarsástæðum orðið að láta af stöðu sinni en tekið við öðru lægra launaðra starfi, sem veitir aðild að deildinni.
- d. Sjóðfélagi átti aðild að deildinni vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 17.e. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun, sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar.

Hafi sjóðfélagi ekki tekið laun samkvæmt kjarasamningum eða kjaraákvörðunum sbr. 1. málsgrein skal lífeyririnn vera hundraðshluti af sömu viðmiðunarlaunum og stjórn sjóðsins ákvað að iðgjöld skyldi miða við skv. 25. grein.

Eftir að taka lífeyris er hafin breytist upphæð lífeyris eftir ákvæðum 72. eða 74. greinar.

56. gr.

Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi sem veitti honum aðild að B-deild sjóðsins skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig:

- a. Sjóðfélagi B-deildar hefur valið að greiða til A-deildar og samanlagður greiðslutími til beggja deilda er a.m.k. þrjú ár. Skal þá miða lífeyri úr B-deild við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. grein 72.
 - b. Sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til sjóðsins en látið af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Skal þá miða lífeyri úr B-deild við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 72. grein. Hafi hann látið af starfinu fyrir árslok 1996 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu til ársloka 1996, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
 - c. Sjóðfélagi hefur greitt í a.m.k. þrjú ár til sjóðsins og á rétt á viðmiðun við herra launað starf en það sem hann greiddi síðast af til sjóðsins, sbr. greinar 55.a., 55.b. og 55.c. Skal þá miða lífeyri úr B-deild við þau laun sem herra launaða starfinu fylgdu þegar hann lét af því starfi með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 72. grein. Hafi hann látið af starfinu fyrir árslok 1996 skal þó miða við þau laun sem herra launaða starfinu fylgdu til ársloka 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
 - d. Sjóðfélagi hefur greitt í minna en þrjú ár til sjóðsins og fer á lífeyri án þess að það sé í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar.
 - e. Sjóðfélagi átti aðild að deildinni vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 17.e. Skal þá miða lífeyrinn við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til deildarinnar með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst, sbr. 72. grein. Hafi hann látið af iðgjaldagreiðslu til sjóðsins fyrir árslok 1996 skal þó miða við laun í því starfinu, sem iðgjöld hans voru miðuð við í árslok 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- Eftir að taka lífeyris er hafin breytist upphæð lífeyris eftir ákvæðum 72. greinar.

57. gr.

Sjóðfélaga B-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris úr deildinni eftir því sem hér segir:

- a. Frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára eða síðar.
- b. Frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára enda sé samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins 95 ár eða meira áður en 64 ára aldri er náð.

58. gr.

Upphæð ellilífeyris er ákveðinn hundraðshluti launa skv. 55. eða 56. grein fyrir hvert ár í fullu starfi en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall eftir því sem nánar er ákveðið hér á eftir:

- a. Hjá sjóðfélaga sem tekur lífeyri skv. grein 57.a. skal hundraðshluttinn vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld sjóðfélaga hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf með aðild að sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur, sbr. grein 23.b. og þar til sjóðfélaginn er orðinn 65 ára bætist við 1% en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir það og þar til taka lífeyris hefst.
- b. Hjá sjóðfélaga, sem tekur lífeyri skv. grein 57.b., skal hundraðshluttinn vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld sjóðfélaga hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall, þó ekki meira 64% samtals. Fyrir hvert fullt ársstarf með aðild að sjóðnum eftir að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins er orðinn 95 ár bætast við 2% þar til taka lífeyris hefst.

Lögreglumenn

59. gr.

Lögreglumanni sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein skal miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksáin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 60. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.

60. gr.

Vaktavinnufólk, þ.e. sjóðfélagar, með vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, á rétt til sérstaks viðbótarlífeyris. Sama gildir um næturverði og starfsfólk, sem hefur vinnuskyldu eingöngu á tímabilinu frá kl. 22.00 - 09.00. Viðbótarlífeyrinn skal reikna af viðmiðunarmánaðarlaunum, sem stjórn lífeyrissjóðsins ákveður og skal iðgjald af vaktaálagi og öðru álagi, sem greitt er skv. 4 mgr. 25. greinar metið með tilliti til þeirra. Breyti stjórnin viðmiðunarmánaðarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvernig umreikna skuli áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum. Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris, sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris, sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

Örorkulífeyrir

61. gr.

Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er trúnaðarlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

62. gr.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 58. grein og 60. grein. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

63. gr.

Örorkulífeyrir skal vera sem hér segir:

- Sé orkutapið metið 10% til 50%, skal örorkulífeyrir vera sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri, sbr. 63. grein., og orkutap er metið.
- Sé orkutapið metið 50% til 75% skal örorkulífeyrir vera 50% af hámarki örorkulífeyris að viðbættum 2% fyrir hvert 1% sem orkutap er metið hærri en 50%.
- Sé orkutapið metið 75% eða meira greiðist hámark örorkulífeyris að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga.

64. gr.

Sé orkutap metið minna en 75% greiðist örorkulífeyrir þar til sjóðfélagi nær 65 ára aldri. Eftir það greiðist ellilífeyrir. Þó skal sá hluti lífeyrisins, sem miðaðist við lífeyri almannatrygginga, sbr. 60. grein, greiðast til 67 ára aldurs sjóðfélaga.

65. gr.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

Makalífeyrir.

66. gr.

Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr B-deild sjóðsins eða greitt hafði iðgjald til hennar, á rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

67. gr.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga skv. 58. og 60. grein.

Makalífeyrir skal hækka um 20% af þeim launum sem lífeyrir skv. 58. gr. miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn var í lægra starfshlutfalli við starfslok ef hinn látni sjóðfélagi uppfyllti eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

- a. Hafi við andlátið verið í starfi er veitti honum aðild að B-deild sjóðsins.
- b. Hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að B-deild sjóðsins.
- c. Hafi greitt iðgjöld til B-deildar sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Andist sjóðfélagi, sem flutt hefur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild áður en samanlagður iðgjaldageiðslutími til beggja deildanna nær 3 árum og réttur til framreiknings því ekki fyrir hendi, skal reikna hækkun á makalífeyri skv. 2. mgr. þessarar greinar eins og hún hefði orðið ef sjóðfélaginn hefði ekki skipt um deild.

68. gr.

Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Hækkun makalífeyris skv. 2. mgr. 67. greinar reiknast ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 1. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttahafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi, sem látinn var fyrir 1. janúar 1997, verið giftur oftár en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka skal lífeyrir skiptast milli réttahafa makalífeyris eftir ákvæðum laga um lífeyrissjóðinn eins og þau voru þegar sjóðfélaginn lést. Þó skal heimilt eftir 1. janúar 1997 að skipta rétti til makalífeyris á milli fyrrverandi maka og sambúðaraðila skv. 2. mgr.

69. gr.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. másl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

Barnalífeyrir

70. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi sem á aðild að B-deild sjóðsins lætur eftir sig og eru yngri en 18 ára, skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist. Ef barn sem er réttthafi skv. 1. mgr. á foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess, skal barnalífeyrir úr sjóðnum vera helmingur af barnalífeyri almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Börn eða kjörbörn sjóðfélaga, sem fá elli- eða örorkulífeyri úr B-deild sjóðsins og eru yngri en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára. Upphæð barnalífeyris skal ákveðin skv. 2. mgr., þó þannig að hún sé sama hlutfall af lífeyri skv. þeirri málsgrein og örorkulífeyrir er af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða að öllu leyti, njóta sama réttar og börn og kjörbörn.

Ef barnalífeyrir er greiddur úr A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga, sem jafnframt á rétt í B-deild sjóðsins, skal ekki greiða barnalífeyri úr B-deildinni.

71. gr.

Hafi sjóðfélagi látið af stöðu þeirri sem veitti honum aðild að sjóðnum eða hafið greiðslur til A-deildar sjóðsins áður en iðgjaldatími náði 32 árum skal barnalífeyrir vera 1/32 af því sem ákveðið er skv. 70. grein fyrir hvert fullt ár, sem sjóðfélagi hafði áunnið sér rétt í deildinni og hlutfallslega fyrir brot úr ári.

Breyting á lífeyri eftir að lífeyristaka hefst

72. gr.

Ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. 1. mgr. 55. greinar frá því sem hann var í desember 1996 eða verður ákveðinn skv. 55. grein eða 56. grein þegar lífeyristaka hefst. Hagstofa Íslands reiknar breytingarnar skv. reglum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Skulu þær reiknaðar mánaðarlega miðað við laun tveim mánuðum áður og birtar sjóðnum. Breytingarnar skulu reiknaðar sem vísitala, sem sett skal 100 fyrir desember 1996.

73. gr.

- Breytingar á lífeyri eftir að taka hans hefst skv. 72. grein tekur til þeirra sem hér greinir.
- Lífeyrisþega hjá sjóðnum í desember 1996, sem kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 72. grein, sbr. ákvæði 75. greinar.
 - Sjóðfélaga, sem hefja töku lífeyris úr B-deild eftir 1. janúar 1997 í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til deildarinnar og ekki kjósa að um að um lífeyri þeirra fari eftir 74. grein, sbr. ákvæði 76. greinar.
 - Sjóðfélaga, sem hefja töku lífeyris úr B-deild eftir 1. janúar 1997 í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til deildarinnar og eiga rétt til viðmiðunar við laun fyrir herra launað starf en þeir gegndu næst fyrir töku lífeyris, sbr. greinar 55.a., 55.b. og 55.c., og ekki kjósa að um lífeyri þeirra fari eftir 74. grein, sbr. ákvæði 75. greinar.
 - Sjóðfélaga, sem valið hafa að greiða til A-deildar í stað B-deildar.
 - Sjóðfélaga, sem hefja ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem veitti þeim aðild að B-deild sjóðsins og taka lífeyri, sem ákveðinn er skv. ákvæðum 56. greinar.
 - Sjóðfélaga, sem áttu aðild að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu skv. grein 17.e. og taka lífeyri, sem ákveðinn er skv. grein 55.d. eða 56.e.

74. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 72. greinar geta þeir, sem fengu lífeyri úr sjóðnum í desember 1996 eða hefja töku lífeyris úr B-deild sjóðsins í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til deildarinnar til þess tíma, ákveðið að í stað breytinga skv. 72. grein fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða upphaflegur lífeyrir er miðaður við með öðrum hætti skv. 55. grein. Val lífeyrisþega skv. þessu ákvæði tekur einnig til makalífeyrisréttar og er bindandi fyrir hann með sama hætti.

Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi skv. 1. mgr. og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr., skal stjórn sjóðsins ákveða þau

viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 47/2006 um kjararáð.

75. gr.

Sjóðfélagar, sem fengu lífeyri úr sjóðnum í desember 1996, bar að ákveða fyrir 1. desember 1997 hvort um breytingar á lífeyri þeirra færi eftir ákvæðum 72. greinar eða 74. greinar. Lífeyrir þeirra er kusu að farið skyldi eftir 72. gr. ákvarðaðist samkvæmt því frá og með þriðja mánuði á eftir og er það val bindandi upp frá því.

76. gr.

Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris úr B-deild í beinu framhaldi af starfi sem greitt var af til deildarinnar þar til taka lífeyris hófst, skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að taka lífeyris hefst tilkynna sjóðnum hvort um lífeyri hans skuli fara eftir 72. grein eða 74. grein. Berist slík tilkynning ekki skal farið eftir 72. grein. Velji sjóðfélagi 72. grein með slíkri tilkynningu eða ef engin tilkynning berst skal upphæð lífeyris frá og með upphafi á töku lífeyris ráðast af ákvæðum þeirrar greinar og er það val bindandi upp frá því.

77. gr.

Sjóðfélagi, sem skv. 75. eða 76. grein, kys að um lífeyri hans fari eftir 74. grein, skal eiga þess kost að velja síðar að farið verði að ákvæðum 72. greinar og er það val bindandi upp frá því. Skal breytingin þá koma til framkvæmda þremur mánuðum eftir að hennar var óskað með skriflegum hætti og breytingar á lífeyri skv. 72. grein miðaðar við lífeyri sjóðfélaga í mánuðinum á undan breytingunni eins og hann var ákveðinn skv. 74. grein.

78. gr.

Sé starf sjóðfélaga lagt niður í beinu framhaldi af starfslokum hans eða sé starf það er verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri sbr. 74. gr. lagt niður, skulu breytingar á lífeyri þeirra fara eftir 72. gr. Stjórnin skal þó ákveða önnur viðmiðunarlaun sé eftir því óskað. Sama regla gildir hafi sjóðfélagi rétt á að lífeyrir hans taki mið af herra launuðu starfi en lokastarfi skv. grein 55.a.,b. og c.

VIII. KAFLI

Greiðsla lífeyris, endurgreiðsla iðgjalda og flutningur réttinda

Greiðsla lífeyris

79. gr.

Lífeyrir úr A-deild greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla sjóðfélaga í A-deild ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

80. gr.

Lífeyrir úr B-deild greiðist mánaðarlega fyrir fram, í fyrsta sinn fyrir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi.

Nú nær mánaðarleg lífeyrisgreiðsla ekki kr. 300 er þá heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðinga. Fjárhæð þessi tekur breytingum til samræmis við breytingar sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. nánar 72. gr. samþykktá þessara.

81. gr.

Mánaðarlega greiddur lífeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar á launum skv. 72. grein frá og með næsta mánuði eftir að útreikningur á þeim liggur fyrir. Séu almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna fyrirsjáanlegar getur stjórn sjóðsins ákveðið að láta samsvarandi breytingu á lífeyri koma til framkvæmda fyrr en áhrif af hækkun launanna hafa mælst hjá Hagstofu Íslands, sbr. 72. grein.

Í desember ár hvert skulu lífeyrisgreiðslur tímabilsins frá nóvember á árinu á undan til október á sama ári leiðréttar þannig að greiddur verði mismunur á lífeyri sem reiknaður er miðað við launabreytingar hvers mánaðar um sig og þess lífeyris, sem áður var greiddur fyrir sama mánuð.

82. gr.

Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og greiðist lífeyrir frá næstu mánaðamótum eftir að umsókn berst. Þó skal heimilt að greiða lífeyri frá því að réttur til greiðslu stofnast, þó eigi meira en fjögur ár aftur í tímann nema sérstaklega standi á.

Launagreiðandi sem stendur skil á iðgjöldum til sjóðsins skv. 21. eða 24. grein skal tilkynna sjóðnum þegar sjóðfélagi lætur af starfi hjá honum, sem veitir aðild að sjóðnum eða hann hættir greiðslu iðgjalda til sjóðsins af öðrum ástæðum.

Endurgreiðsla iðgjalda og réttindaflutningur

83. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera gagnkvæman samning við aðra lífeyrissjóði um að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur.

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

IX. KAFLI

Skuldbindingar launagreiðenda og sjóðfélaga

Ábyrgð á greiðslum

84. gr.

Launagreiðendur og sjóðfélagar bera aðeins ábyrgð á skuldbindingum A-deildar með iðgjöldum sínum.

85. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr B-deild.

Endurgreiðsla lífeyrishækkana

86. gr.

Ríkissjóður og aðrir launagreiðendur skulu vegna fyrrverandi starfsmanna sinna, sem taka lífeyri úr B-deild sjóðsins, greiða sjóðnum þann hluta af lífeyri sem stafar af hækkun á honum eftir að taka lífeyris hófst, sbr. 72. og 74. grein. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal hækkun á lífeyri skipt á milli þeirra samkvæmt þeim launum, sem áunninn réttur er reiknaður eftir, og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá sjóðfélagi umfram almennar launabreytingar hjá opinberum starfsmönnum innan árs áður en taka lífeyris hefist eða starf lagt niður, skal launagreiðandi greiða sjóðnum þá hækkun til viðbótar við hækkun skv. 1. mgr.

Lögreglumenn

87. gr.

Við upphaf lífeyristöku lögreglumanns sem fær reiknuð réttindi skv. 39. grein eða 59. grein skal reikna út kostnað vegna aukinna lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum greinanna og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð. Útreikningur þessara réttinda skal byggður á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins. Með greiðslunni hefur ríkissjóður einnig gert að fullu upp skuldbindingar vegna lífeyrishækkana skv. 87. gr. vegna þeirra viðbótarréttinda sem reiknuð eru skv. 39. og 59. grein.

Niðurlagning starfs

88. gr.

Sá launagreiðandi sem lagði starf niður ber ábyrgð á skuldbindingum vegna lífeyrishækkana vegna iðgjaldagreiðslna til sjóðsins eftir að sjóðfélagi hefur fengið samþykka áframhaldandi aðild að LSR í kjölfar niðurlagningar á starfi.

89. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 86. greinar skal ríkissjóður í stað sveitarfélaga endurgreiða sjóðnum þá hækkun skv. 1. mgr. 86. greinar, sem verður á lífeyri kennara og skólastjórnaenda grunnskóla vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna.

Til frádráttar á endurgreiðslu ríkissjóðs skv. 1. mgr. komi þau viðbótariðgjöld sem sveitarfélög greiða vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Séu viðbótariðgjöld á árinu hærri en endurgreiðslukrafa skv. 1. mgr. skal mismunurinn geymdur í sjóðnum og komi til lækkunar á síðari endurgreiðslukröfum.

Uppgreiðsla skuldbindinga og greiðsla viðbótariðgjalda

90. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, að taka á móti greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum skv. 86. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti.

Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati á áunnum lífeyrisréttindum viðkomandi sjóðfélaga á uppgjörssdegi. Frá þannig reiknaðri skuldbindingu dregst hlutdeild viðkomandi launagreiðanda í eignum B-deildar sjóðsins. Sú hlutdeild skal vera sama hlutfall af heildareign deildarinnar til greiðslu á óuppgerðum skuldbindingum og skuldbindingar hans eru af heildarskuldbindingum hennar.

Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 86. gr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjorið tekur til.

Sé skuldbinding launagreiðanda gerð upp með skuldabréfi skal það tryggt með ábyrgð ríkissjóðs eða uppfylla með öðrum hætti ákvæði 26. greinar.

91. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 24. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 86. gr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati.

Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 86. gr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í grein 17.e., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörssdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 86. gr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjorið tekur til.

92. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 86. gr.. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 23. og 24. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 20. og 21. gr. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 86. gr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

93. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni, og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 84. gr.

94. gr.

Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 24. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 86. gr. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald hefur verið greitt fyrir.

X. KAFLI

Séreignardeild (Séreign)

Almennt

95. gr.

Sjóðurinn starfrækir séreignardeild (Séreign) sem tekur við iðgjaldi til myndunar séreignar.

Aðild

96. gr.

Aðilar að S-deild geta verið þeir sem greiða eða greitt hafa iðgjald til einhvers eftirgreindra sjóða: A-eða B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, Lífeyrissjóðs alþingismanna og Lífeyrissjóðs ráðherra og þeir, sem átt gætu rétt til aðildar að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skv. 3. gr. laga um sjóðinn.

Sjóðfélagar í séreignardeild skulu gera skriflegan samning við lífeyrissjóðinn, þar sem tilgreindir eru skilmálar varðandi framlög og tryggingavernd, ásamt yfirlýsingu um að þeir hlíti samþykktum sjóðsins.

Líf- og heilsutrygging

97. gr.

Lífeyrissjóðnum er heimilt, samkvæmt skriflegri beiðni viðkomandi sjóðfélaga, að draga frá iðgjöldum hans upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- og heilsutryggingar. Það er þó skilyrði fyrir slíkum kaupum, að réttur til útborgunar tryggingar hlíti sömu reglum og sé í samræmi við 99. gr. samþykktu þessara.

Hlutdeild í ávöxtun

98. gr.

Framlög hvers sjóðfélaga í séreignardeild skulu færð á sérreikning hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Nettótekjur séreignardeildar skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikninga þeirra.

Útborgun

99. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá lífeyrissparnað sinn greiddan þó aldrei fyrr en tveimur árum eftir fyrstu innborgun.

Eigi síðar en við upphaf lífeyristöku skulu sjóðfélagar í séreignardeild gera skriflegan samning um útborgun séreignar.

Við andlát sjóðfélaga, fellur eign hans í séreignardeild til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga 129/1997. Sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri á rétt á mánaðarlegum eða árlegum greiðslum, á eigi skemmri tíma en 7 árum. Nú er örorka metin minni en 100% og lækkar þá árleg endurgreiðsla í sama hlutfalli og endurgreiðslutíminn lengist sem því svarar.

Heimilt er skv. ákvörðun sjóðfélaga að vikja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er undir kr. 500.000. Skal viðmiðunarfjárhæð þessi breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar til tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Uppsagnarákvæði

100. gr.

Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Samningurinn fellur þó úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem veita aðild að lífeyrissjóðum skv. 1. mgr. 96. gr., nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignardeildar.

Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Aðilar samnings um lífeyrissparnað geta samið um að flytja innstæðu eða réttindi eftir uppsögn milli þeirra, sem boðið geta upp á samninga af þessu tagi sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 gegn greiðslu kostnaðar.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði

Bann við framsali og veðsetningu

101. gr.

Réttur til lífeyris skv. samþykktum þessum verður ekki framseldur eða veðsettur né verður gert í honum fjárnám eða löghald. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að

skerða kröfuna á nokkurn hátt og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda að frátöldum afdrætti staðgreiðslu opinberra gjalda skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gildistaka og lagaskil

102. gr.

Samþykktir þessar, eru settar samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samþykktir LSR, eins og þær voru fyrir breytingar á árinu 2004, halda gildi sínu gagnvart þeim alþingismönnum og ráðherrum er velja að taka eftirlaun samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 141/2003.

Samþykktir LSR, eins og þær voru fyrir breytingar á árinu 2009, halda gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem ávinna sér réttindi skv. ákvæðum laga nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sbr. 2. gr. laga nr. 12/2009.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið breytingar á samþykktum þessum. Taka þær gildi eftir að hafa verið kynntar á ársfundi sbr. 11. gr. þessara samþykta og hlotið staðfestingu fjármálaráðherra skv. 7. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.